

## **Skýrsla**

velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt  
aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis karla  
gegn konum í nánnum samböndum.

(Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)

---

## EFNISYFIRLIT

TILLÖGUR TIL STJÓRNVALDA UM AÐGERÐIR.....	4
I. KAFLI: AÐGERÐIR SAMKVÆMT AÐGERÐAÁÆTLUN RÍKISSTJÓRNARINNAR.....	8
1. Inngangur.....	8
2. Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti).....	8
2.1 Menntun fagstétta.....	8
2.2 Meðferð í afplánun.....	8
2.3 Reglulegir samráðsfundir.....	9
2.4 Söfnun tölfraeðiupplýsinga um kynbundið ofbeldi.....	9
2.5 Verklagsreglur lögreglu.....	9
2.6 Réttargæslumenn.....	9
2.7 Nálgunarbann.....	10
2.8 Úttekt á réttarræðum (vitnavernd og nálgunarbann).....	10
3. Félags- og tryggingamálaráðuneyti (nú velferðarráðuneyti).....	10
3.1 Kynningarátak og fræðsla til almennings. Samráðsfundir.....	10
3.2 Leiðbeinandi aðgerðaáætlun fyrir sveitarfélögin.....	10
3.3 Handbók um heimilisofbeldi.....	11
3.4 Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum.....	11
3.5 Meðferðarræði fyrir gerendur. Karlar til ábyrgðar.....	11
3.6 Reglulegir samráðsfundir.....	11
4. Heilbrigðisráðuneyti (nú velferðarráðuneyti).....	12
4.1 Gátlisti til notkunar í mæðravernd.....	12
4.2 Aðstoð og meðferð fyrir þolendur heimilisofbeldis. Styrking Neyðarmóttöku og Miðstöðvar áfallahjálpar hjá Landspítala.....	12
5. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.....	13
5.1 Styrkja starfsfólk stofnana í því að sjá einkenni ofbeldis hjá börnum.....	13
Nauðsynlegt er að styrkja starfsfólk skólanna í því að sjá einkenni hjá börnum sem líða fyrir ofbeldi á heimilum sínum og koma þeim til aðstoðar.....	13
5.2 Menntun fagstétta.....	13
5.3 Annað.....	14
6. Samband íslenskra sveitarfélaga.....	14
6.1 Aðgerðir til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi á sveitarstjórnarstigi.....	14
6.2 Handbækur um heimilisofbeldi.....	14
6.3 Kynningarstarfsemi.....	14
II. KAFLI: RANNSÓKNIR.....	15
1. Ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum.....	15
1. Spurningakönnun. Umfang.....	17
2. Kannanir hjá fjórum stjórnsýslusviðum.....	18
2.1 Félagsþjónusta. Barnavernd.....	19
2.2 Grunnskólar.....	21
2.3 Heilbrigðisþjónusta.....	22
2.4 Lögreglan.....	23
3. Könnun hjá félagasamtökum.....	24
3.1 Félagasamtök sem hafa aðstoð við konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi sem meginverkefni.....	25

3.2 Félagasamtök sem sinna ofbeldi gegn konum ásamt öðrum verkefnum. ....	25
3.3 Samfélagsverkefnið <i>karlar til ábyrgðar</i> . ....	25
4. Yfirlit yfir skráningu, þjónustu og óskir um úrræði. ....	27
Fylgiskjöl I - VI. ....	33

## TILLÖGUR TIL STJÓRNVALDA UM AÐGERÐIR

### Heildstæð stefna

Áætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum byggist á þeirri sýn að ofbeldi gegn konum varði allt samfélagið og verði ekki þolað. Markmiðið með áætluninni er að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum, styrkja úrræði fyrir konur sem eru beittar ofbeldi og börn þeirra, og hjálpa körlum til að binda endi á ofbeldisbeitingu.

Stefna stjórnvalda í málaflokknum byggist á heildstæðri sýn og samræmdum aðgerðum. Sameiginlega skulu ríki, sveitarfélög og félagasamtök vinna að því að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum og efla stuðningsaðgerðir. Málaflokknum verði afmarkað sérstakt fjármagn. Kannað verði hvort lagabreytingar séu nauðsynlegar á grundvelli þeirra tillagna sem hér koma fram og niðurstaðna rannsóknanna.

### Samstarfsteymi

Komið verði á fót samstarfsteymi til þriggja ára sem hafi umsjón með því að fylgt sé samræmdri heildarstefnu, gerðir samstarfssamningar um tiltekna þjónustu og tilraunaverkefnum hrint í framkvæmd. Í samstarfsteyminu verði fulltrúar velferðarráðuneytis, innanríkisráðuneytis, sveitarfélaga, lögreglu, Jafnréttisstofu og félagasamtaka.

### Aðgerðaáætlanir sveitarfélaga

Eftirfarandi ábendingu er komið á framfæri við sveitarfélög: Sveitarfélög geri aðgerðaáætlanir um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum. Akureyrarkaupstaður hefur gert slíka áætlun sem gæti verið fyrirmynd annarra sveitarfélaga. Akureyrarkaupstaður og nokkur önnur sveitarfélög hafa undirritað jafnréttisáttmála Sambands evrópskra sveitarfélaga. Í sáttmálanum er kveðið á um aðgerðir sveitarfélaga gegn kynbundnu ofbeldi sem geta orðið fyrirmynd við gerð aðgerðaáætlana. Sveitarfélög leggi mikla áherslu á fræðslu til fagstétta sem vinna hjá þeim þar sem margar þeirra koma að fræðslu barna og félagsþjónustu. Konur á fámennum stöðum eiga oft erfitt með að leita til þjónustu í heimahéraði eða heimabæ sínum. Sveitarfélög og heilsugæsluþjónusta komi á samvinnu svo konur sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi geti nýtt sér þjónustu annarra sveitarfélaga. Þá er æskilegt að sveitarfélög séu í samvinnu við ríki og félagasamtök við fræðslu til almennings og við forvarnir. Sveitarfélög sameinist um nokkrar íbúðir (húsaskjól), til dæmis fimm íbúðir alls á landinu, eina á Akureyri, eina á Egilsstöðum, eina á Selfossi, eina í Reykjanesbæ og eina á Ísafirði fyrir konur með börn áður en þær fara í Kvennaathvarfið.

### Sérstakt árvekniverkefni á Reykjanesi

Velferðarráðuneytið mun taka upp viðræður við sveitarfélög á Reykjanesi að gerð verði sameiginleg árvekni- og aðgerðaáætlun. Í spurningakönnuninni kom fram að hæsta ofbeldistíðnin var á Reykjanesi en annars var lítil munur á landshlutum. Ýmsir aðrir mælikvarðar benda til þess að auka þurfi velferðarþjónustu á svæðinu. Atvinnuleysi er þar hæst á landinu, eins og komið hefur fram hjá velferðarvaktinni, og einnig hefur komið fram nemendur á svæðinu koma lakar út úr PISA-könnuninni en aðrir landshlutar.

### Áfengisstefna

Stjórnvöld beiti markvissri áfengisstefnu sem hafi það að markmiði að draga úr áfengisneyslu og ölvun og þar með ofbeldi sem tengist henni. Áhrifaríkustu forvarnirnar eru verðstýring og takmarkað aðgengi að áfengi.

## **Skráning**

Skráning er undirstaða þekkingar á ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum. Ekki er mögulegt að koma á miðlægri skráningu fyrir landið allt og því er hún ekki lögð til hér. Á hinn bóginn er lagt til að hvert stjórnsýslusvið fyrir sig sem fæst við þessi mál komi á samræmdri skráningu um þetta málefni.

## **Skimun/leit**

Lagt er til að skimun (leit) að konum sem hafa verið beittar ofbeldi verði hafin á heilsugæslustöðvum. Þegar reynsla er fengin af skimun á völdum deildum Landspítala verði tekin ákvörðun um hvort skimun skuli haldið áfram og hafin á fleiri deildum.

## **Meðferðarstofnanir**

Á meðferðarstofnum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði skimað eftir þeim körlum sem hafa beitt maka sína ofbeldi og meðferð þeirra taki mið af því. Sömuleiðis verði skimað eftir konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum og tekið tillit til slíkra áfalla í meðferðinni.

## **Fræðsla til starfsmanna heilbrigðisþjónustu**

Fræðsla um ofbeldi í nánnum samböndum er hluti af námi verðandi hjúkrunarfræðinga. Þá fá félagsráðgjafar slíka menntun í sínu námi. Aðrir sem starfa á heilbrigðisstofnunum fá ekki slíka menntun í sínu grunnnámi og þyrfti að koma henni á. Auk þess þurfa allir sem starfa að heilbrigðisþjónustu að fá færi á endurmenntun.

## **Fræðsla til kennara**

Börn eru bæði þolendur ofbeldis og vitni og getur slík reynsla hamlað þroska þeirra og uppvaxtarskilyrðum. Kennarar eiga samskipti við börn daglega og í rannsókninni á grunnskólunum kom fram að þeir óskuðu eftir að bæta færni sína við að meta líðan barna. Komið verði til móts við óskir kennara um fræðslu með sérstökum námskeiðum. Námskeiðin geta verið á vegum ríkisins, sveitarfélaga eða endurmenntunarsjóðs kennara.

## **Menntun í grunnnámi fagstétta**

Nauðsynlegt er að menntun um ofbeldi gegn konum verði tekin upp í grunnnámi hjá ýmsum faghópum, svo sem í námi lækna, lögfræðinga, kennara og presta.

## **Fræðsla til almennings**

Velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa sjái um árlegan fræðsludag fyrir almenning með tilheyrandi auglýsingaherferð.

## **Meðferð karla**

Karlameðferðin *karlar til ábyrgðar* verði fest í sessi. Meðferð þessi hefur nú sannað gagnsemi sína. Frá árinu 2006 til loka árs 2010 hafa 112 einstaklingar komið í eitt viðtal eða fleiri. Fjöldi einstaklingsviðtala á árinu 2010 var 173 auk 12 viðtala við maka.

Starfsemin er vistuð hjá Jafnréttisstofu og er fjármögnuð frá ári til árs. Nauðsynlegt er koma þessu mikilvæga forvarnarverkefni í fast form með því að ríkið geri samning við meðferðaraðilana til nokkurra ára í senn.

Brýnt er að fram fari formlegt utanaðkomandi mat á þeim árangri sem náðst hefur af meðferð þessari.

### **Áfallaþjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi**

Barnaverndarstofa er nú að hefja tilraunaverkefni á höfuðborgarsvæðinu í eitt ár til að styðja börn sem búa við heimilisofbeldi. Barnaverndarstofa mun leita eftir samstarfi við lögreglu og barnaverndarnefndir á svæðinu um að ráða sérhæfða starfsmenn á bakvakt sem hafi það hlutverk að fara á heimili í þeim tilvikum sem lögregla fer í útkall vegna heimilisofbeldis og börn eru á staðnum. Verkefni starfsmanns á bakvakt verður að huga að barninu sérstaklega og tryggja því stuðning innan 48 tíma.

Gangi þetta tilraunaverkefni eftir þarf bæði að festa það í sessi á höfuðborgarsvæðinu og koma því á um allt land.

### **Erlendar konur**

Komið verði á fót samstarfsverkefni við Félag kvenna af erlendum uppruna vegna kvenna utan EES-svæðisins um símaþjónustu fyrir konur sem eru beittar ofbeldi, en tala ekki íslensku eða þekkja lítið til íslensks samfélags. Skipta þarf aðstoð við erlendar konur niður í forvarnir og eftirfylgd. Með forvörnum er átt við íslenskukennslu og aðstoð til að aðlagast íslensku þjóðfélagi. Eftirfylgdin komi fram í því að miðla upplýsingum og veita ráðgjöf. Eitt af því sem þarf að upplýsa konurnar um er að þær geta sótt ráðgjöf og stuðning til félagsþjónustunnar svo og aðstoð til að fá húsnæði og húsaleigubætur án þess að eiga á hættu að missa dvalarleyfið. Það er einungis aðstoð til framfærslu, fjárhagsaðstoð, sem veldur því að konurnar missa dvalarleyfið.

### **Eldri konur**

Kannanirnar náðu ekki sérstaklega til eldri kvenna. Huga þarf að ofbeldi gegn þeim almennt enda er ofbeldi í nánnum samböndum einn þáttur í því.

### **Fatlaðar konur**

Fatlaðar konur eru breytilegur hópur og æskilegt er að ofbeldi í nánnum samböndum gegn þeim sé rannsakað sérstaklega sem liður í rannsóknum á fötluðum konum almennt.

### **Samkynhneigðar konur**

Upplýsinga um ofbeldi í nánnum samböndum var ekki aflað sérstaklega meðal lesbía. Æskilegt er að ofbeldi gegn þeim sé rannsakað sem liður í öðrum rannsóknum á lesbíum.

### **Sáttamiðlun**

Tekið verði til sérstakrar athugunar að koma á fót sáttamiðlun sem tilraunaverkefni. Skipaður verði lítill vinnuhópur sem komi með tillögur að sáttamiðlun. Forvarnargildi sáttameðferðar er mikið þar sem hún gagnast bæði konunum sem eru beittar ofbeldi, körlunum sem beita ofbeldinu og börnum alveg sérstaklega. Talið er að sáttamiðlun henti bæði þörum sem hafa slitið sambandinu jafnt sem þeim sem ætla að halda sambúð áfram.

### **Félagasamtök**

Framlag félagsamtaka sem hafa það sem meginverkefni að sinna konum sem beittar hafa verið ofbeldi er ómetanlegt og ómissandi. Nauðsynlegt er því að ríki og sveitarfélög styðji samtökin fjárhagslega með skipulögðum hætti svo dýrmæt orka þeirra fari ekki í að afla fjár, eins og nú er.

## **Kvennaathvarf**

Í öllum rannsóknunum sem gerðar voru á þjónustu stjórnvalda kom fram sérstök ánægja með starfsemi kvennaathvarfsins. Þá hefur Kvennaathvarfið haldið úti mikilli fræðslustarfsemi til faghópa, félagasamtaka og almennings. Þótt Kvennaathvarfið sé staðsett í Reykjavík þjónar það líka dreifbýli og konur af öllu landinu geta dvalist þar. Starfsemin virðist svo traust og föst í sessi að lagt er til að ríki og sveitarfélög skuldbindi sig til að gera samstarfssamninga til lengri tíma. Í slíkum samningi yrði kveðið á um ný verkefni eins og aðkomu að árvekniverkefninu á Reykjanesi.

## **I. KAFLI: AÐGERDIR SAMKVÆMT AÐGERÐAÁÆTLUN RÍKISSTJÓRNARINNAR.**

### **1. INNGANGUR.**

Ríkisstjórnin samþykkti þann 26. september 2006 aðgerðaáætlun um ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum sem tekur til ára 2006–2011.

Gerð aðgerðaáætlunarinnar byggði á tillögum félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra frá október 2005. Áætlunin var unnin á vettvangi samráðsnefndar félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi félagsmálaráðuneytis í nefndinni stýrði verkinu.

Fljótlega eftir samþykkt áætlunarinnar haustið 2006 var tekið til við að hrinda henni í framkvæmd. Framangreindri nefnd sem samdi áætlunina var falið það verkefni, en nokkrar breytingar urðu á skipan fulltrúa í nefndinni, meðal annars á þann hátt að fulltrúi frá Jafnréttisstofu var skipaður í nefndina.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir aðgerðum þeirra fjögurra ráðuneyta sem tóku þátt í aðgerðaáætluninni svo og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### **2. DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTI (NÚ INNANRÍKISRÁÐUNEYTI).**

#### **2.1 Menntun fagstétta.**

Á árinu 2007 gerði Lögregluskóli ríkisins áætlun í tíu liðum til að efla fræðslu um heimilisofbeldi, ofbeldi gegn börnum og kynferðislegt ofbeldi og hafa þau markmið sem þar voru sett fram að verulegu leyti gengið eftir. Samkvæmt upplýsingum frá lögregluskólanum eru heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi tilgreind sérstaklega í námskrá grunnnámsdeildar skólans sem viðfangsefni í lögregluckerfinu, lögreglufræði, lögreglurannsóknum og verklegri þjálfum. Þá flytur formaður félagasamtakanna Blátt áfram nemendum grunnnámsdeildar fyrirlestur um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum en einnig hafa aðrir fagmenn verið fengnir til að annast fræðslu um viðfangsefnin, þar með taldir fyrirlesarar frá Neyðarmóttöku og Kvennaathvarfi. Rannsóknarskýrsla vinnuhóps ríkissaksóknara sem rannsakaði meðferð nauðgunarmála hjá lögreglu og ákærvaldi er lesefni og umfjöllunarefni á grunnnámskeiðum fyrir rannsóknarlögreglumenn. Loks hafa verið haldin námskeið um yfirheyrslur í hljóði eða hljóði og mynd fyrir um 270 lögreglumenn á tímabilinu. Námskeiðin hafa verið frá einum degi að lengd og upp í þrjá daga, allt eftir markhópnum. Á öllum námskeiðunum er sérstaklega vikið að rannsóknum kynferðisbrota og annarra ofbeldismála.

Frá og með árinu 2007 hefur aðsókn á símenntunarnámskeið verið minni en áður. Reynt hefur verið að bregðast við því með því að halda styttri námskeið í einu. Þá hefur einnig dregið úr aðsókn á námskeið á vegum CEPOL (Samtaka evrópskra lögregluskóla).

#### **2.2 Meðferð í afplánun.**

Ekki er hægt að þvinga gerendur til þátttöku í reiðistjórnun en engu að síður hefur gerendum staðið til boða að sækja slík námskeið meðan á afplánun stendur. Á undanförunum árum hefur hins vegar þurft að forgangsraða í hópi fanga hvað meðferð varðar en þrátt fyrir fjölgun fanga í fangelsum hefur sálfræðingum ekki fjölgað að sama skapi. Meðal þeirra sem fremstir eru í



forgangsröðinni eru dómpólar sem brotið hafa gegn börnum og konum. Vegna aukins álags hefur slík meðferð þó ekki getað verið eins markviss og æskilegast er og samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun má búast við því, með auknu álagi og frekari niðurskurði, að þjónusta sálfræðinga minnki enn frekar.

### **2.3 Reglulegir samráðsfundir.**

Í 12. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er mælt fyrir um samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga sem funda skulu a.m.k. tvisvar sinnum á ári. Eru slíkar nefndir vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu, sbr. 2. mgr. 12. gr. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra hefur embættið ekki gefið út fyrirmæli um að málefni sem varða aðgerðaáætlun ríkisstjórnar vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis skuli rædd sérstaklega á fundum samstarfsnefndanna. Hins vegar er gert ráð fyrir að lögreglustjórar og sveitarstjórnarmenn hafi haft framangreinda áætlun til hliðsjónar á samstarfsfundum sínum þar sem um er að ræða opinbera aðgerðaáætlun.

Árið 2007 gerði ríkislögreglustjóri úttekt á samstarfi lögreglu og sveitarfélaga. Helstu niðurstöður voru þær að ekki hafi verið haldnir reglulegir fundir í samstarfsnefndunum í samræmi við ákvæði laganna. Síðan þá hefur embættið unnið náð með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga að endurskoðun viljayfirlýsingar á samstarfi lögreglu og sveitarfélaga. Endurskoðuninni hefur þó verið frestað tímabundið vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar á löggluembættunum.

### **2.4 Söfnun tölfraeðiupplýsinga um kynbundið ofbeldi.**

Aðgerðin kom ekki til framkvæmda af hálfu dómsmálaráðuneytisins (nú innanríkisráðuneytisins) á tímabilinu þar sem Hagstofa Íslands heyrir undir efnahags- og viðskiptaráðherra.

### **2.5 Verklagsreglur lögreglu.**

Ríkissaksóknari setti ítarlegar verklagsreglur um rannsókn kynferðisbrotamála í apríl 2002 og voru þær endurnýjaðar í maí 2007. Þá liggja jafnframt fyrir verklagsreglur ríkissaksóknara sem settar voru fram í bréfi dagsettu í maí 2003 til allra lögreglustjóra um tilnefningu réttargæslumanna.

### **2.6 Réttargæslumenn.**

Í 2. mgr. 41. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, segir að sé þess óskað, sé lögreglu skylt að tilnefna brotaþola réttargæslumann í þeim tilvikum þar sem rannsókn beinist að broti á XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða 251.–253. gr. laganna og ætla má að brotaþoli hafi orðið fyrir verulegu tjóni á líkama eða andlegu heilbrigði af völdum brotsins eða að brotið hafi verið gegn honum af einhverjum sem er honum nákominn. Það er skilyrði fyrir tilnefningu réttargæslumanns samkvæmt ákvæðinu að brotaþoli hafi að mati lögreglu þörf fyrir sérstaka aðstoð réttargæslumanns til þess að gæta hagsmuna sinna í málinu.

## **2.7 Nálgunarbann.**

Í nágildandi lögum um nálgunarbann, nr. 122/2008, er ekki að finna heimild fyrir lögreglu til þess að taka ákvörðun um nálgunarbann. Í áliti allsherjarnefndar um frumvarp það sem varð að framangreindum lögum er því hins vegar beint til dómsmálaráðuneytisins (nú innanríkisráðuneytisins) að skoða þær útfærslur sem efnislega er að finna í aðgerðaáætluninni, þ.e. að lögreglu verði heimilt að kveða á um nálgunarbann í stað dómara, auk þess að skoða svokallaða austurríska leið um brottvísun ofbeldismanns eða -konu af heimili.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs kemur fram að vinna skuli að því að lögfesta hina svokölluðu austurríska leið. Dómsmála- og mannréttindaráðherra (nú innanríkisráðherra) skipaði starfshóp í lok árs 2010 sem falið var að gera drög að frumvarpi er leiddi í lög hina svokölluðu austurríska leið. Hefur drögum að frumvarpi verið skilað til innanríkisráðuneytisins og er fyrirhugað að leggja frumvarpið fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi.

## **2.8 Úttekt á réttarúrræðum (vitnavernd og nálgunarbann).**

Einingis hefur reynt einu sinni á ákvæði laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, um vitnavernd, eða nafnleynd vitna og má því segja að ókleift sé því að meta það úrræði kerfisbundið.

Samkvæmt upplýsingum sem innanríkisráðuneytið aflaði frá lögreglunni er gerð krafa um nálgunarbann í um tíu málum á ári og hefur framkvæmdin á þeim gefist vel.

## **3. FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI (NÚ VELFERÐARRÁÐUNEYTI).**

### **3.1 Kynningarátak og fræðsla til almennings. Samráðsfundir.**

Vorið 2010 fól ráðuneytið Jafnréttisstofu að sjá um kynningarátak og fræðslu til almennings um ofbeldi karla gegn konum. Kynningar fóru fram í fjölmiðlum, þ.e. sjónvarpi og með greinarskrifum í dagblöð. Einnig var haldin ráðstefnan *Þögul þjáning* í samvinnu við Háskólann á Akureyri 16. apríl 2010 sem var sérstakur fræðsludagur. Haft var samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga við kynninguna.

Þá hafa verið haldnir tveir samráðsfundir með fjölmörgum aðilum.

Þegar verkefninu lýkur fyrri hluta árs 2011 verður haldið nýtt kynningarátak. Jafnframt verður haldinn samráðsfundur með ýmsum aðilum sem koma að þessu verkefni.

### **3.2 Leiðbeinandi aðgerðaáætlun fyrir sveitarfélögin.**

Félagsmálaráðuneytinu var falin ábyrgð þessa verkefnis með þátttöku Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sett var á laggirnar sérstök undirnefnd samráðsnefndarinnar, undir stjórn fulltrúa sambandsins, með fulltrúum nokkurra sveitarfélaga um land allt. Verkefnið gekk ekki eftir.

Aftur á móti hefur nýlega verið gerð aðgerðaáætlun á Akureyri um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi. Von er til þess að sú aðgerðaáætlun verði öðrum sveitarfélögum fyrirmynd, sjá nánar í kaflanum *Tillögur til stjórnvalda um aðgerðir*.

### 3.3 Handbók um heimilisofbeldi.

Félagsmálaráðuneytinu var falin ábyrgð þessa verkefnis, en verkefnið var unnið í samráði við önnur ráðuneyti sem stóðu að aðgerðaáætluninni og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ingólfur V. Gíslason, dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands, var fenginn til að semja bækur undir heitinu *Ofbeldi í nánnum samböndum*. Undirbúningur stóð yfir á árunum 2006–2008. Haustið 2008 voru gefnar út fimm bækur, þ.e. bók almenns efnis, einkum ætluð til kennslu á háskólastigi, og fjórar bækur fyrir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, ein sérstaklega ætluð ljósmæðrum, ein fyrir starfsmenn félagsþjónustu svo og fyrir lögreglu. Bókunum var dreift víða, meðal annars til allra framangreindra aðila, skóla, bókasafna o.fl. Bækurnar eru auk þess gefnar út á heimasíðu ráðuneytisins.

### 3.4 Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum.

Samkvæmt aðgerðaáætluninni bar félagsmálaráðuneytið ábyrgð á gerð rannsókna. Undirbúningur að rannsóknunum hófst í janúar 2008 og má skipta þeim í tvo meginflokk. Annars vegar *spurningakönnun/símakönnun* þar sem rætt var við konur sem valdar voru af handahófi úr þjóðskrá. Þeirri könnun er ætlað að upplýsa um eðli og umfang ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum. Hins vegar viðtalskannanir hjá *stjórnsýslusviðum og félagsamtökum* þar sem rætt var við forsvarsmenn.

Kannanirnar voru undirbúnar í félagsmálaráðuneyti með sérfræðiráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotufræðings. Framkvæmd kannananna var hjá Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í Háskóla Íslands. Kannanirnar eru alls sex, annars vegar spurningakönnun um reynslu kvenna á aldrinum 18–80 ára og hins vegar fimm kannanir um viðbrögð stjórnvalda og félagasamtaka þegar slík mál koma upp. Ítarlegar upplýsingar um kannanir þessar eru í II. kafla skýrslunnar auk þess sem rannsóknirnar í heild sinni eru birtar á fylgiskjali I–VI.

### 3.5 Meðferðarúrræði fyrir gerendum. Karlar til ábyrgðar.

Þessu úrræði var komið á laggirnar árið 1998. Verkefnið felst í að veita körlum, sem beitt hafa konur sínar ofbeldi, meðferð og aðstoð ef þeir eru reiðubúnir að leita sér aðstoðar vegna þess ofbeldis sem þeir hafa beitt. Framkvæmdin er sú að ríkið greiðir sálfræðistofu með nokkrum sálfræðingum ákveðna fjárhæð á ári sem notuð er til að niðurgreiða kostnaðinn vegna meðferðarinnar. Verkefnið féll niður um skeið en hófst að nýju í lok árs 2006. Verkefni þetta er nú vistað hjá Jafnréttisstofu. Nánari upplýsingar um verkefnið eru í II. kafla í skýrslu þessari.

### 3.6 Reglulegir samráðsfundir.

Haldnir hafa verið tveir fjölmennir samráðsfundir á tímabilinu. Jafnframt hafa rannsóknirnar verið kynntar sérstaklega þegar þær komu út, auk þess sem þær voru kynntar á jafnréttisþingi í janúar 2011. Síðasti samráðsfundur verður haldinn fyrri hluta árs 2011 þegar verkefninu lýkur.

## 4. HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTI (NÚ VELFERÐARRÁÐUNEYTI).

### 4.1 Gátlisti til notkunar í mæðravernd.

Í mars 2008 gaf landlæknisembættið út klínískar leiðbeiningar um mæðravernd heilbrigðra kvenna í eðlilegri meðgöngu þar sem fram kemur meðal annars eftirfarandi:

„Meðgönguvernd þarf að fara fram í umhverfi sem gerir konunni kleift að ræða viðkvæm mál eins og heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi, geðsjúkdóma og neyslu ólöglegra vímuefna eða önnur félagsleg vandamál.“ (Bls. 11)

„Alla meðgönguna eiga heilbrigðisstarfsmenn að vera vakandi fyrir einkennum eða ástandi sem gæti haft áhrif á heilsu móður og fósturs, svo sem fíkniefna- og áfengisneyslu, næringarástandi, heimilisofbeldi, andlegri líðan, háþrýstingi, meðgöngueitrun og sykursýki.“ (Bls. 15)

Heimilisofbeldi: „Heilbrigðisstarfsfólk þarf að vera vakandi fyrir einkennum eða vísbendingum um heimilisofbeldi. Skapa þarf aðstæður í viðtalinu sem auðvelda konu að tjá sig um ofbeldi.“ (Bls. 23–24)

Vakin er athygli á að til eru „Klínískar leiðbeiningar fyrir hjúkrunarfræðinga til að nota við greiningu, mat og fyrstu viðbrögð við heimilisofbeldi gegn konum“ eftir dr. Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur og Brynju Örlygsdóttur.

Sjá nánar: <http://www.landlaeknir.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3607>

### 4.2 Aðstoð og meðferð fyrir þolendur heimilisofbeldis. Styrking Neyðarmóttöku og Miðstöðvar áfallahjálpar hjá Landspítala.

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar hefur nú verið starfrækt frá 8. mars 1993. Fram til 1. september 2010 höfðu 1889 einstaklingar leitað til Neyðarmóttökunnar.

Þær skipulagsbreytingar sem farið var í haustið 2009 miðuðu að því að efla grunnstoðir þjónustu sjúkrahússins við þolendur kynferðisofbeldis. Með endurskipulagningu er tryggt að á hverjum tíma sé hjúkrunarfræðingur á vakt á bráðamóttöku í Fossvogi sem hefur sérstaka þjálfun til að sinna brotapolum. Með þessu var unnt að fella niður sérstakar bakvaktir sem sinntu útköllum. Hvað varðar meðferð vegna áfallastreituröskunar þá var sálfræðiþjónusta eflað innan Landspítala á sama tíma. Hætt var að vísa skjólstæðingum til sjálfstætt starfandi sálfræðinga, þjónustu sem Landspítalinn greiddi fyrir. Meiri hluta þolenda eða um 80% er vísað til sálfræðings. Rúmlega helmingur þolenda þiggur sálfræðimeðferð hjá sálfræðingi á vegum Miðstöðvar áfallahjálpar. Auk þessa er þolendum vísað til annarra fagaðila, svo sem á geðdeild Landspítala, í Barnahús, í áfengis- og eða vímuefnameðferð, til Kvennaathvarfs og Stígamóta. Starfsemi Neyðarmóttökunnar snýr fyrst og fremst að brotþola með það að markmiði að veita stuðning og meðferð, safna sakargögnum og útbúa gögn með stöðluðum hætti sem er hægt að nýta ef brotþoli ákveður að kæra brotið. Starfsumhverfi Neyðarmóttökunnar hefur nýlega verið bætt verulega. Góð aðstaða er til skoðunar og aðgengi er gott. Sömu læknar eru enn starfandi við Neyðarmóttökuna og hafa tveir heimilislæknar bæst í hópinn.

Fulltrúar Neyðarmóttöku hafa öflugt samstarf við aðra hagsmunaaðila og funda reglulega með lögreglu og saksóknara.

Komur á Neyðarmóttöku voru þessar á árunum 1999–2009:

Ár	Komur
1999	103
2000	97
2001	134
2002	119
2003	119
2004	104
2005	130
2006	145
2007	136
2008	118
2009	130

Ekki er vitað hversu margar konur leituðu til Neyðarmóttökunnar vegna ofbeldis maka eða vegna ofbeldis sem þær höfðu verið beittar af ókunnugum.

#### **4.3 Handbók um heimilisofbeldi.**

Tók þátt í að undirbúa efni og útgáfu bóka um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum, sjá nánar um verkefnið í kafla 3.3.

### **5. MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI.**

#### **5.1 Styrkja starfsfólk stofnana í því að sjá einkenni ofbeldis hjá börnum.**

Nauðsynlegt er að styrkja starfsfólk skólanna í því að sjá einkenni hjá börnum sem líða fyrir ofbeldi á heimilum sínum og koma þeim til aðstoðar.

#### **5.2 Menntun fagstétta.**

Nú stendur yfir endurskoðun námskráa fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Rauður þráður í almennum hluta sem verður sameiginlegur fyrir öll skólastigin þrjú er velferð nemenda. Þar má nefna að námskráin byggist á grunnstoðum eins og jafnrétti, mannréttindum og lýðræðislegri stöðu nemenda. Í námskránni verða lykilhæfniþættir eins og lýðheilsa og tengd svið þar sem vellíðan, öryggi, sjálfstyrking og meðvitund nemenda um eigin rétt, hafðir að leiðarljósi.

Kannað verður sérstaklega hvort í námsefni sem útgefið er af Námsgagnastofnun sé að finna fræðslu um málefnið.

Fræðslufundir um bókina *Verndum þau* hafa verið haldnir fyrir um 3.000 manns sem starfa við íþrótt- og æskulýðsmál.

Minnisblað um framangreint efni hefur verið sent til ráðherra um að ráðherra beini tilmælum til stofnana sem mennta kennara að kennsla og fræðsla um kynbundið ofbeldi verði hluti af námskrá og stuðlað verði að gerð fræðsluefnis.

Ráðuneytið mun vekja athygli fagfélaga sjúkraliða, félagsliða og fleiri aðila á málefninu.

### **5.3 Annað.**

Í æskulýðslögum frá 2007 og lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2008 hafa öll ákvæði varðandi ráðningu kennara og starfsfólks um að viðkomandi hafi hreina sakaskrá (að óska megi eftir sakavottorði við umsókn). Einnig eru komin ákvæði um nemendaverndarráð í grunnskólum og nemendur eiga fulltrúa í skólaráði.

## **6. SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA.**

### **6.1 Aðgerðir til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi á sveitarstjórnarstigi.**

Evrópusamtök sveitarfélaga (CEMR), sem Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að, stóðu fyrir því á árinu 2005 með aðstoð aðildarsamtaka sinna og með styrk frá Evrópusambandinu, að gera sáttmála um jafna stöðu karla og kvenna á sveitarstjórnarstigi. Nú hafa um 1.000 sveitarfélög og héruð í Evrópu undirritað sáttmálann og þar á meðal sex íslensk sveitarfélög, þ.e. Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær, Akraneskaupstaður og Akureyrarkaupstaður. Undirritun felur í sér pólitíska viljayfirlýsingu um að vinna að jafnréttismálum í samræmi við sáttmálann. Hann spannar alla starfsemi sveitarfélaga og í honum eru meðal annars ákvæði um aðgerðir til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Aðildarsveitarfélögin eiga að skilgreina forgangsverkefni í aðgerðaáætlun. Meðal íslensku aðildarsveitarfélaganna hefur verið rætt um að aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi verði meðal forgangsverkefna. Hugmyndin er sú að aðildarsveitarfélögin vinni saman að innleiðingu og gerð aðgerðaáætlunar með það fyrir augum að þeirra vinna geti í kjölfarið nýst fleiri sveitarfélögum. Sérfræðingur Jafnréttisstofu mun taka þátt í vinnunni í samræmi við samstarfsyfirlýsingu um aðstoð Jafnréttisstofu við sveitarfélögin vegna innleiðingar sáttmálans.

### **6.2 Handbækur um heimilisofbeldi.**

Sambandið tók þátt í að undirbúa efni og útgáfu bóka um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum, sjá nánar um verkefnið í kafla 3.3.

### **6.3 Kynningarstarfsemi.**

Sambandið tók einnig þátt í kynningarstarfsemi með Jafnréttisstofu, sjá nánar um verkefnið í kafla 3.1.

## II. KAFLI: RANNSÓKNIR.

### 1. OFBELDI KARLA GEGN KONUM Í NÁNUM SAMBÖNDUM

Frá því á áttunda áratugnum þegar fyrst var vakin athygli á því dulda ofbeldi sem konur hafa verið beittar af mökum sínum, sambýlismönnum eða kærustum, hefur orðið mikil vitundarvakning. Í fyrstu var lítið vitað um umfang þessa ofbeldis og rannsóknir beindust frekar að því að varpa ljósi á edli þess. Fljótlega varð þó ljóst að ofbeldi í nánum samböndum var alþjóðlegt vandamál. Ein af fyrstu norrænu rannsóknunum á þessu sviði var gerð hér á landi árið 1979. Hún byggði á sjúkraskrá slysavardstofu Borgarspítala og staðfesti að slíkt ofbeldi var til staðar hér á landi líkt og annars staðar (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir 1982).

Í ritum félags- og tryggingamálaráðuneytisins um ofbeldi í nánum samböndum eftir Ingólf V. Gíslason er að finna ofbeldislíkan sem ætlað er að skýra samspil einstaklingsbundinna þátta og samfélagslegra formgerða á ofbeldi í nánum samböndum (Ingólfur V. Gíslason 2008). Líkanið byggir á fjórum þáttum: Heimsástandi, samfélaginu, makasambandi og einstaklingseinkennum. Helstu atriði skýringarþátta eru þessi:

- 1) Almenn ástand heimsmála er talið hafa áhrif á ofbeldi í nánum samböndum. Stríðsástand hefur í för með sér herþjálfun karla sem ytir undir ofbeldi og styrkir hugmyndir um karlmennsku og yfirburði karla. Á alþjóðavísu eru völd kvenna miklu minni en karla og slík kynjagslaga yfir undir hugmyndir um að konur séu ekki jafngildar körlum. Hefðbundið og fastmótað kynhlutverk og tenging karlmennsku við yfirráðagirni og árárhneigð eru þættir sem geta aukið eða viðhaldið ofbeldi gegn konum.
- 2) Félaglegir og efnahagslegir erfiðleikar auka á almenna streitu og geta leyst ofbeldi úr læðingi. Atvinnuleysi og fátækt geta ógnað stöðu fólks og aukið streitu. Lágur tekjur þurfa ekki að vera orsök ofbeldis heldur fjárhagslegar áhyggjur og stress. Hærra streitustig samfélags er talið auka líkur á að konur verði fyrir ofbeldi. Þeir sem beita ofbeldi hafa flestir alist upp við erfiðleika eins og fátækt, ofbeldi og misnotkun áfengis og hafa litla menntun og lítil tengsl við vinnumarkað. Hér á landi var atvinnustig mjög hátt allt fram til ársins 2008 svo atvinnuleysi var ekki mikill áhættuþáttur. Í samfélögum sem viðurkenna yfirráðastöðu karla yfir konum búa konur oftast við meira ofbeldi en í samfélögum þar sem slíkur sjónarmiður er hafnað. Ef bæði konur og karlar afla heimilistekna er slíkt jafnræði líklegt til að vinna gegn ofbeldi líka á tímum efnahagslegra og félagslegra erfiðleika.
- 3) Átök í samböndum virðast einkennast af því að samskipti para eru niðurlægjandi og þau tala saman í árásgjörnum tón. Þörin komast ekki úr slíkum víthring heldur stigmagnast átökin þar til komið er að beitingu líkamlegs ofbeldis. Þótt konurnar taki þátt í þessu niðurlægjandi samskiptamunstri er ekki hægt að tala um jafningjamskipti. Konurnar hafa meiri tilhneigingu til að draga sig í hlé en ofbeldi karlanna er frekar tilraun til stjórnunar.
- 4) Einstaklingseinkenni eru oft tengd fyrri reynslu, aðstæðum og persónuleikatrúflunum. Reynsla af ofbeldi í æsku og skortur á umhyggju á mótunarárum eykur líkur á ofbeldisbeitingu. Neysla áfengis og ofbeldi í nánum samböndum eru nátengdir þættir. Áfengisneysla dregur úr hömlum og því meiri sem hún er þeim mun meiri líkur eru á beitingu ofbeldis. Önnur örvandi efni eins og amfetamín, kókaín og sterar geta verið ofbeldishvatar.

Önnur nálgun er að skipta kenningum um ofbeldi í nánum samböndum í tvennt: Kynbundnar valdakenningar og lífsháttakenningar (Kyvsgaard og Snare 2007). Kynbundna valdakenningin

byggist á því að ofbeldi gegn konum sé tengt valdbeitingu og að slík athöfn sé kynbundin og endurspeglir feðraveldið þar sem karlar eru kúgarar og konur kúgaðar. Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum sem samþykkt var á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1995 gengur út frá þessari skýringu. Þessi kenning byggist á þeirri skoðun að í öllum samfélögum sé til valdakerfi þar sem karlar hafi yfirburðastöðu fram yfir konur. Þeir sem aðhyllast þessa skoðun hafa oft notað hana til að setja baráttu gegn kynbundnu ofbeldi á dagskrá. Þótt valdamisvægi kynjanna sé óumdeilt verður ekki séð að það sé fullnægjandi skýring á ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum.

Lífsháttakenningin gengur út frá því að líkur kvenna á því að vera beittar ofbeldi í nánnum samböndum séu ekki tilviljanakenndar og óháðar stund og stað. Það sé heldur ekki tilviljunum háð hvor karlar beiti konur ofbeldi í nánnum samböndum, fremur sé um að ræða tiltekna áhættuþætti. Með lífsháttum í þessu samhengi er átt við daglegar athafnir eins og starf, nám, heimilisstörf, frístundir og neyslu. Aðrar breytur sem hafa áhrif á lífshætti eru aldur, kyn, tekjur, þjóðfélagsstaða, menntun og atvinna. Bæði einstaklingar og hópar tileinka sér ólíka lífshætti og þess vegna er áhætta þeirra á því að beita eða vera beittir ofbeldi mismikil.

Í skýrslu frá jafnréttisþingi 2011 kemur fram að samkvæmt mælikvarða alþjóðaeftirfaradans (World Economic Forum) sem kom út árið 2010 er jafnrétti kynjanna hvergi meira en á Íslandi (Jafnréttisþing 2011). Samkvæmt kynbundnu valdakeningunni ætti því ofbeldi í nánnum samböndum hvergi að vera minna. Þegar niðurstöður úr íslensku ofbeldisrannsókninni frá 2008, sem gerð var samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar, eru bornar saman við alþjóðakönnun í 11 löndum á ofbeldi í nánnum samböndum kom í ljós að tíðni ofbeldis var sú sama á Íslandi og í Danmörku. Jafnrétti kynjanna mældist samt aðeins hærra á Íslandi en í Danmörku.

Frá því að fyrsta ofbeldisrannsóknin á Íslandi var gerð 1996 og þar til framangreind rannsókn frá 2008 var gerð hefur ekki tekist að draga úr ofbeldi gegn konum þar sem tíðni ofbeldis gegn konum er nánast sú sama samkvæmt báðum rannsóknunum. Hærra valdastaða kvenna hefur væntanlega komið í veg fyrir ofbeldi en aðrir og þá lífsháttatengdir þættir hafa vegið upp á móti þeim og verið ofbeldishvetjandi. Á tímabilinu 1996-2008 má sjá breytingar í þá átt að valdastaða kvenna hefur batnað (Jafnréttisþing 2011). Hlutfall kvenna á Alþingi hækkaði úr 25% í 32% frá 1995 til 2007. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum hefur hækkað úr 25% í 40% frá 1994 til 2006. Atvinnuþátttaka kvenna jókst úr 75% og í 78% frá 1991 til 2008. Hlutfall heildarlauna kvenna af launum í landinu hækkaði úr 39% í 42% frá 1999 til 2007. Fjöldi kvenna í námi þrefaldaðist frá 1996 til 2008. Þannig hafa konur styrkt stöðu sína og samhliða því hefur ofbeldi gegn konum verið viðurkennt sem sérstakt vandamál sem samfélagið líður ekki og þarf að takast á við. Kynbundin valdakening dugir því ekki ein og sér til að skýra ofbeldi gegn konum en með því að tengja hana við lífsháttakenningar má fá betri skýringar og skilning á ofbeldinu.

Af þeim þáttum sem auka áhættu á ofbeldi er áfengisneysla sá þáttur sem mest breyttist frá 1996 til 2008. Áfengisneysla jókst úr 4,9 lítrum í 7,5 á íbúa 15 ára og eldri frá 1996 til 2007, eða um 53% á 12 árum. Um 75% alls áfengis er selt í útsöllum ÁTVR og fer því væntanlega til neyslu á heimilum en tæplega fjórðungur áfengis er drukkinn á vinnveitingastöðum (Nordic statistics 1993-2007). Þetta bendir til þess að áfengisneysla á heimilum hafi aukist verulega. Í báðum rannsóknunum, 1996 og 2008 eru nokkrar upplýsingar um áfengisneyslu. Í fyrri rannsókninni töldu 71% kvenna sem höfðu verið beittar grófu ofbeldi að ástæðan væri áfengisdrykkja. Í rannsókninni frá 2008 töldu 48% kvennanna að við síðasta ofbeldistilvik hefði ofbeldismaðurinn verið undir áhrifum áfengis, 4% töldu að hann hefði verið undir áhrifum fíkniefna eða lyfja og 7% að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, lyfja og fíkniefna. Alls skýrði 41% kvennanna frá því að hann hefði ekki verið undir neinum áhrifum. Mat kvennanna á áfengisneyslu karlanna,



núverandi og fyrrverandi maka, sem höfðu beitt þær ofbeldi var að 32% fyrrverandi maka og 7% núverandi maka yrðu drukknir einu sinni í viku eða oftar. Um 26% fyrrverandi maka neyttu fíkniefna en um 3% núverandi maka. Samkvæmt upplýsingum kvennanna hafa áfengisvandamál fyrrverandi maka því verið veruleg og mun meiri en núverandi maka sem kann að skýra af hverju þær hafa slitið fyrra sambandinu eða hjónabandinu.

Ef ekki er tekist á við áfallastreituröskun eftir reynslu af ofbeldi maka er það talið auka líkur á misnotkun áfengis og lyfja. Samkvæmt könnunum frá 1996 og 2008 hafði þeim konum sem notuðu áfengi og lyf til að takast á við reynsluna af ofbeldinu fækkað á tímabilinu. Í fyrri könnuninni höfðu 22% kvennanna notað áfengi og 20% höfðu notað lyf en í þeirri seinni höfðu aðeins 14% notað áfengi og lyf. Hugsanlega hefur aukin þekking þar á meðal á úrræðum haft þau áhrif að konurnar leita annarra leiða til komast yfir reynsluna af ofbeldinu en sjálflækninga með áfengi og lyfjum.

Þegar seinni könnunin var gerð árið 2008 voru áhrif hrunsins ekki komin fram. Á árunum fyrir hrun var mikill efnahagslegur uppgangur í samfélaginu og andrúmsloftið í þjóðfélaginu var á þá lund að margir væru „að gera það gott“. Þeir sem ekki voru þátttakendur í uppsveiflunni voru því ekki með í leiknum og kunna að hafa fundið fyrir stressi eða óánægju þar sem þeir stæðu sig ekki í lífskjarakapflaupinu. Bilið milli þeirra sem nutu mikillar velgengni og hinna sem ekki vegnaði vel varð því breiðara. Slíkar tilfinningar geta ýtt undir streitu og minna þol gegn áreiti sem geta birst í beitingu ofbeldis. Upplýsingar um atvinnuþátttöku og menntun má sjá í riti jafnréttisþings 2011. Árið 2008 var atvinnuþátttaka allra karla 87% en í spurningakönnuninni kemur fram að atvinnuþátttaka ofbeldismannanna var heldur lægri, 77% meðal núverandi maka og 82% meðal fyrrverandi maka. Ofbeldismennirnir voru því ekki eins virkir á vinnumarkaði og aðrir karlmenn sem kann að hafa sett þá í lakari stöðu en aðra karla. Menntun meðal 25-64 ára karla árið 2009 skiptist þannig að 29% höfðu háskólamenntun, 44% starfs- og framhaldsmenntun og 27% grunnmenntun. Spurningakönnunin leiddi í ljós að menntun ofbeldismannanna var minni, 18% núverandi maka hafði háskólapróf en aðeins 10% fyrrverandi maka, 54% núverandi maka hafði framhaldsskólupróf og 41% fyrrverandi maka, og 26% maka hafði grunnmenntun en 47% fyrrverandi maka. Menntun ofbeldismannanna, og átti það sérstaklega við um ofbeldismenn í hópi fyrrverandi maka, var heldur minni en annarra karla sem kann að hafa gert stöðu þeirra í samfélaginu verri en annarra karla.

## 1. Spurningakönnun. Umfang.

Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn ofbeldi gegn konum sem samþykkt var í ríkisstjórn árið 2006 var einn liður að gera rannsóknir á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Ein þessara kannana var spurningakönnun sem var gerð árið 2008 og er hún birt í heild sinni í fylgiskjali 1. Þetta er í annað sinn sem stjórnvöld láta gera slíka könnun en sú fyrri var gerð fyrir 12 árum. Árið 1994 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu þar sem dómismálaráðherra var falið að skipa nefnd til að hafa umsjón með rannsókn á ástæðum, umfangi og eðli ofbeldis gegn konum. Samþykkt þessarar þingsályktunartillögu leiddi til þess að fyrsta íslenska rannsóknin á umfangi ofbeldis í nánnum sambandi var gerð árið 1996 (dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1997). Sú könnun leiddi í ljós að 1,3% kvenna eða um 1.100 konur höfðu verið beittar ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka árið fyrir könnunina. Tæp 14% kvenna greindu frá því að hafa sætt ofbeldi maka einhvern tíma á æviskeiðinu.

Niðurstöður nýju könnunarinnar leiddu í ljós að 1–2% kvenna á aldrinum 18–80 ára höfðu verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum undangengna 12 mánuði fyrir könnunina. Þetta hlutfall jafngildir því að á bilinu 1.200–2.300 konur hafi mátt þola ofbeldi af hendi maka. Alls höfðu 22%

kvenna sætt ofbeldi maka einhvern tíma á ævinni. Kannanirnar frá 1996 og 2008 byggja á hliðstæðum spurningum, en ekki þó alveg þeim sömu. Í könnuninni frá 1996 voru þátttakendur á aldrinum 18–65 ára en í könnuninni frá 2008 var aldursbilið breiðara, 18–80 ára. Þessar tvær kannanir eru því ekki fullkomlega sambærilegar en gefa samt skýra vísbendingu um að ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum hafi hvorki minnkað né vaxið, heldur verið nokkuð stöðugt. Meiri umræða, betri þekking og aukin þjónusta hefur því ekki dregið úr ofbeldinu.

### **Heimildir.**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Gedvernd*, 17, 7–31.

Ingólfur V. Gíslason (2008). *Ofbeldi í nánnum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

*Jafnréttisþing 2011. Skýrsla velferðarráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Jafnrétti kynjanna í tölum*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

Kyvsgaard, B. og Snare, A. (2007). *Vold mod kvinder. En- eller flerdimensionel?* Í von Hofer, H. og Nilsson, A. (ritstj.), „Brott i välfärden, om brottslighet, utsatthet och kriminalpolitik: festskrift till Henrik Tham“, Stockholm: Stockholm Universitet. Kriminologiska Institutionen, bls. 181–201.

## **2. KANNANIR HJÁ FJÓRUM STJÓRNSÝSLUSVIÐUM.**

Engar erlendar fyrirmyndir er við að styðjast til að kanna úrræði og þjónustu við konur sem beittar eru ofbeldi. Lítið er um slíkar heildstæðar kannanir og fáar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvað nýtist konum best til að takast á við afleiðingar ofbeldis eða hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir skila mestum árangri. Velferðarþjónusta, skólar og heilbrigðisþjónusta, skipulag löggæslu og virkni félagasamtaka er mjög breytileg milli landa svo vandkvæðum getur verið bundið að yfirfæra niðurstöður frá einu landi til annars.

Við undirbúning rannsóknanna var ákveðið að reyna að fá sem heildstæðasta mynd af þeirri þjónustu sem hér stendur til boða þeim konum sem verða fyrir ofbeldi í nánnum samböndum. Í því skyni voru gerðar viðtalsrannsóknir hjá félagsþjónustu og barnavernd (ein rannsókn), grunnskólum, heilbrigðisþjónustu og lögreglu, auk þess hjá félagasamtökum, sjá kafla II. Þetta urðu alls fimm rannsóknir og voru tekin um 70 viðtöl við stjórnendur og starfsfólk.

Markmiðið var að fá fram upplýsingar um skráningu, þjónustu og stuðning sem er í boði og óskir um úrbætur. Sjónum var aðallega beint að almennri þjónustu en líka að sértækri þjónustu.

Þótt spurt væri um aðstoð sem öllum konum stendur til boða var reynt að afla jafnframt upplýsinga um stuðning við fatlaðar konur, aldraðar konur og konur af erlendum uppruna sem hafa sætt ofbeldi. Enn fremur hvernig væri hugað að börnum sem byggju á ofbeldisheimilum.

Í spurningakönnuninni kom fram að fæstar kvennanna sem sögðust hafa verið beittar ofbeldi höfðu leitað til samtaka eða stofnana um aðstoð. Þær sem höfðu leitað til Kvænnaathvarfs,

Stígamóta, lækna, sálfræðinga og annarra ráðgjafa voru mjög ánægðar með aðstoðina. Þess vegna er mikilvægt að standa vörð um slíka starfsemi.

Meiri hluti kvennanna sögðu nánnum fjölskylduvini, vinkonu eða nágretta frá ofbeldinu. Þær sögðu einnig fagfólki frá ofbeldinu. Þetta sýnir tvennt. Í fyrsta lagi að konurnar leita til sinna nánustu, sem er eðlilegt að gera hvað varðar ofbeldi eins og önnur áföll í lífinu. Í öðru lagi eru margir í samfélaginu nánir fjölskyldumeðlimir, vinkonur og nágretta og þess vegna hefur almenningur töluverða vitneskju um ofbeldi í nánnum samböndum.

Aðeins 13% kvennanna höfðu tilkynnt atvikið til lögreglu en meiri hluti þeirra sem það gerði var ánægður með viðbrögð hennar.

Hér á eftir verða nokkur helstu atriði úr hverri könnun kynnt.

## **2.1 Félagsþjónusta. Barnavernd.**

### Félagsþjónusta.

Mál er varða ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum eru ekki skráð á skipulagðan hátt hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Konur eru ekki spurðar hvort þær hafi orðið fyrir slíku ofbeldi heldur getur þetta vandamál komið í ljós í viðtölum starfsmanna við konur um aðra hluti. Ekki hefur verið til umræðu að taka upp þá reglu að spyrja konur ávallt um þetta atriði (kembileit) þegar þær leita til félagsþjónustunnar.

Konur virðast sjaldan leita til félagsþjónustunnar út af ofbeldinu einu og sér, en snúa sér þangað til að óska eftir aðstoð í praktískum málum sem geta, þegar nánar er að gætt, tengst slíku ofbeldi. Þá er forsenda þess að konur leiti til félagsþjónustunnar oft sú að börn eru á heimilinu eða að borist hefur tilkynning vegna barnanna og eru þau mál þá a.m.k. að hluta til unnin eftir barnaverndarlögum.

Félagsþjónustan hefur ýmis úrræði til handa konum sem beittar hafa verið ofbeldi í nánnum samböndum. Hvað ofbeldið sjálft varðar er boðið upp á viðtöl ýmist innan eða utan félagsþjónustunnar. Í nokkrum sveitarfélögum starfa einnig sjálfstyrkingarhópar. Á stærri stöðunum voru mál sem varða þetta ofbeldi rædd á teymisfundi eða þá að fleiri en einn starfsmaður sinnir þessum málum. Þetta þóttu flókin mál og handleiðsla fyrir starfsmenn væri nauðsynleg. Alls staðar er bent á Kvennaathvarfið og er þá kostnaður fyrir dvölinna greiddur. Samstarfið við Kvennaathvarfið er alls staðar talið mikilvægt og er mikið traust borið til þess. Félagsþjónustan hefur síðan praktísk úrræði eftir almennum reglum, svo sem varðandi húsnæði og fjárhagsaðstoð. Slík úrræði geta einkum átt við þegar kona hefur ákveðið að fara úr ofbeldissambandinu.

Þekking starfsmanna á málaflökknum er almennt góð og kennsla um ofbeldi í nánnum samböndum hefur lengi verið námsefni í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Hún hefur líka vaxið á undanförunum árum með aukinni umræðu í þjóðfélaginu, en áhugi er á meiri fræðslu og ávallt þarf að huga að skipulagðri endurmenntun.

Hópar kvenna, sem eru í sérstakri áhættu fyrir því að verða fyrir ofbeldi í nánnum samböndum, þ.e. erlendar konur, fatlaðar og aldraðar, leita lítið til félagsþjónustunnar. Það er helst að félagsþjónustan fái vitneskju um ofbeldi gegn öldruðum vegna starfa við heimaþjónustu inn á heimilum aldraðra. Þá leita fatlaðar konur mjög sjaldan eftir aðstoð vegna ofbeldis, en fyrir kemur að upplýsingar um það berast félagsþjónustu þar sem starfsfólk í heimaþjónustu eða heimahjúkrun láti vita af slíku máli. Hvað erlendar konur varðar kom fram að í heild hefur þeim fjölgað sem leita til félagsþjónustunnar vegna ofbeldis í nánnum samböndum, bæði andlegs og líkamlegs. Á nokkrum stöðum leita þær sjaldan eftir fjárhagsaðstoð þar sem slík aðstoð geti haft áhrif á möguleika þeirra til að fá íslenskan ríkisborgarétt. Sums staðar var bent á að erlendu

konurnar kæmu stundum frá menningarsvæðum þar sem viðhorf til ofbeldis er annað en hér á landi. Starfsfólk eigi erfitt með að nálgast konur sem koma úr framandi menningarheimi.

Með hliðsjón af þeirri þekkingu og áhuga starfsmanna félagsþjónustu á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum vekur sérstaka athygli hve fáar konur leita þangað út af ofbeldisatviki eingöngu, eins og kom fram í spurningakönnuninni. Þetta bendir til þess að kynna þurfi mun betur en nú er gert úrræði félagsþjónustunnar, þá þekkingu sem þar er og þá aðstoð sem þar er hægt að veita. Í fræðsluritum og upplýsingabæklingum mætti benda á úrræði félagsþjónustunnar sem geta bæði verið hagnýt þjónusta eins og fjárhags- og húsnæðisaðstoð en líka ráðgjöf. Þá mætti hvetja konur til að nýta sér slíka þjónustu.

### Barnavernd.

Í barnaverndarmálum eru börnin þungamiðja skráningar, en ekki foreldrarir, og því ekki hægt að greina málin út frá aðstæðum foreldranna. Skráning barnaverndarmála virðist að sumu leyti skipulegri en skráning mála samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Sérstaklega hefur skráning tekið framförum eftir að Barnaverndarstofa tók upp sérstakt skráningakerfi árið 2005. Á nokkrum stöðum er alltaf spurt um heimilisofbeldi þegar verið er að kanna barnaverndarmál. Á flestum stöðum er það hins vegar ekki gert og aðeins spurt um slíkt ofbeldi ef eitthvað sérstakt gefur tilfæni til þess. Málin berast barnaverndarnefnd oftast þar sem lögregla er kölluð til.

Verði barn beint eða óbeint vitni að ofbeldi milli foreldra er það skráð sem tilfinningalegt eða sálraent ofbeldi. Fyrstu viðbrögð barnaverndarnefnda eru að tryggja öryggi barnsins. Íhlutunin miðast því alltaf við velferð og hagsmuni barnsins. Barnaverndarnefndir hafa ýmis úrræði á sínum vegum, en í vissum tilvikum þarf að taka barn af heimili til að tryggja öryggi þess. Algengara er þó að reynt sé að styðja móðurina og barnið sameiginlega, enda mjög erfitt fyrir barn að vera skilið frá móður sinni í slíkum tilvikum. Móðirin fer þá e.t.v. í Kvennaathvarfið með barnið eða að reynt er að koma ofbeldismanninum af heimilinu. Þegar móðir býr áfram á heimilinu getur hún fengið stuðningsaðila inn á heimilið, svo sem stuðningsfjölskyldu eða persónulegan ráðgjafa fyrir börnin. Jafnframt sem móðir og barn eru studd samkvæmt framansögðu nýtir barnaverndin flest þau úrræði sem félagsþjónustan hefur. Hvert einstakt mál er metið fyrir sig. Mál af þessu toga njóta forgangs hjá barnaverndarnefndum.

Athyglin hefur að undanfögnu beinst mjög að því að almennt virðist ekki vera rætt við börn sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað gagnvart mæðrum þeirra. Bent er á góða þjónustu Barnahúss í því sambandi þar sem rætt er við börn sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi. Kemur þetta meðal annars skýrt fram í skýrslu Barnaheilla frá febrúar 2011 eftir viðtöl hjá lögreglu, barnavernd og félagsþjónustu. Þannig ræðir lögregla yfirleitt ekki við börn á heimilum í útköllum vegna heimilisofbeldis nema börnin hafi sjálf orðið fyrir líkamlegu ofbeldi. Barnavernd hittir börnin eingöngu ef ákveðið er að hefja könnun máls sem er í minni hluta tilfella. Í Kvennaathvarfinu var til skamms tíma sérstakur barnaverndarstarfsmaður en svo er ekki nú. Til að ráða bót á þessu mun Barnaverndarstofa leita eftir samstarfi við lögreglu og barnaverndarnefndir á höfuðborgarsvæðinu um tilraunaverkefni til eins árs. Markmið stofunnar með slíku tilraunaverkefni er fyrst og fremst að leggja mat á líðan, hugsanir og óskir barnanna með það fyrir augum að veita þeim áfallahjálp og annan viðeigandi stuðning strax í kjölfar atburða af þessu tagi. Felst verkefnið í því að ráða sérhæfða starfsmenn á bakvakt sem hafa það hlutverk að fara á heimili í þeim tilvikum sem lögregla fer í útköll vegna ofbeldis á heimili og börn eru á staðnum. Verkefni starfsmanns á bakvakt verður að huga að barninu sérstaklega og tryggja því stuðning innan 48 tíma. Þá hefur börnum, sem búa við þær aðstæður að ofbeldi hefur verið þáttur í heimilislífi þeirra, verið boðið upp á hópmeðferð á vegum Barnaverndarstofu frá árinu 2010.

Auk þess sem þarf að styðja og styrkja barn sem býr við ofbeldi gegn móður, og jafnframt móður og barn, þarf að styðja móðurina sérstaklega svo hún geti verið fær um að sinna uppeldishlutverki sínu eftir það sem á undan er gengið. Engir fjármunir eru fyrir hendi til að veita konunum meðferð og einnig skortir fjármuni til að veita konum stuðning til að efla færni þeirra sem uppálanda.

Flestir nefndu lögregluna sem mikilvægasta samstarfsaðilann, en aðrir mikilvægir samstarfsaðilar eru Kvænnaathvarf, skólar og leikskólar, svo og sjúkrahús og heilsugæsla. Samstarfið fer fram með sama hætti og þegar um annars konar vanda barna er um að ræða. Verklag hefur orði betra eftir að verklagsreglur lögreglu tóku gildi árið 2005. Fram kom að markviss kynning á barnaverndarstarfi við heilsugæslu og sjúkrahús hafi haft áhrif og tilkynningum úr heilbrigðiskerfinu til barnaverndarnefnda hafi fjölgað.

Gera verður kröfur um það að barnaverndarstarfsmenn séu vel að sér í þessum málaflokki. Félagsráðgjafar fá kennslu á þessu sviði í Háskóla Íslands. Almennt var talið að þekking starfsmanna barnaverndar á ofbeldi í nánum samböndum væri mikil, en þrátt fyrir það væri nauðsynlegt að auka þekkinguna og koma á fót símenntun. Flestir nefndu að þörf væri á fræðslu um áhrif þess að börn alist upp við heimilisofbeldi og hvernig best væri að nálgast konur sem beittar hafa verið ofbeldi. Miklu skiptir að starfsmenn veiti uppruna og menningarmun athygli þegar þeir vinna með fjölskyldum af erlendum uppruna.

## 2.2 Grunnskólar.

Margir skólastjórar grunnskóla sem rætt var við töldu að ofbeldi gegn móður barns væri vel varðveitt fjölskylduleyndarmál sem ólíklegt væri að nemendur segðu frá í skólanum. Það fylgdi því skömm að slík mál yrðu uppvís í skólanum.

Flestir töldu að umsjónarkennari yrði fyrst var við slík mál, hann ráðfærði sig við skólastjóra og málinu væri síðan vísað til nemendavarnarráðs jafnframt sem málið væri tilkynnt barnavernd. Í nemendavarnarráði sitja yfirleitt í þéttbýlinu: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og sálfræðingur. Fundir eru haldnir reglulega. Í dreifbýlinu sitja sömu aðilar í nemendavarnarráði en oft eru aðstæður þannig að margir skólar sameinast um námsráðgjafa, hjúkrunarfræðing og sálfræðing.

Fram kom að tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar væri alls staðar sinnt. Samvinna væri góð við barnavernd og félagsþjónustu.

Fullyrt var að kennarar væru öruggir gagnvart þessu vandamáli. Eitt sjónarmið var að kennarar ættu að halda tengslum við barnið, veita því öryggistilfinningu með því að fylgjast sérstaklega með líðan þess. Öðrum fannst mikilvægt að halda daglegum venjum áfram og enn aðrir sögðust ekki vita hvað kennari ætti að gera í slíkum tilfellum. Það eru þannig greinilegar vísbendingar um ákveðinn vandræðagang í þessum málaflokki í skólunum og enginn skilgreindur aðili innan skólans tekur að sér persónulega ráðgjöf við nemendur, heldur er þetta meira tilfallandi og ekki er leitað sérstaklega eftir upplýsingum meðal nemenda um líðan þeirra. Í einstaka skóla hafa þó verið gerðar kannanir á líðan nemenda.

Fram kom að kennsla annars vegar og uppeldishlutverk hins vegar séu samþætt í skólastarfi en óvissa væri um hversu langt kennarar ættu að ganga í því að sinna uppeldishlutverkinu.

Greinilegt var að aðgengi nemenda að hinum ýmsu faghópum er ólíkt milli skóla. Nemendur í þéttbýli áttu aðgang að fleiri faghópum en í dreifbýli. Hér er átt við skólahjúkrunarfræðinga, námsráðgjafa og sálfræðinga.

Langflestir skólastjórana voru því fylgjandi að auka fræðslu um ofbeldi gegn konum og vildu fá grundvallarfræðslu í skólana. Lítil umræða væri um málaflokkinn í skólasamfélaginu. Vandinn

væri að kennarar þekktu ekki einkenni þess að barn búi við ofbeldi gegn móður fremur en að úrræði skorti.

### 2.3 Heilbrigðisþjónusta.

Í heilbrigðiskerfinu er ekki spurt með skipulögðum hætti (kembileit) um reynslu af ofbeldi Í ákveðnum áhættuhópum, fyrst og fremst hjá fíkniefnaneytendum, er spurt um slíkt ofbeldi, en með mismunandi reglubundnum hætti. Þó er talið að víða sé aukin árvekni starfsmanna þegar viðkvæmir hópar eiga í hlut, svo sem konur af erlendum uppruna sem þekki ekki vel til í íslensku samfélagi.

Umræða hefur verið um það á heilbrigðisstofnunum að spyrja sjúklinga oftár, leita meira að ofbeldi, því ljóst væri af könnunum að ofbeldið væri meira vandamál en birtist heilbrigðisstarfsmönnum. Ofbeldið sé mjög falið. Orsakir þess að ekki væri spurt séu svipaðar þeim sem fram koma í erlendum athugunum, þ.e. að starfsfólk á erfitt með það, finnst það vera að hnýsast. Á fámennum stöðum bætist við hvað fólk þekktist innbyrðis. Vakin skal þó athygli á því að þegar þetta er ritað stendur til að gera tilraun með kembileit á þremur deildum Landspítalans, en um er að ræða tilteknar deildir sem valdar voru sérstaklega, þ.e. geðsvið, kvennasvið og barnasvið.

Með hliðsjón af framansögðu liggur sú sláandi niðurstaða fyrir að skráningar í heilbrigðiskerfinu veita ekki þekkingu á tíðni ofbeldis karla gegn konum í nánum samböndum eða hvort það hafi aukist eða dregið úr því.

Hvað þjónustu við konurnar varðar veitir heilbrigðiskerfið að sjálfsögðu bráðahjálp vegna áverka og áfalla. Væntanlega sinnir heilbrigðiskerfið líka konum sem glíma við afleiðingar af völdum ofbeldis frá fyrri tíð. Sértek heilbrigðisþjónusta er líka í boði, þ.e. mæðravernd, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar og meðferð vegna vímuefnafíknar. Vakin er athygli á því að í Neyðarmóttöku vegna nauðgunar er áfallateymi sem veitir líka andlegan stuðning. Engin meðferð er hins vegar í boði innan heilbrigðiskerfisins til að byggja upp konur svo þær geti haldið áfram lífi sínu og tekist á við uppeldi barna sinna.

Í mæðravernd er lögð áhersla á að heilbrigðisstarfsfólk sé vakandi fyrir einkennum eða ástandi sem geti haft áhrif á meðgönguna. Ekki er þó beitt skipulagðri leit að ofbeldi í mæðraverndinni, að undanteknum tveimur stöðum, þ.e. á heilsugæslunni á Akureyri og Ólafsvík. Það kemur á óvart að spurningar um reynslu af ofbeldi skuli ekki vera sjálfsagður þáttur í mæðravernd, enda sýna innlendar og erlendar athuganir að meðganga er áhættuþáttur. Í spurningakönnuninni 2008 kom fram að 5% kvennanna höfðu verið ófrískar þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað. Landlæknisembættið hefur birt klínískar leiðbeiningar um mæðravernd heilbrigðra kvenna á eðlilegri meðgöngu. Þar er lögð áhersla á að heilbrigðisstarfsfólk sé vakandi fyrir einkennum eða ástandi sem haft geti áhrif á meðgönguna. Ekki er þó lögð til kembileit.

Fræðsla um ofbeldi er nú hluti af námi verðandi hjúkrunarfræðinga og hefur svo verið í nokkur ár. Slík fræðsla mun ekki veitt í grunnnámi annarra heilbrigðisstarfsmanna, en sumir hafa sótt endurmenntunarnámskeið. Þörf er því á aukinni menntun og þekkingu, einkum á spurningatækni og hvernig sé best að haga framhaldinu ef ofbeldi kemur í ljós. Heilbrigðisstarfsmenn þyrftu að læra að þekkja einkennin og hafa fastar vinnureglur og verkferla um viðbrögð um framhaldið.

Fram kom að heilbrigðisstarfsfólki þætti nokkuð óljóst hvaða úrræði væru fyrir hendi ef það yrði vart við ofbeldi gegn konum í störfum sínum og hvar hægt væri að fá heildarsýn yfir hvað stæði til boða. Nefnt var að gott væri að hafa einhvers konar miðstöð sem veitt gæti heildstæða ráðgjöf. Ekki væri sjálfgefið að miðla upplýsingum til utanaðkomandi aðila, að barnaverndarnefnd undanskilinni.

Samstarf um ofbeldið er innan heilbrigðiskerfisins en síður við stofnanir utan þess. Barnaverndin var að sjálfsögðu nefnd sem samstarfsaðili þegar verið var að leysa málefni barna. Akureyri sker sig úr hvað samstarf við aðila utan heilbrigðiskerfisins varðar en þar tengist heilsugæslan félagsþjónustunni meðal annars gegnum skipulagðan samráðsvettvang.

## 2.4 Lögreglan.

Afbrotatölfræðin veitir ekki upplýsingar um tengsl brotamanns og brotþola og þess vegna er þar engar upplýsingar að finna um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum eða ofbeldi gegn konum yfirleitt. Afbrotatölfræði sem ríkislögreglustjórinn gefur út árlega sýnir fjölda tilkynntra manndrápa og líkamsmeiðinga eins og þau eru flokkuð eftir hegningarlaga greinum; manndráp (211. gr.), manndráp af gáleysi (215. gr.), líkamsárás, minniháttar (217. gr.), líkamsárás meiriháttar/stórfelld (218. gr.), líkamsmeiðingar af gáleysi (219. gr.), lífi eða heilsu stefnt í háska (220. gr.), manndráp, tilraun (211. gr. sbr. 20. gr.) og líkamsmeiðingar, annað. Ofbeldisbrotin eru flokkuð eftir brotavettvangi og vikudögum og manndráp eftir kyni. Makaofbeldi getur varðað við allar framangreindar hegningarlaga greinar en líklegast er oftast um að ræða brot á 217. gr. sem er langalgengasta ofbeldisbrotið.

Lögreglan skráir hins vegar ofbeldisbrot karla og kvenna í nánnum samböndum í einn flokk sem kallast heimilisofbeldi en birtir þá skráningu ekki reglulega. Sérstök rannsókn hefur verið birt um ofbeldi milli skyldra og tengdra: *Heimilisofbeldi. Agreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu*. Þessi rannsókn var gefin út af ríkislögreglustjóranum og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu árið 2010. Skilgreiningin á heimilisofbeldi sem lögreglan notar er víðari en venja er þar sem hún nær yfir öll fjölskyldutengsl en er ekki bundin við samband maka.

Lagt er til að lögreglan skrái sérstaklega ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum og birti slíkar upplýsingar árlega. Slíkt ætti að vera auðvelt þar sem þessum upplýsingum er þegar safnað en flokkaðar öðruvísi.

Lögreglan hefur ýmis úrræði eins og að koma á staðinn og stöðva ofbeldið og veita ofbeldismanninum tiltal eða handtaka hann. Þá getur lögreglan aðstoðað konur og börn við að komast til vandamanna, vana eða í Kvennaathvarf og á sjúkrahús eða til læknis.

Í spurningakönnuninni kom fram að aðeins 13% kvennanna sem höfðu verið beittar ofbeldi höfðu tilkynnt ofbeldið til lögreglu. Til viðbótar sögðu 4% kvennanna að lögreglan hefði fengið upplýsingar um ofbeldið á annan hátt. Helstu ástæður þess að konurnar höfðu ekki samband við lögreglu voru þessar: Smávægilegt/ekki nógu alvarlegt/hugsaði ekki út í það (44%); tókst á við það sjálf/sagði vinkonu/vini frá því (21%); skammarlegt/vandræðalegt 19%; vildi halda þessu leyndu 7%; af ótta við ofbeldismanninn (7%).

Þótt 65% kvennanna sem leituðu til lögreglu hafi verið ánægðar með afskipti lögreglu var fjórðungur þeirra mjög ósáttur með það hvernig lögreglan tók á málinu. Tillögur kvennanna um hvað lögreglan gæti gert voru margvíslegar: Taka frásögn þeirra af alvöru/hlustað/stutt þær (17%); handtekið (11%); farið með hann burt (8%); veitt vernd/hjálpað konunni til að yfirgefa húsið (8%); veitt honum tiltal (6%); komið fyrir á staðinn (4%); útskýrt hvernig gangur málsins yrði (4%); vísað á Kvennaathvarf (4%). Alls nefndu 55% kvennanna að lögreglan hefði ekki getað gert neitt annað en hún gerði.

Konurnar virðast því leita til lögreglu til þess að stöðva ofbeldið, láta ofbeldismanninn vita að ofbeldið er óþolandi og að samfélagið styðji þær. Hins vegar verður ekki séð að þær vilji að ofbeldismaðurinn verði ákærður og sakfelldur fyrir dómstólum. Þess vegna eru þær oft ekki tilbúnar til að vinna með lögreglu að áframhaldandi rannsókn málsins. Í fæstum tilvikum hentar

dómstólaleiðin til þess að takast á við ofbeldi í nánnum samböndum. Lögreglan hefur hins vegar tæki til að vernda konur í áhættu og getur fylgst með ofbeldismönnunum til að koma í veg fyrir ítrekað ofbeldi. Hvað grófasta ofbeldið varðar er samt eðlilegt að lögreglan ákveði framhald máls fremur en konan sem sætir ofbeldinu.

Til þess að lögreglan geti aflað gagna svo saksóknari geti ákært í málinu þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði: Brotþoli þarf að koma að rannsókninni, finna verður vitni sem styrkja framburð konunnar, skjalfestar sannanir á miska verða að liggja fyrir og grunaðir játi brot sitt a.m.k. að hluta til. Þar sem börn eru oft til staðar þegar ofbeldi er beitt þarf lögreglan að huga að þeim bæði sem þolendum og vitnum. Í slíkum tilvikum ætti að mega yfirheyra börn í Barnahúsi.

Lagt er til að tekin verði upp sáttamiðlun. Á Nýja-Sjálandi hefur sáttamiðlun verið beitt í margs konar ágreiningsmálum þar með talið ofbeldi maka gegn konum. Sáttamiðlunin er framkvæmd á mismunandi vegu í landinu. Rannsóknir sem dómsmálaráðuneytið á Nýja-Sjálandi hefur látið gera hafa leitt í ljós að þátttakendur eru ánægðir með sáttamiðlunina (Kingi, Paulin og Porima 2008). Þeim fannst gott að ræða málin í öruggu umhverfi og gera upp sín á milli ef sambandinu var lokið. Brotþolarnir vildu að ofbeldismennirnir fengju hjálp til að breyta hegðun sinni og ofbeldismennirnir vildu taka ábyrgð á gerðum sínum og bæta brotþolanum skaðann. Brotþolarnir töldu kostina vera lækningamátt opinskárrar umræðu og að konurnar gætu mætt ofbeldismanninum í öruggu umhverfi. Ofbeldismennirnir töldu að kostirnir væru þeir að geta gert hreint fyrir sínum dyrum, fá stuðning og þeim væri sýnd virðing. Brotþolarnir höfðu blandaða reynslu af því hvort ofbeldið hefði minnkað eftir að sáttamiðlunin hófst. Hjá sumum hafði ofbeldið hætt en hjá nokkrum hafði ofbeldið breyst. Mikill meiri hluti þátttakendanna í sáttamiðluninni sagðist myndi taka þátt í henni aftur ef til þess kæmi og mæla með henni við aðra í sömu stöðu. Reynslan frá Nýja-Sjálandi leiddi í ljós að sáttamiðlun hentaði þörum sem vilja halda sambandi sínu áfram, einkum ef ofbeldismennirnir væru í karlameðferð. Þá væri sáttamiðlun styrkur fyrir þör sem ekki væru lengur saman og gætu lokið sambandinu á friðsamlegan hátt. Þetta var talið sérstaklega heppilegt ef parið átti saman börn, en stirt samband milli foreldra skilnaðarbarna getur haft mikil áhrif á þau. Skilyrði fyrir því að beita sáttamiðlun er að bæði brotamaður og brotþoli samþykki að taka þátt í henni og að hún fari fram undir leiðsögn þjálfaðra stjórnenda. Gerðar hafa verið tilraunir með sáttamiðlun hér á landi og hefur lögreglan haft sáttamiðlun með höndum. Lögreglan hefur því nokkra reynslu af slíkri starfsemi.

#### **Heimildir.**

Kingi, V., Paulin, J. og Porima, L. (2008). *A review of the delivery of restorative justice in family violence cases*. Victoria: Crime and Justice Research Centre. Victoria University of Wellington.

### **3. KÖNNUN HJÁ FÉLAGASAMTÖKUM.**

Félagsamtökunum var skipt í tvo flokka, annars vegar þau sem hafa að meginmarkmiði að aðstoða konur sem beittar hafa verið ofbeldi í nánnum samböndum og hins vegar þau sem stundum veita konum aðstoð við þær aðstæður.



### **3.1 Félagasamtök sem hafa aðstoð við konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi sem meginverkefni.**

Þau félagasamtök sem hafa það sem meginverkefni að veita konum aðstoð sem orðið hafa fyrir ofbeldi eru Aflið, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin, Sólstafir og Stígamót. Þrjú þeirra eru í Reykjavík, þ.e. Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin og Stígamót, en Aflið er á Akureyri og Sólstafir eru á Ísafirði.

Kvennaathvarfið hefur verið rekið frá 1982. Markmið þess er að reka athvarf fyrir konur og börn þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra. Jafnframt er markmið að veita ráðgjöf, upplýsingar og fræðslu, án þess að konur þurfi að dvelja í athvarfinu. Kvennaathvarfið er einungis starfrækt í Reykjavík, en veitir konum aðstoð alls staðar af landinu.

Stígamót eru fræðslu- og ráðgjafarmiðstöð um kynferðisofbeldi og hefur því sérstöðu í þessum hópi félagasamtaka þar sem starfsemin snýst ekki sérstaklega um að aðstoð við konur sem beittar eru ofbeldi í nánnum samböndum. Aflið er starfrækt í anda Stígamóta. Síma vakt er allan sólarhringinn og boðið er upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa. Sólstafir eru jafnframt starfræktir í anda Stígamóta.

Kvennaráðgjöfin er rekin til að bæta aðgang kvenna að sérfræðiráðgjöf á sviði lögfræði og félagsráðgjafar. Hún er staðsett í Reykjavík.

Sameiginlegt með þessum samtökum er að þau taka á einhvern hátt þátt í að upplýsa samfélagið um ofbeldi gegn konum ýmist með heimsóknum í skóla, fyrirtæki og stofnanir eða með því að taka á móti þeim sem vilja kynna sér starfsemina. Þau beita sér fyrir umræðu um kynbundið ofbeldi með það fyrir augum að upplýsa samfélagið og opna umræðuna. Kvennaathvarfið sker sig úr að því leyti að það býður auk þess upp á dvöl kvenna og barna.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að framlag félagasamtaka sem vinna að þessum málaflokki er ómetanlegt og ómissandi. Nauðsynlegt er því að ríki og sveitarfélög styðji þau fjárhagslega.

### **3.2 Félagasamtök sem sinna ofbeldi gegn konum ásamt öðrum verkefnum.**

Mörg önnur samtök styðja konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi í nánnum samböndum þótt ekki sé það meginverkefni samtakanna. Þetta eru félög eins og Efling, Félag einstæðra foreldra, Fjölmenningarsetrið, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn og Samtök kvenna af erlendum uppruna. Konur leita oft til þessara félaga vegna þess að þær eru í vanda en greina ekki alltaf frá því að ofbeldi hafi valdið erfiðleikum sem þær eru í. Aðstoð og upplýsingagjöf þessara félaga skiptir miklu máli og sýnir hvað margir í samfélaginu koma að málum sem varða ofbeldi gegn konum. Árvekni starfsfólks og félagsmanna getur skipt miklu máli. Sem dæmi má nefna að þegar trúnaðarlæknir kom til starfa hjá Eflingu var farið að kalla eftir vandaðri læknisvottorðum en áður og þá kom ofbeldi fram í meira mæli en áður. Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa nokkra sérstöðu þar sem þau hafa ekki neina starfsaðstöðu eða síma og starfa á grundvelli tengslanets. Hlutverk samtakanna er að ná til erlendra kvenna sem oft eru einangraðar og á það ekki síst við um konur sem beittar eru ofbeldi af mökum sínum. Tengsl samtakanna við erlendar konur sem búa í ofbeldissamböndunum geta verið afar mikilvæg þar sem þessar konur vita lítið sem ekkert um rétt sinn og þá aðstoð sem þeim stendur til boða. Ástæða er til að ríki og sveitarfélög styðji samtökin fjárhagslega.

### **3.3 Samfélagsverkefnið karlar til ábyrgðar.**

Rannsóknirnar náðu ekki til þessa úrræðis, en þar sem það er liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar verður gerð grein fyrir því hér, enda er það að forminu til skylt starfsemi félagasamtaka.

Þessu úrræði var komið á laggirnar árið 1998. Verkefnið felst í að niðurgreiða kostnað við sálfræðimeðferð hjá körlum sem beitt hafa konur sínar ofbeldi, ef þeir eru reiðubúnir að leita sér aðstoðar vegna ofbeldis þess sem þeir hafa beitt. Verkefninu var hætt árið 2002 vegna fjárskorts, þrátt fyrir að um 70 karlar hefðu þá komið í viðtöl. Árið 2006 fór verkefnið aftur af stað og var sett inn í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í september 2006.

Framkvæmdin er sú að ríkið styrkir verkefnið með ákveðinni fjárhæð á ári sem notuð er til að niðurgreiða kostnaðinn vegna meðferðarinnar. Verkefni þetta er nú vistað hjá Jafnréttisstofu. Verkefnið er nefnt Samlagsfélagið Karlar Til Ábyrgðar slf. og er í eigu tveggja sálfræðinga sem sinna verkefninu.

Ein meginbreyting var gerð á starfseminni eftir að hún fór aftur af stað á árinu 2006. Mökum er nú boðið upp á tvö viðtöl, annars vegar við upphaf og hins vegar lok meðferðar. Meginmarkmiðin eru að upplýsa maka um eðli meðferðarinnar, meta öryggi konunnar og barna ef parið á börn og benda á önnur stuðningsúrræði sem konum og börnum standa til boða. Að auki gefst konunum þarna færi á að lýsa ofbeldinu frá sínum sjónarhóli.

Þeir sem sinna þessu verkefni hafa lagt áherslu á að gæta velferðar og öryggis barna sem búa við ofbeldi á heimili sínu. Reynslan sýnir að það er sterk hefð í samfélaginu að gera lítið úr „hugsanlegum“ neikvæðum afleiðingum þess. Þessi afneitun er sterk bæði hjá gerendum og mökum og hefur því verið lýst þannig að neikvæðar afleiðingar ofbeldis fyrir börn sé síðasta vígi afneitunar sem falli. Rannsóknir sýna að afleiðingar þess að búa við ofbeldi á heimili sínu í æsku er viðlíka alvarlegar og að búa við stríðsástand.

Frá árinu 2006 til loka árs 2010 hafa 112 einstaklingar komið í eitt viðtal eða fleiri. Greinileg aukning varð á aðsókn árið 2010 og má vera að þar sé um að ræða áhrif kreppunnar eða hitt að úrræðið sé orðið þekktara. Þá komu 29 nýir karla í viðtöl auk þess sem 12 héldu áfram viðtalsmeðferð frá fyrra ári. Fjöldi einstaklingsviðtala á árinu 2010 var 173 auk 12 viðtala við maka. Skjólstæðingar voru samtals 41. Fullskipað er í hópmeðferðinni og nokkrir bíða eftir að komast að. Í reynd er það svo að stofna þyrfti annan meðferðahóp fyrir gerendum.

Þjónusta sálfræðinganna nær í raun einungis til höfuðborgarsvæðisins þar sem skrifstofur þeirra eru þar, en þjónustan er að sjálfsögðu öllum opin. Til sálfræðinganna hafa leitað karlar frá Akureyri og Austfjörðum, en þeir bera sjálfir kostnaðinn af ferðunum og því dýrt fyrir þá að leita sér aðstoðar. Áhugi er á að koma þessar þjónustu upp á Akureyri en það hefur strandað á skorti á fjármagni.

Auk mikilvægis þessa verkefnis sem að framan er lýst tengist það efni frumvarps til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili sem innanríkisráðherra mun leggja fyrir Alþingi vorið 2011. Verði það frumvarp að lögum má búast við að karlar sem fjarlægðir hafa verið af heimilum sínum muni í auknum mæli leita sér meðferðar við vanda sínum. Mun það enn frekar auka þörf á meðferð fyrir karla. Lagasetning þessi gerir það því enn nauðsynlegra en áður að stjórnvöld marki sér ákveðna stefnu um það hvernig þau hyggist styðja það verkefni sem felst í því að karlar láti af ofbeldishegðun sinni. Öflugur stuðningur samfélagsins til að fá ofbeldismenn til að hætta ofbeldinu sendir ótvíræð skilaboð til ofbeldismannanna um að slíkt ofbeldi er ekki liðið í íslensku samfélagi.

#### **4. YFIRLIT YFIR SKRÁNINGU, ÞJÓNUSTU OG ÓSKIR UM ÚRRÆÐI.**

Skráning er undirstaða þess að unnt sé að meta þörf fyrir umfang þjónustu. Niðurstaða rannsókna er augljós: Það er engin miðlæg skráning í landinu á ofbeldi gegn konum. Barnaverndarstofa, Kvennaathvarfið og lögreglan eru með skráningar sem miðast við eigin starfsemi. Erfitt er því að leggja mat á hversu mikla stuðningsþjónustu þarf að veita svo viðunandi sé.

## Mynd 1. Skráning og umfang.

	Félags- þjónustan	Barnavernd	Grunn- skólar	Félagasamtök	Heilbrigðis- þjónustan	Lögreglan
<b>Skráning</b>	Engin samræmd skráning	SOF skráning hjá Barnaverndarstofu og hjá nokkrum barnaverndarnefndum	Engin samræmd skráning	Skráning í Kvennaathvarfi	Engin samræmd skráning	Eigin skilgreining. Eigið skráningar-kerfi
<b>Fjölgu eða fækkun?</b>	Ekki vitað, fleiri konur af erlendum uppruna leita aðstoðar	Sennilega stöðugt	Ekki vitað	Sveiflur í aðsókn	Ekki vitað	Ekki vitað

Vegna þess hve skráningin er ófullkomin er erfitt að meta hvort ofbeldi eykst eða minnkar eða hvort fleiri eða færri leita sér aðstoðar. Vísibending var þó um að erlendar konur leiti sér aðstoðar í auknum mæli. Fræðsla og kynning á íslenska velferðarkerfinu virðist því vera að skila sér til þeirra.

## Mynd 2. Hvað er í boði? Þjónusta og samstarf.

	Félags- þjónustan	Barna- vernd	Grunn- skólar	Félagasamtök	Heilbrigðis- þjónustan	Lögreglan
<b>Þjónusta í boði</b>	Forgangsmál, ráðgjöf, aðstoð við hagnýt vandamál, fjárhagsaðstoð, húsnæðis- aðstoð, hópastarf	Íhlutun, meðferð og stuðningur við börn, hjúkrunar- stuðningur við mæður	Nemenda- verndarráð, stuðningur skóla- hjúkrunar- fræðings, tilkynningar- skylda til barna- verndar	Breytileg eftir- samtökum, ráðgjöf, stuðningshópar, Kvennaathvarf. Ráðgjöf og athvarf Kvennaráðgjöf. Lögfræðiaðstoð	Almenn heilbrigðis- þjónusta, mæðravernd, áfallahjálp, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, meðferð vegna vímuefnafiknar	Útköll á vettvang, rannsókn sem getur leitt til ákæru og dóm- meðferðar
<b>Samstarf</b>	Kvennaathvarf, barnavernd	Félags- þjónusta, Kvennaathvarf, lögregla	Barna- vernd, félags- þjónusta	Önnur félagasamtök	Lítið samstarf	Lítið formlegt samstarf

Hvaða þjónusta er í boði?

Niðurstöður spurningakönnunarinnar gáfu til kynna að fáar konur leiti til félagsþjónustu sem kemur á óvart vegna þess að félagsþjónusta sveitarfélaganna hefur svo mörg úrræði. Í könnun á félagsþjónustunni kom hins vegar fram að í skjólstaðingahópnum eru konur sem ekki eru beint að leita aðstoðar vegna ofbeldis, heldur eru þær búnar að slíta ofbeldissambúðinni og þurfa hagnýta aðstoð til að byrja nýtt líf. Ofbeldið er því stundum undirliggjandi orsök þess að þær snúa sér til félagsþjónustunnar og eru þá oft að hugsa um hag barnanna.

Ofbeldismálin eru forgangsmál hjá félagsþjónustunni. Þar er bæði um að ræða almenna ráðgjöf, fjárhags- og húsnæðisaðstoð og sums staðar eru í boði sjálfsstyrkingar- og geðræktarhópar.

Barnaverndin hefur möguleika á íhlutun ef í ljós kemur að barn býr við ofbeldi og hefur ýmis úrræði hvað snertir stuðning við börn og mæður. Í öllum könnunum kom fram að ef börn eiga í hlut er tilkynningarskylda til barnaverndar virt.

Grunnskólarnir hafa mótað verklag og í skólunum eru nemendaverndarráð rétti vettvangurinn fyrir kennara að snúa sér til, viti þeir um börn sem líða fyrir ofbeldissamband foreldra.

Félagasamtökunum í könnuninni var skipt í tvo hópa: Félagasamtök sem hafa að meginmarkmiði að aðstoða konur í ofbeldissamböndum eins og Samtök um kvennaathvarf og hliðstæð samtök, en ýmis önnur félagasamtök aðstoða líka stundum konur í erfðri stöðu eins og til dæmis Félag einstæðra foreldra, Samtök kvenna af erlendum uppruna og Efling. Önnur félagasamtök hafa þjónustu við konurnar sem beittar hafa verið ofbeldi sem eitt af fleiri verkefnum sínum, eins og Rauði krossinn, Félag einstæðra foreldra, Samtök kvenna af erlendum uppruna o.fl. Þriðji geirinn veitir því margvíslega aðstoð og hefur töluvert samstarf sín á milli.

Heilbrigðiskerfið veitir eðlilega bráðahjálp vegna áverka og áfalla. Væntanlega sinnir heilbrigðiskerfið líka konum sem glíma við afleiðingar af völdum ofbeldis frá fyrri tíð. Sértek heilbrigðisþjónusta er líka í boði, mæðravernd, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar og meðferð vegna vímuefnafiknar.

Flestar kvennanna leita til lögreglu til að stöðva ofbeldið, en færstar eru tilbúnar til að halda áfram með málið til þess að ná fram sakfellingu. Oftast var tilgreint að ofbeldið hefði ekki verið nógu alvarlegt til að blanda lögreglu í málið eða konurnar hefðu ekki hugsað út í það. Sú skömm sem fylgir því að tengjast dæmdum afbrotamönnum hefur sennileg þau áhrif að konur vilja ekki að feður barna sinna fái dóma með þeirri flekkun sem dómurinn getur haft fyrir fjölskylduna.

Kannanirnar sýndu ekki mikið samstarf við aðra utan síns verksviðs og margir settu fram óskir um meiri samvinnu. Barnaverndin var að sjálfsögðu nefnd því ef verið er að leysa málefni barna þarf mjög oft samvinnu við hana. Heilbrigðiskerfið virtist hafa lítið samstarf við aðra utan sinna eigin stofnana enda er heilbrigðiskerfið umfangsmikið og innra samstarf þar er töluvert. Í könnun á lögreglu kom fram að hún hafði ekki mikið formlegt samstarf við aðra enda er hún eftirlitsaðili og starfar samkvæmt því.

### Mynd 3. Vísendingar um óskir um fræðslu og betri úrræði.

	Félagsþjónustan	Barna- vernd	Grunnskólar	Félaga- samtök	Heilbrigðis- þjónustan	Lögreglan
<b>Fræðsla til starfsfólks og annarra</b>	Símenntun alls starfsfólks, líka í heimaþjónustu og heimahjúkrun		Meiri umræða, efla færni starfsmanna, þekkja einkenni	Almenn fræðsla, til erlendra kvenna, fræðsla til fagfólks	Símenntun, starfsmanna-velta mikil, efla kennslu grunnámi	Fræðsla til erlendra kvenna
<b>Óskir um úrræði</b>	Markvissari verklagsreglur, samstarfs-vettvangur fagaðila, fagteymi landsvísu, gátlisti, handleiðsla	Nýta Barnahúsið fyrir börn sem búa við áofbeldi, kenna börnum á Neyðar-línuna			Leit (skimun) á heilsugæslu-stöðvum, spurningar um ofbeldi í mæðraskrá	Aðgangur að ásálfræði- og félagsþjónustu

Óskir um fræðslu komu fram í könnuninum en mjög breytilegt var hver áherslan var. Margir faghópar, sem hafa fengið kennslu um ofbeldismál og nán sambönd í grunnámi, vilja fá símenntun til halda þekkingunni við. Þetta átti sérstaklega við í félagsþjónustu og heilbrigðiskerfinu. Talað var um mikla starfsmannaveltu í heilbrigðiskerfinu og því þyrfti stöðugt að vera með fræðslu. Nefnt var að óþjálfað starfsfólk hikaði við og vissi ekki hvernig ætti að spyrja eða spyrði ekki nógu oft fremur en að sjúklingurinn vildi ekki svara. Aðrir hafa ekki fengið slíka þjálfun í grunnámi og í könnuninni á félagsþjónustunni komu fram óskir um fræðslu fyrir starfsfólk í heimaþjónustu og heimahjúkrun.

Grunnskólakönnunin leiddi í ljós mjög mikinn áhuga innan skólanna á meiri umræðu og fræðslu og kennslu í að þekkja einkenni og bæta færni til að bregðast við ofbeldismálum.

Félagasamtök hafa séð um mikla fræðslu til almennings en hafa líka staðið fyrir fræðslu til faghópa. Lögreglan taldi þörf á meiri fræðslu til erlendra kvenna um réttindi þeirra.

Óskir um úrræði voru margs konar og má nefna að í félagsþjónustunni var sums staðar óskað eftir markvissari verklagsreglum og bent á þörf fyrir samstarfsvettvang og fagteymi á landsvísu. Þá var vakin athygli á því að nýta mætti Barnahúsið einnig fyrir börn sem eru þolendur makaofbeldis.

Tillögur um úrbætur í heilbrigðiskerfinu voru kerfisbundin leit á heilsugæslustöðvum og setja ætti spurningar inn í mæðraverndina þannig að allar konur væru spurðar á sama hátt og spurt er um áfengisneyslu og reykingar.

Lögreglan lagði sérstaka áherslu á mikilvægi þess að hafa aðgang að sálfræði- og félagsþjónustu.

Után höfuðborgarsvæðisins töldu nær allir viðmælendur að nándin væri til trafala. Á fámennum stöðum eiga konur mjög erfitt með að leita til félagsþjónustu og heilsugæslu vegna þess að þær þekkja starfsfólkið og vilja ekki bera upp erindi við starfsfólk sem oft eru nágrannar eða ættingjar, þótt trúnaðar sé gætt. Athyglisvert er að lögreglan var eini aðilinn sem taldi að nándin gæti verið kostur. Ólíkt öðrum hefur lögreglan vald til að grípa inn í án samþykkis gerenda og þolenda og gagnlegt getur verið að þekkja til fólks þegar meta þarf réttmæti slíkra inngrípa. Í dreifbýlinu skortir oft fagfólk og tillögur komu um samstarfsvettvang fagaðila og fagteymi á landsvísu. Hvað þennan málaflokk varðar virtust stærri einingar þjóna fólki betur en þær minni.

Þrátt fyrir aukna þekkingu á afleiðingum ofbeldisins er enn verið að glíma við ofbeldi í makasamböndum. Það hljóta að vera vonbrigði að nýja spurningakönnunin skuli ekki sýna minna ofbeldi en kom fram í könnuninni sem gerð var árið 1996.

Vitundarvakningin um ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum, sem hófst fyrir meira en 30 árum, gerðist með þeim hætti að athyglinni var beint að konunum og þeim áföllum sem þær urðu fyrir. Í fyrstu beindist athyglin eingöngu að konunum en karlarnir sem beittu ofbeldinu hafa verið ósýnilegir. Verkefnið *karlar til ábyrgðar* er tilraun sem hefur gefist vel en nær aðeins til takmarkaðs hóps. Eitt af þeim verkefnum sem þarf að takast á við er að ná til karla sem beita konur sínar ofbeldi. Þessir karlar geta verið skjólstæðingar félagsþjónustu, sjúklingar í heilbrigðiskerfinu og lögreglan hefur afskipti af þeim vegna margs konar brota. En þeir eru líka feður barnanna sinna.

Í spurningakönnuninni kom fram að börn voru til staðar við ofbeldisverk. Þessi börn eru bæði vitni og þolendur og slík lífsreynsla hefur áhrif á tengsl barna við foreldra sína.

Við útfærslu á tillögum til úrbóta er unnið eftir þeirri stefnu að konur sem sæta ofbeldi og börn þeirra fái aðstoð í almenna kerfinu, félagsþjónustu, skólakerfinu og heilbrigðisþjónustunni og að starfsfólki þekki til þessarar tegundar af ofbeldi. Sérstakar hjálparaðgerðir eiga svo að koma til viðbótar. Við nánari útfærslu á tillögum má huga enn frekar að niðurstöðum rannsóknanna sem sýna óskir um meiri samvinnu, símenntun, sérstakar aðgerðir vegna sérstakra markhópa eins og kvenna af erlendum uppruna og hvernig hægt er að byggja upp þjónustu sem hentar bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Án rannsóknanna væri undirbúningur að tillögum um öflugri þjónustu velferðarkerfisins miklu skemur á veg kominn.







HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ  
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD



# **Rannsókn á ofbeldi gegn konum**

## **Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi**

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd  
Unnið fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Desember 2010

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

ISBN 978-9979-9859-9-0

Útgáfuár: Desember, 2010

Útgáfustaður: Reykjavík.

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið

[www.rbf.is](http://www.rbf.is)



## Samantekt

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) var falið að gera rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum að beiðni Félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar á eðli, umfangi og afleiðingum líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis sem konur eru beittar af karlmönnum. Þessi skýrsla tekur fyrst og fremst til ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum en einnig er fjallað um ofbeldi gegn konum sem ekki eru í nánnum samböndum. Niðurstöður byggja á símakönnun þar sem tekið var 3000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá meðal kvenna af öllu landinu á aldrinum 18 til 80 ára. Spurningakönnunin byggir á *The International Violence against Women Survey (IVAWS)*. Sameinuðu þjóðirnar áttu frumkvæðið að rannsókninni og var spurningalistinn þróaður af alþjóðlegum rannsóknarhópi undir forustu HEUNI (Evrópustofnun um afbrotavarnir og eftirlit í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar). Spurningalistinn hefur þegar verið lagður fyrir í 11 löndum: Ástralíu, Danmörku, Kostaríku Tékklandi, Grikklandi, Hong Kong, Ítalíu, Mósambík, Filippseyjum, Póllandi og Sviss (Johnson, Ollus og Nevala, 2008). Ofbeldi í nánnum samböndum er alvarlegt alþjóðlegt vandamál og það að alþjóðamælikvarði á ofbeldi var notaður við rannsóknina sem hér er til umfjöllunar eykur gildi hennar þar sem hægt er að bera tíðni ofbeldis karla gegn konum hér á landi saman við tíðnina í öðrum löndum. Í umræðukafla verður fjallað um niðurstöður og þær bornar saman við niðurstöður könnunar Dómsmálaráðuneytisins frá árinu 1996 eftir því sem hægt er.

### *Umfang ofbeldis gegn konum*

Í könnuninni sögðust rúmlega 42% kvennanna hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri, en tæp 4% sögðu ofbeldið hafa átt sér stað á undangengnum 12 mánuðum (haust 2007-2008). Sé hlutfallið umreiknað í fjöldatölur miðað við fjölda kvenna á Íslandi á aldrinum 18-80 ára 1. desember 2008 (Hagstofa Íslands) jafngildir það að á bilinu 44-49 þúsund konur á þessu aldursbili hafi verið beittar ofbeldi af einhverju tagi á lífsleiðinni. Um það bil 30% kvennanna sögðust hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi en rúmlega 24% kynferðislegu ofbeldi. Þessi hlutföll samsvara því að á bilinu 30- 35 þúsund konur á aldrinum 18-80 ára hafi verið beittar líkamlegu ofbeldi einhvern tíma á ævinni og milli 24-29 þúsund konur kynferðislegu ofbeldi. Rúm 13% kvennanna (um 12-16 þúsund allra kvenna) sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í formi nauðgunar eða tilraunar til nauðgunar. Rúmlega 3% kvenna verið beittar einhvers konar ofbeldi síðastliðna 12 mánuði (haust 2007-2008). Þetta jafngildir að um það bil 2600-4400 konur hafi verið beittar ofbeldi á umræddu tímabili.

### ***Ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum***

Rúmlega 22% kvenna sögðust hafa verið beittar ofbeldi í nánu sambandi<sup>1</sup> einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þetta jafngildir að á bilinu 23-27 þúsund konur hafi verið beittar ofbeldi í nánu sambandi á Íslandi einhvern tíma á ævinni. Um það bil 20% kvennanna höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi að hálfu aðila sem þær voru í nánu sambandi við eða um 20 þúsund íslenskra kvenna, en rúm 6% höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi að hálfu maka. Hlutfallið er hærra þar sem stundum er um sömu konurnar að ræða sem verða fyrir líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Milli 1 og 2% kvenna höfðu orðið fyrir einhvers konar ofbeldi af hálfu maka undangengna 12 mánuði, sem jafngildir að á bilinu 1200 til 2300 konur hafi verið beittar einhvers konar ofbeldi í nánu sambandi. Hlutfallslega fleiri konur voru beittar ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (19%) en núverandi maka (7%). Algengast var að konurnar yrðu fyrir ofbeldinu á meðan á sambandinu stóð (16% höfðu orðið fyrir einhverskonar ofbeldi, 14% fyrir líkamlegu ofbeldi og 5% fyrir kynferðislegu ofbeldi). Tæplega 3% kvennanna urðu fyrir einhvers konar ofbeldi eftir að sambandinu lauk og rúm 2% bæði á meðan og eftir að sambandinu lauk. Það hversu mikið hærra hlutfall kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (eiginmanni, sambýlismanni eða kærasta) bendir til að konurnar fari í flestum tilfellum út úr nánu sambandi þegar þær eru beittar ofbeldi. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á því hvort konur höfðu verið beittar ofbeldi eða ekki eftir búsetu og atvinnuþátttöku. Ekki reyndist heldur munur á umfangi ofbeldis eftir tekjum kvennanna, utan þess að konur sem höfðu orðið fyrir einhverju ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum voru tekjulægri en þær sem ekki höfðu verið beittar ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum. Hlutfallslega fleiri konur sem hafa verið beittar ofbeldi eru fráskildar í dag (51%) en þær sem eru giftar (17%) eða hvorki giftar né fráskildar (18%). Þetta skýrist af því að flestar konur sem beittar eru ofbeldi í nánnum samböndum, skilja eða fara úr þessum ofbeldissamböndum. Þá hafa marktækt fleiri konur verið beittar einhverri tegund ofbeldis á aldursbilinu 25-44 (24%) og 45-64 ára (24%) en yngri en 25 ára (17%) eða 65-80 ára (11%). Þetta getur skýrst af því að líklegra er að konur yfir 25 ára séu í föstu sambandi. Þá er algengara að heimilistekjur séu lægri hjá konum sem hafa verið beittar ofbeldi en þeim sem hafa ekki verið beittar ofbeldi.

Þegar spurt var um síðasta ofbeldisatvik kom í ljós að algengast var að konur sem voru beittar ofbeldi í nánnum samböndum urðu fyrir ofbeldinu á eða við heimili sitt (67%). Um 75% kvenna mátu atvikið sem mjög eða frekar alvarlegt. Oftast var um að ræða yfirborðsskrámur (58%), mar (36%), beinbrot/nefbrot (11%) eða skurð- eða brunasár (11%). Um 5% kvennanna voru ófrískar þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað og 15% höfðu notað áfengi eða tekið lyf til að komast yfir ofbeldið.

### ***Hvert leita konurnar?***

Rúmlega 21% kvenna sem voru beittar ofbeldi höfðu leitað til samtaka og stofnana sem geta aðstoðað konur sem hafa verið beittar ofbeldi. Flestar þeirra (6%) leituðu til

---

<sup>1</sup> Ofbeldi í nánu sambandi samanstendur af ofbeldi af hendi fyrrverandi/núverandi maka, sambýlismanns eða kærasta.

Kvennaathvarfsins og Stígamóta (4%). Mikill meirihluti þeirra sem leitaði til Kvennaathvarfsins (77%) og Stígamóta (65%) fannst það gagnlegt. Þó að minnihluti kvenna leitaði til samtaka eða stofnana, kom í ljós að meirihluti (77%) sagði einhverjum öðrum frá ofbeldinu. Lítið var um að konurnar kærðu atvikið til lögreglu (13%) og í 4% tilfella fékk lögreglan upplýsingar um ofbeldið á annan hátt. Alls voru 65% þeirra sem kærðu til lögreglu mjög sáttar eða sáttar við hvernig lögreglan tók á málinu. Helmingur kvennanna töldu að lögreglan hefði ekki átt að gera neitt annað en hún gerði til að hjálpa þeim, en hinsvegar sögðu 17% kvennanna að lögreglan hefði getað hlustað eða tekið frásögn þeirra af alvöru og 11% vildu að lögreglan hefði handtekið ofbeldismanninn.

### ***Samanburður við önnur lönd – ofbeldi í nánu sambandi***

Hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma á ævinni sem og á síðastliðnum 12 mánuðum var mjög sambærilegt á Íslandi og Danmörku. Alls höfðu 22% kvenna verið beittar einhvers konar ofbeldi í báðum löndunum, 21% íslenskra kvenna og 20% danskra kvenna voru beittar líkamlegu ofbeldi á æviskeiðinu og í báðum löndum höfðu 6% kvenna orðið fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis. Engar danskar eða íslenskar konur nefndu að þær hefðu verið beittar kynferðislegu ofbeldi síðastliðið ár, en 2% íslenskra kvenna og 1% danskra kvenna voru beittar líkamlegu ofbeldi síðastliðið ár. Það er sammerkt í báðum löndunum að aðeins lágt hlutfall kvenna tilkynntu ofbeldisatvikið til lögreglu. Á Íslandi tilkynntu 8% kvenna ofbeldisatvik af hendi núverandi maka en danskar konur tilkynntu ofbeldisatvikið í 13% tilfella. Íslenskar konur tilkynntu frekar ofbeldisatvik fyrrverandi maka (14%) en danskar konur sem tilkynntu í 10% tilfella. Af þessu má sjá að ekki er hægt að meta umfang ofbeldis út frá tilkynningum til lögreglu.

### ***Umfang, eðli og afleiðingar ofbeldis gegn konum eftir tengslum við ofbeldismanninn***

Um það bil 10% kvenna á Íslandi höfðu bæði verið beittar ofbeldi í nánu sambandi og af öðrum körlum. Um 4% höfðu orðið fórnarlömb líkamlegs ofbeldis bæði af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og annarra, tæp 3% kynferðislegu ofbeldi og þar á meðal höfðu rúmlega 1% orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar. Það er því ljóst að stundum er um sömu konurnar að ræða þegar verið er að fjalla um konur sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og konur sem hafa verið beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi.

Þegar ofbeldi gegn konum var skoðað eftir tengslum við ofbeldismanninn kom í ljós að algengara var að konur væru beittar líkamlegu ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (16%) en núverandi maka (4%) og hlutfallslega fleiri konur voru beittar kynferðislegu ofbeldi (11%) af hendi vina, kunningja, yfirmanni eða vinnufélaga en af fjölskyldumeðlimi öðrum en maka (3,5%). Ölítið herra hlutfall kvenna var beitt kynferðilegu ofbeldi (8%) en líkamlegu ofbeldi (6%) af ókunnugum.

Niðurstöður sýna að í 84% tilvika átti síðasta ofbeldisatvik í nánu sambandi sér stað á heimili eða við heimili kvennanna, á eða við heimili ofbeldismanns eða á öðru heimili. Ofbeldisverk sem framin voru af öðrum en maka áttu í 46% tilfella sér stað á sömu stöðum. Einnig var algengt að síðasta ofbeldisatvik gegn konum sem framin voru af öðrum en maka ætti sér stað á bar eða dansstað (14,5%), vinnustað (13%) og í 8% tilfella á götu eða í húsasundi.

Hærra hlutfall kvenna í nánu sambandi mat síðasta ofbeldisatvik mjög eða nokkuð alvarlegt (75%) en konur sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka (67%). Heldur fleiri konur sem beittar voru ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka sögðust hafa hlotið yfirborðsskrámur eða skeinur (58%) við síðasta ofbeldisatvik samanborið við 52% kvenna sem beittar voru ofbeldi af öðrum en maka. Hins vegar höfðu 10% kvenna sem beittar voru ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka hlotið áverka á höfði eða heila samanborið við 15% kvenna sem beittar voru ofbeldi af einhverjum öðrum. Við samanburð á eðli ofbeldis kom í ljós að algengast var að konur í nánu sambandi (65%) hefðu verið beittar ofbeldi í þá veru að þeim hafi verið hrint, þrifið í þær, o.s.frv., en umfangsmesta ofbeldið gegn konum ekki í nánu sambandi var kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan (54%). Heldur hærra hlutfall kvenna sem áttu ekki í nánu sambandi við ofbeldismanninn (67%) taldi að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, lyfja eða hvoru tveggja við síðasta ofbeldisatvik, samanborið við konur sem beittar voru ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka (59%).

### ***Hvert leita konurnar?- skoðað eftir tengslum við ofbeldismanninn***

Um 90% kvenna sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka höfðu ekki samband við nein samtök eða stofnanir sem geta aðstoðað konur sem hafa verið beittar ofbeldi (á við um 21% kvenna sem áttu í nánu sambandi við ofbeldismanninn). Konurnar leituðu til vina (55%), náins fjölskyldumeðlims (51%) eða annars fjölskyldumeðlims (15%). Þetta hlutfall er mjög sambærilegt og hjá konum sem beittar voru ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka. Þrátt fyrir að um 30% kvenna hafi metið ofbeldið sem þær voru beittar (bæði í nánu og ekki í nánu sambandi) refsivert voru eingöngu um 13% sem tilkynntu atvikið til lögreglu. Algengasta ástæða þess að atvikið var ekki tilkynnt var að konunum fannst atvikið of smávægilegt (56% ekki í nánu á móti 44% í nánu) og einnig tókst nokkur hópur kvenna sjálfar á við ofbeldið eða með aðstoð vina (15% ekki í nánu á móti 20,5% í nánu). Af þeim sem tilkynntu atvikið til lögreglu voru aðeins um 34% kvenna mjög sáttar með hvernig lögreglan tók á málinu (á bæði við um konur sem beittar voru ofbeldi í nánu og ekki í nánu sambandi).

### ***Samanburður við önnur lönd - ofbeldi ekki í nánu sambandi***

Mun færri íslenskar (29%) en danskar konur (37%) höfðu verið beittar ofbeldi af öðrum en maka. Mismunurinn kemur fyrst og fremst fram í líkamlegu ofbeldi en 16% íslenskra kvenna höfðu einhvern tíma á lífsleiðinni verið beittar líkamlegu ofbeldi samanborið við 22% danskra kvenna. Munurinn er minni þegar kemur að kynferðislegu ofbeldi, en 21% íslenskra og 23% danskra kvenna höfðu einhvern tíma verið beittar kynferðislegu ofbeldi af hendi annarra en maka. Hærra hlutfall íslenskra kvenna (19-24%) en danskra (10-11%) hafði verið unnið líkamlegt mein við síðasta ofbeldisatvik, en álíka hátt hlutfall kvenna á Íslandi (8-18%) og í Danmörku (10-18%) hafði tilkynnt atvikið til lögreglu.



## Formáli

Rannsókn þessi er þáttur í aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum. Aðgerðaáætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006. Einn liður í aðgerðaáætluninni er rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið er ábyrgðaraðili þeirrar rannsóknar.

Rannsóknin skiptist í sex hluta; símakönnun annars vegar og rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og félagasamtökum hins vegar.

Þessi hluti rannsóknarinnar tekur til símakönnunarinnar. Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í Félags- og tryggingamálaráðuneyti undir stjórn Þorgerðar Benediktsdóttur lögfræðings með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotufræðings. Rannsóknin var unnin af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands.

Þessi skýrsla tekur fyrst og fremst til ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum, en þar er jöfnum höndum um að ræða fjölskyldumál, jafnréttismál og barnverndarmál eftir atvikum. Slíkt ofbeldi er jafnframt lögreglumál, heilbrigðismál og mannréttindamál. Þá veitir símakönnunin upplýsingar um ofbeldi karla gegn konum almennt, þ.e. án þess að um tengsl milli þeirra sé að ræða. Í skýrslunni hefur áhersla verið lögð á að kynna meginniðurstöður. Gagnasafn símakönnunarinnar er umfangsmikið og gefur tilefni til frekari skoðunar og fræðilegrar umfjöllunar en tók eru á að gera í þessari skýrslu.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið væntir þess að hin viðamikla símakönnun veiti mikilvægar upplýsingar um umfang og eðli ofbeldis karla gegn konum, hvaða úrræði konur sem verða fyrir slíku ofbeldi nota og hvernig þau hafi reynst þeim, svo og upplýsingar um ofbeldismennina. Byggt verður á niðurstöðum rannsóknarinnar í frekari aðgerðum af hálfu stjórnvalda á þessum vettvangi.

Desember 2010,

Félags- og tryggingamálaráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Töfluskrá</b> .....	<b>11</b>
<b>Myndaskrá</b> .....	<b>18</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>19</b>
<b>2 Aðferð</b> .....	<b>21</b>
2.1 Þátttakendur .....	21
2.2 Mælitæki .....	23
2.3 Framkvæmd .....	24
<b>3 Umfang ofbeldis gegn konum</b> .....	<b>26</b>
<b>4 Ofbeldi karla gegn konum í nánu sambandi</b> .....	<b>29</b>
4.1 Umfang ofbeldis gegn konum í nánu sambandi .....	29
4.2 Staða kvennanna .....	32
4.3 Síðasta ofbeldisatvik .....	38
4.3.1 Leitað aðstoðar .....	43
4.3.2 Tilkynningar til lögreglu .....	46
4.3.3 Börn til staðar .....	48
4.4 Staða ofbeldismannanna .....	51
4.5 Samanburður við önnur lönd .....	57
<b>5 Umfang, eðli og afleiðingar ofbeldis gegn konum eftir tengslum við ofbeldismanninn</b> .....	<b>62</b>
5.1 Umfang .....	62
5.2 Síðasta ofbeldisatvik .....	64
5.2.1 Leitað aðstoðar .....	68
5.2.2 Kærur/tilkynningar til lögreglu .....	69
5.3 Samanburður við önnur lönd .....	73
<b>6 Lokaorð</b> .....	<b>77</b>
<b>7 Heimildir</b> .....	<b>79</b>
<b>8 Fylgiskjöl</b> .....	<b>81</b>

## Töfluskrá

Tafla 1.	Yfirlit yfir svörun í könnuninni.....	21
Tafla 2.	Aldur svarenda .....	22
Tafla 3.	Búseta svarenda .....	22
Tafla 4.	Hlutfall kvenna 18-80 ára sem sögðust hafa upplifað ofbeldi einhvern tíma um ævina og á síðustu 12 mánuðum eftir því hvers eðlis ofbeldið var. Hlutfall sem svara .....	27
Tafla 5.	Hlutfall kvenna á aldrinum 18-80 ára sem hafa orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma um ævina og á síðustu 12 mánuðum, greint niður í fimm flokka ofbeldis .....	28
Tafla 6.	Fjöldi kvenna á aldrinum 18-80 sem hafa orðið fyrir ofbeldi yfirfærður á þýði kvenna í landinu .....	28
Tafla 7.	Hlutfall svarenda sem hafa orðið fyrir ofbeldi eftir því hvenær síðasti atburður átt sér stað.....	29
Tafla 8.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi – flokkað .....	30
Tafla 9.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir tengslum við ofbeldismanninn .....	30
Tafla 10.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir því hvenær ofbeldið átti sér stað .....	31
Tafla 11.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir því hvenær ofbeldið átti sér stað í sambandinu .....	31
Tafla 12.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi, eftir því hversu reglulega ofbeldi var beitt .....	32
Tafla 13.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir búsetu. ....	33
Tafla 14.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir aldri. ....	34
Tafla 15.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir hjúskaparstöðu. ....	35
Tafla 16.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir menntun.....	36
Tafla 17.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir atvinnuþátttöku. ....	36
Tafla 18.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðasta ári greint eftir tekjum kvennanna .....	37
	Konur með lægri laun kunna að vera háðari maka sínum fjárhagslega og því erfiðara að verjast ofbeldinu eða slíta sambandinu. ....	37
Tafla 19.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðasta ári greint eftir heimilistekjum.....	38
Tafla 20.	Hvar síðasta ofbeldisatvik í nánu sambandi átti sér stað. Hlutfall sem svara .....	39
Tafla 21.	Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar .....	39
Tafla 22.	Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar greindur eftir hvers konar ofbeldi var um að ræða.....	40
Tafla 23.	Áverkar við síðasta ofbeldisatvik.....	41
Tafla 24.	Hlutfall kvenna sem voru ófrískar þegar atvikið átti sér stað .....	41

Tafla 25. Tegund ofbeldis sem konur sem voru ófrískar við síðasta ofbeldisatvik urðu fyrir.....	42
Tafla 26. Hlutfall kvenna sem hafði á tilfinningunni að ofbeldismaður væri undir áhrifum fíkniefna, lyfja eða áfengis þegar atvikið átti sér stað? .....	42
Tafla 27. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma drukkíð áfengi eða tekið lyf til að komast yfir þessa reynslu.....	43
Tafla 28. Hlutfall kvenna sem hafði samband við samtök og stofnanir, sem geta aðstoðað konur.....	44
Tafla 29. Hlutfall kvenna sem hefur sagt einhverjum frá því sem gerðist að frátöldu því fólki sem þegar var búið að nefna.....	44
Tafla 30. Hlutfall kvenna sem hafði samband (eða ekki) við samtök og stofnanir eftir því hvort þær sögðu einnig öðrum frá. ....	45
Tafla 31. Gagnsemi samtakanna eða aðilanna að mati kvennanna .....	45
Tafla 32. Hlutfall kvenna sem fannst athæfið vera refsivert .....	46
Tafla 33. Hlutfall kvenna sem tilkynnti atvikið til lögreglunnar.....	46
Tafla 34. Ástæður þess að konurnar tilkynntu atvikið ekki til lögreglu.....	47
Tafla 35. Hlutfall svara við spurningunni um hvað lögreglan hafi gert til að hjálpa konunum.....	47
Tafla 36. Hlutfall svara við spurningunni um hvað lögreglan hefði átt að gera til að hjálpa konunum.....	48
Tafla 37. Hlutfall svara við spurningunni um hversu sáttar konurnar voru við hvernig lögreglan tók á málinu .....	48
Tafla 38. Hlutfall svara við spurningunni um hvort börn hafi búið á heimilinu sem urðu vitni að ofbeldisfullri hegðun makans .....	49
Tafla 39. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar eftir því hvort barn hafi verið á staðnum eða ekki .....	49
Tafla 40. Áfengis-, fíkniefna- eða lyfjaneysla við síðasta ofbeldisatvik eftir því hvort barn hafi verið á staðnum .....	50
Tafla 41. Lengd sambands við núverandi/fyrirverandi maka.....	51
Tafla 42. Aldur núverandi/fyrirverandi maka.....	52
Tafla 43. Er núverandi/var fyrri maki þinn í launuðu starfi á heimilinu eða utan heimilisins?.....	52
Tafla 44. Hafði hann aðrar tekjur? (t.d. atvinnuleysisbætur, greiðslur frá almannatryggingum eða lífeyrissjóði, fjárhagsaðstoð sveitarfélags, barnabætur, leigutekjur eða fjármagnstekjur) Hlutfall sem svarar .....	53
Tafla 45. Hefur þú/hafðir þú einhver áhrif á það hvernig tekjur eiginmanns/sambýlismanns/kærasta þíns eru/voru notaðar? Hlutfall sem svarar.....	53
Tafla 46. Menntun núverandi/fyrirverandi eiginmanns/sambýlismanns/kærasta (meðan á sambandinu stóð).....	54
Tafla 47. Hversu oft drekkur núverandi/drakk fyrirverandi eiginmaður/sambýlismaður/kærasti svo mikið að hann verður/varð drukkinn? .....	54
Tafla 48. Neytir/neytti hann nokkurn tíma fíkniefna?.....	55
Tafla 49. Hefur hann nokkurn tíma beitt aðra í fjölskyldunni en þig líkamlegu ofbeldi? Hlutfall sem svarar .....	55

Tafla 50. Beitti hann nokkurn tíma einhvern utan fjölskyldunnar líkamlegu ofbeldi, t.d. á bar, í vinnunni, eða fyrri maka? Hlutfall sem svarar.....	55
Tafla 51. Hlutfall kvennanna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka og töldu að eftirtaldir þættir eigi við um hann.....	56
Tafla 52. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi bæði í nánnum samböndum og ekki	62
Tafla 53. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi eftir tengslum við ofbeldismanninn	63
Tafla 54. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum og ekki nánnum samböndum um ævina.....	63
Tafla 55. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum og ekki nánnum samböndum á sl. 12 mánuðum.....	64
Tafla 56. Samanburður á staðsetningu síðasta ofbeldisatviks eftir því hvort um náíð samband eða ekki er að ræða.....	65
Tafla 57. Samanburður á alvarleika síðasta ofbeldisatviks að mati kvennanna .....	65
Tafla 58. Samanburður á áverkum við síðasta ofbeldisatvik .....	66
Tafla 59. Samanburður á eðli ofbeldis gegn konum .....	66
Tafla 60. Hafðir þú á tilfinningunni að hann (þeir) væri/væru undir áhrifum fíkniefna, lyfja eða áfengis þegar síðasta ofbeldisatvikið átti sér stað? .....	67
Tafla 61. Hefur þú einhvern tíma drukkið áfengi eða tekið lyf til að komast yfir þessa reynslu?.....	67
Tafla 62. Hlutfall kvenna sem höfðu samband við samtök og stofnanir, sem geta aðstoðað konur.....	68
Tafla 63. Hversu gagnleg voru þessi samtök, stofnanir eða aðilar? .....	69
Tafla 64. Aðrir aðilar sem leitað hefur verið til.....	69
Tafla 65. Var þetta atvik að þínu mati refsivert athæfi, rangt en ekki refsivert athæfi eða bara eitthvað sem gerist? .....	70
Tafla 66. Tilkynntir þú atvikið til lögreglunnar?.....	70
Tafla 67. Af hverju tilkynntir þú ekki atvikið til lögreglunnar?.....	71
Tafla 68. Hvað gerði lögreglan til að hjálpa þér? .....	71
Tafla 69. Er eitthvað annað sem lögreglan hefði átt að gera til að hjálpa þér? .....	72
Tafla 70. Hversu sátt ert þú við hvernig lögreglan tók á málinu? .....	72
Tafla 71. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi ekki í nánnum sambandi, greint eftir búsetu.....	81
Tafla 72. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir aldri.....	81
Tafla 73. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir hjúskaparstöðu.....	82
Tafla 74. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir menntun.....	82
Tafla 75. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir atvinnuþátttöku.....	83
Tafla 76. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir tekjum kvennanna .....	83
Tafla 77. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir heimilistekjum.....	84

Tafla 78.	Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks, ekki í nánu sambandi, greindur eftir því hvers konar ofbeldi er um að ræða.....	85
Tafla 1.	Yfirlit yfir svörun í könnuninni.....	21
Tafla 2.	Aldur svarenda .....	22
Tafla 3.	Búseta svarenda .....	22
Tafla 4.	Hlutfall kvenna 18-80 ára sem sögðust hafa upplifað ofbeldi einhvern tíma um ævina og á síðustu 12 mánuðum eftir því hvers eðlis ofbeldið var. Hlutfall sem svara .....	27
Tafla 5.	Hlutfall kvenna á aldrinum 18-80 ára sem hafa orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma um ævina og á síðustu 12 mánuðum, greint niður í fimm flokka ofbeldis .....	28
Tafla 6.	Fjöldi kvenna á aldrinum 18-80 sem hafa orðið fyrir ofbeldi yfirfærður á þýði kvenna í landinu .....	28
Tafla 7.	Hlutfall svarenda sem hafa orðið fyrir ofbeldi eftir því hvenær síðasti atburður átti sér stað.....	29
Tafla 8.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi – flokkað.....	30
Tafla 9.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir tengslum við ofbeldismanninn.....	30
Tafla 10.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir því hvenær ofbeldið átti sér stað .....	31
Tafla 11.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir því hvenær ofbeldið átti sér stað í sambandinu.....	31
Tafla 12.	Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi, eftir því hversu reglulega ofbeldi var beitt .....	32
Tafla 13.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir búsetu. ....	33
Tafla 14.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir aldri. ....	34
Tafla 15.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir hjúskaparstöðu. ....	35
Tafla 16.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir menntun.....	36
Tafla 17.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir atvinnuþátttöku. ....	36
Tafla 18.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðasta ári greint eftir tekjum kvennanna .....	37
	Konur með lægri laun kunna að vera háðari maka sínum fjárhagslega og því erfiðara að verjast ofbeldinu eða slíta sambandinu. ....	37
Tafla 19.	Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðasta ári greint eftir heimilistekjum.....	38
Tafla 20.	Hvar síðasta ofbeldisatvik í nánu sambandi átti sér stað. Hlutfall sem svara .....	39
Tafla 21.	Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar .....	39
Tafla 22.	Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar greindur eftir hvers konar ofbeldi var um að ræða.....	40
Tafla 23.	Áverkar við síðasta ofbeldisatvik.....	41
Tafla 24.	Hlutfall kvenna sem voru ófrískar þegar atvikið átti sér stað .....	41

Tafla 25. Tegund ofbeldis sem konur sem voru ófrískar við síðasta ofbeldisatvik urðu fyrir.....	42
Tafla 26. Hlutfall kvenna sem hafði á tilfinningunni að ofbeldismaður væri undir áhrifum fíkniefna, lyfja eða áfengis þegar atvikið átti sér stað? .....	42
Tafla 27. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma drukkíð áfengi eða tekið lyf til að komast yfir þessa reynslu.....	43
Tafla 28. Hlutfall kvenna sem hafði samband við samtök og stofnanir, sem geta aðstoðað konur.....	44
Tafla 29. Hlutfall kvenna sem hefur sagt einhverjum frá því sem gerðist að frátöldu því fólki sem þegar var búið að nefna.....	44
Tafla 30. Hlutfall kvenna sem hafði samband (eða ekki) við samtök og stofnanir eftir því hvort þær sögðu einnig öðrum frá. ....	45
Tafla 31. Gagnsemi samtakanna eða aðilanna að mati kvennanna .....	45
Tafla 32. Hlutfall kvenna sem fannst athæfið vera refsivert .....	46
Tafla 33. Hlutfall kvenna sem tilkynnti atvikið til lögreglunnar.....	46
Tafla 34. Ástæður þess að konurnar tilkynntu atvikið ekki til lögreglu.....	47
Tafla 35. Hlutfall svara við spurningunni um hvað lögreglan hafi gert til að hjálpa konunum.....	47
Tafla 36. Hlutfall svara við spurningunni um hvað lögreglan hefði átt að gera til að hjálpa konunum.....	48
Tafla 37. Hlutfall svara við spurningunni um hversu sáttar konurnar voru við hvernig lögreglan tók á málinu .....	48
Tafla 38. Hlutfall svara við spurningunni um hvort börn hafi búið á heimilinu sem urðu vitni að ofbeldisfullri hegðun makans .....	49
Tafla 39. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar eftir því hvort barn hafi verið á staðnum eða ekki .....	49
Tafla 40. Áfengis-, fíkniefna- eða lyfjaneysla við síðasta ofbeldisatvik eftir því hvort barn hafi verið á staðnum .....	50
Tafla 41. Lengd sambands við núverandi/fyrirverandi maka.....	51
Tafla 42. Aldur núverandi/fyrirverandi maka.....	52
Tafla 43. Er núverandi/var fyrri maki þinn í launuðu starfi á heimilinu eða utan heimilisins?.....	52
Tafla 44. Hafði hann aðrar tekjur? (t.d. atvinnuleysisbætur, greiðslur frá almannatryggingum eða lífeyrissjóði, fjárhagsaðstoð sveitarfélags, barnabætur, leigutekjur eða fjármagnstekjur) Hlutfall sem svarar .....	53
Tafla 45. Hefur þú/hafðir þú einhver áhrif á það hvernig tekjur eiginmanns/sambýlismanns/kærasta þíns eru/voru notaðar? Hlutfall sem svarar.....	53
Tafla 46. Menntun núverandi/fyrirverandi eiginmanns/sambýlismanns/kærasta (meðan á sambandinu stóð).....	54
Tafla 47. Hversu oft drekkur núverandi/drakk fyrirverandi eiginmaður/sambýlismaður/kærasti svo mikið að hann verður/varð drukkinn? .....	54
Tafla 48. Neytir/neytti hann nokkurn tíma fíkniefna?.....	55
Tafla 49. Hefur hann nokkurn tíma beitt aðra í fjölskyldunni en þig líkamlegu ofbeldi? Hlutfall sem svarar .....	55

Tafla 50. Beitti hann nokkurn tíma einhvern utan fjölskyldunnar líkamlegu ofbeldi, t.d. á bar, í vinnunni, eða fyrri maka? Hlutfall sem svarar.....	55
Tafla 51. Hlutfall kvennanna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka og töldu að eftirtaldir þættir eigi við um hann.....	56
Tafla 52. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi bæði í nánnum samböndum og ekki	62
Tafla 53. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi eftir tengslum við ofbeldismanninn	63
Tafla 54. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum og ekki nánnum samböndum um ævina.....	63
Tafla 55. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum og ekki nánnum samböndum á sl. 12 mánuðum.....	64
Tafla 56. Samanburður á staðsetningu síðasta ofbeldisatviks eftir því hvort um náíð samband eða ekki er að ræða.....	65
Tafla 57. Samanburður á alvarleika síðasta ofbeldisatviks að mati kvennanna .....	65
Tafla 58. Samanburður á áverkum við síðasta ofbeldisatvik .....	66
Tafla 59. Samanburður á eðli ofbeldis gegn konum .....	66
Tafla 60. Hafðir þú á tilfinningunni að hann (þeir) væri/væru undir áhrifum fíkniefna, lyfja eða áfengis þegar síðasta ofbeldisatvikið átti sér stað? .....	67
Tafla 61. Hefur þú einhvern tíma drukkið áfengi eða tekið lyf til að komast yfir þessa reynslu?.....	67
Tafla 62. Hlutfall kvenna sem höfðu samband við samtök og stofnanir, sem geta aðstoðað konur.....	68
Tafla 63. Hversu gagnleg voru þessi samtök, stofnanir eða aðilar? .....	69
Tafla 64. Aðrir aðilar sem leitað hefur verið til.....	69
Tafla 65. Var þetta atvik að þínu mati refsivert athæfi, rangt en ekki refsivert athæfi eða bara eitthvað sem gerist? .....	70
Tafla 66. Tilkynntir þú atvikið til lögreglunnar?.....	70
Tafla 67. Af hverju tilkynntir þú ekki atvikið til lögreglunnar?.....	71
Tafla 68. Hvað gerði lögreglan til að hjálpa þér? .....	71
Tafla 69. Er eitthvað annað sem lögreglan hefði átt að gera til að hjálpa þér? .....	72
Tafla 70. Hversu sátt ert þú við hvernig lögreglan tók á málinu? .....	72
Tafla 71. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi ekki í nánnum sambandi, greint eftir búsetu.....	81
Tafla 72. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir aldri.....	81
Tafla 73. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir hjúskaparstöðu.....	82
Tafla 74. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir menntun.....	82
Tafla 75. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir atvinnuþátttöku.....	83
Tafla 76. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir tekjum kvennanna .....	83
Tafla 77. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, greint eftir heimilistekjum.....	84



Tafla 78. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks, ekki í nánú sambandi, greindur eftir því hvers konar ofbeldi er um að ræða.....	85
--	----

## Myndaskrá

Mynd 1. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi – yfir ævina og síðastliðna 12 mánuði.....	57
Mynd 2. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi í nánu sambandi – yfir ævina og síðastliðna 12 mánuði.....	58
Mynd 3. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í nánu sambandi – yfir ævina og síðastliðna 12 mánuði .....	58
Mynd 4. Hlutfall kvenna sem kváðu ofbeldismann hafa verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna.....	59
Mynd 5. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi sem var unnið líkamlegt mein.....	60
Mynd 6. Hlutfall kvenna sem tilkynntu atvikið til lögreglunnar.....	60
Mynd 7. Hlutfall kvenna sem sögðu að börn hafi búið á heimilinu sem urðu vitni að ofbeldisfullri hegðun (fyrirverandi) eiginmanns/sambýlismanns/kærasta .....	61
Mynd 8. Hlutfall kvenna sem voru ófrískar við síðasta ofbeldisatvik .....	61
Mynd 9. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, einhvern tíma frá 16 ára aldri.....	73
Mynd 10. Hlutfall kvenna sem hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi, ekki í nánu sambandi, einhvern tíma frá 16 ára aldri .....	74
Mynd 11. Hlutfall kvenna sem hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi, ekki í nánu sambandi, einhvern tíma frá 16 ára aldri .....	74

# 1 Inngangur

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) var falið að gera rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum að beiðni Félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Þegar fjallað er um ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum er átt við ofbeldi af hendi eiginmanns, sambýlismanns eða kærasta hér eftir oft nefnt ofbeldi maka. Rannsóknin skiptist í sex hluta; fyrsti hlutinn er símakönnun meðal íslenskra kvenna, hluti 2-6 eru kannanir á viðbrögðum og verklagi á ofbeldi gegn konum hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, félagssamtökum, heilbrigðisþjónustu og lögreglu.

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum símakönnunarinnar. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar á eðli, umfangi og afleiðingum líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis sem konur eru beittar af karlmönnum. Í þessari skýrslu er aðaláherslan lögð á að fjalla um ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Til fróðleiks eru niðurstöður um ofbeldi sem konur verðar fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka bornar saman við niðurstöður um ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi annarra karla. Þessi samanburður er fyrst og fremst lýsandi fyrir þær konur sem tóku þátt í rannsókninni, en fara verður varlega í að alhæfa að munur sé á eðli ofbeldis í nánnum samböndum og ekki í nánnum samböndum þar sem oft á tíðum var um fáa svarendur að ræða.

Niðurstöður byggja á símakönnun þar sem tekið var 3000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá meðal kvenna af öllu landinu á aldrinum 18 til 80 ára. Spurningakönnunin byggir á erlendum spurningalista sem heitir *The International Violence against Women Survey* (IVAWS). Sameinuðu þjóðirnar áttu frumkvæðið að rannsókn á ofbeldi gegn konum og var spurningalistinn þróaður af alþjóðlegum rannsóknarhópi undir forustu HEUNI (Evrópustofnun um afbrotavarnir og eftirlit í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar). Spurningalistinn hefur verið lagður fyrir í 11 löndum: Ástralíu, Danmörku, Kostaríku, Tékklandi, Grikklandi, Hong Kong, Ítalíu, Mósambík, Filippseyjum, Póllandi og Sviss (Johnson, Ollus og Nevala, 2008). Það að alþjóðalegur mælikvarði á ofbeldi var notaður í rannsókninni sem hér er til umfjöllunar gerir kleift að bera tíðni ofbeldis karla gegn konum hér á landi saman við tíðnina í öðrum löndum.

Skýrslunni er skipt upp í sex meginkafla. Í fyrsta kafla er fjallað um fyrri rannsóknir á ofbeldi karla gegn konum á Íslandi. Í öðrum kafla er fjallað um aðferð rannsóknarinnar. Í köflum þrjú til fimm er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar; í kafla þrjú er fjallað almennt um ofbeldi karla gegn konum eins og það birtist í könnuninni, í kafla fjögur er fjallað um niðurstöður um ofbeldi í nánnum samböndum og í kafla fimm er fjallað um ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi karla sem þær þekkja ekki eða eiga ekki í nánu sambandi við. Í köflum fjögur og fimm eru niðurstöður íslensku rannsóknarinnar einnig bornar saman við niðurstöður úr sambærilegum rannsóknum í öðrum löndum.

Jóhanna Rósa Arnardóttir hafði umsjón með undirbúningi og framkvæmd rannsóknarinnar fyrir hönd RBF. Hrefna Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri á Félagsvísindastofnun HÍ, vann að framkvæmd könnunarinnar. Höfundur skýrslunnar er Elísabet Karlsdóttir, verkefnisstjóri hjá RBF, og Ásdís A. Arnalds, sérfræðingur RBF. Hluti skýrslunnar var unninn í samstarfi við Chien Tai Shill, aðjúnkt í Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Heiðu Björk Vigfúsdóttur, fyrirverandi verkefnisstjóra hjá RBF. Hér er um að ræða fyrstu útgáfu skýrslunnar en útdráttur með bráðabirgðaniðurstöðum var kynntur vorið 2009 og höfundar hans voru Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor og formaður stjórnar RBF, leiðbeindi við undirbúning rannsóknarinnar, gagnasöfnun og skýrslufrágang. Einnig komu að rannsókninni; Sigbrúður Gunnarsdóttir og starfsfólk Kvennaathvarfsins, Guðrún Kristinsdóttir, prófessor, Ingólfur V. Gíslason, lektor, Anni G. Haugen, lektor og Sigrún Ingvarsdóttir, félagsráðgjafi. Öllu þessu fólki og öðrum sem komið hafa að rannsókninni eru færðar bestu þakkir. Sérstakar þakkir fá Hildigunnur Ólafsdóttir, afbrotufræðingur og Þorgerður Benediktsdóttir, lögfræðingur, fyrir gott samstarf og gagnlegar ábendingar. Þeim konum sem tóku þátt í könnuninni eru færðar þakkir fyrir mikilsvert framlag til rannsóknarinnar.

## 2 Aðferð

Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeirri aðferð sem rannsóknin byggir á. Gerð er grein fyrir þátttakendum, mælitæki og framkvæmd. Stuðst var við aðferðir alþjóðlegu rannsóknarinnar *The International Violence against Women Survey (IVAWS)*.

### 2.1 Þátttakendur

Tekið var 3000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá meðal kvenna á aldrinum 18-80 ára á öllu landinu. Alls svöruðu 2050 konur og er svarhlutfall því gott, eða 68% (sjá töflu 1). Þess má geta að í sambærilegri könnun í Danmörku var svarhlutfallið 52%. Þegar reiknuð er nettósvörun, þar sem frá upphaflegu úrtaki eru dregnar þær sem voru búsettar erlendis, töluðu ekki íslensku, voru veikar eða látnar er svarhlutfallið í þessari rannsókn 73%.

Tafla 1. Yfirlit yfir svörun í könnuninni

	Fjöldi	Brúttó svarhlutfall	Nettó svarhlutfall
Tók þátt í könnun	2.050	68,3%	73,4%
Neitar að svara	397	13,2%	14,2%
Næst ekki í	345	11,5%	12,4%
Samtals	2.792		100,0%
Býr erlendis	35	1,2%	
Er erlend, talar ekki íslensku	148	4,9%	
Veik/með þroskahömlun/heytnarlaus	24	0,8%	
Látin	1	0,0%	
Samtals	3.000	100,0%	

Meðalaldur svarenda var 44 ár. Um 33% svarenda voru á aldrinum 18-34 ára, um 40% voru á aldrinum 35-54 ára og 27% á aldrinum 55-80 ára (sjá töflu 2). Eins og sjá má í töflunni var aldursdreifing í þýði og meðal svarenda borin saman. Samkvæmt niðurstöðum tölfræðiþrófsins kí-kvaðrat var ekki marktækur munur á aldursdreifingu svarenda í úrtakinu og í þýði sem bendir til þess að svarendur endurspegli vel konur Íslandi á aldrinum 18-80 ára.

Tafla 2. Aldur svarenda

	Þýði		Svarendur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
18-24 ára	15.657	14,2%	247	12,0%
25-34 ára	22.433	20,4%	420	20,5%
35-44 ára	21.464	19,5%	410	20,0%
45-54 ára	20.645	18,8%	416	20,3%
55-64 ára	15.238	13,9%	298	14,5%
65-80 ára	14.531	13,2%	259	12,6%
Samtals	109.968	100,0%	2.050	100,0%

Þýðistölur byggja á tölum Hagstofu Íslands um mannfjölda 1. desember 2008.

Svarhlutfall var heldur lægra á höfuðborgarsvæðinu og heldur hærri á Suðurlandi en í öðrum landshlutum. Í öðrum landshlutum var svarhlutfall í samræmi við íbúafjölda. Almennt séð endurspeglar því svarendur þýði hvað varðar aldur og búsetu. Sá annmarki er þó á þátttöku í könnuninni að erlendar konur sem ekki töluðu íslensku áttu þess ekki kost að svara listanum, en þær voru 4,9% úrtaksins.

Tafla 3. Búseta svarenda

	Þýði		Svarendur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	70.787	64,4%	1.292	63,0%
Reykjanes	6.879	6,3%	112	5,5%
Vesturland	5.168	4,7%	106	5,2%
Vestfirðir	2.529	2,3%	48	2,3%
Norðurland vestra	2.469	2,2%	53	2,6%
Norðurland eystra	9.950	9,0%	190	9,3%
Austurland	3.517	3,2%	69	3,4%
Suðurland	8.669	7,9%	176	8,6%
Vantar			4	0,2%
Samtals	109.968	100,0	2050	100,0

Þýðistölur byggja á tölum Hagstofu Íslands um mannfjölda 1. desember 2008.

## 2.2 Mælitæki

Spurningakönnunin byggir á alþjóðlegum spurningalista sem heitir *The International Violence against Women Survey (IVAWS)*. Spurningalistinn var þýddur, lesinn yfir af sérfræðingum og prófaður af spurlum og starfsfólki Kvænnaathvarfsins.

Spurningalistanum er skipt í fimm meginhluta. Í fyrsta hluta er spurt um hjúskaparstöðu og bakgrunn svarenda. Í öðrum hluta er spurt um reynslu svarenda af ofbeldi með 12 spurningum um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Þá er sérstaklega spurt um tengsl við ofbeldismanninn, tíðni ofbeldisins, hvenær það gerðist síðast og hversu oft það gerðist á undangengnum 12 mánuðum. Í þriðja hluta er spurt nánar um síðasta ofbeldisatvik sem svarendur urðu fyrir; hvar það átti sér stað, ástand ofbeldismannsins, alvarleika ofbeldisins, áverka sem þolandi varð fyrir, aðstoð samtaka/stofnana og aðkomu lögreglu að atvikinu. Í fjórða hluta er spurt um bakgrunn núverandi og/eða fyrrverandi maka. Einnig er í þessum hluta spurt um andlegt ofbeldi af hendi núverandi og/eða fyrrverandi maka, en andlegt ofbeldi er skilgreint sem stjórnsemi, yfirgangur og ofríki. Í fimmta og síðasta hluta spurningalistans er svaranda gefinn kostur á að bæta einhverju við. Ef svarandi hafði ekki orðið fyrir neinni tegund þess ofbeldis, sem spurt var um í öðrum hluta könnunarinnar, er hluta þrjú og fjögur sleppt og svaranda gefinn kostur á að svara fimmta hluta listans.

Skilgreining rannsóknarinnar á ofbeldi byggir á svörum við 12 spurningum sem tiltaka í hverju ofbeldið er fólgið (*e. behaviourally - specific questions*). Ofbeldið er skilgreint út frá tilteknum ofbeldisathöfnum, líkamlegum eða kynferðislegum, en ekki út frá huglægri upplifun svarenda á því hvort þeir hafi orðið fyrir ofbeldi eða ekki. Þetta er gert til þess að þátttakendur svari til um samskonar hegðun (hugtakaréttmæti) í stað þess að styðjast við eigin skilgreiningu á ofbeldi. Jafnframt þjónar það þeim tilgangi að vekja minningar þátttakenda á hugsanlega löngu liðnum atburðum. Spurt er um reynslu þátttakenda frá 16 ára aldri. Eftirtaldir 12 spurningar voru notaðar til að skilgreina ofbeldið:

1. Eftir að þú varðst 16 ára, hefur þá einhver karlmaður nokkurn tíma hótad að vinna þér líkamlegt mein þannig að þú varst hrædd?
2. Frá því að þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma hent einhverju á eftir þér eða barið þig með einhverju, svo þú meiddist eða varst hrædd?
3. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma hrint þér eða þrifið í þig eða snúið upp á handlegginn á þér eða hárreytt þig þannig að þú meiddist eða varst hrædd?
4. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma slegið þig með flötum lófa, sparkað í þig, bitið þig eða barið þig með krepptum hnefa?
5. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður að yfirlögðu ráði reynt að kyrkja þig eða kæfa þig eða reynt að brenna t.d. með því að skveta á þig heitum vökva?
6. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður beitt eða hótad að beita hnífi eða byssu gegn þér?
7. Frá því þú varðst 16 ára, ef þú lítur fram hjá kynferðislegu ofbeldi, hefur þá einhver karlmaður nokkurn tíma beitt þig líkamlegu ofbeldi á einhvern hátt sem ekki er búið að nefna?
8. Frá því að þú varðst 16 ára, hefur karlmaður einhvern tíma þvingað þig til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi?

9. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma reynt að þvinga þig til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi?

10. Frá því þú varðst 16 ára, hefur nokkur karlmaður einhvern tíma snert þig kynferðislega á þann hátt sem þú vildir ekki, og sem olli þér mikilli vanlíðan?

11. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður nokkurn tíma þvingað þig eða reynt að þvinga þig til kynlífs með öðrum, þar með talið til kynlífs gegn greiðslu í peningum eða öðru?

12. Frá því þú varðst 16 ára, hefur einhver karlmaður beitt þig kynferðislegu ofbeldi á annan hátt en ég er búin að nefna?

Fyrstu sjö spurningarnar vísa til líkamlegs ofbeldis og næstu fimm spurningar til kynferðislegs ofbeldis. Þar sem það er umdeilanlegt að skilgreina hótun sem líkamlegt mein er það undanskilið í umfjöllun um líkamlegt ofbeldi nema þegar samanburður er gerður við aðrar rannsóknir sem nota hótun í sínum skilgreininum á líkamlegu ofbeldi. Líkamlegt ofbeldi byggist á svörum við spurningum 2-7 hér eftir. Kynferðislegt ofbeldi vísar til spurninga 8 - 12 héðan í frá. Nauðgun eða tilraun til nauðgunar vísa til spurninga 8 og 9.

Niðurstöður eru birtar í einföldum tíðnitöflum. Vikmörk eru sýnd í nokkrum taflanna og er miðað við 95% öryggismörk. Vikmörkin sýna því á hvaða bili hlutfallið liggur í þýði, miðað við 95% vissu. Í krosstöflum er reiknað kí-kvaðrat marktæktarpróf til að greina hvort tölfræðilega marktækur munur væri til staðar milli hlutfalla. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ( $p < 0,05$ ). Með öðrum orðum má segja með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar í þýði allra íslenskra kvenna á aldrinum 18 til 80 ára. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ( $p < 0,01$ ) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ( $p < 0,001$ ). Í nokkrum töflum er auk þess að finna skammstöfunina *óg* sem táknar að kí-kvaðratpróf hafi verið ógilt vegna of fárra svara á bak við hvern hóp.

### 2.3 Framkvæmd

Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í Félags- og tryggingamálaráðuneyti með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Rannsóknin var unnin af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands. Gögnum var safnað í gegnum síma dagana 22. september til 7. desember 2008. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands bar ábyrgð á gagnaöflun.

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar (númer tilkynningar S3992) með tilvísan í lög nr. 77/2000 um persónuupplýsingar og persónuvernd. Bréf var sent til allra í úrtakinu þar sem þátttakendum var tilkynnt að þeir hefðu verið valdir í úrtakið fyrir rannsókn á ofbeldi karla gegn konum, að hringt yrði í þá á næstunni og óskað eftir þátttöku þeirra í rannsókninni. Tekið var fram að þátttakendum bæri ekki skylda til að taka þátt í rannsókninni og að ekki væri unnt að rekja svör til þeirra. Einnig var tekið fram að úrtaksskrá verði eytt þegar



gagnahreinsun ljúki. Þegar hringt var í þátttakendur var þeim kynnt rannsóknin og óskað eftir þátttöku þeirra.

Farið var eftir leiðbeiningum frá IVAWS um framkvæmd á gagnaöfluninni. Ef karlmaður svaraði í símann var spurt eftir þátttakandanum með nafni. Ef hún var ekki við var spurt hvenær væri best að ná í hana í síma eða hvort að það væri annað símanúmer sem ætti heldur að hringja í. Ef karlmaðurinn spurði um erindið var sagt að konan væri í úrtaki fyrir rannsókn en ekki var getið um efni rannsóknarinnar. Ef kona svaraði og hikaði eitthvað við þátttöku, eða það heyrðist að fólk væri í kringum hana, var henni boðið að hringt yrði á öðrum tíma sem henni hentaði betur eða í annað símanúmer. Þessar ráðstafanir eru gerðar til að tryggja öryggi kvenna sem taka þátt í rannsókninni og búa við ofbeldi.

Spyrlar könnunarinnar voru allt konur með reynslu af gagnaöflun í spurningakönnunum en auk þess fengu spyrlar sérstaka þjálfun vegna könnunarinnar þar sem um viðkvæmt viðfangsefni var að ræða. Þjálfunin var í höndum sérfræðinga á sviði ofbeldis og ráðgjafar við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, sem jafnframt sáu um handleiðslu spyrla á framkvæmdatímanum. Spyrlar höfðu skriflegar upplýsingar um hvert vísa mætti konum á frekari ráðgjöf. Leitast var við að eldri spyrlar hringdu í eldri konur og yngri spyrlar hringdu í yngri konur.

### 3 Umfang ofbeldis gegn konum

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum könnunarinnar á ofbeldi karla gegn konum. Hér er um að ræða heildaryfirlit óháð tengslum við ofbeldismanninn. Í næsta kafla er fjallað sérstaklega um ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka kvennanna (það sem hér er nefnt ofbeldi í nánnum samböndum) og að lokum verður fjallað um ofbeldi gegn konum eftir því hver tengslin eru við ofbeldismanninn. Niðurstöðurnar eru settar fram annars vegar út frá því hvort svarandi hafi orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma um ævina (frá 16 ára aldri) og hins vegar á síðustu 12 mánuðum áður en könnunin fór fram.

Tafla 4 birtir hlutfall kvenna sem hafa reynslu af ofbeldi, annars vegar einhvern tíma um ævina (frá 16 ára aldri) og hins vegar á síðustu 12 mánuðum. Flestar konurnar eða 21% höfðu orðið fyrir því að að karlmaður hafi hrint þeim, þrifið í þær, snúið upp á handlegg eða hárreytt einhvern tíma frá 16 ára aldri. Um 17% kvennanna segja að karlmaður hafi hótad að vinna þeim líkamlegt mein svo að þær urðu hræddar, frá 16 ára aldri. Þá nefndu um 16% þeirra sem svöruðu að þær hafi verið slegnar með flötum lófa, sparkað í þær, bitið eða barið með krepptum hnefa. Jafnstór hópur (16%) höfðu upplifað það að karlmaður hafi snert þær kynferðislega á þann hátt sem þær vildu ekki og ollu þeim mikilli vanlíðan. Um 13% svarenda höfðu orðið fyrir því að karlmaður hafi hent einhverju á eftir þeim eða barið þær með einhverju svo þær meiddust eða urðu hræddar. Um 9% höfðu orðið fyrir því að karlmaður hafi reynt að þvinga þær til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi og 7% höfðu verið þvingaðar til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi.

Þegar litið er til síðustu 12 mánaða var algengast að konurnar höfðu upplifað það að karlmaður hafi hrint þeim, þrifið í þær, snúið upp á handlegg eða hárreytt (1,5%). Um 1% kvennanna höfðu orðið fyrir því að karlmaður hafi snert þær kynferðislega á þann hátt sem þær vildu ekki og olli þeim mikilli vanlíðan og jafnmörgum hafði verið hótad líkamlegu meini. Þá nefndi um 1% kvennanna að þær hafi verið slegnar með flötum lófa eða álíka aðferðum. Færri nefndu aðrar tegundir ofbeldis.

Tafla 4. Hlutfall kvenna 18-80 ára sem sögðust hafa upplifað ofbeldi einhvern tíma um ævina og á síðustu 12 mánuðum eftir því hvers eðlis ofbeldið var. Hlutfall sem svara

	Frá 16 ára aldri		Síðustu 12 mánuði	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk
Hótun um líkamlegt mein	16,5%	+/-1,6%	1,0%	+/-0,4%
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	12,7%	+/-1,4%	0,6%	+/-0,3%
Hrint, þrifið í, snúið upp á handlegg eða hárreytt	21,0%	+/-1,8%	1,5%	+/-0,5%
Slegið með flötum lófa, sparkað, bitið, barið með kr. hnefa	15,9%	+/-1,6%	0,8%	+/-0,4%
Reynt að kyrkja, kæfa eða brenna	3,3%	+/-0,8%	0,1%	+/-0,1%
Hnifi eða byssu beitt eða hótað að beita	3,1%	+/-0,8%	0,2%	+/-0,2%
Annað líkamlegt ofbeldi, þó ekki kynferðislegt	2,8%	+/-0,7%	0,0%	+/-0,0%
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	7,0%	+/-1,1%	0,1%	+/-0,1%
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	8,5%	+/-1,2%	0,3%	+/-0,2%
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	15,5%	+/-1,6%	0,9%	+/-0,4%
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	4,2%	+/-0,9%	0,2%	+/-0,2%
Annað kynferðislegt ofbeldi	2,4%	+/-0,7%	0,1%	+/-0,1%

Í töflu 5 eru ofbeldisatvikin tekin saman og skipt niður í flokka. Þar má sjá að 42% svarenda höfðu frá 16 ára aldri verið beittar að minnsta kosti einu af þeim 12 mismunandi birtingarmyndum ofbeldis sem spurt var um í könnuninni. Þetta þýðir að 58% svarenda höfðu ekki verið beittar ofbeldi. Um 4% höfðu upplifað að minnsta kosti eitt atvik á 12 mánaða tímabili.

Um 30% kvennanna höfðu upplifað líkamlegt ofbeldi, þ.e. einhvern tíma frá 16 ára aldri verið beittar a.m.k. einni tegund þess ofbeldis sem spurt var um í spurningum 2-7 og um 2% höfðu verið beittar þess háttar ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum. Undir skilgreininguna á líkamlegu ofbeldi fellur því m.a. að karlmaður hafi hent einhverju á eftir konunni eða barið hana með einhverju; henni verið hrint, þrifið í hana, snúið upp á handlegg hennar eða verið hárreytt; konan verið slegin með flötum lófa, sparkað í hana, bitin eða barin með krepptum hnefa; að karlmaður hafi að yfirlögðu ráði reynt að kyrkja hana, kæfa hana o.s.frv.eða að karlmaður hafi beitt eða hótað að beita hnifi eða byssu gegn svaranda.

Einn flokkurinn í töflu 5 inniheldur atvik sem flokkast sem kynferðislegt ofbeldi (spurningar 8-12). Í þessari skilgreiningu er m.a. að karlmaður hafi þvingað konuna til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi; að karlmaður hafi gert tilraun til samfara með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi; að karlmaður hafi snert konuna kynferðislega á þann hátt sem hún vildi ekki og sem olli henni mikilli vanlíðan og að karlmaður hafi þvingað konuna eða reynt að þvinga hana til kynlífs með öðrum. Um 24% svarenda höfðu upplifað a.m.k. eitt af þessum atvikum frá 16 ára aldri og tæplega 2% á síðustu 12 mánuðum.

Tafla 5. Hlutfall kvenna á aldrinum 18-80 ára sem hafa orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma um ævina og á síðustu 12 mánuðum, greint niður í fimm flokka ofbeldis

	Frá 16 ára aldri		Síðustu 12 mánuði	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	42,2%	+/-2,1%	3,7%	+/-0,8%
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	40,2%	+/-2,1%	3,2%	+/-0,8%
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	29,8%	+/-2,0%	2,1%	+/-0,6%
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	24,2%	+/-1,9%	1,6%	+/-0,5%
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	13,2%	+/-1,5%	0,4%	+/-0,3%

Eins og sjá mátti í töflu 5 höfðu 42% ( $\pm 2,1\%$ ) kvenna orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þetta jafngildir því að 44.097-48.716 konur á landsvísu hafi orðið fyrir ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þá er skiptingin sú að ætla má að á bilinu 30.571-34.970 kvenna hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi en á bilinu 24.523-28.701 kvenna hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (tafla 6).

Tafla 6. Fjöldi kvenna á aldrinum 18-80 sem hafa orðið fyrir ofbeldi yfirfærður á þýði kvenna í landinu

	Fjöldi í þýði með 95% vissu	
	Frá 16 ára aldri	Síðustu 12 mánuði
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	44.097 - 48.716	3.189 - 4.949
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	41.898 - 46.516	2.639 - 4.399
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	30.571 - 34.970	1.650 - 2.969
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	24.523 - 28.701	1.210 - 2.309
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	12.866 - 16.165	110 - 770

Konurnar voru spurðar að því hve langt var liðið frá því atvikið átti sér stað (sjá töflu 7). Um 3% kvenna höfðu orðið fyrir ofbeldi á síðustu 12 mánuðum. Um 11% sögðu að atburðurinn hefði gerst fyrir 1-5 árum og um 5% sögðu að atburðurinn hefði gerst fyrir 6-10 árum. Um 14% höfðu orðið fórnarlömb ofbeldis fyrir 11-20 árum og 15% máttu þola ofbeldi fyrir meira en 20 árum síðan.

Tafla 7. Hlutfall svarenda sem hafa orðið fyrir ofbeldi eftir því hvenær síðasti atburður átti sér stað

	Á síðustu 12 mán.	Fyrir 1 til 5 árum	Fyrir 6 til 10 árum	Fyrir 11 til 20 árum	Fyrir meira en 20 árum
Allt ofbeldi, ekki hótun	3,2%	10,9%	4,7%	13,6%	15,1%
Líkamlegt ofbeldi	2,1%	7,8%	6,1%	8,7%	9,3%
Kynferðislegt ofbeldi	1,6%	5,5%	4,2%	6,9%	9,5%

## 4 Ofbeldi karla gegn konum í nánu sambandi

Í þessum kafla er greint frá eðli, umfangi og afleiðingum líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis sem konur eru beittar af karlmönnum sem þær eru í nánu sambandi við. Með nánum samböndum er átt við að ofbeldismaðurinn sé skilgreindur af svaranda sem núverandi eiginmaður, sambýlismaður eða kærasti, fyrrverandi eiginmaður, sambýlismaður eða kærasti<sup>2</sup>. Í fyrsta hluta er greint frá reynslu af ofbeldi yfir æviskeiðið og á undangengnum 12 mánuðum. Í öðrum hluta er greint frá síðasta ofbeldisatviki sem konan varð fyrir, í þriðja hluta koma fram bakgrunnsupplýsingar um konuna sem fyrir ofbeldinu varð, í fjórða hluta er greint frá bakgrunnsupplýsingum um ofbeldismanninn og að lokum eru niðurstöðurnar skoðaðar í samanburði við alþjóðlegar IVAWS niðurstöður í fimmta hluta.

### 4.1 Umfang ofbeldis gegn konum í nánu sambandi

Í þessum hluta er greint frá umfangi ofbeldis í nánum samböndum gegn konum sem svöruðu könnuninni, annars vegar yfir æviskeið, frá 16 ára aldri (algengi) og hins vegar á síðustu 12 mánuðum fyrir könnunina (nýgengi).

Í töflu 8 má sjá hversu margir svarendur höfðu orðið fyrir einhvers konar ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka ásamt upplýsingum um umreiknaðan fjölda kvenna í samfélaginu. Miðað við þær niðurstöður sem hér eru settar fram má áætla með 95% vissu að milli 22.600-26.700 konur á Íslandi hafi verið beittar ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma á ævinni. Um það bil 20.000 (19.794-21.533) konur voru beittar líkamlegu ofbeldi og milli 5.608-7.808 kynferðislegu ofbeldi.

<sup>2</sup> Hér eftir nefnt fyrrverandi og núverandi maki, eða hugtakið ofbeldi í nánum samböndum.

Tafla 8. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi – flokkað

	Frá 16 ára aldri		Síðustu 12 mánuði		Fjöldi í þýði með 95% vissu	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk	Frá 16 ára aldri	Síðustu 12 mánuði
Allt ofbeldi, kynferðislegt og/eða líkamlegt (sp. 1-12)	22,4%	+/-1,8%	1,6%	+/-0,5%	22653 - 26612	1210 - 2309
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	21,4%	+/-1,8%	1,3%	+/-0,5%	21554 - 25513	880 - 1979
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	19,7%	+/-1,7%	1,2%	+/-0,5%	19794 - 21533	770 - 1869
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	6,1%	+/-1,0%	0,1%	+/-0,1%	5608 - 7808	0 - 220
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	4,6%	+/-0,9%	0,0%	+/-0,0%	4069 - 6048	-

Tafla 9 sýnir hlutfall kvenna á aldrinum 18-80 ára sem höfðu orðið fyrir ofbeldi eftir 16 ára aldur af hendi núverandi maka annars vegar og fyrrverandi maka hins vegar. Þar má sjá að flestar konur höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi fyrrverandi maka sem bendir til þess að konur slíti ofbeldissamböndum. Tæplega 17% kvennanna urðu fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi fyrrverandi maka en 4% urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi. Um 4% kvenna sögðust hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi núverandi maka og minna en 1% fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Tafla 9. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir tengslum við ofbeldismanninn

	Allt ofbeldi, hótun meðtalin	Allt ofbeldi, ekki hótun	Líkamlegt ofbeldi	Kynferðislegt ofbeldi	Nauðgun eða tilraun til nauðgunar
Núverandi maki	4,5%	4,3%	3,9%	0,6%	0,5%
Fyrrverandi maki	18,7%	17,8%	16,3%	5,6%	4,2%

Í töflu 10 má sjá að flestar kvennanna greina frá ofbeldi sem þær voru beittar fyrir mörgum árum.

Tafla 10. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir því hvenær ofbeldið átti sér stað

	Á síðustu 12 mán.	Fyrir 1 til 5 árum	Fyrir 6 til 10 árum	Fyrir 11 til 20 árum	Fyrir meira en 20 árum
Allt ofbeldi, ekki hótun	1,3%	5,5%	4,7%	6,7%	6,5%
Líkamlegt ofbeldi	1,2%	5,2%	4,0%	5,8%	5,7%
Kynferðislegt ofbeldi	0,1%	1,3%	1,4%	2,0%	1,8%

Í töflu 11 kemur fram á hvaða tímamarki í sambandinu ofbeldið átti sér stað. Þær konur sem voru beittar ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka urðu helst fyrir því meðan á sambandinu stóð. Líkamlegt ofbeldi átti sér stað á meðan á sambandinu stóð hjá um 14% svarenda, en eftir að því lauk hjá um rúmlega 2% kvennanna og um 2% kvennanna kváðust bæði hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi á meðan á sambandinu stóð og eftir að því lauk.

Kynferðislegt ofbeldi átti sér nær eingöngu stað meðan á sambandinu stóð hjá um 5% kvenna, eftir að því lauk hjá 0,6% kvenna og 0,3% kvenna urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi bæði á meðan á sambandinu stóð og eftir að því lauk. Af þessu má ráða að í flestum tilfellum lýkur ofbeldinu við sambandsslit. Þó eru nokkrar konur sem bæði hafa verið beittar ofbeldi meðan á sambandinu stóð og einnig eftir að því lauk. Þetta er í samræmi við þekkingu á því að ofbeldi getur oft magnast upp í kringum skilnaði og sambandsslit.

Tafla 11. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi eftir því hvenær ofbeldið átti sér stað í sambandinu

	Á meðan sambandi stóð	Eftir að sambandi lauk	Hvoru tveggja
Allt ofbeldi, ekki hótun	16,0%	2,6%	2,2%
Líkamlegt ofbeldi	13,9%	2,2%	2,1%
Kynferðislegt ofbeldi	4,9%	0,6%	0,3%

Konurnar voru einnig spurðar um tíðni ofbeldisatvika í nánu sambandi og eins og má sjá á töflu 12 var algengast að ofbeldið hafi átt sér stað að minnsta kosti einu sinni, en tæp 18% kvennanna sögðu líkamlegu ofbeldi þannig háttað, og rúm 4% sögðu þetta eiga við um kynferðislegt ofbeldi. Mun færri konur greindu frá því að ofbeldið ætti sér stað svo oft sem 1-3 sinnum í mánuði, 1-3 í viku eða nær daglega.

Tafla 12. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi, eftir því hversu reglulega ofbeldi var beitt

	Að minnsta kosti einu sinni	1 - 3 sinnum í mánuði	1 - 3 sinnum í viku	Daglega eða næstum daglega
Allt ofbeldi, ekki hótun	18,8%	3,8%	1,4%	0,1%
Líkamlegt ofbeldi	17,3%	3,1%	1,1%	0,1%
Kynferðislegt ofbeldi	4,1%	1,2%	0,3%	0,0%

## 4.2 Staða kvennanna

Í þessum hluta er dregin upp mynd af stöðu kvennanna sem sögðust hafa verið beittar ofbeldi í nánú samböndum. Kannað var hvort tölfraðilega marktækur munur væri á félagslegri stöðu þessara kvenna og þeirra sem sögðust ekki hafa verið beittar ofbeldi. Greint var eftir búsetu, aldri, menntun, launuðu starfi, launatekjum, heimilistekjum og áfengis- og vímuefnaneyslu. Greiningarnar eiga annars vegar við um ofbeldi sem konurnar urðu fyrir frá 16 ára aldri og hins vegar um tíðni ofbeldis á síðastliðnum 12 mánuðum áður en könnunin var framkvæmd.

Í töflu 13 er birt hlutfall 18-80 ára kvenna í hverjum landshluta sem hefur orðið fyrir ofbeldi eftir 16 ára aldur í nánú sambandi. Lítil munur var á tíðni ofbeldis eftir landshlutum en Reykjanes sker sig þó úr með hæstu ofbeldistíðnina hvort sem konur hafa orðið fyrir því á æviskeiðinu eða á síðustu 12 mánuðum. Næsthæst er tíðni ofbeldis á höfuðborgarsvæðinu, á Norðurlandi eystra og Austurlandi. en Vestfirðir er sá landshluti þar sem ofbeldið er lægst. Munur á tíðni ofbeldis frá 16 ára aldri eftir búsetu var þó ekki tölfraðilega marktækur.

Sé lítið til tíðni ofbeldis síðastliðna 12 mánuði eftir búsetu urðu tæplega 4% kvenna á Reykjanesi fyrir einhverri tegund ofbeldis, innan við 2% kvenna á Norðurlandi eystra og rúmlega 1% kvenna á höfuðborgarsvæðinu. Ekki var unnt að reikna út marktækniþróf vegna smæðar gagnasafnsins.



Tafla 13. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir búsetu.

	Höfuðborgar- svæðið (N=1292)		Reykjanes (N=112)		Vesturland (N=106)		Vestfirðir og Norðurland vestra (N=101)		Norðurland eystra og Austurland (N=259)		Suðurland (N=176)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
	<b>Allt ofbeldi</b>											
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	21,9%	282	23,2%	26	19,8%	21	12,0%	12	22,9%	59	21,1%	35
Síðustu 12 mánuði <sup>ög</sup>	1,2%	16	3,6%	4	0,0%	0	0,0%	0	1,9%	5	0,6%	1
<b>Líkamlegt ofbeldi</b>												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,2%	260	22,3%	25	17,0%	18	10,0%	10	20,9%	54	19,5%	34
Síðustu 12 mánuði <sup>ög</sup>	1,2%	15	3,6%	4	0,0%	0	0,0%	0	1,6%	4	0,6%	1
<b>Kynferðislegt ofbeldi</b>												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	6,3%	81	6,3%	7	5,7%	6	4,0%	4	6,6%	17	5,2%	9
Síðustu 12 mánuði <sup>ög</sup>	0,2%	2	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,4%	1	0,0%	0

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>ög</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Í töflu 14 sést hlutfall kvenna sem hefur orðið fyrir ofbeldi eftir aldri kvennanna. Það reyndist vera marktækur munur á ofbeldi eftir aldri kvennanna. Þannig höfðu um 24% kvennanna á aldrinum 25-64 ára orðið fyrir ofbeldi. Þetta er líka sá aldurshópur þar sem flestar kvennanna eru í hjúskap eða sambúð. Færri konur eða rúmlega 17% kvenna á aldrinum 18-24 ára og tæplega 11% kvenna á aldrinum 65-80 ára höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi einhvern tíma á lífsleiðinni. Þar sem eldri konurnar eru að líta til baka um lengri tíma en þær yngstu má vera að þær muni ekki eftir, geri lítið úr eða greini ekki frá öllu ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Einnig er hugsanlegt að um kynslóðamun sé að ræða og að þær hafi síður orðið fyrir ofbeldi en yngri konurnar.

Þegar ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum var greint eftir aldri kom í ljós að 1,7% kvenna á aldrinum 25-44 ára, 0,4% kvenna á aldrinum 45-64 ára og 0,4% kvenna á aldrinum 65-80 ára höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi maka eða kærasta. Ekki var unnt að reikna marktæktarpróf vegna smæðar hópsins.

Tafla 14. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir aldri.

	18-24 ára (N=247)		25-44 ára (N=826)		45-64 ára (N=711)		65-80 ára (N=257)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
	<b>Allt ofbeldi</b>							
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	17,4%	43	23,8%	197	23,8%	169	10,9%	28
Síðustu 12 mánuði <sup>ó<sup>g</sup></sup>	3,6%	9	1,7%	14	0,4%	3	0,4%	1
<b>Líkamlegt ofbeldi</b>								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	16,6%	41	21,9%	181	21,9%	156	9,7%	25
Síðustu 12 mánuði <sup>ó<sup>g</sup></sup>	3,6%	9	1,6%	13	0,3%	2	0,4%	1
<b>Kynferðislegt ofbeldi</b>								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	2,0%	5	7,4%	61	7,5%	53	2,3%	6
Síðustu 12 mánuði <sup>ó<sup>g</sup></sup>	0,0%	0	0,2%	2	0,1%	1	0,0%	0

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>ó<sup>g</sup></sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Í töflu 15 er greint frá hlutfalli kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi eftir núverandi hjúskaparstöðu kvennanna. Marktækur munur reyndist á hlutfalli kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi í nánú sambandi yfir æviskeiðið eftir hjúskaparstöðu kvennanna. Hlutfallslega fleiri fráskildar en giftar konur og konur sem aldei hafa gifst greindu frá því að þær hefðu verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá því þær voru 16 ára. Um 17% kvenna sem voru giftar þegar rannsóknin fór fram höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka á æviskeiðinu. Af konum sem voru fráskildar þegar rannsóknin fór fram höfðu nærri 52% orðið fyrir ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka á æviskeiðinu. Um 18% þeirra sem hvorki voru giftar né fráskildar höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi frá 16 ára aldri. Í þessum tölum kemur þó ekki fram hvort þær urðu fyrir ofbeldi í núverandi sambandi. Eins og áður hefur komið fram er líklegt að fleiri í hópi fráskildra kvenna greini frá ofbeldi þar sem ofbeldið hefur einmitt verið ein ástæðan fyrir skilnaði eða sambúðarslitum.

Sé litið til síðustu 12 mánaða má sjá að fráskildar konur voru stærsti hópur kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi (2,5%). Einungis mjög lítil hluti giftra kvenna (0,4%) höfðu verið beittar ofbeldi á síðustu 12 mánuðum, en rúmlega 2% kvenna sem aldrei hafa gifst höfðu verið beittar ofbeldi í nánú sambandi.

Tafla 15. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir hjúskaparstöðu.

	Gift (N=988)		Fráskilin (N=241)		Hvorki gift né fráskilin (N=811)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
<b>Allt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	16,8%	166	51,7%	125	18,0%	146
Síðustu 12 mánuði**	0,4%	4	2,5%	6	2,1%	17
<b>Líkamlegt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	15,7%	155	48,1%	116	16,3%	132
Síðustu 12 mánuði**	0,3%	3	2,5%	6	2,0%	16
<b>Kynferðislegt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	4,2%	41	17,8%	43	5,1%	41
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	0,1%	1	0,0%	0	0,2%	2

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>óg</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 16 sýnir hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi eftir hæsta menntunarstigi sem konurnar höfðu lokið. Ekki reyndist marktækur munur á ofbeldi í heild og líkamlegu ofbeldi eftir menntunarstigi en hlutfallslega færri konur með háskólapróf (4%) höfðu orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi en konur með grunn- eða framhaldsskólapróf (7%). Ekki er ljóst hvað skýrir þennan mun.

Tafla 16. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir menntun.

	Grunnskólapróf (N=695)		Framhaldsskólapróf (N=648)		Háskólapróf (N=617)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
<b>Allt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	22,1%	154	22,4%	145	20,1%	124
Síðustu 12 mánuði	1,4%	10	1,9%	12	0,6%	4
<b>Líkamlegt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,0%	139	21,1%	137	18,5%	114
Síðustu 12 mánuði	1,4%	10	1,5%	10	0,6%	4
<b>Kynferðislegt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri*	7,4%	51	6,9%	45	3,9%	24
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	0,0%	0	0,5%	3	0,0%	0

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>óg</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Í töflu 17 má sjá hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi eftir atvinnuþátttöku þeirra. Ekki reyndist marktækur á því hvort konur höfðu orðið fórnarlömb ofbeldis eftir atvinnustöðu þeirra.

Tafla 17. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðustu 12 mánuðum greint eftir atvinnuþátttöku.

	Í launuðu starfi á heimilinu eða utan heimilis (N=1504)		Ekki í launuðu starfi (N=531)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
<b>Allt ofbeldi</b>				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	21,8%	329	20,1%	107
Síðustu 12 mánuði	1,4%	21	1,1%	6
<b>Líkamlegt ofbeldi</b>				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,3%	305	18,3%	97
Síðustu 12 mánuði	1,3%	20	0,9%	5
<b>Kynferðislegt ofbeldi</b>				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	6,3%	94	5,8%	31
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	0,1%	2	0,2%	1

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>óg</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Marktækt fleiri konur sem voru með tekjur undir 250 þúsund (2,1%) höfðu orðið fyrir ofbeldi á síðustu 12 mánuðum en tekjuhærri konur (0-1%) (tafla 18).

Tafla 18. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðasta ári greint eftir tekjum kvennanna

	Undir 250 þús. (N=926)		250 - 399 þús. (N=616)		400 þús. eða hærri (N=252)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
<b>Allt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	22,3%	206	23,1%	142	23,4%	59
Síðustu 12 mánuði*	2,1%	19	1,0%	6	0,0%	0
<b>Líkamlegt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,2%	187	21,6%	133	21,0%	53
Síðustu 12 mánuði	1,8%	17	1,0%	6	0,0%	0
<b>Kynferðislegt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	7,9%	73	5,9%	36	4,8%	12
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	0,3%	3	0,0%	0	0,0%	0

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>óg</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Konur með lægri laun kunna að vera háðari maka sínum fjárhagslega og því erfiðara að verjast ofbeldinu eða slíta sambandinu.

Konurnar voru einnig spurðir um tekjur heimilisins. Marktækur munur reyndist á tíðni alls ofbeldis og líkamlegs ofbeldis eftir heimilistekjum. Hærra hlutfall kvenna þar sem heimilistekjur eru undir 250.000 höfðu orðið fyrir ofbeldi en þar sem heimilistekjur eru hærri. Hlutfall kvenna sem hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi síðastliðið ár er einnig hæst þar sem heimilistekjur eru lægst. (tafla 19).

Tafla 19. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri og á síðasta ári greint eftir heimilistekjum

	Undir 250 þús.		250-399 þús.		400-599 þús.		600-799 þús.		800 þús. eða hærri	
	(N=266)		(N=397)		(N=406)		(N=289)		(N=266)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
<b>Allt ofbeldi</b>										
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	30,5%	81	25,9%	103	23,2%	94	17,3%	50	18,0%	48
Síðustu 12 mánuði <sup>ög</sup>	3,4%	9	1,3%	5	1,2%	5	0,3%	1	0,4%	1
<b>Líkamlegt ofbeldi</b>										
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	26,3%	70	24,2%	96	21,4%	87	16,6%	48	15,8%	42
Síðustu 12 mánuði <sup>ög</sup>	3,4%	9	1,0%	4	1,2%	5	0,3%	1	0,4%	1
<b>Kynferðislegt ofbeldi</b>										
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	13,2%	35	8,1%	32	6,9%	28	3,1%	9	3,0%	8
Síðustu 12 mánuði <sup>ög</sup>	0,4%	1	0,3%	1	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>ög</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Hér má velta fyrir sér hvort konur frá tekjulægri heimilum eigi erfðara með að slíta sambandi og standa á eigin fótum fjárhagslega en tekjuhærri konurnar.

### 4.3 Síðasta ofbeldisatvik

Í könnuninni voru konurnar spurðar ýmissa spurninga sem tengjast síðasta ofbeldisatviki sem þær urðu fyrir. Þetta gefur mynd af því hvernig ofbeldið birtist í nánum samböndum. Í þessum hluta verður m.a. skoðað hvar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað, hvaða áverka viðkomandi hlaut við atvikið, alvarleika þess og hvort þær hafi verið ófrískar við síðasta ofbeldisatvik.

Í töflu 20 kemur fram hvar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað. Langflestar kvennanna, eða 68%, sögðu að síðasta ofbeldisatvik hefði gerst á heimili sínu eða út í garði við heimili sitt. Um 10% svarenda sögðu síðasta ofbeldisatvik hafa átt sér stað á heimili mannsins eða úti í garði við heimili hans og 6,5% svarenda sögðu á heimili annars eða í garði. Um 4% svarenda sögðu að síðasta ofbeldisatvik hefði gerst á bar/dansstað og rúmlega 2% að það hafi átt sér stað á götu eða í húsasundi. Samkvæmt þessu má áætla að heimilið og nærumhverfi sé sá staður sem konur eru í mestri hættu á að vera beittar ofbeldi sem er eðlilegt þar sem heimilið er sá staður þar sem fólk ver tíma sínum.

Tafla 20. Hvar síðasta ofbeldisatvik í nánú sambandi átti sér stað. Hlutfall sem svara

	Fjöldi svara	Hlutfall
Á heimili konunnar eða úti í garði við heimili hennar	299	67,8%
Heimili hans eða úti í garði við heimili hans	44	10,0%
Heimili annars eða garði	26	5,9%
Á götu, í húsasundi	10	2,3%
Í bíl/á bílastæði	12	2,7%
Á vinnustað	6	1,4%
Á bar, dansstað	17	3,9%
Á fáförnu svæði, útivistarsvæði, garði, tjaldstæði	6	1,4%
Í opinberri byggingu	1	0,2%
Skóla, háskóla, stúdentagarði	3	0,7%
Á hóteli eða í sumarbústað	6	1,4%
Annars staðar	11	2,5%
Alls	441	100%

Konurnar voru spurðar um alvarleika síðasta ofbeldisatviks (tafla 21). Um það bil 75% sögðu ofbeldið hafa verið mjög eða nokkuð alvarlegt.

Tafla 21. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar

	Fjöldi svara	Hlutfall
Mjög alvarlegt	167	38,3%
Nokkuð alvarlegt	164	37,6%
Ekki sérstaklega alvarlegt	105	24,1%
Alls	436	100%

Ofbeldi í nánú samböndum er mismunandi. Í töflu 22 hefur alvarleiki síðasta ofbeldisatviks verið greindur eftir því hvers konar ofbeldi er um að ræða.

Tafla 22. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar greindur eftir hvers konar ofbeldi var um að ræða

	Mjög alvarlegt	Nokkuð alvarlegt	Ekki	Alls	Fjöldi
			sérstaklega alvarlegt		
Hótun um líkamlegt mein	56,9%	34,0%	9,0%	100%	144
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	43,5%	44,6%	12,0%	100%	92
Hrint, þrifið í, snúið upp á handlegg eða hárreytt	44,0%	34,2%	21,8%	100%	257
Slegið með flötum lófa, sparkað, bitið, barið með krepptum hnefa	48,7%	34,6%	16,7%	100%	156
Reynt að kyrkja, kæfa eða brenna	79,5%	20,5%	0,0%	100%	39
Hnífi eða byssu beitt eða hótad að beita	69,6%	26,1%	4,3%	100%	23
Annað líkamlegt ofbeldi, þó ekki kynferðislegt	58,5%	32,1%	9,4%	100%	53
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	59,4%	32,8%	7,8%	100%	64
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	46,4%	36,2%	17,4%	100%	69
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	48,5%	36,6%	14,9%	100%	101
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	16,7%	83,3%	0,0%	100%	6
Annað kynferðislegt ofbeldi	44,4%	33,3%	22,2%	100%	9

Tafla 23 sýnir hvers konar áverkar hlutust af síðasta ofbeldisatviki. Rúmlega 58% sögðust hafa hlotið yfirborðsskrámur/skeinur, um 36% mar, tæplega 12% áverka á höfði eða heila og tæplega 11% skurðsár/brunasár og rúmlega 10% sögðust hafa beinbrotnað/nefbrotnað við síðasta ofbeldisatvik.



Tafla 23. Áverkar við síðasta ofbeldisatvik

	Fjöldi svara	Hlutfall
Yfirborðsskrámur/skeinur	102	58,3%
Skurðsár/brunasár/o.s. frv.	19	10,9%
Brákaðist	10	5,7%
Áverkar á höfði eða heila	17	9,7%
Beinbrot, nefbrot	20	11,4%
Innvortis meiðsl	4	2,3%
Missti föstur	1	0,6%
Mar	63	36,0%
Annað	16	9,1%
Alls	252	144,0% <sup>i</sup>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Um 5% kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi í nánu sambandi áttu von á barni þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað (tafla 24). Vert er að benda á þá staðreynd að í könnuninni voru konurnar einungis spurðar að því hvort þær hefðu verið ófrískar þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað. Ekki kemur fram hvort konurnar voru ófrískar þegar um önnur tilvik var að ræða.

Tafla 24. Hlutfall kvenna sem voru ófrískar þegar atvikið átti sér stað

	Fjöldi svara	Hlutfall
Var ófrísk	21	4,8%
Var ekki ófrísk	418	95,2%
Alls	439	100%

Í töflu 25 kemur fram að flestar konurnar sem voru ófrískar þegar síðasta ofbeldisatvik átti sér stað nefndu líkamlegt ofbeldi, oftast að þeim hafi verið hrint, snúið upp á handlegg þeirra eða þær hárreyttar. Næst algengast var að þær hafi verið slegnar með flötum lófa, sparkað í þær eða þær barðar eða bitnar. Þá nefna nokkrar einnig kynferðislega snertingu sem olli þeim vanlíðan eða að þær hafi verið þvingaðar til samfara.

Tafla 25. Tegund ofbeldis sem konur sem voru ófrískar við síðasta ofbeldisatvik urðu fyrir

	Fjöldi svara	Hlutfall
Hótun um líkamlegt mein	7	35,0%
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	6	30,0%
Hrint, þrifið í, snúið upp á handlegg eða hárreytt	13	65,0%
Slegið með flötum lófa, sparkað, bitið, barið með kr. hnefa	11	55,0%
Reynt að kyrkja, kæfa eða brenna	3	15,0%
Hníf eða byssu beitt eða hótað að beita	1	5,0%
Annað líkamlegt ofbeldi, þó ekki kynferðislegt	4	20,0%
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	3	15,0%
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	5	25,0%
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	6	30,0%
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	0	0,0%
Annað kynferðislegt ofbeldi	0	0,0%
<b>Alls</b>	<b>59</b>	<b>295,0%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Nær helmingur kvennanna (48%) sem beittar voru ofbeldi í nánnum samböndum töldu að árásarmaðurinn hefði verið undir áhrifum áfengis, um 7% töldu að hann hefði verið bæði undir áhrifum áfengis og lyfja eða annarra fíkniefna (tafla 26).

Tafla 26. Hlutfall kvenna sem hafði á tilfinningunni að ofbeldismaður væri undir áhrifum fíkniefna, lyfja eða áfengis þegar atvikið átti sér stað?

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, undir áhrifum áfengis	209	47,7%
Já, undir áhrifum fíkniefna eða lyfja	18	4,1%
Já, undir áhrifum áfengis og lyfjum eða annarra fíkniefna	31	7,1%
Hvorugt	180	41,1%
<b>Alls</b>	<b>438</b>	<b>100%</b>

Kannað var hvort konur mátu alvarleika síðasta ofbeldisatviks á mismunandi hátt eftir því hvort ofbeldismaðurinn var undir áhrifum vímuegja eða ekki. Helmingur kvenna sem kvað ofbeldismanninn hafa verið undir áhrifum fíkniefna eða lyfja mat atvikið mjög alvarlegt. Hið sama átti við um 37% kvenna sem kvaðu ofbeldismanninn hafa verið undir áhrifum áfengis og 38% kvenna sem voru á því að maðurinn hafi hvorki verið undir áhrifum áfengis né fíkniefna. En þó hlutfallslega fleiri konur sem voru á því að ofbeldismaðurinn hafi verið undir áhrifum fíkniefna hafi metið atvikið mjög alvarlegt en konur sem voru á því að hann hafi verið allsgáður, var þessi munur ekki tölfræðilega marktækur ( $\chi^2(6)=2,813$ ;  $p=0,832$ ). Þess vegna er ekki hægt að álykta að samband sé milli fíkniefnanotkunar ofbeldismanna og mati kvenna á alvarleika ofbeldis.

Konurnar voru spurðar hvort þær hefðu notað áfengi (8%) eða lyf (3%) eða hvoru tveggja (3,5%) til að komast yfir reynsluna af því að vera beittar ofbeldi (tafla 27).

Tafla 27. Hlutfall kvenna sem hefur einhvern tíma drukkið áfengi eða tekið lyf til að komast yfir þessa reynslu

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, drukkið áfengi	35	8,1%
Já, tekið lyf	13	3,0%
Já, drukkið áfengi og tekið lyf	15	3,5%
Nei	371	85,5%
<b>Alls</b>	<b>434</b>	<b>100%</b>

Í ljósi þess að ofbeldið er konunum mikið áfall sem veldur þeim líkamlegu og andlegu tjóni er athyglisvert að langfæstar þeirra grípa til þess að fá sér í glas eða taka lyf. Tæp 15% kvennanna hafa þó reynt slíkt.

#### 4.3.1 *Leitað aðstoðar*

Þær konur sem urðu fyrir ofbeldi í nánú sambandi voru spurðar að því hvort þær hefðu leitað hjálpar eða sótt eftir stuðningi til t.d. fjölskyldu og vina eða þjónustustofnana eftir síðasta ofbeldisatvik.

Í töflu 28 kemur fram að tæplega 80% kvennanna sem urðu fyrir ofbeldi í nánú sambandi höfðu ekki samband við samtök og/eða stofnanir sem geta aðstoðað konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi, eftir síðasta ofbeldisatvik.

Tafla 28. Hlutfall kvenna sem hafði samband við samtök og stofnanir, sem geta aðstoðað konur

	Fjöldi svara	Hlutfall
Kvennaathvarfið	28	6,4%
Stígamót	17	3,9%
Kvennaráðgjöf/Hlaðvarpi	2	0,5%
Neyðarmóttaka v/nauðgunar	0	0,0%
Félagsþjónusta sveitarfélaga	1	0,2%
Slysadeild	9	2,1%
Rauði krossinn	0	0,0%
Aðrir sem veitt geta ráðgjöf, s.s. lækna, sál	48	11,0%
Annað	10	2,3%
Hafði ekki samband við nein samtök	345	78,8%
<b>Alls</b>	<b>461</b>	<b>105,0%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Um 6% kvennanna sögðust hafa haft samband við Kvennaathvarfið eftir síðasta ofbeldisatvik, um 4% við Stígamót og 2% slysadeild. Alls kváðust 11% kvennanna hafa haft samband við aðra sem geta veitt ráðgjöf.

Rúmlega helmingur kvennanna sagði vini eða nágranna frá því sem gerðist og rúmlega helmingur nánnum fjölskyldumeðlimi. Um 18% sögðust hafa sagt sálfræðingi/geðlækni/félagsráðgjafa frá, um 13% öðrum fjölskyldumeðlimi og tæplega 7% lækni eða hjúkrunarfræðingi (tafla 29).

Tafla 29. Hlutfall kvenna sem hefur sagt einhverjum frá því sem gerðist að frátöldu því fólki sem þegar var búið að nefna

	Fjöldi svara	Hlutfall
Nánum fjölskyldumeðlimi	198	52,4%
Öðrum fjölskyldumeðlimi	50	13,2%
Vini/nágranna	196	51,9%
Vinnufélaga/yfirmanni/skólafélaga	12	3,2%
Presti eða starfsmanni trúfélags	8	2,1%
Lækni, hjúkrunarfræðingi	25	6,6%
Sálfræðingi, geðlækni, félagsráðgjafa	68	18,0%
Öðrum	6	1,6%
Ekkert að ofantöldu	73	19,3%
<b>Alls</b>	<b>636</b>	<b>168,3%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Viðbrögð kvennanna við ofbeldinu voru misjöfn og sumar nýttu sér alla þá aðstoð sem þær gátu fengið en aðrar gerðu það ekki.

Tafla 30. Hlutfall kvenna sem hafði samband (eða ekki) við samtök og stofnanir eftir því hvort þær sögðu einnig öðrum frá.

	Fjöldi svara	Hlutfall
Hafði hvorki samband við samtök eða stofnanir né sagði öðrum frá	67	17,9%
Hafði ekki samband við samtök eða stofnanir en sagði öðrum frá	225	60,3%
Hafði samband við samtök eða stofnanir en sagði engum öðrum frá	4	1,1%
Hafði samband við samtök eða stofnanir og sagði einnig öðrum frá	77	20,6%
<b>Alls</b>	<b>373</b>	<b>100%</b>

Þá má sjá að 18% kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi hafa hvorki haft sambandi við samtök eða stofnanir né sagt vinum eða fjölskyldu frá (tafla 30). Þær konur sem höfðu samband við samtök eða stofnanir voru spurðar að því hversu gagnleg samtökin eða aðilarnir hefðu verið. Langflestar sögðu samtökin eða aðilana hafa verið mjög eða að hluta til gagnlega (tafla 31).

Tafla 31. Gagnsemi samtakanna eða aðilanna að mati kvennanna

	Mjög gagnleg/að hluta til gagnleg	Alls ekki gagnleg	Fjöldi
Kvennaathvarfið	92,3%	7,7%	26
Stígamót	82,3%	17,6%	17
Slysavarðstofa/hjálparsími RKÍ	77,8%	22,2%	9
Önnur ráðgjöf	86,1%	13,9%	36

Af þessu má sjá að sú þjónusta sem er í boði nýtist ekki öllum konum og sumar þeirra leita líka eftir stuðningi vina og fjölskyldu. Það er eðlilegt að leita eftir stuðningi hjá fjölskyldu og svo virðist vera að fjölskylda og vinkonur veiti langmesta stuðninginn. Hins vegar vekur þetta upp spurningar um hvort þær stofnanir og þau samtök sem geta aðstoðað konur sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum geti gert sig sýnilegri fyrir konur sem þurfa á þjónustu þeirra að halda. Þá má ekki horfa fram hjá því að um 18% kvennanna hafa hvorki leitað sér stuðnings eða aðstoðar hjá stofnunum, samtökum, fjölskyldu, vinum eða öðrum aðilum (tafla 31). Það má velta því fyrir sér hvort þessar konur þurfi ekki á einhverri aðstoð að halda og hvernig sé þá hægt að ná til þeirra.

### 4.3.2 Tilkynningar til lögreglu

Í þessum hluta er m.a. gerð grein fyrir því hversu algengt er að konurnar tilkynni ofbeldið til lögreglu, hvað lögreglan gerir og hversu ánægðar konurnar eru með hana.

Nær helmingur kvennanna sem urðu fyrir ofbeldi í nánu sambandi fannst síðasta ofbeldisatvik vera rangt en ekki refsivert athæfi (tafla 32). Um þriðjungi fannst það vera refsivert athæfi og tæplega 19% fannst það vera „bara eitthvað sem gerist“.

Tafla 32. Hlutfall kvenna sem fannst athæfið vera refsivert

	Fjöldi svara	Hlutfall
Athæfið var refsivert	139	32,5%
Athæfið var rangt, en ekki refsivert	209	48,8%
Athæfið var bara eitthvað sem gerðist	80	18,7%
<b>Alls</b>	<b>428</b>	<b>100%</b>

Hér á undan kom fram að tæplega 33% kvennanna töldu síðasta ofbeldisatvik refsivert. Hins vegar má sjá í töflu 33 að einungis 13% kvennanna sögðust hafa tilkynnt síðasta atvikið til lögreglunnar. Um 4% sögðust ekki hafa tilkynnt atvikið en að lögreglan hafi fengið upplýsingar um það á annan hátt. Um 83% sögðust ekki hafa tilkynnt um atvikið og að lögreglan hefði ekki fengið upplýsingar um það.

Tafla 33. Hlutfall kvenna sem tilkynnti atvikið til lögreglunnar

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, tilkynnti atvikið til lögreglu	54	13,1%
Nei, en lögreglan fékk upplýsingar um það á annan hátt	16	3,9%
Nei, og lögreglan fékk ekki upplýsingar um atvikið	343	83,1%
<b>Alls</b>	<b>413</b>	<b>100%</b>

Þær sem ekki tilkynntu atvikið til lögreglunnar voru spurðar um ástæðu þess (sjá töflu 34). Flestar (44%) sögðu að þeim hafi fundist það smávægilegt, ekki nógu alvarlegt eða hafi ekki hugsað út í það.

Tafla 34. Ástæður þess að konurnar tilkynntu atvikið ekki til lögreglu

	Fjöldi svara	Hlutfall
Ég tókst á við það sjálf/Sagði vinkonu eða vini frá því	67	20,5%
Smávægilegt/Ekki nógu alvarlegt/Hugsaði ekki út í það	144	44,0%
Hélt að lögreglan myndi ekki gera neitt	9	2,8%
Hélt að lögreglan gæti ekki gert neitt	1	0,3%
Af ótta við ofbeldismanninn/Af ótta við hefnd	24	7,3%
Skammarlegt/Vandræðalegt/Kenndi sjálfri mér um	31	9,5%
Vildi ekki að neinn vissi af þessu/Hélt þessu leyndu	24	7,3%
Vildi ekki að maðurinn yrði handt./Hef átt í útist. við lögr.	1	0,3%
Enginn hefði trúað mér	6	1,8%
Hluti af vinnunni/Fylgir vinnunni	1	0,3%
Tilkynnt til annars aðila	1	0,3%
Annað	41	12,5%
<b>Alls</b>	<b>350</b>	<b>107,0%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Tæplega 10% kvennanna tilkynntu ekki atvikið þar sem þeim fannst það skammarlegt, vandræðalegt eða kenndu sjálfri sér um.

Þær sem tilkynntu síðasta ofbeldisatvik til lögreglunnar voru spurðar nánar út í það, þar á meðal hvað lögreglan hefði gert til að hjálpa þeim (tafla 35). Um 37% kvennanna sögðu að lögreglan hefði skrifað skýrslu, um 24% að hún hefði handtekið ofbeldismanninn (ofbeldismennina), 22% sögðu að lögreglan hefði ekki gert neitt og um 20% kvennanna greindu frá því að lögreglan hefði veitt honum (þeim) tiltal.

Tafla 35. Hlutfall svara við spurningunni um hvað lögreglan hafi gert til að hjálpa konunum

	Fjöldi svara	Hlutfall
Skrifaði skýrslu	15	36,6%
Handtók hann (þá)	10	24,4%
Veitti honum (þeim) tiltal	6	14,6%
Veitti mér vernd	0	0,0%
Hélt honum (þeim) frá mér	2	4,9%
Sá til þess að málið var rannsakað	2	4,9%
Veitti mér uppl. um mögul. mína skv. lögnum	4	9,8%
Annað	8	19,5%
Lögreglan gerði ekki neitt	9	22,0%
<b>Alls</b>	<b>56</b>	<b>136,6%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Rúmlega helmingur kvennanna sagði að lögreglan hefði ekki átt að gera neitt annað en það sem hún gerði til að hjálpa sér (tafla 36). Um 17% kvennanna sögðu að lögreglan hefði getað

tekið frásögn sína af alvöru, hlustað eða stutt sig. Um 11% þeirra sögðu að lögreglan hefði getað kært eða handtekið manninn.

Tafla 36. Hlutfall svara við spurningunni um hvað lögreglan hefði átt að gera til að hjálpa konunum

	Fjöldi svara	Hlutfall
Útskýrt fyrir mér hvernig gangur málsins yrði	2	3,8%
Komið fyrir á staðinn	2	3,8%
Kært/handtekið hann	6	11,3%
Veitt honum tiltal	3	5,7%
Tekið frásögn mína af alvöru / hlustað/stutt mig	9	17,0%
Farið með hann/úrskurða nálgunarban	4	7,5%
Visað mér á Kvennaathvarf	2	3,8%
Veitt vernd/hjálpað mér við að yfirgefa húsið	4	7,5%
Farið með mig á sjúkrahús/til lækni	2	3,8%
Annað	5	9,4%
Nei, ekkert	29	54,7%
<b>Alls</b>	<b>68</b>	<b>128,3%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Konurnar sem tilkynntu atvikið voru einnig spurðar að því hversu sáttar þær væru við það hvernig lögreglan hafi tekið á málinu (sjá töflu 37). Um 65% þeirra sögðust vera mjög sáttar eða sáttar við það hvernig lögreglan hafi tekið á málinu, en um 35% ósáttar eða mjög ósáttar.

Tafla 37. Hlutfall svara við spurningunni um hversu sáttar konurnar voru við hvernig lögreglan tók á málinu

	Fjöldi svara	Hlutfall
Mjög sátt	18	34,6%
Sátt	16	30,8%
Ósátt	5	9,6%
Mjög ósátt	13	25,0%
<b>Alls</b>	<b>52</b>	<b>100%</b>

#### 4.3.3 Börn til staðar

Eins og hefur komið fram hér á undan er heimilið eða nærumhverfið sá staður sem mesta hættan er á að konurnar verði fyrir ofbeldi. Konurnar voru því spurðar hvort einhver börn hafi verið á heimilinu og orðið vitni að ofbeldisfullri hegðun makans. Hjá tæplega 75% svarenda þjuggu börn á heimilinu við síðasta ofbeldisatvik (tafla 38). Um 24% svarenda sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánnum samböndum sögðust halda að börn hefðu orðið vitni að síðasta ofbeldisatviki en helmingur sagðist halda að svo hafi ekki verið.



Í rannsóknum hefur komið fram að algengt sé að þögn ríki milli barna og mæðra um ofbeldið. Einnig að foreldrar hneigist til að vanmeta í hvaða mæli börnin séu til staðar eða verða vitni að því (Buckley o.fl., 2006; Hydén,1998; McGee, 2000). Af þessum sökum verður að slá varnagla við svörum um fjölda barna sem verða vitni að ofbeldinu.

Tafla 38. Hlutfall svara við spurningunni um hvort börn hafi búið á heimilinu sem urðu vitni að ofbeldisfullri hegðun makans

	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, það held ég	91	23,8%
Nei, það held ég ekki	195	50,9%
Engin börn/Það bjuggu engin börn hjá mér á þessum tíma	97	25,3%
<b>Alls</b>	<b>383</b>	<b>100%</b>

Um 62% þeirra kvenna sem töldu að barn hefði orðið vitni að atvikinu mátu síðasta ofbeldisatvik sem mjög alvarlegt (tafla 39). Hugsanlegt er að konurnar telji ofbeldið alvarlegra einmitt vegna þess að börn eru til staðar. Athyglisvert er að ofbeldið virðist alvarlegra þegar börn eru á heimilinu en þegar þau eru fjarstödd.

Tafla 39. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks að mati konunnar eftir því hvort barn hafi verið á staðnum eða ekki

	Barn á heimili og barn á staðnum	Barn á heimili en ekki á staðnum
Mjög alvarlegt	62,2%	30,7%
Nokkuð alvarlegt	32,2%	41,7%
Ekki sérstaklega alvarlegt	5,6%	27,6%
<b>Alls</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>
Fjöldi svarenda	90	192

Í töflu 40 má sjá greiningu á því hvort börn voru á staðnum við síðasta ofbeldisatvik eftir því hvort ofbeldismennirnir voru undir áhrifum eða allsgáðir.

Tafla 40. Áfengis-, fíkniefna- eða lyfjaneysla við síðasta ofbeldisatvik eftir því hvort barn hafi verið á staðnum

	Ofbeldismaður undir áhrifum	Ofbeldismaður allsgáður
Barn á heimili sem varð vitni að atviki	25,0%	22,4%
Barn á heimili en varð ekki vitni að atviki	52,8%	47,8%
Engin börn á heimilinu	22,2%	29,8%
<b>Alls</b>	100%	100%
Fjöldi svarenda	216	161

Þar kemur einnig fram að við síðasta ofbeldisatvik voru börn á 78% heimila þar sem ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann beitti konuna ofbeldi og í 25% tilfella var barn/börn á staðnum. Þá kom í ljós að í rúmlega 22% tilvika síðasta ofbeldisatviks voru ofbeldismennirnir allsgáðir og börn á staðnum

#### 4.4 Staða ofbeldismannanna

Litlar upplýsingar eru til um karla sem beita konur ofbeldi í nánnum samböndum. Til að fá sem gleggsta mynd af geranda ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum voru konurnar spurðar bæði um ofbeldi í sambandi við núverandi og fyrrverandi maka<sup>3</sup>.

Í þessum kafla verður dregin upp mynd af stöðu karla sem beita konur ofbeldi í nánu sambandi út frá svörum kvennanna um þann sem beitti þær ofbeldi. Ef um endurtekið ofbeldi var að ræða voru konurnar beðnar að svara með síðasta atvik í huga.

Tæplega 60% kvennanna, sem höfðu mátt þola ofbeldi, voru búnar að vera með núverandi maka í 21 ár eða meira og um 21% í 11-20 ár (tafla 41). Sambönd við fyrrverandi maka stóðu alla jafna mun styttra. Tæplega helmingur kvennanna (46%) voru með fyrrverandi eiginmanni, sambýlismanni eða kærasta í 1-5 ár og um 22% í 6-10 ár.

Tafla 41. Lengd sambands við núverandi/fyrrverandi maka

	Núverandi		Fyrrverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Minna en eitt ár	0	0,0%	29	8,1%
1-5 ár	12	13,8%	163	45,5%
6-10 ár	6	6,9%	78	21,8%
11-20 ár	18	20,7%	54	15,1%
21 ár eða meira	51	58,6%	34	9,5%
Alls	87	100%	358	100%

Þegar ofbeldi í nánnum samböndum var skoðað kom í ljós að í flestum tilvikum var ofbeldismaðurinn fyrrverandi maki. Þetta hlýtur að merkja að konurnar hafi komist út úr sambandinu við ofbeldismanninn. Miklu færri konur voru ennþá í nánu sambandi við maka sem beitti þær ofbeldi og er meirihluti þeirra búinn að vera lengi í sambandinu. Það er umhugsunarefni hvort þær hafa ekki treyst sér til eða viljað slíta sambandinu. En eins og áður hefur komið fram hafa um 13% kvennanna verið beittar ofbeldi af fyrrverandi maka og 4,3% af núverandi. Hér verður þó að hafa í huga að í einstaka tilfellum hefur aðeins verið um eitt atvik ofbeldis að ræða.

Tafla 42 birtir aldur ofbeldismannanna. Um 39% voru á aldrinum 45-59 ára og um 28% 60 ára og eldri. Um 21% fyrrverandi maka voru á aldrinum 25-44 ára, 25% á aldrinum 34-44 ára og 15% voru 60 ára og eldri. Flestir bæði fyrrverandi (34%) og núverandi (40%) makar voru á aldrinum 45-59 ára. Það er eðlilegt að fyrrverandi makar séu yngri en núverandi, þar sem langur tími getur verið liðinn frá því ofbeldið átti sér stað.

<sup>3</sup> Eiginmanni, sambýlismanni eða kærasta.

Tafla 42. Aldur núverandi/fyrirverandi maka

	Núverandi		Fyrirverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
18 - 24 ára	5	5,7%	20	5,6%
25 - 34 ára	10	11,5%	73	20,6%
34 - 44 ára	14	16,1%	88	24,8%
45 - 59 ára	34	39,1%	120	33,8%
60 ára og eldri	24	27,6%	54	15,2%
<b>Alls</b>	<b>87</b>	<b>100%</b>	<b>355</b>	<b>100%</b>

Konurnar voru spurðar um stöðu karlanna á vinnumarkaði sem beittu þær ofbeldi (tafla 43). Um 82% fyrirverandi maka voru í launuðu starfi utan heimilis og 77% núverandi maka. Hér er vert að hafa í huga að þátttakendur í rannsókninni voru á aldrinum 18-80 ára. Makar þeirra voru á svipuðum aldri. Þannig voru nærri 28% núverandi maka komnir yfir 60 ára aldur og gætu því verið komnir á eftirlaun.

Tafla 43. Er núverandi/var fyrri maki þinn í launuðu starfi á heimilinu eða utan heimilisins?

	Núverandi		Fyrirverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já, á heimilinu	4	4,6%	13	3,6%
Já, utan heimilis	67	77,0%	297	81,8%
Já, bæði á heimilinu og utan þess	0	0,0%	7	1,9%
Hann er/var ekki í launuðu starfi	16	18,4%	46	12,7%
<b>Alls</b>	<b>87</b>	<b>100%</b>	<b>363</b>	<b>100%</b>

Konurnar voru spurðar nánar út í tekjur karlanna (tafla 44). Um 36% núverandi maka höfðu aðrar tekjur en atvinnutekjur en hið sama átti við um 15% fyrirverandi maka. Hluti þessara karla er trúlega með eftirlaun eða lífeyri.

Tafla 44. Hafði hann aðrar tekjur? (t.d. atvinnuleysisbætur, greiðslur frá almannatryggingum eða lífeyrissjóði, fjárhagsaðstoð sveitarfélags, barnabætur, leigutekjur eða fjármagnstekjur) Hlutfall sem svarar

	Núverandi		Fyrirverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já, hann hafði aðrar tekjur	31	35,6%	52	14,7%
Nei, hann hafði ekki aðrar tekjur	56	64,4%	301	85,3%
<b>Alls</b>	<b>87</b>	<b>100%</b>	<b>353</b>	<b>100%</b>

Um 65% kvennanna sögðu að þær hefðu ekki haft áhrif á það hvernig tekjur fyrirverandi maka voru notaðar. Hins vegar sögðust um 77% hafa áhrif á það hvernig tekjur núverandi maka væru notaðar (tafla 45). Þetta bendir til þess að ráðstöfun tekna hafi verið eitt af ágreiningsefnum í fyrri sambúð en að það sé ekki í núverandi sambandi.

Tafla 45. Hefur þú/hafðir þú einhver áhrif á það hvernig tekjur eiginmanns/sambýlismanns/kærasta þíns eru/voru notaðar? Hlutfall sem svarar

	Núverandi		Fyrirverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	59	76,6%	110	35,5%
Nei	18	23,4%	200	64,5%
<b>Alls</b>	<b>77</b>	<b>100%</b>	<b>310</b>	<b>100%</b>

Samkvæmt upplýsingum kvennanna um ofbeldismennina voru um 55% núverandi maka með framhaldsskólapróf og um 19% með sérskóla- og háskólapróf. Um 47% fyrirverandi maka voru með grunnskólapróf eða minni menntun, 41% var með framhaldsskólapróf og um 11% með sérskóla- og háskólapróf (tafla 46). Því má einnig velja fyrir sér hvort það sé slæm staða kvennanna sem gerir það að verkum að þær slíta ekki sambandinu við núverandi maka sem beita þær ofbeldi eða sterk staða karlanna sem gerir það að verkum að þær treysta sér ekki til þess. En menntunarstig núverandi eiginmanns/sambýlismanns er hærra en þess fyrirverandi.

Tafla 46. Menntun núverandi/fyrirverandi eiginmanns/sambýlismanns/kærasta (meðan á sambandinu stóð)

	Núverandi		Fyrirverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Grunnskólapróf eða minna	23	26,1%	171	47,4%
Framhaldsskólapróf	48	54,5%	148	41,1%
Sérskóla- og háskólapróf	17	19,3%	38	10,5%
Önnur menntun	0	0,0%	4	1,1%
<b>Alls</b>	<b>88</b>	<b>100%</b>	<b>361</b>	<b>100%</b>

Konurnar voru spurðar út í áfengisneyslu karlanna (tafla 47). Svo hátt hlutfall sem 28% núverandi maka drukku ekki áfengi á móti um 5% fyrirverandi maka. Fyrirverandi makar drukku því frekar áfengi og urðu mun oftar ölvaðir. Um tveir þriðju hlutar þeirra urðu drukknir nokkrum sinnum í mánuði eða oftar borið saman við að 21% núverandi maka.

Tafla 47. Hversu oft drekkur núverandi/drakk fyrirverandi eiginmaður/sambýlismaður/kærasti svo mikið að hann verður/varð drukkin?

	Núverandi		Fyrirverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hann drakk aldrei	24	27,6%	20	5,6%
Hann drakk, en varð aldrei drukkin	13	14,9%	23	6,4%
Varð drukkin nokkrum sinnum á ári	29	33,3%	83	23,2%
Varð drukkin nokkrum sinnum í mánuði	12	13,8%	115	32,2%
Varð drukkin einu sinni til tvisvar í viku	5	5,7%	98	27,5%
Varð drukkin daglega, næstum daglega	1	1,1%	17	4,8%
Drakk mikið áður fyrr, en hætti	3	3,4%	1	0,3%
<b>Alls</b>	<b>87</b>	<b>100%</b>	<b>357</b>	<b>100%</b>

Athygli vekur að nær 28% núverandi maka drekkur aldrei en í nýlegri rannsókn má sjá að hlutfall íslenskra karla sem drekka aldrei áfengi er 11% (Mäkelä, Gmel, Grittner, Kuendig, Kuntsche, Bloomfield, & Room, 2006).

Ljóst er að fyrirverandi makar urðu oftar drukknir en núverandi makar. Það er því eðlilegt að álykta sem svo að áfengisneysla sé þáttur sem tengist ofbeldinu. Ekki er vitað hvort fyrirverandi makar hafi hætt að drekka eða aldrei drukkið áfengi. Eins og áður hefur komið fram (tafla 27) telja 60% kvennanna sem beittar hafa verið ofbeldi að ofbeldismaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis, eða fikniefna/lyfja eða hvoru tveggja við síðasta ofbeldisatvik. Það má því velta fyrir sér í hve miklu mæli ofbeldið tengist neyslu ofbeldismanns í þau skipti sem hann beitti ofbeldi. Í það minnsta má áætla að hér sé um stóran áhættuþátt að ræða.

Konurnar voru spurðar um fikniefnaneyslu núverandi og fyrirverandi maka. Um 26% fyrirverandi maka neyttu einhvern tíma fikniefna en hið sama átti við um 3% núverandi maka

(tafla 48). Fyrirverandi makar neyttu einnig fíkniefni í meira mæli en núverandi. Fyrirverandi makar notuðu því bæði fíkniefni og áfengi í miklu meira mæli en núverandi makar.

Tafla 48. Neytir/neytti hann nokkurn tíma fíkniefna?

	Núverandi		Fyrirverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	3	3,4%	89	26,3%
Nei	84	96,6%	249	73,7%
<b>Alls</b>	<b>87</b>	<b>100%</b>	<b>338</b>	<b>100%</b>

Um 17% kvennanna sögðu að fyrirverandi eigenmaður/sambýlismaður/kærasti hafi beitt aðra í fjölskyldunni en konuna sjálfa ofbeldi en tæplega 4% þeirra sem voru beittar ofbeldi af hendi núverandi maka sögðu hann hafa gert slíkt (tafla 49). Hugsanlega á þessi hópur erfitt með tilfinningaleg samskipti, ekki bara við maka sinn heldur einnig nánustu fjölskyldu og notar ofbeldi til að takast á við ágreining.

Tafla 49. Hefur hann nokkurn tíma beitt aðra í fjölskyldunni en þig líkamlegu ofbeldi? Hlutfall sem svarar

	Núverandi		Fyrirverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	3	3,6%	59	17,3%
Nei	81	96,4%	282	82,7%
<b>Alls</b>	<b>84</b>	<b>100%</b>	<b>341</b>	<b>100%</b>

Tafla 50 sýnir að tæplega 36% fyrirverandi maka höfðu ekki einungis beitt konur sínar ofbeldi heldur einnig aðra úti í samfélaginu.

Tafla 50. Beitti hann nokkurn tíma einhvern utan fjölskyldunnar líkamlegu ofbeldi, t.d. á bar, í vinnunni, eða fyrri maka? Hlutfall sem svarar

	Núverandi		Fyrirverandi	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Já	18	3,6%	116	35,7%
Nei	60	96,4%	209	64,3%
<b>Alls</b>	<b>78</b>	<b>100%</b>	<b>325</b>	<b>100%</b>

Það að nær 36% fyrirverandi maka hafi einnig beitt aðra ofbeldi en konu sína hlýtur að merkja að ofbeldið er ekki eingöngu bundið við konuna sem ofbeldismennirnir hafa verið í nánú sambandi við. Lítil stjórn á reiði og hvatvís viðbrögð sem brjótast út í ofbeldi virðast því einkenna ofbeldismennina, ekki bara á heimlinu heldur einnig utan þess svo sem á bar eða ef til vill á vinnustað (tafla 50). Tæp 4% núverandi maka höfðu beitt aðra utan fjölskyldunnar ofbeldi, sem bendir til að konurnar hafi ef til vill losað sig við „verstu“ ofbeldismennina.

Þær konur sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi voru spurðar nokkurra spurninga sem tengjast sambandi þeirra við núverandi eða fyrrverandi maka og hegðun hans (sjá töflu 51). Athygli vekur að í öllum tilvikum sögðu fleiri konur þessi atriði eiga við um fyrrverandi en núverandi maka.

Tafla 51. Hlutfall kvennanna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka og töldu að eftirtaldir þættir eigi við um hann

	Á stundum, oft eða alltaf við um núverandi maka		Átti stundum, oft eða alltaf við um fyrrverandi maka	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Reiðist/hafi reiðst ef þú talar/talaðir við aðra karlmenn?	31	36,0%	80	70,8%
Reyni/hafi reynt að hindra samskipti þín við fjölskyldu og vini?	14	16,3%	63	57,3%
Elti/hafi elt þig eða fylgist/fylgst með hvert þú ferð/fórst á þann hátt sem þér finnst/fannst vera eins og eftirlit eða ógnvekjandi?	16	18,6%	39	35,1%
Uppnefni/hafi uppfnefnt þig, móðgi/móðgað þig eða hagi/hagað sér þannig að þú verðir/varst leið eða það vekur/vakti með þér vanlíðan?	41	47,4%	90	79,6%
Skemmi/hafi skemmt eða eyðileggi/hafi eyðilagt persónulegar eigur þínar?	6	7,0%	35	31,0%
Gruni/hafi grunað þig sífellt um að halda framhjá?	18	20,9%	56	49,6%
Krefjst/hafi krafist þess að fá að vita með hverjum þú sért og hvar þú sért öllum stundum?	28	32,6%	58	52,3%
Hafi unnið börnum þínum mein eða hótáð því?	2	2,4%	12	11,4%
Hafi unnið einhverjum sem þér þykir vænt um mein eða hótáð því?	4	4,7%	19	17,3%
Hafi hótáð að drepa þig?	6	7,0%	21	19,3%
Hafi hótáð að fyrirfara sér?	23	26,7%	40	35,7%
Hafi hótáð að vinna þér eða börnum þínum mein, ef þú yfirgæfir hann?	5	5,8%	17	16,0%


Um 80% kvennanna sögðu að fyrrverandi maki hafi uppfnefnt sig, móðgað eða hagað sér þannig að þær hafi orðið leiðar eða það hafi vakið með þeim vanlíðan. Tæplega helmingur svarenda sögðu þetta eiga við um núverandi maka. Næst algengast var að konurnar nefndu að fyrrverandi maki (71%) hefði reiðst þegar hún talaði við aðra karlmenn samanborið við 36% núverandi maka, sambúðaraðila eða kærasta. Þá nefna konurnar að fyrrverandi maki hafi reynt að hindra samskipti við fjölskyldu og vini (57%) en í 16% tilfella hjá núverandi maka (tafla 51).



#### 4.5 Samanburður við önnur lönd


Hér verða niðurstöður íslensku könnunarinnar bornar saman við niðurstöður úr fjölþjóðarannsókninni sem gerð var af Johnson og fleirum (2008). Í skýringamyndunum eru niðurstöður frá Íslandi og Danmörku settar hlið við hlið til að auðveldara sé að bera saman ofbeldi í þessum tveimur löndum. Samanborið við hin þáttökulöndin í fjölþjóðarannsókninni eru Ísland og Danmörk líkust hvað varðar menningu, lífskjör og stöðu kvenna.

Mynd 1 sýnir að sambærilegt hlutfall íslenskra og danskra kvenna (22%) hafði verið beitt einhverri tegund ofbeldis frá 16 ára aldri. Hins vegar er hlutfall kvenna sem hefur verið beitt einhverri tegund ofbeldis undanfarið ár 2% á Íslandi samanborðið við 1% í Danmörku.




Mynd 1. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi – yfir ævina og síðastliðna 12 mánuði

Öllu fleiri íslenskar konur (21%) en danskur (20%) höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri (mynd 2).



Mynd 2. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi í nánu sambandi – yfir ævina og síðastliðna 12 mánuði


Alls höfðu 6 % íslenskra og danskra kvenna verið beittar kynferðislegu ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri en í báðum löndum var hlutfall kvenna sem beittar voru kynferðislegu ofbeldi á undangengnum 12 mánuðum innan við 1 % (mynd 3).



Mynd 3. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi í nánu sambandi – yfir ævina og síðastliðna 12 mánuði

Spurt var hvort konurnar teldu að ofbeldismennirnir hefðu verið undið áhrifum áfengis, fíkniefna, lyfja eða alls þessa við síðasta ofbeldisatvik.


Eins og sjá má á mynd 4 var ofbeldismaðurinn undir áhrifum áfengis í 48% tilvika á Íslandi en 38% tilvika í Danmörku.



Mynd 4. Hlutfall kvenna sem kváðu ofbeldismann hafa verið undir áhrifum áfengis eða vímuefna


Hlutfall kvenna sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi og hlotið af því líkamlegt mein var greint eftir því hvort um núverandi eða fyrrverandi maka var að ræða.

Í öllum löndum utan Hong Kong var hærra hlutfall kvenna sem hafði orðið fyrir ofbeldi af hendi fyrrverandi maka en núverandi. Hlutfall íslenskra kvenna sem hafði verið unnið líkamlegt mein af hendi bæði núverandi og fyrrverandi maka var mun hærra en danskra kvenna. En 33% íslenskra kvenna hafði verið unnið líkamlegt mein af núverandi maka samanborið 20% danskra kvenna og 44% íslenskra kvenna hafði verið unnið líkamlegt mein af hendi fyrrverandi maka samanborið við 31% danskra kvenna (mynd 5).




Mynd 5. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi sem var unnið líkamlegt mein

Á Íslandi var algengara að ofbeldistilvik af hendi fyrirverandi maka (14%) en núverandi maka (8%) væri tilkynnt til lögreglu, sem er í samræmi við það sem þekktist alls staðar utan Danmerkur, þar sem algengara er að ofbeldi núverandi maka (13%) hafi verið tilkynnt til lögreglu en ofbeldi af hendi fyrirverandi maka (10%) (mynd 6). Danskar konur virðast því enn meðvitaðri en aðrar um mikilvægi þess að tilkynna ofbeldi til lögreglunnar og gæti það einnig bent til að það væri þeirra leið til að losa sig út úr ofbeldissambandinu.




Mynd 6. Hlutfall kvenna sem tilkynntu atvikið til lögreglunnar

Það var algengara á Íslandi (24%) en í Danmörku (20%) (og í Hong Kong) að börn hefðu orðið vitni að ofbeldisfullri hegðun af hendi fyrirverandi maka (sambýlismanns). Þetta hlutfall er lægra en í hinum löndunum (utan Hong Kong) sem tóku þátt í rannsókninni (mynd 7).



Mynd 7. Hlutfall kvenna sem sögðu að börn hafi búið á heimilinu sem urðu vitni að ofbeldisfullri hegðun (fyrirverandi) eiginmanns/sambýlismanns/kærasta

Sama hlutfall kvenna voru ófrískar við síðasta ofbeldisatvik á Íslandi og í Danmörku (5%) (einnig Tékklandi og Ástralíu).



Mynd 8. Hlutfall kvenna sem voru ófrískar við síðasta ofbeldisatvik

Hlutfallið var örlítið hærra í Póllandi (7%) en 3-4 sinnum hærra í Kostaríku (17%) sem og á Filippseyjum og Mósambík (19%) (mynd 8).

## 5 Umfang, eðli og afleiðingar ofbeldis gegn konum eftir tengslum við ofbeldismanninn

Í þessum kafla er greint frá umfangi, eðli og afleiðingum ofbeldis eftir tengslum þeirra við ofbeldismanninn. Hér er því bæði um að ræða ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og ofbeldi af hendi kunnugra eða ókunnugra karlmannna. Í fyrsta hluta er greint frá umfangi ofbeldisins, þá verður fjallað um síðasta ofbeldisatvik, hvert konurnar leita sér aðstoðar og aðkomu lögreglu. Að lokum eru niðurstöður um ofbeldi sem konur eru beittar af hendi annarra en maka bornar saman við sömu upplýsingar úr alþjóðlegu IVAWS könnuninni. Hér eftir er ofbeldi sem konur voru beittar af hendi annarra en núverandi eða fyrrverandi maka nefnt ofbeldi ekki í nánum samböndum.

### 5.1 Umfang

Hér á undan hefur verið fjallað um ofbeldi gegn konum í nánum samböndum en tæplega 10% kvenna hafa bæði verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og af öðrum körlum en þeim sem þær hafa verið í nánu sambandi við.

Tafla 52. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi bæði í nánum samböndum og ekki

	%	Vikmörk
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	9,8%	+/-1,3%
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	9,8%	+/-1,3%
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	3,8%	+/-0,8%
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	2,6%	+/-0,7%
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	1,2%	+/-0,5%

Það er því ljóst að stundum er um sömu konurnar að ræða sem hafa verið beittar ofbeldi bæði í nánu sambandi og ekki. Í töflu 53 hefur ofbeldið verið greint eftir tengslum við ofbeldismanninn.

Tafla 53. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi eftir tengslum við ofbeldismanninn

	Allt ofbeldi, hótun meðtalin	Allt ofbeldi, ekki hótun	Líkamlegt ofbeldi	Kynferðislegt ofbeldi	Þar af nauðgun eða tilraun til nauðgunar
Vinur, kunningi, yfirmaður eða vinnufélagi	13,5%	12,8%	3,3%	10,7%	4,5%
Fjölskyldumeðlimur, annar en maki	4,9%	4,9%	3,5%	1,7%	0,6%
Skjólstæðingur eða einhver annar sem konan þekkir	4,6%	4,3%	1,3%	3,1%	1,3%
Ókunnugur	14,3%	13,0%	6,3%	8,0%	3,7%
Núverandi maki (eiginmaður/sambýlismaður/kærasti)	4,5%	4,3%	3,9%	0,6%	0,5%
Fyrrv. maki (eiginmaður/sambýlismaður/kærasti)	18,7%	17,8%	16,3%	5,6%	4,2%

Eins og áður hefur komið fram er konum hættast við ofbeldi af hendi fyrrverandi maka (19%). Aftur á móti var einnig algengt að konur væru beittar ofbeldi af hendi vina, kunningja, yfirmanna eða vinnufélaga (14%) og ókunnugra (14%). Konurnar greindu hins vegar frá því að það voru oftast karlar sem þær þekktu sem beittu þær kynferðislegu ofbeldi.

Þetta sama mynstur kemur fram í töflu 54 og 55 en þar er borið saman hlutfall þeirra kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum samböndum og þeirra sem hafa verið beittar ofbeldi af öðrum en núverandi eða fyrrverandi maka.

Tafla 54. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum og ekki nánnum samböndum um ævina

	Ekki náð samband		Náð samband	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	29,3%	+/-2,0%	22,4%	+/-1,8%
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	28,1%	+/-2,0%	21,4%	+/-1,8%
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	13,2%	+/-1,5%	19,7%	+/-1,7%
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	20,5%	+/-1,8%	6,1%	+/-1,0%
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	9,7%	+/-1,3%	4,6%	+/-0,9%

Tafla 55. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánum og ekki nánum samböndum á sl. 12 mánuðum

	Ekki náið samband		Náið samband	
	%	Vikmörk	%	Vikmörk
Allt ofbeldi, kynferðislegt og líkamlegt (sp. 1-12)	2,4%	+/-0,7%	1,6%	+/-0,5%
Allt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-12)	2,2%	+/-0,6%	1,3%	+/-0,5%
Líkamlegt ofbeldi, ekki hótun (sp. 2-7)	1,0%	+/-0,4%	1,2%	+/-0,5%
Kynferðislegt ofbeldi (sp. 8-12)	1,4%	+/-0,5%	0,1%	+/-0,1%
Nauðgun eða tilraun til nauðgunar (sp. 8 og 9)	0,3%	+/-0,2%	0,0%	+/-0,0%

Eins og áður hefur verið getið eru hóparnir tveir þó ekki óháðir því í sumum tilvikum var sama konan beitt ofbeldi í nánu sambandi og ekki nánu sambandi. Vikmörkin gefa til kynna hvort tölfræðilega marktækur munur er á hlutfalli ofbeldis í hópunum tveimur. Ef vikmörkin skarast ekki er tölfræðilega marktækur munur á þeim sem urðu fyrir ofbeldi í nánum samböndum og þeim sem urðu fyrir ofbeldi af hendi annarra en maka. Sé litið til ofbeldis sem konur hafa verið beittar um ævina er marktækur munur á umfangi alls ofbeldis, líkamlegs ofbeldis, kynferðislegs ofbeldis og nauðgunar eftir því hvort ofbeldið átti sér stað í nánu eða ekki í nánu sambandi. Hlutfallslega fleiri konur hafa verið beittar ofbeldi af hendi manns sem þær áttu ekki í nánu sambandi við en af hendi núverandi eða fyrrverandi maka. Ekki reyndist munur á umfangi ofbeldis á síðustu 12 mánuðum eftir sambandi kvennanna við ofbeldismanninn, ef frá er talið kynferðislegt ofbeldi. Meiri líkur eru á að konur hafi verið beittar kynferðislegu ofbeldi á síðustu 12 mánuðum af hendi manns sem þær áttu ekki í nánu sambandi við en af hendi núverandi eða fyrrverandi maka.

## 5.2 Síðasta ofbeldisatvik

Konurnar voru spurðar sérstaklega út í síðasta ofbeldisatvik. Niðurstöður í töflu 56 sýna að þrátt fyrir að ofbeldi ekki í nánu sambandi hafi oftast ekki átt sér stað á heimili kvennanna (eða garði) (23%) er hlutfallið mun lægra en þegar um náið samband var að ræða. Aðrir staðir sem algengt var að konurnar nefndu voru barir, dansstaðir (14,5%) eða vinnustaður (13%). Þetta er í samræmi við það að ofbeldið er ekki í nánu sambandi og á sér því í meira mæli stað utan veggja heimilis kvennanna eða ofbeldismannanna sjálfra.



Tafla 56. Samanburður á staðsetningu síðasta ofbeldisatviks eftir því hvort um náð samband eða ekki er að ræða

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Á heimili þínu eða úti í garði við heimili svarenda	132	22,5%	299	67,8%
Heimili hans eða úti í garði við heimili hans	72	12,3%	44	10,0%
Heimili annars eða garði	63	10,8%	26	5,9%
Á götu, í húsasundi	48	8,2%	10	2,3%
Í bíl/á bílastæði	17	2,9%	12	2,7%
Á vinnustað	75	12,8%	6	1,4%
Á bar, dansstað	85	14,5%	17	3,9%
Á fáförnu svæði, útivistarsvæði, garði, tjaldstæði	27	4,6%	6	1,4%
Í opinberri byggingu	7	1,2%	1	0,2%
Skóla, háskóla, stúdentagarði	9	1,5%	3	0,7%
Í almenningssamgöngutæki	5	0,9%	0	0,0%
Á hóteli eða í sumarbústað	15	2,6%	6	1,4%
Annars staðar	31	5,3%	11	2,5%
<b>Alls</b>	<b>586</b>	<b>100%</b>	<b>441</b>	<b>100%</b>

Hærra hlutfall kvenna í nánu sambandi mat síðasta ofbeldisatvik mjög eða nokkuð alvarlegt samanborið við konur ekki í nánu sambandi. Hafa verður í huga að oft er um að ræða endurtekin ofbeldisatvik hjá konum í nánum samböndum og ekki er óþekkt að ofbeldið fari stigvaxandi (tafla 57).

Tafla 57. Samanburður á alvarleika síðasta ofbeldisatviks að mati kvennanna

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Mjög alvarlegt	173	29,4%	167	38,3%
Nokkuð alvarlegt	220	37,4%	164	37,6%
Ekki sérstaklega alvarlegt	195	33,2%	105	24,1%
<b>Alls</b>	<b>588</b>	<b>100%</b>	<b>436</b>	<b>100%</b>

Um 19% svarenda sögðu að sér hafi verið unnið líkamlegt mein við síðasta ofbeldisatvik. Þær konur sem sögðu slíkt eiga við sig voru spurðar að því hvaða áverka þær hlutu við atvikið. Hlutfallslega fleiri konur höfðu hlotið yfirborðsskrámur eða skeinur í nánu sambandi (59%) en ekki í nánu sambandi (52%). Sama má segja um mar (36% í nánu sambandi samanborið við 21% ekki í nánu sambandi). Hins vegar höfðu hlutfallslega fleiri konur sem voru beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi hlotið áverka á höfði eða heila (15%) en konur í nánu sambandi (tafla 58).

Tafla 58. Samanburður á áverkum við síðasta ofbeldisatvik

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Yfirborðsskrámur/skeinur	58	52,3%	102	58,3%
Skurðsár/brunasár/o.s.frv.	13	11,7%	19	10,9%
Brákaðist	8	7,2%	10	5,7%
Áverkar á höfði eða heila	17	15,3%	17	9,7%
Beinbrot, nefbrot	12	10,8%	20	11,4%
Innvortis meiðsl	6	5,4%	4	2,3%
Áverkar á kynfærum	4	3,6%	1	0,6%
Mar	23	20,7%	63	36,0%
Annað	3	2,7%	16	9,1%
<b>Alls</b>	<b>144</b>	<b>129,7%<sup>i</sup></b>	<b>252</b>	<b>144,0%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Ef miðað er við síðasta ofbeldisatvik er eðli ofbeldis í nánu og ekki nánu sambandi nokkuð ólíkt. Meirihluti kvenna í nánu sambandi lýsti líkamlegu ofbeldi, eins og að þeim hafi verið hrint, þrifið í þær, o.s.frv. (62%) og 38% sögðu að þær hafi verið slegnar með flötum lófa, o.s.frv. (55%). Aftur á móti greindu hlutfallslega flestar konur sem höfðu verið beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi frá kynferðislegu ofbeldi. Meirihluti þessara kvenna (54%) sagði að þær hafi verið snertar kynferðislega (54%) og þriðjungur sagði að einhver hafi gert tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun (tafla 59).

Tafla 59. Samanburður á eðli ofbeldis gegn konum

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Hótun um líkamlegt mein	136	23,8%	145	34,7%
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	53	9,3%	94	22,5%
Hrint, þrifið í, snúið upp á handlegg eða hárreytt	182	31,8%	260	62,2%
Slegið með flötum lófa, sparkað, bitið, barið með kr. hnefa	100	17,5%	159	38,0%
Reynt að kyrkja, kæfa eða brenna	11	1,9%	39	9,3%
Hníf eða byssu beitt eða hótad að beita	22	3,8%	23	5,5%
Annað líkamlegt ofbeldi, þó ekki kynferðislegt	64	11,2%	54	12,9%
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	85	14,9%	64	15,3%
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	187	32,7%	69	16,5%
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	307	53,7%	101	24,2%
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	6	1,0%	6	1,4%
Annað kynferðislegt ofbeldi	22	3,8%	10	2,4%
<b>Alls</b>	<b>1175</b>	<b>205,4%<sup>i</sup></b>	<b>1024</b>	<b>245,0%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Algennt er að konur sem beittar hafa verið ofbeldi telji að ofbeldismaðurinn hafi verið undir áhrifum, sérstaklega áfengis en einnig lyfja eða hvoru tveggja. Þetta átti bæði við ofbeldi í

nánu sambandi og ekki. Hlutfallið var þó enn hærra þegar um var að ræða ofbeldi sem átti sér stað í nánu sambandi (67%) en þegar ekki var um slíkt samband að ræða (59%) (tafla 60).

Tafla 60. Hafðir þú á tilfinningunni að hann (þeir) væri/væru undir áhrifum fíkniefna, lyfja eða áfengis þegar síðasta ofbeldisatvikið átti sér stað?

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, undir áhrifum áfengis	312	54,7%	209	47,7%
Já, undir áhrifum fíkniefna eða lyfja	25	4,4%	18	4,1%
Já, undir áhrifum áfengis og lyfja/annarra fíkniefna	48	8,4%	31	7,1%
Hvorugt	185	32,5%	180	41,1%
<b>Alls</b>	<b>570</b>	<b>100%</b>	<b>438</b>	<b>100%</b>

Að verða fyrir ofbeldi er mikil raun og erfitt að glíma við slíka reynslu. Spurningin er hvort konurnar hafi drukkið eða tekið lyf til að reyna að komast yfir reynsluna. Lítil munur reyndist vera á konunum í hópnum tveimur þar sem tæplega 14% kvenna í nánu sambandi höfðu fengið sér í glas, tekið inn lyf eða hvoru tveggja til að komast yfir reynsluna samanborið við 12% kvenna ekki í nánu sambandi (tafla 61).

Tafla 61. Hefur þú einhvern tíma drukkið áfengi eða tekið lyf til að komast yfir þessa reynslu?

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Já, áfengi	49	8,3%	35	8,1%
Já, lyf	8	1,4%	13	3,0%
Já, áfengi og lyf	15	2,5%	15	3,5%
Nei	517	87,8%	371	85,5%
<b>Alls</b>	<b>589</b>	<b>100%</b>	<b>434</b>	<b>100%</b>

### 5.2.1 Leitað aðstoðar

Áður hefur komið fram að konur sem höfðu orðið fyrir ofbeldi í nánum samböndum leituðu mikið til fjölskyldu sinnar í stað eða til viðbótar við að leita til stofnanna og samtaka sem veita konum sem hafa verið beittar ofbeldi þjónustu og stuðning. Umhugsunarvert er að ennþá hærra hlutfall þeirra kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi höfðu ekki samband við nein samtök eða stofnanir eftir að hafa verið beittar ofbeldi.

Tafla 62. Hlutfall kvenna sem höfðu samband við samtök og stofnanir, sem geta aðstoðað konur

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Kvennaathvarfið	9	1,5%	28	6,4%
Stígamót	19	3,2%	17	3,9%
Kvennaráðgjöf/Hlaðvarpi	0	0,0%	2	0,5%
Neyðarmóttaka v/nauðgunar	6	1,0%	0	0,0%
Félagsþjónusta sveitarfélaga	0	0,0%	1	0,2%
Slysadeild	5	0,9%	9	2,1%
Rauði krossinn	1	0,2%	0	0,0%
Aðrir sem veitt geta ráðgjöf	27	4,6%	48	11,0%
Annað	3	0,5%	10	2,3%
Hafði ekki samband við nein samt	527	89,6%	345	78,8%
<b>Alls</b>	<b>597</b>	<b>101,5%<sup>i</sup></b>	<b>461</b>	<b>105,0%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Þótt einungis lítill hluti kvenna hafi leitað til samtaka eða stofnana sem aðstoða konur, voru þær konur sem það gerðu almennt mjög ánægðar með þjónustu þeirra stofnana sem þær leituðu til (tafla 63).

Tafla 63. Hversu gagnleg voru þessi samtök, stofnanir eða aðilar?

	Ekki náð samband			Náð samband		
	Mjög gagnleg/að hluta til gagnleg	Alls ekki gagnleg	Fjöldi	Mjög gagnleg/að hluta til gagnleg	Alls ekki gagnleg	Fjöldi
Kvennaathvarfið	100,0%	0,0%	8	92,3%	7,7%	26
Stígamót	88,9%	11,1%	18	82,3%	17,6%	17
Slysavarðstofa/hjálparsími RKÍ	83,3%	16,7%	6	77,8%	22,2%	9
Önnur ráðgjöf	100,0%	0,0%	15	86,1%	13,9%	36

Konur sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og þær sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka sögðu fyrst og fremst fjölskyldu og vinum frá ofbeldinu. Öllu fleiri konur sem voru beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi (12%) sögðu yfirmanni eða vinnufélaga frá atvikinu en konur í nánu sambandi (3%).

Tafla 64. Aðrir aðilar sem leitað hefur verið til

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Náinn fjölskyldumeðlimur	302	51,4%	198	52,4%
Annar fjölskyldumeðlimur	87	14,8%	50	13,2%
Vinur/nágranni	325	55,3%	196	51,9%
Vinnufélagi/yfirmaður/skólafélagi	68	11,6%	12	3,2%
Prestur eða starfsmaður trúfélags	3	0,5%	8	2,1%
Læknir, hjúkrunarfræðingur	22	3,7%	25	6,6%
Sálfræðingur, geðlæknir, félagsráðgjafi	45	7,7%	68	18,0%
Aðrir	6	1,0%	6	1,6%
Ekkert að ofantöldu	107	18,2%	73	19,3%
<b>Alls</b>	<b>965</b>	<b>164,2%<sup>i</sup></b>	<b>636</b>	<b>168,3%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

### 5.2.2 Kærur/tilkynningar til lögreglu

Hér verður fjallað um aðkomu lögreglunnar í málum þar sem konur eru beittar ofbeldi eftir tengslum þeirra við ofbeldismanninn. Um það bil helmingur kvennanna sögðu síðasta atvik hafa verið rangt en ekki refsivert athæfi. Um það bil 30% (29-32,5%) kvennanna mátu síðasta ofbeldisatvik refsivert (tafla 65).

Tafla 65. Var þetta atvik að þínu mati refsivert athæfi, rangt en ekki refsivert athæfi eða bara eitthvað sem gerist?

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Athæfið var refsivert	167	29,0%	139	32,5%
Athæfið var rangt, en ekki refsivert	299	51,9%	209	48,8%
Athæfið var bara eitthvað sem gerðist	110	19,1%	80	18,7%
<b>Alls</b>	<b>576</b>	<b>100%</b>	<b>428</b>	<b>100%</b>

Svipað hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi í nánu sambandi og þær sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka tilkynntu síðasta ofbeldisatvik til lögreglu (13%) (tafla 66). Þetta bendir til þess að það séu önnur atriði en nán tengsl við ofbeldismanninn sem hafa áhrif á það hvort konurnar tilkynna lögreglunni um ofbeldið.

Tafla 66. Tilkynntir þú atvikið til lögreglunnar?

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Já	69	12,5%	54	13,1%
Nei, en lögreglan fékk upplýsingar um það á annan hátt	19	3,4%	16	3,9%
Nei, og lögreglan fékk ekki upplýsingar um atvikið	463	84,0%	343	83,1%
<b>Alls</b>	<b>551</b>	<b>100%</b>	<b>413</b>	<b>100%</b>

Þær sem tilkynntu ekki atvikið til lögreglunnar voru spurðar um ástæðu þess (tafla 67). Heldur meira var um að konur sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka ákváðu að kæra ekki síðasta ofbeldisatvik til lögreglu þar sem þeim fannst það ekki nógu alvarlegt eða hugsuðu ekki út í það (56%) en konur sem höfðu verið beittar ofbeldi í nánu sambandi (44%).

Tafla 67. Af hverju tilkynntir þú ekki atvikið til lögreglunnar?

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Ég tókst á við það sjálf/Sagði vinkonu eða vini frá því	66	14,8%	67	20,5%
Smávægilegt/Ekki nógu alvarlegt/Hugsaði ekki út í það	249	55,8%	144	44,0%
Hélt að lögreglan myndi ekki gera neitt	12	2,7%	9	2,8%
Hélt að lögreglan gæti ekki gert neitt	5	1,1%	1	0,3%
Af ótta við ofbeldismanninn/Af ótta við hefnd	13	2,9%	24	7,3%
Skammarlegt/Vandræðalegt/Kenndi sjálfri mér um	54	12,1%	31	9,5%
Vildi ekki að neinn vissi af þessu/Hélt þessu leyndu	11	2,5%	24	7,3%
Vildi ekki að maðurinn yrði handt./Hef átt í útist. við lögr.	7	1,6%	1	0,3%
Enginn hefði trúað mér	15	3,4%	6	1,8%
Hluti af vinnunni/Fylgir vinnunni	8	1,8%	1	0,3%
Tilkynnt til annars aðila	3	0,7%	1	0,3%
Annað	48	10,8%	41	12,5%
<b>Alls</b>	<b>491</b>	<b>110,1%<sup>i</sup></b>	<b>350</b>	<b>107,0%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Þær konur sem sögðust hafa tilkynnt síðasta ofbeldisatvik til lögreglunnar voru spurðar nánar út í samskipti sín við lögregluna. Samkvæmt konunum eru þau úrræði sem lögreglan veitir þolendum ofbeldis nánast þau sömu hvort sem um er að ræða ofbeldi í nánu sambandi eða ekki (tafla 68). Athygli vekur að algengara var að lögreglan hafði handtekið eða veitt ofbeldismanninum tiltal ef um ofbeldi í nánu sambandi var að ræða en þegar svo var ekki.

Tafla 68. Hvað gerði lögreglan til að hjálpa þér?

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Skrifaði skýrslu	23	33,8%	15	36,6%
Handtók hann (þá)	12	17,6%	10	24,4%
Veitti honum (þeim) tiltal	7	10,3%	6	14,6%
Veitti mér vernd	5	7,4%	0	0,0%
Hélt honum (þeim) frá mér	3	4,4%	2	4,9%
Sá til þess að málið var rannsakað	4	5,9%	2	4,9%
Veitti mér uppl. um mögul. mína skv. lögnum	4	5,9%	4	9,8%
Annað	12	17,6%	8	19,5%
Lögreglan gerði ekki neitt	16	23,5%	9	22,0%
<b>Alls</b>	<b>86</b>	<b>126,5%<sup>i</sup></b>	<b>56</b>	<b>136,6%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Konurnar voru spurðar að því hvort lögreglan hefði átt að gera eitthvað annað til að hjálpa þeim (tafla 69). Um helmingur sagði svo vera. Alls sögðu 20% þeirra sem voru beittar ofbeldi af öðrum en maka að lögreglan hefði mátt taka frásögn sína af alvöru, hlustað á sig eða stutt sig. Heldur lægra hlutfall kvenna (17%) var á sömu skoðun (ofbeldi í nánu sambandi).

Tafla 69. Er eitthvað annað sem lögreglan hefði átt að gera til að hjálpa þér?

	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Útskýrt fyrir mér hvernig gangur málsins yrði	3	4,9%	2	3,8%
Komið fyrir á staðinn	2	3,3%	2	3,8%
Kært/handtekið hann	7	11,5%	6	11,3%
Veitt honum tiltal	4	6,6%	3	5,7%
Tekið frásögn mína af alvöru / hlustað/stutt mig	12	19,7%	9	17,0%
Farið með hann/úrskurða nálgunarbann	1	1,6%	4	7,5%
Visað mér á Kvennaathvarf	3	4,9%	2	3,8%
Veitt vernd/hjálpað mér við að yfirgefa húsið	1	1,6%	4	7,5%
Farið með mig á sjúkrahús/til lækni	2	3,3%	2	3,8%
Annað	10	16,4%	5	9,4%
Nei, ekkert	30	49,2%	29	54,7%
<b>Alls</b>	<b>75</b>	<b>123,0%<sup>i</sup></b>	<b>68</b>	<b>128,3%<sup>i</sup></b>

<sup>i</sup> Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%

Heldur lægra hlutfall kvenna sem voru beittar ofbeldi ekki í nánu sambandi (59%) voru mjög sáttar eða sáttar við hvernig lögreglan tók á málinu samanborið við konur í nánnum samböndum (65%) (tafla 70).

Tafla 70. Hversu sátt ert þú við hvernig lögreglan tók á málinu?


	Ekki náð samband		Náð samband	
	Fjöldi svara	Hlutfall	Fjöldi svara	Hlutfall
Mjög sátt	21	33,3%	18	34,6%
Sátt	16	25,4%	16	30,8%
Ósátt	16	25,4%	5	9,6%
Mjög ósátt	10	15,9%	13	25,0%
<b>Alls</b>	<b>63</b>	<b>100%</b>	<b>52</b>	<b>100%</b>



### 5.3 Samanburður við önnur lönd


Þótt meginumfjöllunarefni þessarar skýrslu sé ofbeldi sem konur verða fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka, er hér til fróðleiks greint frá umfangi ofbeldis sem konur verða fyrir af hendi annarra en maka (þ.e. ofbeldi ekki í nánnum samböndum) í þeim löndum sem IVAWS rannsóknin náði til. Eins og áður eru Ísland og Danmörk höfð hlið við hlið til að auðvelda samanburð þessara tveggja landa sem eru líkust að samfélagsgerð.

Mun færri íslenskar konur (29%) hafa orðið fyrir ofbeldi frá 16 ára aldri en danskar (37%) og heldur færri en í Sviss eða Ástralíu (31%).




Mynd 9. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánnum sambandi, einhvern tíma frá 16 ára aldri

Mun lægra hlutfall íslenskra kvenna (16%) hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi ekki í nánnum sambandi en kynsystur þeirra í Danmörku (22%) og hlutfallið er einnig heldur lægra en í Sviss (17%) (mynd 10).




Mynd 10. Hlutfall kvenna sem hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi, ekki í nánu sambandi, einhvern tíma frá 16 ára aldri

Hlutfall íslenskra kvenna sem höfðu verið beittar kynferðislegu ofbeldi frá 16 ára aldri ekki í nánu sambandi var 21% sem var jafnhátt og í Sviss en heldur lægra en gerðist meðal danskra kvenna (23%). Ástæður þess að konur í löndum eins og Hong Kong, Filippseyjum og Mósambík urðu sjaldnar fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi annarra en maka kunna að liggja í því að þær lifi í verndaðra umhverfi, vinni inni á heimilum, umgangist nær eingöngu fjölskyldu og séu lítið á almannafæri (mynd 11).




Mynd 11. Hlutfall kvenna sem hafa verið beittar kynferðislegu ofbeldi, ekki í nánu sambandi, einhvern tíma frá 16 ára aldri

Á mynd 12 má sjá að tæplega fjórðungur íslenskra kvenna sem voru beittar ofbeldi af ókunnugum var unnið líkamlegt mein. Þetta hlutfall er meira en helmingi hærra en meðal danskra kvenna.



Mynd 12. Hlutfall kvenna sem var unnið líkamlegt mein, ekki í nánu sambandi.

Á mynd 13 má sjá að hlutfallslega fáar konur (8-18%) kærðu ofbeldi til lögreglu. Sama hlutfall kvenna á Íslandi og í Danmörku (18%) hafði tilkynnt ofbeldi af hálfu ókunnugra til lögreglu. Heldur lægra hlutfall kvenna (8%) á Íslandi hafði tilkynnt um ofbeldisatvik sem þær urðu fyrir af hendi vina, kunningja eða skyldmenna en í Danmörku (10%).



Mynd 13. Hlutfall kvenna sem tilkynntu síðasta ofbeldisatvik, ekki í nánu sambandi, til lögreglu

Kærur til lögreglu voru svipaðar í löndunum níu. Ástralskar konur voru þó líklegastar til að kæra ofbeldi af hendi ókunnugra en hvað varðar kærur vegna ofbeldis kunnugra voru þær svipaðar og hjá konum í hinum löndunum átta.

## 6 Lokaorð

Hér verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar dregnar saman og rætt um þær í ljósi fyrri rannsókna á sviðinu. Greint hefur verið frá ofbeldi sem konur verða annars vegar fyrir af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og hins vegar ofbeldi sem þær verða fyrir af hendi annarra. Í skýrslunni var lögð megináhersla á að greina frá ofbeldi í nánnum samböndum þar sem markmiðið er að afla upplýsinga sem geta nýst stjórnvöldum við aðgerðaáætlanir gegn ofbeldi í nánnum samböndum.

Ofbeldi í nánnum samböndum er alvarlegt alþjóðlegt vandamál. Á Íslandi hafa ekki verið gerðar margar rannsóknir á ofbeldi í nánnum samböndum. Fyrsta íslenska rannsóknin á ofbeldi í nánnum samböndum var gerð árið 1979 en hún byggði á sjúkraskrá slysaveiðstofu Borgarspítala og sýndi að ofbeldi gegn konum var til staðar hér á landi eins og annars staðar (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, 1981).

Þá var unnin umfangsmikil könnun á umfangi og eðli ofbeldis í nánnum samböndum árið 1996 að frumkvæði dómsmálaráðuneytisins (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997). Í framhaldinu vann Ingólfur V. Gíslason (2008) fræðslurit fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið fyrir ýmsar fagstéttir, sem byggir að hluta til á rannsókninni frá 1996. Þessi rannsókn var sú umfangsmesta sem unnin hafði verið fram að því.

Í rannsókninni 1996 var tekið 3000 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 74% og voru 52,2% svarenda konur og 47,8% karlmenn á aldrinum 18-65 ára (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, febrúar 1997). Áhugi á ofbeldi gegn konum hefur farið vaxandi. Sem dæmi má nefna að nýlega hefur komið út bók sem ber heitið *Ofbeldi*, margbreytileg birtingarmynd (Erla Kolbrún Svavarsdóttir (ritstj.), 2010). Hér verður aðallega fjallað um þær niðurstöður sem snúa að konunum.

Taka verður tillit til að margt hefur breyst í samfélaginu og umræðan um ofbeldi gegn konum aukist til muna.

Þrátt fyrir að könnunin sem gerð var 1996 og sú er þessi skýrsla byggir á séu ekki sambærilegar, er forvitnilegt að bera saman þætti sem gefa vísbendingar um þróun á ofbeldi. Í niðurstöðum könnunarinnar frá 1996 (Ingólfur V. Gíslason, 2008) kom í ljós að 29% kvenna hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi<sup>4</sup> samanborið við 30% kvenna árið 2008. Samkvæmt þessu hefur líkamlegt ofbeldi gegn konum ekki aukist á þessum 12 árum sem skilja á milli þessara tveggja kannana.

Ef skoðað er hvernig skipting ofbeldis er eftir því hvort um náð samband er að ræða má sjá að árið 1996 höfðu 14% kvenna orðið fyrir líkamlegu ofbeldi<sup>5</sup> í nánu sambandi en 2008 var

---

<sup>4</sup> Af núverandi, fyrrverandi maka eða öðrum.

<sup>5</sup> Í nánu sambandi

hlutfallið 20%. Miðað við þetta er ekki að sjá að líkamlegt ofbeldi gegn konum í nánu sambandi hafi aukist svo neinu nemi.

Ef bornar eru saman niðurstöður fyrir ofbeldi ekki í nánu sambandi, breytist myndin. Í könnuninni 1996 (sama heimild) hafa 15% kvenna orðið fyrir líkamlegu ofbeldi en 2008 er hlutfallið 13%. Þetta getur bent til að ofbeldi af hendi annarra en maka hafi staðið í stað eða jafnvel minnkað lítið eitt.

Í báðum könnunum var spurt um líkamlegt ofbeldi í nánu sambandi síðastliðna 12 mánuði. Engin breyting er á hlutfalli kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi undangengna 12 mánuði og er hlutfallið rúmlega 1% í báðum könnunum.

Með samanburði við rannsókn frá árinu 1996 hefur í þessum kafla verið gerð tilraun til að meta hvort ofbeldi hafi aukist í íslensku samfélagi síðastliðin 10 ár. Þessi samanburður gefur vísbendingar um að ofbeldi gegn konum hafi staðið í stað. Afar mikilvægt er þó að alhæfa ekki út frá þessum samanburði þar sem kannanirnar tvær eru ekki sambærilegar.

Auk þess sem niðurstöður könnunarinnar voru bornar saman við niðurstöður könnunar frá árinu 1996 voru þær í skýrslunni bornar saman við niðurstöður úr fjölþjóðakönnuninni IVAWS (Johnson o.fl., 2008). Sú könnun var framkvæmd í mjög ólíkum löndum og af henni sést að umfang og eðli ofbeldis gegn konum er minna í löndum þar sem staða kvenna er betri en í löndum þar sem þæra hafa litla eða enga möguleika á að koma sér úr ofbeldissambandinu. Umfang og eðli ofbeldis á Íslandi svipaði um margt til Danmerkur enda þjóðfélagsgerð og staða kvenna svipuð í alþjóðlegum samanburði.

## 7 Heimildir

Buckley, H., Horwath, J., og Wheelan, S. (2006). *Framework for assessment of vulnerable children and their families*. Dublin, Children's Research Centre, Trinity College and Sheffield: Sheffield University.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir. (2010). *Ofbeldi, margbreytileg birtingarmynd*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediksdóttir. (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Geðvernd* 17,7-31.

Holt, S., Buckley, H. og Whelan, S. (2008). The impact of exposure to domestic violence on children and young people: A review of the literature. *Child Abuse and Neglect*, 32, 797-810.

Hydén, M. (1998). *Woman battering as a marital act – the construction of a violent marriage*. Oslo: Scandinavian Press.

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánnum samböndum. Orsakir, afleiðingar og úrræði*. Félagsþjónustan. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Johnson, H., Ollus, N. og Nevala, S. (2008). *Violence Against Women. An International perspective*. Helsinki: Springer.

Lög (137/2000) um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Mäkelä, P., Gmel, G., Grittner, U., Kuendig, H., Kuntsche, S., Bloomfield, K. & Room, R. (2006). Drinking patterns and their gender differences in Europe. *Alcohol and Alcoholism*, Vol. 41., Supplement 1, October/November, i8-i18.

McGee, C. (2000). *Childhood experience of domestic violence*. London and Philadelphia: Jessica Kingsley Publishers.

Mannfjöldaspá Hagstofunnar. (jan. 2009). Sótt þann 9. sept. 2009 af:  
<http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Framreikningur-mannfjoldans>





## 8 Fylgiskjöl

Tafla 71. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi ekki í nánu sambandi, greint eftir búsetu

	Höfuðborgar				Vestfirðir og Norðurland				Norðurland eystra og Suðurland			
	svæðið (N=1292)		Reykjanes (N=112)		Vesturland (N=106)		Norðurland vestra (N=101)		Austurland (N=260)		Suðurland (N=176)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
Allt ofbeldi												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri*	29,1%	375	31,3%	35	14,2%	15	28,0%	28	29,5%	76	24,1%	42
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	2,2%	28	0,9%	1	1,9%	2	2,0%	2	3,1%	8	1,1%	2
Líkamlegt ofbeldi												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	13,4%	173	15,2%	17	3,8%	4	16,0%	16	13,6%	35	13,8%	24
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	0,9%	11	0,0%	0	0,9%	1	2,0%	2	1,9%	5	0,6%	1
Kynferðislegt ofbeldi												
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	21,6%	278	20,5%	23	13,2%	14	18,0%	18	21,3%	55	16,1%	28
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	1,7%	22	0,9%	1	0,9%	1	0,0%	0	1,2%	3	0,6%	1

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>óg</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 72. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir aldri

	18-24 ára (N=247)		25-44 ára (N=826)		45-64 ára (N=711)		65-80 ára (N=257)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
	Allt ofbeldi							
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	34,8%	86	29,7%	245	25,6%	182	16,3%	42
Síðustu 12 mánuði***	9,3%	23	2,1%	17	0,4%	3	0,4%	1
Líkamlegt ofbeldi								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	18,6%	46	13,6%	112	10,3%	73	6,2%	16
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	4,9%	12	0,8%	7	0,1%	1	0,0%	0
Kynferðislegt ofbeldi								
Einhvern tíma frá 16 ára aldri*	24,3%	60	21,7%	179	20,1%	143	14,0%	36
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	5,7%	14	1,5%	12	0,3%	2	0,4%	1

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>óg</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 73. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir hjúskaparstöðu

	Gift (N=988)		Fráskilin (N=241)		Hvorki gift né fráskilin (N=811)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
Allt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	22,3%	220	36,5%	88	30,5%	247
Síðustu 12 mánuði***	0,6%	6	4,1%	10	3,5%	28
Líkamlegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	9,6%	95	14,5%	35	14,4%	117
Síðustu 12 mánuði***	0,1%	1	2,1%	5	1,7%	14
Kynferðislegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri***	16,7%	165	29,5%	71	22,4%	182
Síðustu 12 mánuði**	0,5%	5	2,9%	7	2,1%	17

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>ög</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 74. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir menntun

	Grunnskólapróf (N=695)		Framhaldsskólapróf (N=648)		Háskólapróf (N=617)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
Allt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	27,1%	188	27,2%	176	27,2%	168
Síðustu 12 mánuði*	3,0%	21	2,5%	16	0,8%	5
Líkamlegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	14,0%	97	11,9%	77	10,5%	65
Síðustu 12 mánuði**	1,4%	10	1,5%	10	0,0%	0
Kynferðislegt ofbeldi						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	19,9%	138	21,0%	136	20,4%	126
Síðustu 12 mánuði	2,0%	14	1,2%	8	0,8%	5

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>ög</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 75. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir atvinnuþátttöku

	Í launuðu starfi á heimilinu eða utan heimilis (N=1504)		Ekki í launuðu starfi (N=531)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
<b>Allt ofbeldi</b>				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	27,1%	407	27,7%	147
Síðustu 12 mánuði	1,9%	28	3,0%	16
<b>Líkamlegt ofbeldi</b>				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	11,7%	176	13,2%	70
Síðustu 12 mánuði*	0,7%	10	1,9%	10
<b>Kynferðislegt ofbeldi</b>				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	20,6%	310	20,3%	108
Síðustu 12 mánuði	1,4%	21	1,5%	8

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>ög</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 76. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánu sambandi, greint eftir tekjum kvennanna

	Undir 250 þús. (N=926)		250-399 þús. (N=616)		400 þús. eða hærri (N=252)	
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>
<b>Allt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	28,9%	267	27,3%	168	28,6%	72
Síðustu 12 mánuði	2,5%	23	1,8%	11	1,2%	3
<b>Líkamlegt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	13,9%	129	10,6%	65	12,3%	31
Síðustu 12 mánuði	1,2%	11	0,6%	4	0,0%	0
<b>Kynferðislegt ofbeldi</b>						
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	21,5%	199	21,3%	131	20,6%	52
Síðustu 12 mánuði	1,7%	16	1,1%	7	1,2%	3

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>ög</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 77. Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, ekki í nánú sambandi, greint eftir heimilistekjum

	Undir 250 þús.				250-399 þús.				400-599 þús.				600-799 þús.				800 þús. eða hærrí			
	(N=266)		(N=397)		(N=406)		(N=289)		(N=266)		(N=266)		(N=266)		(N=266)		(N=266)			
	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>		
Allt ofbeldi																				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	36,5%	97	28,5%	113	26,6%	108	22,8%	66	29,7%	79										
Síðustu 12 mánuði	3,8%	10	2,8%	11	1,7%	7	1,4%	4	1,5%	4										
Líkamlegt ofbeldi																				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri	16,5%	44	11,3%	45	12,8%	52	11,1%	32	11,7%	31										
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	2,3%	6	1,3%	5	0,5%	2	0,3%	1	0,8%	2										
Kynferðislegt ofbeldi																				
Einhvern tíma frá 16 ára aldri**	28,2%	75	21,9%	87	20,0%	81	15,2%	44	23,3%	62										
Síðustu 12 mánuði <sup>óg</sup>	2,6%	7	1,8%	7	1,2%	5	1,0%	3	0,8%	2										

\* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ ; <sup>óg</sup> Ógilt kí-kvaðratpróf vegna fámennis í hópum

Tafla 78. Alvarleiki síðasta ofbeldisatviks, ekki í nánu sambandi, greindur eftir því hvers konar ofbeldi er um að ræða

	Mjög alvarlegt	Nokkuð alvarlegt	Ekki sérstaklega alvarlegt	Alls	Fjöldi
Hótun um líkamlegt mein	52,0%	38,0%	10,0%	100%	50
Einhverju hent á eftir viðkomandi eða barið með einhverju	52,2%	43,5%	4,3%	100%	23
Hrint, þrifið í, snúið upp á handlegg eða hárreytt	53,2%	37,1%	9,7%	100%	62
Slegið með flötum lófa, sparkað, bitið, barið með kr. hnefa	52,5%	35,0%	12,5%	100%	40
Reynt að kyrkja, kæfa eða brenna t.d. með því að skvetta á þig vökva	83,3%	16,7%	0,0%	100%	6
Hnifi eða byssu beitt eða hótáð að beita	20,0%	60,0%	20,0%	100%	5
Annað líkamlegt ofbeldi, þó ekki kynferðislegt	40,0%	44,0%	16,0%	100%	25
Þvingun til samfara með ofbeldi eða hótun	57,1%	33,3%	9,5%	100%	42
Tilraun til samfara með ofbeldi eða hótun	46,8%	43,0%	10,1%	100%	79
Kynferðisleg snerting sem olli vanlíðan	41,2%	37,7%	21,1%	100%	114
Þvingað eða reynt að þvinga til kynlífs með öðrum	40,0%	60,0%	0,0%	100%	5
Annað kynferðislegt ofbeldi	27,3%	54,5%	18,2%	100%	11





HÁSKÓLI ÍSLANDS



**RBF**  
RANNSÓKNASETUR Í  
BARNA- OG FJÖLSKYLDUVERND

# **Rannsókn á ofbeldi gegn konum**

## **Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar**

**Anni G. Haugen**

**Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd**  
**Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið**  
**Október 2009**

## **Formáli félags- og tryggingamálaráðuneytis í rannsókninni um félagsþjónustu og barnavernd.**

Rannsókn þessi er þáttur í aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum. Aðgerðaáætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006.

Einn liður í aðgerðaáætluninni er rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið er ábyrgðaraðili þeirrar rannsóknar.

Rannsóknin skiptist í sex hluta, símakönnun annars vegar og rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og félagasamtökum hins vegar.

Þessi hluti rannsóknarinnar tekur til félagsþjónustu og barnaverndar. Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í félags- og tryggingamálaráðuneyti með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Rannsóknin var framkvæmd af Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd í Háskóla Íslands undir stjórn Anni G. Haugen, lektors við Háskóla Íslands. Fjölmargir aðrir komu að rannsókninni og ber að þakka þeim sérstaklega. Fyrst ber að nefna viðmælendur sem allir voru reiðubúnir til að verja tíma sínum í að svara spurningum um heimilisofbeldi. Spýrlunum er þakkað fyrir sinn þátt og Arndísi Tómasdóttur nemenda í M.A.-námi í félagsráðgjöf fyrir að skrá flest viðtölin. Jóhanna Rósa Arnardóttir las handrit og Þorvaldur Kristinsson próförk.

Niðurstöður sem hér birtast veita mikilvægar upplýsingar um að hvaða leyti mál er varða ofbeldi karla til konum í nánum samböndum koma til kasta félagsþjónustu og barnaverndar og hver úrræðin eru. Þær upplýsingar geta síðan orðið grundvöllur að frekari aðgerðum félagsþjónustu og barnaverndar á þessum vettvangi.



## Útdráttur

Í rannsókninni var rætt við starfsmenn hjá félagsþjónustu og barnavernd í níu sveitarfélögum á landinu. Markmiðið var að fá yfirlit yfir á hvern hátt þessar stofnanir bregðast við þegar kona leitar aðstoðar vegna heimilisofbeldis og fá fram hugmyndir til úrbóta á þjónustunni.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

- Börn virðast oftast vera forsenda fyrir beiðni um aðstoð frá félagsþjónustu og ekki er algengt að barnlausar konur leiti aðstoðar. Tilvist barna á heimili er einnig ástæða tilkynninga í þessum málaflokki.
- Skráning mála er varða heimilisofbeldi er ábótavant og ekki hægt að kalla fram upplýsingar um fjölda kvenna sem leita aðstoðar vegna þess.
- Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um ofbeldi gegn viðkvæmum hópum kvenna, þ.e. gömlum konum, konur af erlendum uppruna og fötluðum konum.
- Kvennaathvarfið er talið mikilvægasti samstarfsaðili í málum sem tengjast heimilisofbeldi og mikið traust borið til starfsmanna þess.
- Talið er að andlegt ofbeldi í garð kvenna hafi aukist á síðustu árum en erfitt getur verið að nálgast þau mál og veita konunum nauðsynlega aðstoð.
- Sérstakt tillit er tekið til stöðu barna á heimili þegar mál sem tengjast heimilisofbeldi koma upp og veita þeim stuðning.
- Margir viðmælenda telja að þegar leitað er aðstoðar vegna heimilisofbeldis tengist það í flestum tilvikum áfengisneyslu.
- Þörf er á aukinni þekkingu og fræðslu um heimilisofbeldi bæði til starfsmanna sem sinna ráðgjöf hjá félagsþjónustu og barnavernd en einnig hjá starfsmönnum heimaþjónustu og heimahjúkrunar auk samstarfsaðila eins og starfsmanna leikskóla og lögreglu.

## Efni

1 Inngangur .....	6
2 Rannsóknin .....	6
2.1 Þátttakendur .....	6
2.2 Aðferð .....	9
3 Núverandi þjónusta og tillögur viðmælenda til úrbóta.....	9
3.1 Skráning .....	9
3.2 Ofbeldi gegn viðkvæmum hópum kvenna .....	12
3.2.1 Aldraðar konur .....	12
3.2.2 Fatlaðar konur .....	12
3.2.3 Konur af erlendum uppruna .....	12
3.3 Þjónusta og úrræði.....	13
3.4 Samstarf við aðra .....	16
3.5 Breytingar á skráningu.....	17
3.6 Óskir um símenntun og þekkingu .....	18
3.7 Tillögur til úrbóta .....	18
4 Starfsaðferðir, úrræði og hugmyndir einstakra stofnana.....	20
4.1 Barnaverndarstofa .....	20
4.2 Barnavernd Reykjavíkur .....	23
4.3 Reykjanesbær .....	26
4.4 Barnavernd Eyjafjarðar .....	28
4.5 Reykjavík .....	30
4.5.1 Þjónustumiðstöðin í Breiðholti .....	30
4.5.2 Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður .....	33
4.5.3 Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða .....	35
4.5.4 Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis .....	37
4.6 Reykjanesbær .....	41
4.7 Ísafjarðarbær .....	44
4.8 Húnaþing vestra .....	47
4.9 Akureyri .....	48

4.10 Norðurþing .....	51
4.11 Fjarðabyggð .....	53
4.12 Mýrdalshreppur .....	55
4.13 Vestmannaeyjar .....	56
5. Niðurstöður .....	60
5.1 Börn oft forsenda fyrir beiðni um aðstoð eða tilkynningu .....	60
5.2 Skortur á skráningu .....	60
5.3 Viðkvæmir hópar .....	61
5.4 Miklar væntingar til Kvennaathvarfsins .....	62
5.5 Ólíkar tegundir ofbeldis .....	63
5.6 Staða barna .....	63
5.7 Ofbeldi tengt áfengis- og fíkniefnaneyslu .....	63
5.8 Þekking á málaflokknum og fræðsla .....	64
Viðauki I .....	65
Viðauki II .....	69
Heimildir .....	75

## **1 Inngangur**

Í september 2006 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaráætlun um ofbeldi gegn konum. Meginmarkmið áætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum svo og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi.

Vitað er að hluti þeirra kvenna sem verða fyrir ofbeldi leita til félagsþjónustunnar eftir aðstoð, og barnaverndarnefndir sinna oft og tíðum börnum sem búa við heimilisofbeldi. Til þessa hafa ekki legið fyrir upplýsingar um það hve margar þessar konur eru, hvernig aðstæður þeirra eru, á hvern hátt félagsþjónustan hefur aðstoðað þær og síðast en ekki síst hvort sérstaklega sé hugað að aðstæðum barna sem búa við ofbeldi á heimilum sínum. Til að afla upplýsinga um þessi atriði óskaði ráðuneytið eftir að RBF tæki að sér að framkvæma rannsókn til að safna þessum upplýsingum. Þorgerði Benediktsdóttur var falið að hafa umsjón með rannsókninni fyrir hönd ráðuneytisins, en Anni G. Haugen, lektor í félagsráðgjafardeild við Háskóla Íslands fyrir hönd RBF.

Skýrslunni er skipt í fimm kafla. Á eftir inngangi og lýsingu á rannsókninni er í 3. kafla skýrslunnar samantekt úr viðtölunum og kynning á þeim tillögum til úrbóta sem þar komu fram. Í 4. kafla er gerð grein fyrir viðtölunum sem tekin voru svo að unnt er að fá mynd af málaflokknum á hinum ólíku stöðum sem þátt tóku í rannsókninni. Fyrst er gerð grein fyrir því hvernig þessi mál snúa að barnavernd. Á þeim stöðum þar sem barnaverndarmál og félagsþjónusta eru aðskilin og ekki unnin af sömu starfsmönnum er fjallað um það sérstaklega. Síðan er fjallað um aðkomu félagsþjónustu að málaflokknum. Í 5. kafla er að lokum fjallað um niðurstöður.

## **2 Rannsóknin**

### **2.1 Þátttakendur**

Leitað var til yfirmanna félags- og velferðarþjónustu svo og barnaverndar í níu sveitarfélögum og óskað eftir þátttöku þeirra eða starfsmanna þeirra í rannsókninni. Val á

sveitarfélögum miðaðist við það að afla upplýsinga bæði frá þéttbýlis- og dreifbýlis-svæðum, stöðum þar sem uppbygging er mikil og þar sem ákveðinnar hnignunar hefur gætt svo og stöðum þar sem uppbygging félagsþjónustu og barnaverndar er með ólíku sniði. Skipulag þjónustunnar ræðst að hluta til af sérstöðu hvers svæðis. Nánari upplýsingar um sveitarfélögin er að finna í Viðauka I. Að auki var rætt við forstöðumann Barnaverndarstofu.

Hér verður gerð stutt grein fyrir skipulagi félagsþjónustu og barnaverndar í þeim sveitarfélögum sem skoðuð voru.

**Reykjavík:** Í Reykjavík ber Velferðarsvið ábyrgð á stefnumótun í velferðarmálum í umboði Velferðarráðs. Velferðarsvið sér um rekstur sex þjónustumiðstöðva auk Barnaverndar Reykjavíkur, heimahjúkrunar o.fl. Þjónustumiðstöðvarnar sinna m.a. þjónustu við einstaklinga svo sem fjárhagsaðstoð auk þess sem veitt er félagsleg ráðgjöf. Sérstök barnaverndarnefnd ber ábyrgð á starfi Barnaverndar. Rætt var við starfsmenn á þjónustumiðstöðvum Miðborgar og Hlíða, Laugardals og Háaleitis, Breiðholts, Vesturbæjar og Barnavernd Reykjavíkur (Reykjavíkurborg e.d.).

**Reykjanesbær:** Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar sér um framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélagsins. Fjölskyldu- og félagsmálaráð starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um húsaleigubætur, lögum um málefni aldraðra og fatlaðra o.fl. Barnaverndarnefnd starfar samkvæmt barnaverndarlögum og sérstök deild sinnir þeim málaflokki eingöngu (Reykjanesbær e.d.).

**Ísafjörður:** Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar sér um framkvæmd félagslegrar þjónustu á Ísafirði undir stjórn félagsmálanefndar. Sérstök barnaverndarnefnd ber ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála, en þjónustusvæði hennar er Ísafjarðarbær, Bolungavíkurkaupstaður og Súðavíkurreppur (Ísafjarðarbær e.d.).

**Húnaþing vestra:** Aðsetur félagsþjónustunnar í Húnaþingi vestra er á Hvammstanga. Stofnunin sinnir einnig málefnum fatlaðra undir stjórn félagsmálaráðs. Sameiginleg

barnaverndarnefnd er fyrir Húnaþing vestra og Héraðsnefnd Strandasýslu (Húnaþing vestra e.d.).

**Akureyri:** Fjölskyldudeild Akureyrar veitir m.a. félagslega þjónustu og sérstök deild sinnir barnaverndarmálum. Auk þess að sinna íbúum Akureyrar er samningur um þjónustu við nágrannasveitarfélögin, Arnarneshrepp, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp, Hörgárbyggð og Svalbarðstrandarhrepp um ráðgjafarþjónustu. Þá er fötluðum íbúum Dalvíkurbyggðar, Grímseyjar og Ólafsjarðar veitt sérhæfð aðstoð á grundvelli þjónustusamnings (Akureyri e.d.).

**Norðurþing:** Félagsþjónusta Norðurþings veitir félagslega þjónustu og sinnir barnaverndarmálum á svæðinu undir stjórn félagsmála- og barnaverndarnefndar Þingeyinga. Þjónustan er staðsett á skrifstofu félags- og skólaþjónustu Þingeyinga (Norðurþing e.d.).

**Fjarðabyggð:** Félagsþjónustusvið Fjarðabyggðar veitir félagslega þjónustu og sinnir barnaverndarmálum undir stjórn félagsmálaráðs Fjarðabyggðar (Fjarðabyggð e.d.).

**Mýrdalshreppur:** Mýrdalshreppur tekur þátt í samstarfsverkefni Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps um Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu þar sem sinnt er félagslegri þjónustu og barnavernd. Þessi sveitarfélög hafa rekið sameiginlega félagsmálanefnd frá því í júní 2007. Áður höfðu sömu sveitarfélög unnið saman að barnaverndarmálum og enn eru málaflokkarnir aðskildir þannig að bæði eru starfandi barnaverndar- og félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (Rangárþing eystra e.d.).

**Vestmannaeyjar:** Félagsleg þjónusta og barnavernd er veitt af fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyja sem starfar í umboði fræðslu- og menningarráðs og fjölskyldu- og tómstundaráðs (Vestmannaeyjar, e.d.).

## **2.2 Aðferð**

Leitað var til yfirmanna félags- og velferðarþjónustu svo og barnaverndar í ofangreindum sveitarfélögum og óskað eftir upplýsingum frá lykilstarfsmönnum um það á hvern hátt viðkomandi stofnun skráði, fjallaði um og aðstoðaði konur sem beittar hefðu verið heimilisofbeldi og leituðu eftir aðstoð eða var vísað til stofnunarinnar af öðrum. Allir þeir sem leitað var til voru tilbúnir að taka þátt í rannsókninni. Viðtölin fóru fram á tímabilinu nóvember 2008 til janúar 2009 og spyrjar voru félagsráðgjafarnir Sigrún Karlsdóttir, Guðrún Söderholm, Guðný Hildur Magnúsdóttir og Anni G. Haugen. Notast var við ákveðinn viðtalsramma en jafnframt reynt að tryggja að sérstaða hvers staðar kæmi fram. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð og greind. Arndís Tómasdóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf, aðstoðaði við afritun og greiningu. Viðtalsrammann er að finna í Viðauka II.

Þau sjónarmið og upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu byggjast á þeim svörum sem fengust úr viðtölunum og gefa þau góða heildarmynd af starfsemi sveitarfélaga í landinu þó ekki sé hægt að alhæfa um niðurstöðurnar yfir á önnur sveitarfélög. Engu að síður er hér að finna gagnlegt yfirlit yfir stöðu þessara mála á þeim stöðum sem þátt tóku í rannsókninni. Niðurstöðurnar eiga að geta gefið allskýrar leiðbeiningar um vinnubrögð og áherslur í málaflokknum.

## **3 Núverandi þjónusta og tillögur viðmælenda til úrbóta**

### **3.1 Skráning**

Þær stofnanir félagsþjónustu sem rætt var við skrá ekki mál er varða heimilisofbeldi á markvissan hátt. Upplýsingar um ofbeldið er að finna í dagálum, en ekki er hægt að kalla þær fram á einfaldan hátt og tölur um heimilisofbeldi koma ekki fram í ársskýrslum stofnananna. Á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur var á það minnst að erfitt hefði reynst að finna tölvukerfi sem hentaði vel skráningu mála í félagsþjónustu. Á einum stað er verið að taka upp nýtt tölvukerfi og þá er vonast til að unnt verði að skrá málin betur. Þá var þess getið á nokkrum stöðum að skráningu mála væri stundum ábótavant þar sem

starfsmenn hefðu mikið að gera og létu stundum verkefni eins og skrif í dagála sitja á hakanum.

Konur virðast sjaldan leita til félagsþjónustunnar vegna ofbeldis en leita þangað aftur á móti til að óska eftir aðstoð varðandi ýmis praktísk mál sem t.d. tengjast rétti til fjárhagsaðstoðar eða húsaleigubóta ellegar möguleika á að fá húsnæði á vegum sveitarfélagsins. Þegar farið er að ræða við viðkomandi konu og myndast hefur ákveðið traust milli starfsmanns og konunnar koma upplýsingar um ofbeldi síðan fram. Oftar en ekki er konan þá búin að koma sér út úr ofbeldissambandinu. Í þeim tilvikum þegar kona leitar aðstoðar vegna ofbeldis eru oftast börn á heimilinu og málin þá í mörgum tilvikum unnin sem barnaverndarmál.

Hvergi er það regla að spyrja sérstaklega um ofbeldi þegar konur koma og leita aðstoðar, heldur er hvert mál metið sjálfstætt. Ef einhver vísbending um ofbeldi kemur fram í frásögn konu eða framkomu er spurt um það sérstaklega. Á einum stað var tekið fram að starfsmenn vildu mæta fólki með það erindi sem það sjálft kemur með og því væri ekki spurt. Á öðrum stað var nefnt að nú væri oftar en ekki spurt um ofbeldi og að það væri orðið auðveldara en áður þar sem konur bregðast nú orðið ekki eins illa við spurningunni og fyrr. Fyrir kemur að upplýsingar um ofbeldi koma fram í ólíkum stuðningshópum sem konan tekur þátt í svo sem í geðræktar- og sjálfstyrkingarhópum.

Ýmsir aðilar hafa samband við félagsþjónustuna vegna ofbeldismála. Þar má til dæmis nefna Kvennaathvarfið sem hefur stundum samband til að óska eftir viðtali og aðstoð fyrir konu sem dvelur þar, en þær beiðnir virðast oftast snúa að praktískum málum. Þá virðast ættingjar, nágrannar og aðrir stundum hafa samband vegna fatlaðra kvenna.

Lítill breyting virðist hafa orðið á skráningu mála á undanförunum árum á þeim stöðum sem úttektin náði til. Með hliðsjón af því sem að framan segir myndi skráning mála út frá ástæðu komu ekki segja til um fjölda þeirra kvenna sem búa við heimilisofbeldi.



Skráning barnaverndarmála virðist að sumu leyti skipulegri en skráning mála sem unnin eru á grundvelli félagsþjónustulaga. Þegar tilkynningar berast eru þær flokkaðar eftir ákveðnu kerfi sem Barnaverndarstofa kom á fót árið 2005 og kallast Skilgreiningar og flokkun (SOF). Ofbeldi sem snýr beint að barninu er skráð sem líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Verði barn beint eða óbeint vitni að ofbeldi milli foreldra, er það skráð sem tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi. Sá flokkur rúmar hins vegar ýmis önnur atriði þannig að talning á þessum tilkynningum gefur ekki rétta mynd af fjölda tilkynninga er varða börn sem búa við heimilisofbeldi. Í mörgum tilvikum er það hins vegar ekki fyrir en við könnun málsins að í ljós kemur að barnið býr við aðstæður þar sem það verður vitni að ofbeldi milli foreldra. Þær upplýsingar eru eingöngu skráðar í dagál eða greinargerðir og birtast ekki í ársskýrslum.

Á nokkrum stöðum er alltaf eða oftast spurt um heimilisofbeldi þegar verið er að kanna mál. Á flestum stöðunum er þetta hins vegar ekki regla og aðeins spurt um ofbeldi ef eitthvað gefur tilefni til þess. Nefnt var á einum stað að við könnun mála væri meðal-hófsreglunnar gætt og könnun því ekki umfangsmeiri en tilefni gefst til hverju sinni.

Tölur um fjölda þeirra barna sem búa við heimilisofbeldi og barnaverndarnefnd hefur afskipti af er því óljós. Í málsskjölum á einnig að vera hægt að lesa hvaða stuðnings-úrræði barnið og fjölskylda þess hefur fengið, en grunur leikur á að einhver vanhöld séu á þeirri skráningu. Barnaverndarstofa hefur nú tekið upp breytt form á skráningu mála, bæði í sískráningu mála þar sem nefndirnar senda Barnaverndarstofu upplýsingar um fjölda tilkynninga á þriggja mánaða fresti og á skráningarblaði sem nefndirnar nota til að skrá niður upplýsingar þegar tilkynningar berast. Þar er nú sérstakur dálkur sem merkja á við, búi barnið við heimilisofbeldi. Þetta fyrirkomulag gildir frá og með árinu 2009.

Skráning á ástæðum tilkynninga mun hins vegar ekki gefa nákvæmar tölur um fjölda þeirra barna sem búa við heimilisofbeldi, því eins og áður hefur komið fram eru þetta oft upplýsingar sem koma í ljós við vinnslu málsins og eru þá skráðar í dagál. Hér er

mikilvægt að undirstrika að skráning í barnavernd er skráning sem snýr að börnunum, ekki skráning um aðstæður foreldra.

## **3. 2 Ofbeldi gegn viðkvæmum hópum kvenna**

### **3.2.1 Aldraðar konur**

Í viðtölunum var sérstaklega spurt um ofbeldi nákominna gegn öldruðum konum. Á þremur stöðum kom fram að vitað væri um slík tilvik og alls staðar var nefnt að mjög erfitt væri að komast að þeim málum. Aldraðir kæmu ekki oft til félagsþjónustunnar, sú aðstoð sem þeir fá er einkum heimilishjálp eða heimahjúkrun og flestir eru jafnframt mjög háðir ættingjum sínum. Í Reykjavík eru starfsmenn með afmörkuð verkefni og hafa því ekki alltaf yfirsýn yfir allan málaflokkinn og þeir sem rætt var við höfðu því ekki í öllum tilvikum upplýsingar um mál er varðaði aldraða. Í einhverjum tilvikum hafa mál af þessu tagi verið leyst á þann hátt að hjónin hafa fengið vist á stofnun. Fram kom að haldin hefði verið ráðstefna þar sem eitt af umfjöllunaratriðunum hefði verið ofbeldi gegn öldruðum og í framhaldi af því nefnt að meðvitund um slíkt ofbeldi ætti því að vera til staðar í starfshópnum.

### **3.2.2 Fatlaðar konur**

Á nokkrum stöðum höfðu komið upp tilvik þar sem fatlaðar konur höfðu sætt heimilisofbeldi. Einnig kom fram á einum stað að ættingjar fatlaðra kvenna hefðu haft samband og lýst yfir áhyggjum vegna mögulegs ofbeldis. Starfsmenn töldu að mjög erfitt væri að komast að þessum málum þar sem þessar konur hefðu stundum ekki skilning á því að ofbeldið væri ekki eðlilegur hluti af sambúðinni. Starfsmönnum fannst mjög sárt að horfa á eftir þessum konum snúa aftur til sambýlismannsins eða eiginmannsins og á einum stað var lagt til að sérstakur trúnaðarmaður yrði skipaður fyrir þessar konur sem gæti náð betur til þeirra en starfsmönnum félagsþjónustunnar fannst þeir gera.

### **3.2.3 Konur af erlendum uppruna**

Þegar spurt var um breytingar á ofbeldi á síðustu árum kom fram að fjölgun hefði orðið í hópi kvenna af erlendum uppruna sem leituðu aðstoðar vegna ofbeldis, bæði andlegs og

líkamlegs. Á tveimur stöðum var tekið fram að mjög fáar erlendar konur byggju á svæðinu og ekki hefðu komið upp ofbeldismál er tengdust þeim. Á nokkrum stöðum var nefnt að erlendar konur leituðu sjaldan eftir aðstoð og að ástæðan væri et til vill sú að hafi þær fengið fjárhagsaðstoð getur það haft áhrif á möguleika þeirra til að öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Á einum stað hafði verið reynt að koma til þeirra upplýsingum um réttindi, t.d. um félagslega ráðgjöf í gegnum Alþjóðahús. Á öðrum stað kom fram að erlendar konur leita ef til vill frekar eftir aðstoð en íslenskar konur því að þær eiga oft og tíðum færri vini eða ættingja sem þær geta leitað til auk þess sem þær þekkja síður réttindi sín. Margir starfsmannanna sem rætt var við lýstu yfir áhyggjum vegna þessa hóps og nefndu dæmi þar sem þessar konur hefðu verið beittar ýmiss konar ofbeldi svo sem andlegu, líkamlegu, kynferðislegu og efnahagslegu. Nefnt var að eftir mjög alvarlegt ofbeldismál, sem upp kom fyrir nokkrum árum, hefðu bæði félagsþjónustan og lögregla endurskoðað starfsaðferðir sínar í þessum málum.

Fram kom í nokkrum viðtölum að erlendu konurnar kæmu stundum frá menningar-svæðum þar sem viðhorf til ofbeldis virtist vera annað en hér á landi og þetta ætti einnig við um líkamlegar refsingar barna. Starfsmenn virðast oft eiga erfitt með að nálgast þessi mál þar sem taka þarf tillit til ólíkrar menningar um leið og leitast er við að leiðbeina fólki um aðrar uppeldisaðferðir og koma því til skila að líkamlegar refsingar séu ekki viðurkenndar hér á landi.

Notkun túlka virtist almenn á þeim stöðum þar sem mál af þessu tagi höfðu verið til meðferðar, en jafnframt var undirstrikað hve mikilvægt það væri að starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar hefðu þjálfun í að nýta sér aðstoð túlka.

### **3.3 Þjónusta og úrræði**

Eins og áður hefur komið fram virðast konur sem beittar eru heimilisofbeldi fyrst og fremst leita til félagsþjónustunnar til að fá ráð og aðstoð við hagnýt vandamál eins og rétt til fjárhagsaðstoðar, húsnæðis eða húsaleigubóta. Í þessum tilvikum er konan stundum að undirbúa sambúðarslit eða er flutt frá ofbeldismanninum. Aðstoð sem veitt er getur verið

aðstoð við húsnaði, hvort heldur er húsnaði á vegum sveitarfélagsins á almennum markaði eða hjá félagsamtökum auk fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta. Á öllum stöðunum gat félagsþjónustan boðið upp á viðtöl, bæði hjá félagsráðgjöfum og sálfræðingum, ýmist á stofnuninni eða utan hennar. Í nokkrum sveitarfélögum starfa einnig hópar sem hægt er að bjóða konunum að taka þátt í svo sem sjálfstyrkingar- og geðræktarhópar. Á einum stað var nefnt að hópastarf sem í boði hefði verið fyrir konur sem beittar höfðu verið kynferðislegu ofbeldi mætti einnig bjóða konum sem orðið hafa fyrir annars konar ofbeldi og jafnvel börnum. Eitt af því sem getur takmarkað möguleika á viðtölum á minni stöðunum er skortur á fagmönnum á staðnum og það kostar bæði talsvert fé, umstang og tíma að leita til Reykjavíkur, auk þess sem því fylgir talsverður kostnaður. Þessu er hins vegar mætt með því að nýta fagmenn sem koma reglulega á staðinn. Í Reykjavík var nefnt að hækka þyrfti þá upphæð sem einstaklingar fá til að greiða viðtöl hjá sérfræðingum utan stofnunarinnar.

Kvennaathverfið er úrræði sem allir staðirnir benda konum á og þá er sá kostnaður sem fylgir dvölinni þar greiddur. Nefnt var að fjarlægðin gæti haft jákvæða þýðingu þar sem konurnar ættu þá ekki á hættu að mæta ofbeldismanninum og einnig væri það tími sem nýttist til að taka á eigin vanlíðan, en aðrir töldu hins vegar að vegna fjarlægðar ættu konur erfitt með að nýta sér þjónustu Kvennaathvarfsins. Samstarf við Kvennaathverfið var alls staðar talið mikilvægt, en viðmælendur höfðu ólíka skoðun á því hvort það væri kostur eða ókostur að það væri eingöngu í Reykjavík. Nefnt var að það gæti verið ákveðinn léttir fyrir viðkomandi konu að komast í burtu með börnin, en aðrir töldu það hins vegar mikinn ókost að þurfa að fara til Reykjavíkur og lögðu áherslu á að reynt væri að finna úrræði í heimabyggð. Á öllum stöðunum var talað um mikilvægi Kvennaathvarfsins og mikið traust borið til þess starfs sem þar fer fram.

Á stærri stöðunum virðast mál er varða heimilisofbeldi vera rædd á teymisfundi eða þá að fleiri en einn starfsmaður sinnir málinu þannig að hver og einn kemur að ólíkum þáttum þess. Margir nefndu að þetta væru flókin mál að fást við og að handleiðsla fyrir starfsmenn væri nauðsynleg. Alls staðar var nefnt að miklu máli skipti að hvert tilvik væri

skoðað fyrir sig svo að mögulegt væri að veita þann stuðning sem hægt er í samræmi við þörfina hverju sinni.

Barnaverndin nýtir flest þau úrræði sem félagsþjónustan hefur, auk þess að bjóða upp á úrræði sem bundin eru í barnaverndarlögum, svo sem stuðningsfjölskyldur og persónulega ráðgjafa fyrir börnin. Á einum stað var þó tekið fram að oft fyndist fjölskyldum erfitt að fá einhvern stuðningsaðila inn á heimilið eins og í þeim tilvikum þegar tilsjónarmaður er fenginn til að aðstoða fjölskylduna. Á öllum stöðunum var lögð áhersla á að geta boðið konunni, og í sumum tilvikum börnunum, upp á viðtöl en misjafnt er hvort slíkur möguleiki er fyrir hendi. Á flestum stöðum utan Reykjavíkur var nefnt að skortur væri á fagfólki eins og sálfræðingum og félagsráðgjöfum til að sinna viðtölunum. Rétt eins og félagsþjónustan nýtir barnaverndin sér oft þjónustu sérfræðinga sem koma á staðinn reglulega, t.d. á vegum heilsugæslu eða skólþjónustu, en það nýtist misjafnlega vel og verður stundum til þess að erfitt er að veita heildstæða og markvissa þjónustu.

Á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur var tekið fram að oft væri auðveldara að finna úrræði og sníða það sérstaklega að þörfum viðkomandi barns og fjölskyldu á minni stöðum en þeim stærri. Kerfið væri minna í sniðum og bjargirnar nær, og vegna smæðar samfélagsins væri einnig þekking til staðar um ólíka aðila sem veitt gætu stuðning í málum viðkomandi fjölskyldu.

Alls staðar virðist lögð áhersla á það að þessi málaflokkur njóti ákveðins forgangs. Vinna í málum barnanna er fyrst og fremst metin út frá öryggi þeirra. Í þeim tilvikum þegar barn og móðir búa við ótryggar aðstæður er hægt að bregðast fljótt við og veita aðstoð til að koma þeim í öruggt skjól. Stundum er það með því að veita þeim aðstoð til að komast í Kvennaathvarfið, eða að komast til ættingja eða vina. Á meðan er svo unnið að því að finna fjölskyldunni varanlega lausn. Flest sveitarfélögin ráða yfir húsnæði sem hægt er að bjóða fjölskyldunni þegar í stað, en á öðrum stöðum er nokkurra mánaða eða jafnvel eins árs bið eftir slíku húsnæði. Aðstoð við að útvega húsnæði á almennum markaði verður

því oft lausnin. Á einum stað var nefndur sá möguleiki að óska eftir að ofbeldismaður væri fjarlægður af heimili og síðan nálgunarbanni.

Einn viðmælenda lagði áherslu á að það vantaði heildstæða þjónustu í málaflokknum. Þess væri dæmi að þegar barn væri að bíða eftir þjónustu frá heilbrigðiskerfinu veitti barnaverndin því engan stuðning meðan beðið væri.

### **3.4 Samstarf við aðra**

Þau mál er varða heimilisofbeldi og berast félagsþjónustunni eða barnaverndinni koma flest frá lögreglu og flestir nefna lögreglu sem mikilvægasta samstarfsaðila í slíkum málum. Samstarfið er stundum í formi reglulegra samstarfsfunda en einnig kallar lögregla stundum til barnaverndarstarfsmenn til þess að fara með þeim inn á heimili í þeim tilvikum þegar börn eru á staðnum. Þannig virðist samstarfið oftast tengt börnunum og aðstoð sem veitt er vegna þeirra. Aðrir mikilvægir samstarfsaðilar eru skólar og leikskólar í þeim tilvikum þegar verið er að veita börnum ákveðinn stuðning svo og sjúkrahús og heilsugæsla. Samstarfið fer fram á sama hátt í þessum málaflokki og þegar um annars konar vanda barna er að ræða. Starfsmaður félagsþjónustunnar á stundum sæti í nemendaverndarráðum og víðast hvar hafa verið markvissar kynningar á störfum barnaverndarnefndar og tilkynningaskyldunni, sem síðan hefur leitt til þess að tilkynningum hefur fjölgað. Tengslanet konunnar virðist almennt ekki vera hluti af markvissum stuðningi, en ef konan þarf að yfirgefa heimili sitt er stundum athugað hvort hún geti farið tímabundið til ættingja eða vina.

Fram kom að eftir að verklagsreglur lögreglu tóku gildi árið 2005 hefði verklag og samvinna orðið betri í málaflokknum. Einnig var nefnt að með markvissri kynningu á barnaverndarstarfi við heilsugæslu og sjúkrahús hefði tilkynningum úr heilbrigðiskerfi fjölgað.

Eins og fram hefur komið er samstarf við Kvennaathvarfið mikilvægt. Samstarfið virðist fyrst og fremst vera í málum einstaklinga þannig að Kvennaathvarfið hefur samband við

félagsþjónustu/þjónustumiðstöð vegna konu sem hjá þeim dvelur og þarfnast t.d. fjárhagsaðstoðar eða húsnæðis. Í öðrum tilvikum bendir félagsþjónusta/þjónustumiðstöð eða barnavernd konu á að leita í Kvennaathvarfið til að komast í öruggt skjól eða til að fá ráð og leiðbeiningar. Fundir um málefni barnanna og kvennanna milli þessara aðila virðast ekki algengir. Hvergi kom fram að haldnir væru reglulegir samstarfsfundir um verklag eða stefnu í málaflokknum.

### **3.5 Breytingar á skráningu**

Mikil breyting virðist hafa átt sér stað í skráningu mála með tilkomu skilgreiningar og flokkunarkerfis (SOF) Barnaverndarstarstofu árið 2005 eins og áður var nefnt. Kerfið virðist hafa leitt til þess að sjónum er nú frekar beint að börnunum og markvissari flokkun málanna fer fram sem síðan leiðir til betri yfirsýnar. Annað atriði sem virðist hafa skipt miklu máli eru „Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála“ sem tóku gildi hjá lögreglu sama ár. Þær reglur eru taldar hafa leitt til þess að fleiri mál af þessu tagi berast nú barnaverndinni auk þess sem lögreglan vinnur nú að þessum málum með markvissari hætti. Önnur atriði sem virðast hafa skipt máli er fast samstarf barnaverndar við slysadeild og markviss kynning barnaverndarnefndar á starfi sínu og tilkynningaskyldu hjá helstu samstarfsaðilum svo sem skólum og leikskólum. Þetta hefur leitt til þess að tilkynnt er um fleiri mál sem tengjast heimilisofbeldi.

Á flestum stöðum er það ekki regla að spyrja um heimilisofbeldi við könnun mála en tekið fram að það væri gert ef einhver ástæða þætti til. Þetta er þó ekki algilt og á einum stað var t.d. nefnt að ætíð væri spurt um heimilisofbeldi þegar mál væri kannað. Á öðrum stað var tekið fram að nú væri mun auðveldara en fyrir nokkrum árum að spyrja þessarar spurningar, konur færu nú síður í vörn en áður fyrir. Á tveimur stöðum var bók Thelmu Ásdísardóttur, *Myndin af pabba*, talin hafa breytt miklu varðandi umræðuna, ekki bara í tengslum við kynferðislegt ofbeldi heldur einnig varðandi líkamlegt ofbeldi. Víða var tekið fram að heimilisofbeldi tengdist áfengisneyslu og því ástæða til að vera vakandi fyrir ofbeldi í þeim tilvikum. Þetta var bæði nefnt í tilvikum Íslendinga og útlendinga.

### 3.6 Óskir um símenntun og þekkingu

Almennt var talið að þekking á heimilisofbeldi væri mikil meðal starfsmanna félagsþjónustu og barnaverndar, en að þrátt fyrir það væri nauðsynlegt að auka þekkingu og símenntun. Flestir nefndu að þörf væri á fræðslu um áhrif þess á börn að alast upp við heimilisofbeldi eða þegar þau eru sjálf beitt beinu ofbeldi, t.d. hvaða áhrif ofbeldið hefði á geðtengslamyndun barnsins í frumbersku. Einnig var nefnt að fræðslan þyrfti að beinast að því hvernig best væri að nálgast konur sem beittar eru ofbeldi, hvaða úrræði hentaði þeim best og hvernig best væri að mæta þörfum barnanna. Fræðslan þarf einnig að taka mið af ólíkum menningarlegum þáttum, bæði hvað varðar ólík viðhorf meðal Íslendinga, t.d. í þéttbýli og dreifbýli, og milli ólíkra menningarsvæða í heiminum, en þá getur verið nauðsynlegt nota túlka þegar rætt er við konurnar. Þá var talið að fræðslan þyrfti einnig að taka mið af þeirri skömm sem oft fylgdi heimilisofbeldi. Flestir töldu að fræðslan ætti að koma frá fagfólki og sérfræðingum og ósk kom fram um að þeir sem sinntu þessari fræðslu væru einnig aðilar sem daglega eru að fást við mál tengd ofbeldi, svo sem starfsmenn Kvennaathvarfsins.

Nefnt var að fræðsla gæti líka verið í formi náms á vegum Háskóla Íslands á svipaðan hátt og áður hefur verið boðið upp á hjá félagsráðgjafardeild varðandi aðra málaflokka. Á einum stað kom fram að sérþekkingu vanti hjá fulltrúum barnaverndarnefndar þannig að þeir ættu erfitt með að meta störf starfsmanna og gætu veitt lítinn stuðning. Á einum stað var nefnt að fræðsla af þessu tagi gæti einnig verið sameiginleg fleiri starfshópum svo sem starfsmönnum félagsþjónustu og barnaverndar, heimilisþjónustu, lögreglu, heima-hjúkrunar og heilbrigðiskerfisins.

### 3.7 Tillögur til úrbóta

Helstu tillögur sem viðmælendur höfðu varðandi úrbætur í málaflokknum voru:

1. Að nýta Barnahúsið fyrir börn sem verða fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi.
2. Opnir viðtalstímar í Kvennaathvarfinu sem starfsmenn þjónustumiðstöðva í Reykjavík sinna.



3. Ráðgjöf og stuðningur við starfsmenn Kvennaathvarfsins til að styrkja þá í starfi. Starfsmenn þjónustumiðstöðva í Reykjavík myndu sinna þessari ráðgjöf.
4. Starfsmenn Kvennaathvarfsins sjái um fræðslu fyrir starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar um vinnu í málum sem tengjast heimilisofbeldi
5. Verklagsreglur innan félagsþjónustu og barnaverndar til að hægt verði að sinna málaflokknum betur og markvissar. Verklagsreglurnar þyrftu annars vegar að snúa að viðbrögðum og því sem gert er þegar mál berast en einnig því hvað hægt er að gera til að koma betur auga á þessi mál.
6. Samstarfsverkefni milli barnaverndarnefnda, Barnaverndarstofu, Kvennaathvarfsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og jafnvel Barnaheilla þar sem börnum verði kennt að hafa samband við barnaverndarnefndir gegnum Neyðarlínuna 112.
7. Skipa sérstakan trúnaðarmann fyrir fatlaðar konur.
8. Skipa sérstakt fagteymi á landsvísu sem starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar geta leitað til vegna vinnslu mála er tengjast heimilisofbeldi.
9. Samráðsvettvangur milli þeirra aðila sem vinna í málaflokknum eins og til dæmis félagsþjónustu, lögreglu, barnaverndar, Landspítala og Kvennaathvarfs. Hópurinn myndi hittast einu sinni til tvisvar á ári til að fara yfir það sem væri að gerast í þessum málum, hægt væri að kynna rannsóknir og notendur gætu komið og sagt frá reynslu sinni af þjónustunni.
10. Gátlisti fyrir starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar.
11. Handleiðsla fyrir starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar sem sinna þessum málum.

## 4 Starfsaðferðir, úrræði og hugmyndir einstakra stofnana

### 4.1 Barnaverndarstofa

Barnaverndarstofa er stjórnáslustofnun sem fer með daglega stjórn barnaverndarmála í umboði félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Í reglugerð um Barnaverndarstofu segir að stofan skuli vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs á landinu. Barnaverndarstofa sinnir því ekki grunnvinnslu einstakra mála heldur vinnur m.a. að því að samhæfa málsmeðferðina og að leiðbeina barnaverndarstarfsmönnum. Á Barnaverndarstofu var rætt við Braga Guðbrandsson forstjóra.

Mál er varða heimilisofbeldi berast barnaverndarnefndum og þá oftast vegna þess að lögregla er kölluð til. Ef börn eru á staðnum tilkynnir hún málið til barnaverndarnefndar á grundvelli tilkynningarskyldu 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í sumum tilvikum eru barnaverndarstarfsmenn einnig kallaðir til af lögreglu.

Barnaverndarnefndir skrá mál sín eftir Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) sem Barnaverndarstofa lét gera og tók í notkun árið 2005. Mál sem berast nefndunum vegna heimilisofbeldis eru ekki skráð sem slík heldur sem andlegt eða sálrænt ofbeldi. Í þeim málaflokki geta verið ýmis önnur atriði en að barn verði vitni að eða búi við heimilisofbeldi. Árið 2007 bárust barnaverndarnefndum um 700 slíkar tilkynningar en ekki er vitað hve margar þeirra vörðuðu heimilisofbeldi. Þessari skráningu þarf að breyta þannig að fjöldi þeirra barna sem búa við heimilisofbeldi verði sýnilegri.<sup>1</sup>

Ekki er talið að þessum málum hafi fjölgað á sl. fimm árum. Ástæðurnar eru að mati viðmælanda breyttir starfshættir lögreglu og aukinn vilji hennar til að tilkynna mál svo og ríkari samfélagsvitund almennings um mikilvægi þess að tilkynna mál til barnaverndarnefnda. Þetta sést m.a. á því að á sl. fimm árum hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgað um nánast 10% á ári.

---

<sup>1</sup> Barnaverndarstofa hefur nú breytt skráningarformi þannig að sérstaklega verður skráð hvort um heimilisofbeldi er að ræða þegar tilkynningar berast. Þessi skráning gildir frá árinu 2009.

Einn þáttur í rannsókn mála hjá barnaverndarnefndum er að spyrja um heimilisofbeldi. Ofbeldi getur verið hugsanleg skýring á líðan barnsins eða verið liður í að skýra aðstæður þess og varpa ljósi á þan aðbúnað sem um ræðir.

Viðmælandi á erfitt með að svara því hvort spurt sé sérstaklega um heimilisofbeldi gagnvart ákveðnum hópum þar sem skráningu varðandi þessi atriði er ábótavant auk þess sem erfitt getur verið að skrá allt. Ákveðnar vísbendingar eru hins vegar um að mál af þessum toga séu algengari á meðal aðflutts fólks en Íslendinga. Hér getur verið um að ræða ákveðinn menningarmun sem sést m.a. í rannsókn sem verið er að vinna að á Barnaverndarstofu varðandi líkamlegt ofbeldi gegn börnum og leiðir í ljós nokkur alvarleg tilvik þar sem um er að ræða fjölskyldur frá erlendum menningarsvæðum.

Við skráningu mála í barnavernd er notast við ákveðið flokkunarkerfi eins og áður hefur verið nefnt. Börnin eru þungamiðja skráningarinnar og málin skráð út frá þeirra vanda eða aðstæðum en ekki foreldranna nema að því leyti sem það hefur áhrif á barnið. Ekki hefur orðið breyting á skráningu á sl. fimm árum.

Engin gögn eru til sem geta svarað því hvort breyting hafi orðið á ofbeldi síðustu tíu ár. Tilfinningin er hins vegar sú að ekki hafi orðið nein eðlisbreyting á þessum málum. Ef farið er enn lengra aftur í tímann er þó hugsanlegt að ofbeldi hafi verið tengdara áfengisneyslu. Nú virðist hins vegar eins og þolmörk fólks séu önnur og lægri en áður og að ofbeldishegðun geti verið afleiðing streitu og spennu.

Ef í ljós kemur að barn býr við heimilisofbeldi eru fyrstu viðbrögð að tryggja öryggi barnsins. Íhlutunin miðast því alltaf við velferð og hagsmuni barnsins. Barnaverndarnefndirnar hafa úr ýmsum úrræðum að spila og í vissum tilvikum er barn tekið af heimilinu til að tryggja öryggi þess. Algengara er þó að reynt sé að styðja móðurina og barnið, enda er það mjög erfitt fyrir barn að vera skilið frá móður sinni í slíkum tilvikum. Móðirin fer þá e.t.v. í Kvænnaathvarfið með barnið eða að reynt er að koma heimilis-

föðurnum af heimilinu, að minnsta kosti tímabundið. Slíkt ferli getur tekið mjög mislangan tíma, það fer allt eftir eðli málsins. Það er nokkuð mismunandi hvernig þetta ferli er skráð hjá nefndunum en það á að vera hægt að lesa þetta út úr málsskjölum. Hins vegar virðast vera nokkur vanhöld á því að upplýsingar um það hvaða stuðningsúrræðum hafi verið beitt séu nægjanlega vel skráðar.

Þörf er á að beina athyglinni meira að skipulagðri meðferð og stuðningi fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi en gert hefur verið fram til þessa, þar sem ýmislegt bendir til að börnin fái ekki nægilegan stuðning. Sem dæmi má nefna að börn sem jafnvel sjálf hafa sætt líkamlegu og andlegu ofbeldi hafi verið á biðlista hjá Barna- og unglingsdeild Landspítalans eða einhverri annarri stofnun um lengri tíma án þess að hafa fengið fyrstu hjálp frá barnaverndarnefndum. Þessi börn þurfa á hjálp að halda þegar í stað, en hún virðist ekki vera tryggð sem skyldi.

Með tilkomu Barnahúss, sem rekið er af Barnaverndarstofu, varð unnt að bregðast hratt við kynferðisofbeldi gagnvart börnum, svo að þau eiga kost á hjálp strax eftir að málið kemur upp á yfirborðið. Svipað verkleið mætti taka upp í málum þar sem börn hafa orðið fyrir annars konar ofbeldi.

Barnaverndin eða aðrar stofnanir getur aldrei tryggt velferð barna til frambúðar, það gera foreldrar, fjölskyldur og aðrir uppalendur. Skortur er á stuðningi og eflingu foreldrafærni fyrir foreldra barna á ólíkum aldursstadium. Brýnt er að veita foreldrum sem eiga í erfiðleikum með tengslamyndun við börn á forskólaaldri sérstaka meðferð og stuðning. Slíkur stuðningur getur dregið úr ofbeldi inni á heimili því að hann myndi auka færni fólks við uppeldi barna sinna og styrkja gagnkvæm samskipti. „Það er mín reynsla af heimilisofbeldi að þetta eru oft mjög flóknir ferlar sem fara í gang og það er mjög mikil einföldun að vandinn liggi einfaldlega bara í kynjunum.“

Helstu samstarfsaðilar barnaverndarstarfsmanna í þessum málum er lögregla, en einnig Kvænnaathvarfið. Miklu skiptir að lögreglan sinni tilkynningaskyldu sinni og það hefur

hún gert. Lögreglan hefur góðan skilning á þessum málum og Barnaverndarstofa fær fáar kvartanir um að lögreglan hafi ekki sinnt skyldu sinni í þeim efnum.

Fræðsla um málaflokkinn er mjög mikilvæg. Það sem mestu máli skiptir að mati viðmælanda er geðtengslamyndun barns í frumbersku og þau áhrif sem ofbeldi getur haft á sálarþroska þess á fyrstu þremur árum æviskeiðsins. Gera þarf kröfu um að barnaverndarstarfsmenn séu vel að sér í mjög mörgum málaflokkum, en erfitt er að segja til um hvort þekking þeirra á þessu sviði sé lakari en á öðrum sviðum.

## 4.2 Barnavernd Reykjavíkur

Barnavernd Reykjavíkur (BVR) heyrir undir Velferðarsvið Reykjavíkur og sinnir barnaverndarmálum í allri borginni. Rætt var við Halldóru Dröfn Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra.

Yfirgnæfandi meirihluti tilkynninga sem berast BVR um heimilisofbeldi kemur frá lögreglu. Flest málanna snúa að konum sem beittar eru ofbeldi á heimilum sínum af fyrrverandi eða núverandi maka eða sambýlismanni. Tilkynningar af þessu tagi koma þó einnig frá nágrönnum eða öðrum aðilum.

Engin stöðluð spurning um ofbeldi er við könnun mála hjá BVR. Ef grunur leikur hins vegar á ofbeldi á heimilinu er spurt um það sérstaklega. Þetta gildir líka í þeim tilvikum þegar foreldri á við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða, er af erlendum uppruna eða líkamlega eða andlega fatlað. „*Könnunin afmarkast af tilkynningarefninu og við leggjum áherslu á meðalhófsreglu og það að könnun skuli ekki vera umfangsmeiri en tilkynning gefur tilefni til.*“

Mál eru ætíð skráð á nafn barnsins, enda berast tilkynningar ekki til BVR nema á grundvelli barnaverndarlaga. Heimilisofbeldi er skráð sem tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi. Skráningin hefur verið með þessum hætti allt frá því að Barnaverndarstofa kom á kerfinu Skilgreiningar og flokkun barnaverndarmála (SOF). Oft og tíðum koma upp-

lýsingar um ofbeldi í ljós þegar farið er að vinna að málinu og þær upplýsingar geta verið skráðar í gögnum þess. Upplýsingar um tilkynningar sem varða tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi eru birtar í ársskýrslu, en í þessum flokki eru fleiri þættir en heimilisofbeldi. Upplýsingar um ofbeldi gegn konum eru ekki birtar í ársskýrslu.

Á síðustu árum hafa tilkynningar frá lögreglu orðið skilvirkari en áður og nú er það regla að tilkynna um öll mál þar sem börn koma við sögu. Einnig hefur tilkynningum frá slysadeild fjölgað eftir að tekið var upp samstarf milli slysadeildarinnar og BVR. Á hinn bóginn virðist ofbeldi gagnvart konum ekki hafa aukist. Umræður um heimilisofbeldi hafa hins vegar leitt til þess að fólk lætur nú frekar vita af því og konurnar leita sér frekar aðstoðar. Helsta breytingin, sem merkja má á síðustu fimm árum, er sú að í fjölskyldum frá tilteknum erlendum menningarsvæðum virðist ofbeldi tengjast áfengisneyslu, og talsvert af tilkynningum hefur borist af þeim sökum. Fjölgun útlendinga hér á landi virðist einnig hafa leitt til þess að nú má sjá ólíkar birtingarmyndir ofbeldis, bæði líkamlegar og andlegar. Þetta tengist að nokkru leyti fólki frá erlendum menningarsvæðum eða fjölskyldum þar sem t.d. konan er erlend og karlinn íslenskur. Tilkynningum um ofbeldi gagnvart íslenskum konum hefur hins vegar ekki fjölgað.

Þegar tilkynning berst frá lögreglu um heimilisofbeldi hjá fjölskyldu sem BVR hefur ekki haft afskipti af áður og þar sem meintur gerandi er fyrrverandi sambýlismaður eða eiginmaður og býr ekki á heimilinu, er fjölskyldunni sent bréf og upplýst um að borist hafi lögregluskýrsla um málið. Konunni er þá boðið að hafa samband auk þess sem henni er bent á að hún geti leitað til Kvennaathvarfsins, þjónustumiðstöðvar í borginni eða nýtt sér önnur úrræði. Ef um konu af erlendum uppruna er að ræða, er reynt að bjóða henni viðtal með túlki. Í þeim tilvikum sem um ítrekuð tilvik er að ræða er konan boðuð í viðtal og reynt að skoða málið frekar og er þá miðað við að þrjár tilkynningar hafi borist.

Biðin eftir aðstoð er misjafnlega löng. Bakvakt er starfandi allar nætur og um helgar og hægt er að bregðast mjög skjótt við. Ef lögreglan kallar út barnaverndarstarfsmann getur reynst nauðsynlegt að taka barn af heimili þegar í stað, móðir getur þurft að fara á

slysadeild og faðir orðið að sæta handtöku lögreglunnar. Í þessum tilvikum er oft reynt að hafa samband við ættingja barnsins eða aðra sem það þekkir, en ef það tekst ekki eða er ekki talið heppilegt, er barninu komið í öruggt skjól á vegum barnaverndar og mikil vinnsla hefst strax í málinu. Reykjavíkurborg hefur á að skipa einu vistheimili og einu einkaheimili sem getur tekið við börnum allan sólarhringinn. Það getur hins vegar verið afar vandasamt að skilja barn frá foreldri sínu við slíkar aðstæður og það kann auðveldlega að upplifa aðskilnaðinn sem ákveðna refsingu. Í vægari tilvikum getur tekið allt að viku að koma málinu í farveg. Sumar þessara kvenna hafa áður leitað til Kvennaathvarfsins og þar fá þær þjónustu svo og á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Alltaf þarf að meta hvert einstakt mál, aldrei er um að ræða neina sjálfvirkni í málsmeðferðinni og það er ekki hægt að ákveða að öll þessi mál verði barnaverndarmál.

Til að unnt sé að veita fullnægjandi þjónustu væri óskandi „að við gætum boðið öllum börnum, mæðrum þeirra og feðrum ef því er að skipta, eitt viðtal ... Það fengju allir greinandi viðtal þar sem hægt væri að ... hvort sem það væri innan hins opinbera kerfis eða hjá Kvennaathvarfi eða annars staðar. Þá væri hægt að beina fólkinu áfram í viðeigandi þjónustu. Við erum með þetta dásamlega Barnahús fyrir þolendur kynferðisafbrota og ég hefði gjarnan viljað sjá slíkt hús bæði fyrir þolendur líkamlegs ofbeldis og andlegs ofbeldis.“ Með þessu móti væri hægt að efla barnaverndina. Forvarnarvinna á ekki endilega að vera á höndum barnaverndarinnar. Hún gæti hins vegar komið að forvarnarstarfi með því að kenna börnum að hafa sjálf samband gegnum Neyðarlínuna 112. Þetta væri líka dæmigert verkefni sem margir aðilar gætu komið að svo sem Kvennaathvarfið, Barnaverndarstofa og mögulega Samband íslenskra sveitarfélaga, jafnvel samtökin Barnaheill.

Samstarfsaðilar BVR í málum sem tengjast heimilisofbeldi eru fyrst og fremst Kvennaathvarfið og þjónustumiðstöðvar borgarinnar að ógleymdum sjúkrahúsunum og lögreglu. Samstarfið felst stundum í fundum um einstök mál eða almennu efni þar sem verið er að fjalla um vinnulag og fleira.

Það sem helst þarf að leggja áherslu á varðandi fræðslu er áhrif ofbeldis á börn og hvað það þýðir fyrir barn að alast upp við að horfa á ofbeldi milli ástvina sinna.

Kvennaathvarfið er mikilvæg stofnun og spyrja má hvort barnaverndin og félagsþjónustan treysti um of á að það sinni þeirri þjónustu sem nauðsynleg er fyrir konur sem verða fyrir ofbeldi. Ef til vill þarf að verða til sterkara opinbert kerfi sem tekur á þessum málum á sama hátt og gert er á Neyðarmóttöku nauðgana.

### **4.3 Reykjanesbær**

Hjá fjölskyldu og félagsþjónustu Reykjanesbæjar er sérstakur starfshópur sem sinnir barnavernd. Rætt var við forstöðumann barnaverndar Reykjanesbæjar Rannveigu Einarsdóttur, félagsráðgjafa.

Berist mál til félagsþjónustunnar vegna ofbeldis og börn eru á heimilinu, er málinu vísað til barnaverndar. Oftast er þó um andlegt ofbeldi að ræða. Tilkynningarnar koma frá leikskólum, grunnskólum, heilsugæslu og stundum frá foreldrunum sjálfum. Þegar farið er að vinna að málinu kemur stundum í ljós að um er að ræða ofbeldi föður gegn móður. Ekki er hægt að merkja fjölgun slíkra mála á undanförunum árum nema hvað varðar þau sem tengjast konum af erlendum uppruna.

Þegar verið er að kanna barnaverndarmál er ekki spurt sérstaklega um ofbeldi gegn móður nema sérstakt tilefni gefist til þess. Þetta á einnig við í þeim tilvikum þar sem móðir er erlend, en hins vegar má telja að starfsmenn séu meira vakandi fyrir þessum málum þegar þau tengjast áfengis- eða fíkniefnavanda.

Ofbeldi gegn börnum, hvort sem það er líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt, er skráð í dagál og samkvæmt SOF-kerfinu. Ofbeldi gagnvart móður er skráð á sama hátt, og þær upplýsingar koma ekki fram í ársskýrslum.



Þær breytingar sem starfsmenn hafa helst séð á síðustu árum er að ofbeldi hefur aukist gagnvart konum af erlendum uppruna og er þá oftast um að ræða andlegt ofbeldi eða einangrun.

Þegar tilkynning berst vegna gruns um heimilisofbeldi eru viðbrögðin þau sömu og í öðrum barnaverndarmálum. Ef grunur er ekki rökstuddur og þar af leiðandi ekki forsendur til að hefja könnun, er móðir upplýst um tilkynninguna og hún jafnvel boðuð á fund. Ef grunurinn er rökstuddur hefst könnun samkvæmt barnaverndarlögum.

Börn sem verða vitni að ofbeldi fá þann stuðning sem þau þarfnast og eftirfylgd sem felst t.d. í ráðgjöf og viðtölum.

Starfsmenn barnaverndar búa yfir góðri þekkingu að mati viðmælanda. Þó mætti efla þekkingu þeirra á málaflokknum svo að þeir væru sér meðvitaðri og spyrðu um ofbeldi gegn móður. Hugsanlega gætu fleiri tekið sig saman og boðið upp á slíka fræðslu. Einnig mætti hugsa sér að aðilar frá lögreglu, heilsugæslu og öðrum sveitarfélögum kæmu að fræðslu þar sem farið væri yfir þessa þætti. Þá væri gott að hafa fleiri sérfræðinga í starfshópnum svo sem sálfræðinga og lögfræðinga, og þegar sveitarfélagið tekur við málefnum fatlaðra þarf einnig þroskaþjálfara og iðjuþjálfara til að vinna að barnaverndarmálum. „Ég held að það sem þarf sé meiri vakning í samfélaginu, alveg eins og gerðist með kynferðisbrotamálin... Reyndar er það mín tilfinning að á Íslandi sé ekki mjög mikið um líkamlegt ofbeldi, ekki nærri eins mikið og kynferðislegt til dæmis, en hins vegar alveg örugglega í meira mæli en við fáum upplýsingar um...“ Einnig er mikilvægt að efla skráningu þessara mála til að betra yfirlit fáið yfir þau. Þó að Reykjanesbær sé tiltölulega vel staddur hvað varðar starfslið til þessara verka er nauðsynlegt að fjölga félagsráðgjöfum. Með því móti má efla málaflokkinn því að þessi mál eru afar tímafrek og krefjast mikils tíma starfsmanna og meðferðaraðila.

Helstu samstarfsaðilar barnaverndar í þeim málum sem hér um ræðir eru leik- og grunnskólar. Starfsmenn barnaverndar fara reglulega í skólana með fræðslu um barna-

vernd þar sem m.a. er fjallað um hvernig megi greina ofbeldi. Mikið og gott samstarf er á milli barnaverndar Reykjanesbæjar og sérfræðiþjónustu fræðsluskrifstofunnar og ákveðið teymi starfar með fulltrúum frá báðum aðilum. Sálfræðingar fræðsluskrifstofunnar veita til dæmis þjónustu í barnaverndarmálum samkvæmt samningi. Þá er samstarf við barnalækni og barnasálfræðing á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

#### **4.4 Barnavernd Eyjafjarðar**

Sérstök deild innan Fjölskyldudeildar Akureyrar sinnir barnavernd og þar var rætt við Hörpu Ágústsdóttur, uppeldisráðgjafa.

Mál vegna heimilisofbeldis berast til barnaverndar. Þau koma frá lögreglu og sjúkrahúsi og voru fleiri árið 2008 en á árunum þar á undan. Ástæður aukningar geta annars vegar verið aukin meðvitund í þjóðfélaginu um ofbeldi og hins vegar breyttar verklagsreglur lögreglu í málaflokknum, en þær voru settar af ríkislögreglustjóra í október 2005. Einnig berast nú mun fleiri tilkynningar frá sjúkrahúsinu en áður. Þaðan koma til dæmis tilkynningar í þeim tilvikum þegar kona leitar aðstoðar á slysadeild, jafnvel þó að barn hennar sé ekki með áverka og hafi jafnvel ekki verið á heimilinu þegar ofbeldið átti sér stað.

Ekki er spurt sérstaklega um ofbeldi þegar mál eru könnuð hjá barnavernd nema eitthvað gefi tilefni til þess. Þó er frekar spurt út í ofbeldi þegar um er að ræða mál sem tengjast áfengis- og fíkniefnaneyslu, enda virðist hún oft liggja að baki mála er varða ofbeldi. Ekki er spurt sérstaklega um ofbeldi í málum þar sem foreldrar eru líkamlega eða andlega fatlaðir né heldur í málum kvenna af erlendum uppruna.

Mál eru skráð samkvæmt SOF-kerfi Barnaverndarstofu, en upplýsingar um ofbeldi sem koma í ljós við vinnslu málsins eru skráðar í dagála og ekki birtar í ársskýrslu. Telja má að ofbeldi sé grófara nú en áður fyrr, áverkar eru meiri og einnig neysla áfengis- og

fíkniefna. Upp hafa komið mál sem varða konur af erlendum uppruna, en þau geta verið erfið þar sem konurnar hafa mjög takmarkað tengslanet.

Þegar mál sem varða heimilisofbeldi koma upp eru þau unnin í samræmi við barnaverndarlög og reynt að finna þær lausnir sem henta í hverju einstöku tilviki. Ef börnin hafa orðið vitni að ofbeldinu er undantekningarlaust rætt við þau. Ef um endurtekið ofbeldi er að ræða, er einnig er rætt við þau þó að þau hafi ekki verið stödd á heimilinu þegar það átti sér stað.

Mál sem hafa verið í vinnslu á síðustu mánuðum hafa endað á því að viðkomandi sambúðarfólk hefur skilið að skiptum. Ef konan leitar til Kvennaathvarfsins er allur kostnaður sem því tengist greiddur. Hægt er að bjóða bæði konunni og börnunum viðtöl og samvinna er við fjölskylduráðgjafa auk þess sem konan er hvött til að nýta sér aðstoð úr eigin tengslaneti, svo sem fjölskyldu og vini. Þá er höfð samvinna við félagsþjónustuna um að finna henni nýtt húsnæði. Þessi mál er hægt að vinna mjög hratt ef þörf krefur og farið er með þau sem forgangsmál. Það er langt að leita í Kvennaathvarfið, en í mörgum tilvikum telur konan að það geti verið jákvætt að fara úr sínu umhverfi og þurfa ekki að óttast að rekast á maka sinn á götu. Þannig fái hún betra tóm til að ná fótfestu og fái aðstoð til að byrja að vinna úr sínum málum meðan starfsmenn barnaverndar vinna að því að hún og börn hennar fái húsnæði á vegum bæjarins.

Starfsmenn myndu vilja eiga kost á fleiri úrræðum, eins og til dæmis því að einhver innan stofnunarinnar sinnti þessum málum sérstaklega. Einnig er þörf á að geta leitað aðstoðar út fyrir stofnunina í meira mæli þannig að hægt væri að bjóða fólki viðtöl hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingum. Þá má einnig nefna að skortur er á sálfræðingum hjá sveitarfélaginu. Helstu samstarfsaðilar í þessum málum eru lögregla, sjúkrahúsið, heilsugæslan og Kvennaathvarfið.

Nauðsynlegt er að auka þekkingu fagfólks á málaflokknum. Áhersla ætti að vera á afleiðingarnar, hvers konar meðferð eða úrvinnsla sé best, áhrif ofbeldisins á börnin,

hvernig sé best að mæta þörfum barnanna og sjá þarfir þeirra. Einnig þarf að fjalla um mögulegar forvarnir. „*Ofbeldinu fylgir oft svo mikil skömm, þannig að það þarf að opna þessa umræðu svo konurnar þori að stíga fram.*“

Til að bæta vinnslu þessara mála væri hægt að setja markvissar verklagsreglur um vinnslu mála er varða heimilisofbeldi. Verklagsreglurnar þyrftu bæði að fjalla um það hvað gert er þegar svona mál berast en einnig um það hvað gert er til að koma auga á þessi mál. Einnig mætti hugsa sér teymi með fulltrúum ólíkra aðila sem koma að þessum málum svo sem frá sjúkrahúsinu, barnaverndinni og mögulega frá lögreglu.

#### **4.5 Reykjavík**

Rætt var við starfsmenn á fjórum þjónustumiðstöðvum. Þar sem starfssvið starfsmanna er ólík og áherslur þjónustumiðstöðvanna mismunandi er gerð grein fyrir öllum viðtölunum.

##### **4.5.1 Þjónustumiðstöðin í Breiðholti**

Þjónustumiðstöðin í Breiðholti sinnir alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu borgarinnar. Þar er m.a. veitt félagsleg ráðgjöf auk þess sem hægt er að sækja um ýmiss konar þjónustu svo sem fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, félagslegt leiguhúsnæði og fleira. Þjónustumiðstöðin er jafnframt þekkingarmiðstöð í málefnum fjölskyldunnar. Rætt var við Bryndísi Ósk Gestsdóttur, félagsráðgjafa.

Konur sem beittar hafa verið ofbeldi koma stundum í viðtöl. Algengara er þó að konan fari að tala um ofbeldið þegar myndast hefur ákveðið traust milli hennar og félagsráðgjafans. Þá hafa mál sem snúast um heimilisofbeldi einnig komið upp á sjálfstyrkingarnámskeiðum. Algengast er að konur segi frá ofbeldinu þegar þær eru farnar frá manni sínum.

Kvennaathvarfið vísar einnig konum sem þar hafa dvalið í þjónustumiðstöðina. Það er oftast vegna þess að huga þarf að húsnæði fyrir þær. Þá má einnig gera ráð fyrir að samtök eins og Stígamót og embætti sýslumanns bendi konum sem beittar hafa verið

ofbeldi á að leita sér aðstoðar hjá þjónustumiðstöðinni. Aðrar stofnanir vísa sjaldan málum af þessum toga þangað.

Líklegt er að málum sem varða heimilisofbeldi hafi fjölgað á síðustu árum. Nú ber meira á því en áður að konur af erlendum uppruna leiti aðstoðar og kanni rétt sinn. Þær virðast oft fá upplýsingar frá vinum eða vinnuveitendum um það hvert þær geti snúið sér.

Það er ekki föst regla að spyrja konur um það hvort þær búi eða hafi búið við heimilisofbeldi þegar þær leita aðstoðar nema þær gefi einhverjar vísbendingar um það. Upp hafa komið mál þar sem aldraðir hafa verið beittir heimilisofbeldi, en viðmælandi hefur ekki yfirsýn um fjölda þeirra mála eða til hvaða viðbragða hafi verið gripið.

Mál er varða heimilisofbeldi eru ekki skráð sérstaklega og upplýsingar um þau er aðeins hægt að finna í dagálum. Þau eru ekki talin sérstaklega og því engar upplýsingar um þau í ársskýrslum.

Sú aðstoð sem Þjónustumiðstöðin getur boðið er fjölbreytt og metin í hverju einstöku tilviki. Algengt er að konum sé vísað í Kvennaathvarfið, bæði til dvalar og í viðtöl. Félagsráðgjafi veitir félaglega ráðgjöf og stuðning og einnig hafa konum verið boðin sérfræðiviðtöl, ýmist á þjónustumiðstöðinni eða hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum, félagsráðgjöfum eða fjölskylduráðgjöfum úti í bæ. Þjónustumiðstöðin hefur boðið upp á sjálfstyrkingarnámskeið sem þessum konum hefur gefist kostur á að taka þátt í, en þau hafa gefið góða raun og hjálpað konum til að byggja upp eigið sjálfsmat og til að takast á við kvíða og vanlíðan.

Það er mismunandi hve langan tíma tekur að finna viðeigandi úrræði fyrir konuna og fer það eftir því hvernig málum er háttað í lífi hennar þá stundina. Til dæmis þarf að bregðast við á annan hátt á meðan konan býr við ofbeldi en eftir að hún er laus undan því. Í fyrra tilvikinu geta málin snúist um aðstoð við að slíta sambúðinni eða hjónabandinu. Ef börn eru á heimilinu þarf að huga sérstaklega að stöðu þeirra og meta hvort tilkynna eigi málið

til Barnaverndar Reykjavíkur. Það getur tekið tíma að útvega konunni og börnunum húsnæði á vegum borgarinnar þannig að Kvennaathvarfið, húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra eða leiguhúsnæði á almennum markaði getur komið til greina. Þá þarf einnig að huga að rétti konunnar til húsaleigubóta og fjárhagsaðstoðar. Oftast nær er eftirfylgd í þessum málum nokkuð góð og er þá fólgin í viðtölum við félagsráðgjafa. Þó að málaflokkurinn sé flókinn er þjónustan allgóð. Konurnar eru oft hikandi við að yfirgefa mann sinn og ekki alltaf tilbúnar að þiggja þá aðstoð sem í boði er.

Helstu samstarfsaðilar þjónustumiðstöðvarinnar í þessum málum eru Kvennaathvarfið og Stígamót. „*Maður tekur oft upp tólið og pantar tíma fyrir konur og allt þetta... Stundum þarf maður að vera í samstarfi við skólana ef þetta hefur haft áhrif inn í þá, ef krakkarnir hafa orðið vitni að einhverju sem kemur upp... Þannig að það er mjög misjafnt við hverja við eigum samstarf, jafnvel ÍTR ef þetta hefur eitthvað komið til umræðu á frístundaheimilinu.*“ Einnig er um að ræða samstarf við Barnavernd Reykjavíkur ef málin hafa borist til hennar.

Að mati viðmælanda er þörf á frekari fræðslu um mál er snúa að heimilisofbeldi. „*Það er náttúrulega bæði gott að fá sérfræðinga, en svo held ég að væri líka gott að fá konur sem hafa lent í svona málum og hafa náð að vinna sig út úr þeim, vegna þess að þó að við séum sérfræðingar ... þá held ég að við séum mörg ennþá einhvern veginn haldin ákveðnum fordómum ... af hverju lætur hún bjóða sér þetta, af hverju fer hún ekki bara.... Ég held að fólk mætti alveg læra meira um það hvernig svona mynstur verður til.*“ Þá þarf einnig að leggja áherslu á handleiðslu þegar unnið er með mál sem snúa að heimilisofbeldi og að nota teymisfundi þar sem fleiri fagmenn koma saman og ræða málið til að fá fram ólík sjónarhorn frá mismunandi fagfólki. Teymisfundir af þessu tagi eru haldnir reglulega í Þjónustumiðstöðinni í Breiðholti.

Mikilvægt er að huga að stöðu barna á heimili þar sem heimilisofbeldi á sér stað og að forða þeim úr slíkum aðstæðum. Meðal annars þarf að greina málið með hliðsjón af aldri barnsins og kanna hvernig það upplifir það sem gerst hefur. Unnt er að bjóða barninu, eða

móður og barni saman, upp á nokkur viðtöl hjá sálfræðingi á þjónustumiðstöðinni eða hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingi.

Miklu máli skiptir að skoða hver einstakt mál fyrir sig og meðhöndla það út frá sérstöðu þess. Þó eru ávallt ákveðnir þættir sem hafa þarf í huga eins og t.d. hvort börn búi á heimilinu. Þá þarf að vinna að forvörnum sérstaklega gagnvart ungum stúlkum í því skyni að styrkja sjálfsmynd þeirra og hefja þarf slíka fræðslu í skólanum.

#### **4.5.2 Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður**

Í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar er alhliða upplýsingamiðstöð þar sem meðal annars er veitt félagsleg ráðgjöf auk þess sem hægt er að sækja um fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, félagslegt leiguhúsnæði og fleira. Börn og samfélag er þekkingarmiðstöðvarverkefni Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar. Rætt var við Þórarinn Þórsson, félagsráðgjafa.

Mál er varða heimilisofbeldi berast Vesturgarði ekki oft. Upplýsingar um ofbeldi koma oftast upp í viðtölum þegar konur eru að leita annarrar þjónustu, eru til dæmis atvinnulausar eða vilja fá upplýsingar um endurhæfingarúrræði. Þá er farið yfir sögu konunnar og þá kemur stundum fram að hún hafi búið við, eða búi við, ofbeldi. Stundum berast mál af þessu tagi þó frá sjúkrahúsum ellegar Kvennaathvarfinu sem hefur haft samband og er þá að leita eftir aðstoð fyrir konu. Þá koma slík mál einnig í einhverjum tilvikum frá barnavernd þar sem verið er að óska eftir stuðningi við mæður.

Á þeim þremur árum sem viðmælandi hefur starfað í Vesturgarði hefur hann ekki séð mikla breytingu á fjölda mála sem tengjast heimilisofbeldi. Breytingin er helst sú að nú leita fleiri konur af erlendum uppruna aðstoðar vegna heimilisofbeldis, bæði andlegs og líkamlegs. „Þessar konur eru oft og tíðum alveg mállausar á íslenskuna og án allra réttinda hér á landi. Í sumum tilfellum hafa menn þessara kvenna útvegað þeim íbúðir annars staðar og notað þær sem ákveðið kúgunartæki gagnvart þeim eins og það að þeir taki af þeim húsnæðið ef þær geri ekki það sem þeir vilja.“ Mál þessara kvenna koma ef til vill frekar til kasta þjónustumiðstöðvanna en mál innlendra kvenna, sem hafa yfirleitt

fleiri bjargráð og eiga fjölskyldu og vini sem þær geta leitað til. Starfsfólk hefur orðið vart við að aldraðir hafi verið beittir ofbeldi en þær upplýsingar koma þá oftast frá starfsfólki heimþjónustu. Varðandi breytingar á ofbeldi á síðustu árum er talið að andlegt ofbeldi fái oft og tíðum litla athygli vegna þess að beinir áverkar eru ekki sýnilegir á viðkomandi manneskju.

Mál er varða heimilisofbeldi eru ekki skráð sérstaklega og því engar upplýsingar um fjölda þeirra í ársskýrslum. Sú aðstoð sem Vesturgarður getur veitt er fjölbreyttur og er metinn í hverju einstöku tilviki. Horft er heildrænt á hvert mál og reynt að aðstoða einstaklinginn til sjálfstæðis. Ef um er að ræða konu með barn er unnt að veita aðstoð sem snýr að uppeldisráðgjöf og fleira. Þá er hægt að veita aðstoð til að taka þátt í sjálfstyrkingarnámskeiði eða öðrum námskeiðum sem í boði eru í borginni til að byggja upp sjálfstraust og takast á við vanlíðan og kvíða. Konum hefur einnig verið veitt aðstoð til að greiða viðtöl hjá sálfræðingum eða öðrum sérfræðingum.

Vesturgarður hefur aðgang að Félagsbústöðum sem sjá um húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar, og þar hafa konur sem eru að losa sig úr ofbeldissambúð notið forgangs. Á meðan beðið er eftir varanlegri húsnæðislausn eru konurnar aðstoðaðar við að fá húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra eða leiguíbúð á almennum markaði. Dæmi um aðstoð sem hægt er að veita er fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar og aðstoð við að greiða leikskóla.

Félagsþjónustan getur veitt takmarkaða hjálp ef einstaklingur kemur og óskar eftir aðstoð, vernd eða stuðningi til að verjast ofbeldismanninum, „*við höfum ekkert vald til að stíga inn í svona mál*“. Ef börn eru á heimilinu er hægt að tilkynna málið til barnaverndar með ósk um að það verði kannað og sérstaklega hugað að því hvort lífi eða heilsu barnsins sé hættu búin. Búi konan með manninum er hún hvött til að fara af heimilinu og bent á stað eins og Kvennaathvarfið þar sem hún getur dvalið á meðan hún vinnur í sínum málum. Ferlið þarf ekki að taka langan tíma og strax er hægt að leita hagnýtra lausna eins og til dæmis að tímabundnu húsnæði. Hægt er að fá fjárhagsaðstoð til að greiða viðtöl hjá



sjálfstætt starfandi sérfræðingum, en sú upphæð er ekki nægilega há. Mál af þessu tagi eru stundum unnin af nokkrum starfsmönnum þar sem sérþekking hvers og eins er nýtt, en ekki er myndað sérstakt teymi til að vinna að hverju máli.

Vesturgarður er í samstarfi við fjölda aðila í málum sem snúa að heimilisofbeldi. Má þar nefna Kvennaathvarfið, Félag einstæðra foreldra, skóla, leikskóla og sjúkrahús. Góð tülkaþjónusta er lykilatriði fyrir erlendu konurnar og hún hefur aukist á undanförunum árum. Þá er einnig samstarf við lögreglu og barnavernd.

Starfsfólk Vesturgarðs hefur góða menntun, flest með framhaldsmenntun í sinni grein. Engu að síður er þörf á aukinni þekkingu fagfólks í öllum málaflokkum. Slíkt má t.d. veita með fyrirlestrum sérfræðinga og jafnvel háskólanámi þar sem sérstaklega væri hugað að fórnarlömbum ofbeldis.

Ef mál um heimilisofbeldi berast Vesturgarði og börn eru á heimilinu er haft samband við barnavernd. Einnig er haft samband við skóla eða leikskóla barns og fleiri sem barnið er í tengslum við. Reglulegir samráðsfundir eru með starfsfólki skóla og leikskóla í hverfinu og þá er rætt um þau mál sem upp hafa komið. Að mati viðmælanda vantar samráðsvettvang milli þeirra aðila sem vinna að málum sem snúa að ofbeldi gegn konum, eins og t.d. félagsþjónustu, lögreglu, barnaverndar, Landspítala og Kvennaathvarfs. Þessi hópur gæti hist einu sinni til tvisvar á ári og farið yfir það sem er að gerast í þessum málum, hægt væri að kynna rannsóknir og notendur gætu komið og sagt frá reynslu sinni af þjónustunni. Á þennan hátt mætti bæta þjónustuna. Einnig er þörf á að auðvelda aðgengi að þjónustunni fyrir konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi.

#### **4.5.3 Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða**

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða veitir alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu borgarinnar. Þar er hægt að sækja um ýmiss konar þjónustu eins og leikskólaláss, fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur. Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð í fjölmenningu og

margbreytileika og hefur á að skipa starfsfólki sem er sérhæft í málefnum útlendinga og minnihlutahópa. Rætt var við Eddu Ólafsdóttur, félagsráðgjafa.

Konur sem beittar hafa verið ofbeldi leita fyrst og fremst til þjónustumiðstöðvarinnar vegna praktískra vandamála eins og t.d. varðandi fjárhagsaðstoð. Einnig er málum vísað þangað frá Kvænnaathvarfinu og fyrirspurnir hafa borist frá starfsfólki Alþjóðahúss, en 50% af þeim konum sem dvelja í Kvænnaathvarfinu eru af erlendum uppruna. Að mati viðmælanda er erfitt að átta sig á því hvort orðið hafi breyting á þessum málaflokki því að umræðan um hann er lítil. „Ég sakna þess að Kvænnaathvarfið sé ekki meira áberandi og líka að við ráðgjafarnir og félagsráðgjafarnir séum ekki meira vakandi fyrir þessu.“ Á undanförunum árum hafa verið haldnar ráðstefnur þar sem fjallað hefur verið um ofbeldi gegn öldruðum og því ættu ráðgjafarnir að vera sér meðvitaðir um ofbeldi og aldraða. Það sama er að segja um sérfræðiþekkingu varðandi erlendar konur. Þá eru heimilislausar konur enn einn hópur sem er í mikilli áhættu varðandi ofbeldi.

Helsta breytingin sem orðið hefur á birtingarmynd ofbeldis tengist málefnum innflytjenda og mansali. „Ég hef verið þátttakandi í verkefni sem heitir *Dafne*. Það var reyndar árið 2003 en því hefur verið haldið vakandi. Það var samstarfsverkefni með þremur eða fjórum öðrum Evrópulöndum og yfirskriftin var að vekja athygli á ofbeldi gegn erlendum konum... Við höldum ráðstefnu þar sem ræddar voru skuggahliðar nútíma fólksflutninga þannig að við höfum verið sérstaklega að skoða þennan hóp.“

Upplýsingar um ofbeldi eru skráðar í dagála en ekki er hægt að kalla þær fram á auðveldan hátt og þær eru ekki birtar í ársskýrslu.

Aðstoðin sem er í boði fyrir konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi, eru viðtöl hjá sérfræðingum, t.d. sálfræðingum og félagsráðgjöfum. Hvert mál er sérstakt og einstakt þannig að skoða þarf heildarmyndina og meta síðan þörfina fyrir aðstoð. Biðtími eftir viðeigandi þjónustu tengist m.a. því hvort konan ætli að fara af heimilinu eða vera þar áfram. Sú þjónusta sem helst skortir er stuðningur við þá hópa sem helst eiga í vök að verjast svo

sem konur af erlendum uppruna, fatlaða og aldraða. Erfitt getur verið að aðstoða með húsnæði. Kvennaathvarfið er stundum fullskipað og þess eru dæmi að erlendri konu hafi verið vísað þar frá vegna plássleysis og í Konukot sem er athvarf fyrir heimilislausar konur.

Helstu samstarfsaðilar Miðborgar og Hlíða í málum sem snúa að heimilisofbeldi er Kvennaathvarfið og Stígamót auk Alþjóðahúss. Samstarfið er oft í formi samráðs þar sem t.d. starfsmenn Kvennaathvarfsins leita ráðgjafar. Í starfshópnum hefur einnig verið rætt um það hvort starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar ættu að bjóða upp á opna viðtalstíma í Kvennaathvarfinu „*að það sé sem sagt hreyfanleg ráðgjöf*“.

Þörf er á fræðslu varðandi þennan málaflokk eins og t.d. um notkun túlka og upplýsingar um stöðu minnihlutahópa. Til dæmis mætti semja gátlista til að auka meðvitund starfsmanna og auka þannig gæði þjónustunnar.

Ætíð er hugað að stöðu barnanna þegar mál um heimilisofbeldi berast, m.a. með það í huga hvort rétt sé að vísa því til Barnaverndar Reykjavíkur, en þá er stundum samvinna um málið milli þjónustumiðstöðvarinnar og barnaverndar.

Miklu skiptir að veita uppruna og menningarmun meiri athygli svo að starfsmenn öðlist aukið öryggi þegar þeir vinna með fjölskyldu af erlendum uppruna. „*Ég man eftir samtali sem ég fékk frá skólustarfsmanni. Þá kom barn af erlendum uppruna og það fór ekkert á milli mála að það hafði verið barið af föður, það hafði verið staðfest. Og það fóru einhvern veginn allir í pat í skólanum um hvað ætti að gera og það var hringt í mig og ég spurð ráða. Ég spurði: „Já, en hvað ef þetta hefði verið íslenskt barn, hvað hefðuð þið gert þá?“ „Við hefðum farið með það beint upp á Slysadeild.““*

#### **4.5.4 Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis**

Þjónustumiðstöðin sinnir alhliða upplýsingagjöf og veitir meðal annars félagslega ráðgjöf. Hægt er að sækja um fjölbreytta þjónustu svo sem fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur,

félagslegt húsnaði og fleira. Þjónustumiðstöðin sinnir sérstaklega tveimur þekkingarmiðstöðvarverkefnum undir kjörorðinu „Samfélag fyrir alla“ og miðast verkefnið bæði við eldri borgara og fatlaða einstaklinga. Rætt var við Aðalbjörgu Traustadóttur, framkvæmdastjóra.

Mál sem varða ofbeldi gegn konum berast fyrst og fremst þannig að konan leitar eftir fjárhagsaðstoð. Í viðtalinu kemur síðan í ljós hvers kyns er, að konan á ekki einungis við fjárhagsvanda að stríða, heldur lifir hún í ótta og ógn og á sér enga undankomuleið. Hún hefur áhyggjur af fjárhag sínum eða húsnaðismálum. Þá er það hlutverk ráðgjafans að upplýsa konuna um þær leiðir sem hún getur farið. Það kemur einnig fyrir að prestur hafi samband við þjónustumiðstöðina svo og Kvennaathvarfið, Stígamót eða Landspítalinn til að óska eftir aðstoð við konu sem býr við heimilisofbeldi.

Engar tölur liggja fyrir um það hvort þessum málum hafi fjölgað og þess verður ekki vart að konur leiti nú meira en áður eftir aðstoð vegna ofbeldissambanda. Ofbeldi gegn konum kemur oft og iðulega fram í tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur og tengist þetta allt að nokkru leyti, vanlíðan barnanna, erfiðar heimilisaðstæður og einhvers konar ofbeldi. Þannig fara þessi mál oft frekar til barnaverndar en til þjónustumiðstöðvar. Umræðan um ofbeldi hefur breyst eftir að Thelma Ásdísardóttir hóf opinberlega að ræða kynferðislegt ofbeldi í fjölskyldum. Sú saga hafði áhrif á mjög margar konur sem hafa verið beittar ofbeldi, hvort heldur var í æsku eða núna. Saga hennar sagði konum að hægt væri að leita aðstoðar án þess að skammast sín og bent á leiðir eins og Kvennaathvarfið og Stígamót.

*„Það hafa komið upp alvarleg mál á síðustu árum. Ég held að þau mál hafi orðið til þess að kerfið fór að skoða mál af þessum toga með öðrum hætti og þá ekki bara hið opinbera hjálparkerfi eins og þjónustumiðstöðvar borgarinnar heldur einnig lögregla. Lögreglan hefur að mínu mati endurskoðað vinnubrögð í kjölfar slíkra atburða.“*

Ekki er spurt sérstaklega út í ofbeldi þegar leitað er aðstoðar, „*alveg eins og við spyrjum aldrei sérstaklega út í fötlun, við tökum á móti fólki og fólk gefur upp sína komuástæðu í viðtali. Síðan er farið í gegnum ástæðu fyrir þessari komu og þá kemur ýmislegt í ljós.*“ Starfsmenn hafa verið mjög opnir og vakandi fyrir ofbeldi gegn öldruðum og skoðað það sérstaklega, en þó ekki í viðtölum. Aldraðir leita lítið eftir viðtölum í þjónustumiðstöðinni, starfsmenn fara til þeirra og hitta þá í þeirra umhverfi. Það sama gildir um fatlaðar konur.

Erlendar konur skera sig ekki úr og leita ekki sérstaklega til þjónustumiðstöðvarinnar vegna ofbeldis. Það getur verið mjög flókið fyrir þær að leita þangað. „*Þær eru mjög hræddar við að óska eftir stuðningi hjá sveitarfélaginu þar sem það getur haft áhrif á möguleika þeirra á að búa áfram hér á landi.*“ Reynt hefur verið að koma skilaboðum til þeirra gegnum þeirra eigin samtök og Alþjóðahús um að ósk eftir ráðgjöf og stuðningi hafi ekki áhrif á umsókn um ríkisborgararétt.

Upplýsingar um ofbeldi eru skráðar í dagála en eru ekki birtar í ársskýrslum. „*Núna er yfirleitt unnið með dagálaskrifin á mjög faglegan hátt. Þar er lýst þeim hlutlægu þáttum sem gerast og ef einhverjir huglægir þættir koma inn, þá kemur það mjög skýrt fram, það eru hugleiðingar ráðgjafa eftir viðtal.*“ Engin ákveðin tegund mála er skráð á kerfisbundinn hátt.

Eins og áður hefur komið fram eru ekki til tölur um breytingu á fjölda þessara mála og tilfinningin er sú að svo sé ekki þrátt fyrir umræðuna. Skömmin sem fylgir ofbeldinu er enn til staðar.

Fjölbreytt úrræði eru í boði. Ef fyrst er lítið á hóp eldri borgara þá er það að mörgu leyti viðkvæmur hópur vegna þess hve háður hann er ættingjum sínum og það getur verið mjög erfitt að uppgötva ofbeldið. Ef lítið er á aðstoð í málum þar sem karlar beita eiginkonur eða sambýliskonur ofbeldi þá er hægt að aðstoða fólk með húsnaði, kynna því rétt til húsaleigubóta, aðstoða konur við fyrirframgreiðslu húsaleigu eða við að komast

tímabundið inn hjá Félagi einstæðra foreldra, og hægt er að veita fjárhagsaðstoð. Ýmiss konar ráðgjöf er veitt bæði á þjónustumiðstöðinni af félagsráðgjöfum og hjá sálfræðingi ef á þarf að halda. Þá eru konur stundum aðstoðaðar við að komast í samband við Kvennaathvarf, Stígámót eða embætti sýslumanns. Mikil áhersla er lögð á túlkajónustu ef um konur af erlendum uppruna er að ræða. Aðstoð er hægt að veita mjög fljótt ef um bráðainngrip er að ræða og svo er hægt í samvinnu við viðkomandi konu að fara að huga að framtíðarlausn. Þó má alltaf bæta þjónustuna. Hægt er að nýta áfrýjunarleiðir til að aðstoða í ákveðnum tilvikum, ákveðnir starfsmenn hafa sérþekkingu á málaflokknum og unnt er að finna lausnir. Kona fer þá ef til vill í Kvennaathvarf en stundum tekst mjög fljótt að tryggja henni varanlegt húsnæði.

Helstu samstarfsaðilar eru geðdeildir sjúkrahúsa, Kvennaathvarfið, lögregla og í sumum tilvikum prestar. Ekkert sérstakt form er á samstarfinu, það miðast við einstaklinginn sem um ræðir hverju sinni.

Alltaf er þörf á að efla fræðslu til fagfólks um ofbeldi og afleiðingar þess, bæði á þolandann og á börnin sem eru þolendur líka. „*Sænskur fræðimaður, Eva Lundgren, hefur skrifað mikið um þetta, hvernig konur fara líta svo á að þær verðskuldi ofbeldi með einhverjum hætti. Þetta verður vítahringur, vítahringur hræðslu... það er oft ekki fyrir en konurnar verða hræddar um börnin sín sem að þær fá þennan kraft sem þarf til að rífa sig út úr þessum vítahring.*“ Endurmenntun fyrir fagfólk mætti t.d. hugsa sér í Háskóla Íslands. Hægt væri að sjá fyrir sér námskeið í svipuðum dúr og Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir buðu þar upp á um fjölskyldumeðferð. Þetta gætu verið bæði styttri og lengri námskeið.

Ætíð er hugað sérstaklega að stöðu barna á heimili og stundum hitta ráðgjafarnir börnin. Ef talið er að börnin séu í hættu eru málin tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur þar sem starfsmenn þjónustumiðstöðva hafa ekki umboð til að hlutast til um aðgerðir á heimili nema ef fjölskyldan óskar sérstaklega eftir því. Hugsanlega leita barnlausar konur síður eftir aðstoð og þola ofbeldið lengur. Eins og áður segir er það oft fyrst þegar konur verða

hræddar um börn sín að þær bregðast við aðstæðum. Barnlausar konur eiga hins vegar að fá sömu þjónustu og aðrir, en þær leita líklega síður til þjónustumiðstöðvarinnar.

Til að bæta þjónustuna væri óskandi að þjónustumiðstöðvarnar hefðu „þrjár litlar íbúðir hér í Reykjavík, svona svolítið faldar íbúðir sem við gætum í samráði við Kvænnaathvarfið útvegað konum sem þurfa bara algjört skjól í einhvern smátíma á meðan þær eru að ná áttum, stað þar sem ráðgjafi gæti verið til taks þegar konur eru tilbúnar en komast ekki inn í Kvænnaathvarfið eða eru búnar að vera í Kvænnaathvarfi og gætu þá dvalið þarna tímabundið ... meðan við erum að finna þeim búsetu.“

#### **4.6 Reykjanesbær**

Hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar var rætt við Hjördísi Árnadóttur, framkvæmdastjóra.

Ekki er algengt að konur leiti aðstoðar vegna heimilisofbeldis en fyrir kemur að þær leiti aðstoðar vegna andlegs ofbeldis. Líkamlegt ofbeldi kemur frekar í ljós þegar farið er að ræða við konuna vegna einhverrar annarrar þjónustu sem hún leitar eftir. Þetta kemur ekki eingöngu fram í viðtölum heldur líka þegar fólk nýtir sér þjónustuna hjá Björginni sem er geðræktarmiðstöð í Reykjanesbæ. Málum af þessu tagi er stundum vísað til stofnunarinnar frá lögreglu og heilsugæslu, og stundum lýsa ættingjar yfir áhyggjum vegna gruns um ofbeldi. Þessi mál eru mjög falin og tilfinning viðmælanda er sú að þeim hafi almennt ekki fjölgað. Hins vegar hafi ákveðinn menningarmunur komið í ljós á undanförunum árum við það að konur af erlendu bergi brotnar hafa flust í umdæmið. Þær eru oft mjög einangraðar, og auk þess virðist margt erlent fólk sem flyst til landsins hafa annað viðhorf til lífsins en Íslendingar. Svo virðist sem það sé ásættanlegra í sumum menningarhópum en öðrum að beita konur ofbeldi.

Konur af erlendum uppruna leita ekki oft eftir aðstoð en þær koma samt og það hefur aukist. „Þær eru svona að verða meðvitaðri um réttindi sín og það kemur þá gjarnan kannski í kjölfarið á því að þær eru að leita eftir einhverri aðstoð, jafnvel leita eftir

*möguleikum til að losna bara úr sambandinu.*“ Ekki hafa komið upp mál vegna ofbeldis gegn öldruðum konum, en það er mjög dulið og vel falið. Erfitt hefur verið að vinna mál sem upp hafa komið varðandi ofbeldi gegn fötluðum konum þar sem viðkomandi vill oft og tíðum lítið gera í sínum málum og þá getur félagsþjónustan ekkert gert. „*Það getur verið erfitt að fara inn í mál sem ættingjar eða aðrir láta vita um ef konurnar eru ekki tilbúnar til að taka á því.*“

Ekki er spurt sérstaklega um ofbeldi þegar leitað er eftir þjónustu nema í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á ofbeldi eða eitthvað kemur fram í viðtali sem gefur tilefni til þess að spyrja frekar. Mál er varða heimilisofbeldi eru ekki skráð sérstaklega en upplýsingar um ofbeldið er að finna í dagálum. Ekki koma fram neinar tölulegar upplýsingar um fjölda mála af þessu tagi í ársskýrslum.

Í boði eru fjölbreytt úrræði og ef kona er í hættu er hægt að veita henni aðstoð þegar í stað. Ef hún getur ekki leitað til neins í nánasta umhverfi sínu, svo sem fjölskyldu, er vísað á Kvennaathvarfið. Þó kemur fyrir að konur hafi óskað eftir aðstoð til að losna úr hjónabandi en hafi búið áfram á heimili sínu meðan verið var að leita lausna, jafnvel án þess að upplýsa makann um fyrirætlun sína. Óskir af þessu tagi eru virtar svo framarlega sem metið er að börn á heimilinu séu ekki í hættu. Oftar en ekki er um er að ræða andlegt ofbeldi í slíkum tilvikum. Hægt er að bjóða upp á viðtöl hjá sálfræðingi og félagsráðgjafa. Ef að börn eru á heimilinu þarf að huga að stöðu þeirra og meta hvort vinna eigi mál þeirra út frá barnaverndarsjónarmiði. Ef þörf krefur getur barn einnig fengið viðtal við sálfræðing eða félagsráðgjafa. Stundum er greitt fyrir viðtöl hjá sérfræðingi utan stofnunar. Nær undantekningarlaust eru þessar konur illa settar fjárhagslega og þurfa því fjárhagsaðstoð. Í Reykjanesbæ er meira félagslegt húsnæði en annars staðar miðað við höfðatölu, en samt er alltaf fólk þar á biðlista. Neyðartilvik ganga hins vegar fyrir og biðtími getur verið frá tveimur upp í sex mánuði. Einnig er hægt að veita aðstoð til að fá leiguhúsnæði á almennum markaði.



Í Reykjanesbæ er starfrækt geðræktarmiðstöð sem nefnist Björgin. Þar er t.d. geðlæknir með viðtalstíma, geðræktarskóli er starfandi svo og iðjuþjálfun og ýmiss konar fræðsla. Þangað getur fólk komið og átt notalega stund, borðað saman eða spjallað. Björgin hentar til dæmis þeim sem eru félagslega illa staddir og líður illa af þeim sökum og getur jafnvel orðið til þess að fólk nær að styrkja sig uns það er tilbúið að kveðja óæskilegar aðstæður sínar.

Reykjanesbær er ágætlega í stakk búinn til að sinna þessum málum. Margir félagsráðgjafar eru starfandi á stofnuninni, og á fræðsluskrifstofunni, sem er í sama húsi, starfa margir sálfræðingar og góð samvinna er þar á milli. Þó er skortur á sálfræðipjónustu á svæðinu og þörf á aukinni þekkingu fagfólks á málaflokknum. Einnig vantar skýrari skráningu þessara mála svo að þau komi frekar upp á yfirborðið.

Helsti samstarfsaðili er Kvennaathvarfið. Samstarfið felst t.d. í því að félagsþjónustan finnur húsnaði fyrir konur sem þar dvelja. Samstarfið fer einkum fram á símafundum. Gott samstarf er einnig við heilsugæsluna, presta, og lögreglu á staðnum, en félagsþjónustan hefur þó aldrei kært mál til lögreglu vegna ofbeldis gegn konu. Þá á Fjölskyldu- og félagsþjónustan gott samstarf við fræðsluviðið og þessar stofnanir halda reglulega samstarfsfundi.

Yfirleitt má segja að fagfólkið á staðnum sé vel til þess fallið að takast á við mál er tengjast heimilisofbeldi. Hins vegar er þörf á vakningu um málaflokkinn þannig að hann komi upp á yfirborðið á svipaðan hátt og gerðist um kynferðisbrotamálin, „*umræðan þarf að vera þannig að fólk sem er í þessum sporum átti sig á að það er ekki eitt í heiminum og hvert það geti leitað.*“

Þegar mál sem berast tengjast heimilisofbeldi er ætíð hugað að stöðu barnanna. „*Ég man ekki að svona mál hafi komið inn án þess að það hafi verið barnaverndarmál.*“ Þau fara þá í þann farveg og eru unnin út frá barnaverndarlögum.

Til þess að tryggja betri þjónustu í þessum málaflokki er t.d. þörf á að fá trúnaðarmann eða einhvern sérstakan starfsmann til að aðstoða fatlaðar konur, ef upp kemur grunur um ofbeldi gagnvart þeim.

#### 4.7 Ísafjarðarbær

Á Ísafirði var rætt við Margréti Geirsdóttur, yfirmann Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðar.

Mál er varða heimilisofbeldis berast til félagsþjónustunnar eftir ólíkum leiðum. Sjaldgæft er að kona komi sérstaklega til að leita aðstoðar vegna ofbeldis, en það kemur stundum í ljós þegar farið er að vinna með henni vegna einhvers konar þjónustu sem hún hefur óskað eftir. Einnig tilkynnir lögregla stundum heimilisofbeldi.

Nokkuð er um að mál sem varða ofbeldi gegn konum berist til barnaverndarnefndar og þá í flestum tilvikum frá lögreglu. Oftast nær er óregla tengd þessum málum. Í barnaverndinni er unnt að fara ítarlegar ofan í saumana á ástæðum tilkynningar en gert er hjá félagsþjónustunni og þannig fæst oft vitneskja um ofbeldi í fjölskyldu. Almennt er ekki spurt sérstaklega um ofbeldi, hvorki í félagsþjónustunni eða barnaverndinni, heldur ekki gagnvart ákveðnum áhættuhópum svo sem erlendum konum eða fólki sem á við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða. „*Þetta er ekki svona eitt af því sem við erum sérstaklega að sigta eftir. En ef það vaknar einhver grunur eða vísending þá förum við í saumana á því.*“

Ekki er að merkja breytingu á málafjölda af þessu tagi. Starfsmenn verða þó varir við ákveðnar breytingar vegna þeirrar stöðu sem nú ríkir í þjóðfélaginu, merkja má ákveðinn titring og samskiptaerfiðleikar eru að koma upp á yfirborðið. Einnig virðist andlegt ofbeldi vera að aukast.

Upplýsingar um ofbeldi eru skráðar í dagnótur á sama hátt og allar aðrar upplýsingar og ekki aðgengilegar í ársskýrslu. Reyndar hefur ársskýrsla ekki verið gerð í þeirri mynd

sem æskileg væri, en hún mun verða gerð fyrir árið 2009. Skráningin hefur verið óbreytt síðustu fimm ár. „Við skráum það þegar það kemur upp á yfirborðið eða þegar við verðum varar við eitthvað sem veldur grunsemdum hjá okkur. Þetta er allt háð því að einstaklingurinn sé tilbúinn til að tjá sig og við reynum að styðja fólk í því, en það er ekki um að ræða sérstaka skráningu, þetta er bara partur af máli.“

Mál í barnavernd eru skráð í dagál samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi Barnaverndarstofu (SOF) og þá sem tilfinningalegt ofbeldi gagnvart barninu, þar sem þessi flokkun snýr að því, ekki að móður. Ekki eru til neinar tölur eða rannsóknir sem sýna hvort breytingar hafi orðið á eðli ofbeldis. Hins vegar bendir margt til þess að erfiðara sé að eiga við andlega ofbeldið, það er meira falið og því erfiðara að nálgast það. Ekki hefur heldur orðið vart við breytingar varðandi ofbeldi gegn fötluðum konum og konum af erlendum uppruna. Þessum hópum er sérstaklega hætt við ofbeldi og því er mikilvægt að huga að þeim.

Í barnaverndinni sjá starfsmenn helst þær breytingar að það er eins og mörkin eða leikreglurnar í kynferðislegri nálgun ungs fólks séu nú mjög á reiki. „Það er eins og það ríki á margan hátt algjört markaleysi og virðingarleysi í kynferðismálum. Það er lítillækkun, það er niðurlægning, virðingarleysi algjört. ... Við erum alltof of að fá mál vegna ungra stúlkna sem eru ... bara misnotaðar.“

Í boði eru úrræði sem eru svolítið misjöfn eftir málunum. Ef aðstæður eru erfiðar er stundum reynt að hlutast til um að viðkomandi fái íbúð og geti flutt strax frá ofbeldismanninum. Hægt er að bjóða upp á sérhæfða meðferð, en þá í Reykjavík. Konan fær þá til dæmis stuðning til að komast í Kvennaathvarfið. Sálfræðingur kemur á staðinn reglulega og þá er unnt að bjóða viðtöl. „Það er mjög mismunandi hvernig farið er með mál og allt snýst þetta um samvinnu við einstaklinginn sem um ræðir og það er oft bara ... hvað vill viðkomandi og við reynum að styðja hann í því.“ Í svona litlum sveitarfélögum er þjónustan oft nálæg og það tekur ekki langan tíma að veita hana. Fylgja þarf ákveðnum

málsmeðferðarreglum eins og t.d. í barnaverndinni, en þegar neyðaraðstæður koma upp er unnt að bregðast við þeim strax.

Þegar mál sem varða heimilisofbeldi berast eru viðbrögð barnaverndarinnar svipuð og hjá félagsþjónustunni. Reynt er að finna fagaðila og bjóða upp á þjónustu, en sálfræðingur starfar á skrifstofunni auk þess sem hægt er að leita aðstoðar skólasálfræðings. Viðbrögðin og stuðningurinn sem veittur er ræðst af eðli hvers máls og því hvað börnin hafa upplifað. Auk þess er lögð áhersla á að mæta þólandanum þar sem hann er staddur og ná samvinnu við hann.

Yfirleitt má segja að úrræðin séu nægjanleg, en stundum er þörf á úrræðum sem ekki bjóðast á staðnum. Þá er reynt að leita í önnur sveitarfélög eftir þjónustunni t.d. til sérfræðinga í Reykjavík. Því fylgir mikill kostnaður að aðstoða konu til að komast í Kvennaathvarfið eða að fara í áfengis- og fíkniefnameðferð, en að öðru leyti er þetta ekki nein hindrun. Reynt er að skoða málin og bæta þjónustuna eftir því sem tilefni gefst. Lögregla og sálfræðingur eru helstu samstarfsaðilar félagsþjónustunnar þegar í hlut eiga konur sem verða fyrir ofbeldi í nánnum samböndum. Auk þess er um að ræða samstarf við Kvennaathvarfið og Stígamót.

Hvað varðar þekkingu fagfólks í þessum málaflokki væri æskilegt að starfsmenn Kvennaathvarfsins, sem er sérhæft í þessum málum og nýtur oft styrkja frá sveitarfélögum, kæmu öðru hvoru á staðinn með fyrirlestra. Einnig mætti auka fræðslu með námskeiðum sem gætu t.d. farið fram gegnum fjarfundarbúnað svo að ekki þurfi að greiða fargjöld til Reykjavíkur og dagpeninga vegna slíkra ferðalaga. Þörf er á frekari fræðslu um þennan málaflokk bæði fyrir starfsmenn barnaverndar og félagsþjónustu, og þá helst frá fólki sem hefur það að sérgrein sinni að fást við ofbeldi gegn konum. Fræðslan þarf að snúa að birtingamyndum ofbeldis og fyrstu skrefunum til að nálgast konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Einnig þarf fræðslu og umræðu um nálgun starfsmanna í málum ungra kvenna, því að mikilvægt er að styrkja þær og hjálpa þeim að efla sjálfsvirðingu sína og sjálfstraust. Sú aukning sem starfsmenn sjá í málaflokknum

tengist ofbeldi eða misbeitingu gagnvart ungum konum og unglingsstúlkum eins og nefnt var hér að framan og tengist oft Internetinu, þar sem stundum er skrifað á niðurlægjandi hátt um stúlkur eða birtar myndir af þeim sem særa blygðunarkennd þeirra.

Sérstaklega er hugað að aðstæðum barna þegar tilkynning um ofbeldismál berst. Í því felst oft samvinna við lögreglu sem sendir skýrslur vegna málsins og haldnir eru reglulegir samstarfsfundir.

Það er áhyggjuefni hve illa tekst að aðstoða fatlaðar konur sem verða fyrir ofbeldi. Stundum er unnt að aðstoða konuna tímabundið með því að hjálpa henni úr aðstæðunum, en síðan tekur hún ef til vill ákvörðun um það sjálf að snúa aftur í sömu aðstæður og enginn getur haft áhrif á það því hún er sjálfráða.

#### **4.8 Húnaþing vestra**

Hjá Félagsþjónustu Húnaþings var rætt við Henrike Wappler, félagsráðgjafa.

Konur koma sjaldan til félagsþjónustunnar til að biðja um aðstoð vegna ofbeldis, heldur kemur það í ljós þegar verið er að fjalla um aðra þjónustu sem konan hefur óskað eftir. Flest málin tengjast þó barnaverndarmálum. Ekki er algengt að aðrir vísi ofbeldismálum til félagsþjónustunnar.

Ekki verður vart breytinga á fjölda ofbeldismála sem félagsþjónustan fjallar um og ekki er leitað sérstaklega eftir því hvort um ofbeldi sé að ræða þegar konur leita til stofnunarinnar. Fáar konur af erlendum uppruna búa á svæðinu, en upp hafa komið mál sem varða ofbeldi gegn öldruðum. Ekkert er skráð sérstaklega um ofbeldið í málum sem tengjast félagsþjónustunni, en skráning er markvissari í barnaverndarmálunum. Þörf er á að skrá þessi mál betur.

Þegar um er að ræða barnaverndarmál eru þau unnin samkvæmt barnverndarlögum, tilkynning er könnuð og aðstæður metnar út frá þörfum barnanna. Ekki er spurt sérstaklega um ofbeldi nema einhverjar ástæður gefi tilefni til þess.

Félagsþjónustan getur boðið ýmsa þjónustu svo sem húsnæði sem sveitarfélagið á og þessi mál fá venjulega forgang. Langt er að fara í Kvennaathvarfið svo að þess er sjaldan kostur. Fjárhagsaðstoð er möguleiki auk stuðningsviðtala, annaðhvort á stofnuninni eða hjá sálfræðingi sem kemur reglulega á staðinn. Ef um barnaverndarmál er að ræða er einnig hægt að veita stuðningsfjölskyldu og persónulegan ráðgjafa „*en oft er fjölskyldan ekki tilbúin að láta einhvern koma inn á heimilið*“. Það er heldur ekki auðvelt að finna fólk sem er tilbúið að taka að sér þessi stuðningshlutverk. Oft vantar möguleika til að vinna með fjölskyldunum sem heild, sálfræðingur sem kemur einu sinni í mánuði getur ekki unnið nógu markvisst og starfsmenn á svæðinu hafa ekki haft möguleika á að bjóða fjölskylduvinnu. Í raun þarf að skapa úrræði kringum hvert einstakt tilvik og leita leiða til að finna möguleika á stuðningi í umhverfinu. Þar sem stofnunin sinnir einnig málefnum fatlaðra er gott samstarf milli þessara sviða í málum er varða ofbeldi. Þá er samstarf við skólana, enda situr félagsmálastjóri í nemendaverndarráði, og einnig er unnið með heilbrigðisstofnuninni. Þörf er á aukinni þekkingu í þessum málaflokki, t.d. með námskeiðum og „*svo einhvers konar teymi ... sem hægt væri að leita til og væri á landsvísu...*“

Viðmælandi telur að sérfræðiþekkingu á barnaverndarmálum vanti hjá barnaverndarnefndinni sem treystir á starfsmenn og hefur takmarkaðar forsendur til að gagnrýna störf þeirra eða veita stuðning. Stofnunin sinnir einnig Strandasýslu en mikil þörf er á félagsmálastjóra á því svæði svo að unnt verði að bæta þjónustuna þar. Þá er mikilvægt fyrir starfsmenn að hafa aðgang að handleiðslu, en erfitt getur verið að nálgast hana vegna fjarlægðar og annríkis.

#### **4.9 Akureyri**

Á Akureyri var rætt við Guðrúnu Sigurðardóttur, deildarstjóra fjölskyldudeildar Akureyrar.

Mál sem varða heimilisofbeldi eru ekki mörg, um það bil 5–7 á ári. Oftast er það konan sem leitar aðstoðar, en ofbeldið kemur ekki í ljós fyrr en farið er að vinna málið út frá þeirri beiðni sem konan kemur með, t.d. hvað varðar möguleika á húsnæði eða fjárhagsaðstoð. Konan er þannig að leita ráða varðandi praktísk mál sem geta tengst því á hvern hátt hún geti spjarað sig án maka með börn sín, enda eru þetta yfirleitt konur með börn. Ekki hefur orðið vart breytinga á fjölda þeirra mála sem upp koma.

Ofbeldismál eru ekki skráð sérstaklega en upplýsingar um ofbeldi eru í dagálum. Skráning mála hefur verið nokkrum annmörkum háð, m.a. vegna þess að illa hefur gengið að fá gott tölvukerfi sem hentar félagsþjónustu. Þá telja starfsmenn oft að erfitt sé að finna tíma til að skrá mál vegna anna. Fyrir vikið er þekking á þessum málaflokki takmörkuð og það gildir raunar um fleiri flokka.

Fáar konur af erlendum uppruna búa á svæðinu og þær leita sér sjaldan aðstoðar. Ein ástæða þess getur verið sú að ætli þær að sækja um íslenskan ríkisborgararétt mega þær ekki hafa þegið félagslega aðstoð. Afar fá mál hafa komið upp er varða ofbeldi gegn eldri konum en það hefur þó gerst. Ef heimahjúkrun vissi af slíku máli er ekki víst að hún myndi leita til félagsþjónustunnar með það. „Ég held að það sé dálítið gróið í hugum fólks að félagsþjónustan er praktísk, félagsþjónustan stendur fyrir félagslegum úrræðum fyrst og fremst svo sem fjárhagsaðstoð og húsnæði. Þegar menn sjá að þörf er á slíkri aðstoð þá er það félagsþjónustan örugglega, en ef ekki er um það að ræða þá er ég ekki alveg viss um hvað fólk gerir.“ Einhver mál hafa komið upp sem tengjast ofbeldi gegn fötluðum konum. Þau mál getur verið erfitt að nálgast því að konan á ef til vill erfitt með að koma orðum að líðan sinni og getur talið að aðstæður hennar séu eins og þær eigi að vera.

Í ofbeldismálum er í raun öllu til tjaldað og öllum þeim úrræðum beitt sem félagsþjónustan hefur yfir að ráða. Konur eru aðstoðaðar við að komast í Kvennaathvarfið og allur kostnaður sem því fylgir greiddur. Þær njóta forgangs að leiguíbúðum, fá fjárhags-

aðstoð og geta einnig fengið greiddan ýmsan kostnað sem tengist börnum þeirra. Þá er unnt að veita ráðgjöf og viðtöl hjá þeim félagsráðgjafa sem fjallar um málið á stofnuninni. Gott samstarf er við geðheilbrigðisþjónustuna og unnt er að fá viðtal þar við geðlækni eða sálfræðing ef þörf krefur auk þess sem fjölskylduráðgjöf stendur þeim til boða hjá heilsugæslunni. Um tíma var rekið kvennaathvarf á Akureyri, en í svo litlu samfélagi virðist það henta konunum betur að leita til Kvennaathvarfsins í Reykjavík, þurfi þær á annað borð að yfirgefa heimili sitt. Þrátt fyrir alla þá aðstoð sem unnt er að veita þarf að koma betur til móts við þarfir þeirra kvenna sem hér um ræðir. Helstu samstarfsaðilar fjölskyldudeildar í málum er tengjast heimilisofbeldi eru lögregla, heilsugæsla, sjúkrahúsið og Kvennaathvarfið.

Starfsmenn gera sér grein fyrir því að heimilisofbeldi er til staðar, en hætt er við að þeir séu ekki eins vakandi fyrir þeirri staðreynd og æskilegt væri. *„Það þarf kjark og fagmennsku til að horfast í augu við vonda hluti sem eru að gerast á heimilum fólks. Starfsmenn hafa mikið að gera og það er léttast að komast í gegnum daginn án þess að vera að spyrja mikið óþægilegra spurninga – maður afgreiðir það sem maður fær – þetta er ákveðin tilhneiging hér.“*

Auka þarf fræðslu fyrir starfsmenn um einkenni og skaðsemi ofbeldis, hvað það þýði fyrir börn að búa við þær aðstæður og hvað hægt sé að gera. Þetta tengist líka skólanum og leikskólanum – þar þarf starfsfólk að læra að sjá og bregðast við.

Skipulag þjónustunnar á Akureyri er gott þar sem fjölskyldudeildin sinnir öllum málaflokknum, þar með talið öldrunarþjónustu og málefnum fatlaðra, og heimilishjálpin og heimahjúkrun eru því staðsett á sama stað. Þannig ætti að vera auðvelt að afla upplýsinga um það hvar ofbeldi kunni að leynast og veita aðstoð. Í nýrri framkvæmdaáætlun fjölskyldudeildar er þessi stefna sett skýrt fram þannig að starfið á að geta orðið markvissara.



Hvað börn varðar má almennt telja að félagsþjónustan gæti gefið þeim meiri gaum. Það er fullorðni aðilinn sem kemur og leitar aðstoðar og þá er talað um börnin, enda eru þau stundum ástæða þess að leitað er aðstoðar. Í félagsþjónustunni er hins vegar ekki oft talað við börnin, „það er hlutur sem liggur einhvern veginn í hefðinni, en mér finnst alveg tímabært að reyna að breyta því“. Leiti kona í Kvennaathvarfið er metið hvort barn hennar þurfi sérstakan stuðning og þá er unnt að nýta sérfræðinga á stofnuninni eins og kennsluráðgjafa og fleiri. Þetta gerist þó ekki sjálfkrafa og oft er einhver utan stofnunarinnar fenginn til að ræða við barnið.

Á Akureyri hefur verið talsverð umræða um heimilisofbeldi í kjölfar kynningar á meistaraþrófsritgerð nemenda við Háskólann á Akureyri, en hún var byggð á viðtölum við þolendur ofbeldis. Í kjölfarið varð til grasrótahreyfing fagfólks og leikmanna sem ákvað að eitthvað þyrfti að gera. Bæjaryfirvöld ákváðu að fela félagsmálaráði að semja framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins gegn kynbundnu ofbeldi og hún er nú í vinnslu.

#### **4.10 Norðurþing**

Hjá Félagsþjónustu Norðurþings var rætt við Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, félagsmálastjóra.

Mál er varða heimilisofbeldi berast ekki oft til félagsþjónustunnar og þegar það gerist tengjast þau barnaverndarmálum og koma þá frá lögreglu. Slíkum málum virðist ekki hafa fjölgað en þau eru ekki skráð sérstaklega sem heimilisofbeldi.

Það er ekki regla að spyrja um ofbeldi þegar konur leita aðstoðar hjá félagsþjónustunni, en það er gert ef tilefni gefst, t.d. ef konan er buguð á einhvern hátt. Trúlega eru konur frá framandi menningarsvæðum frekar spurðar um ofbeldi en aðrir hópar. Upplýsingar um ofbeldi eru skráðar í dagála og ekki hægt að kalla þær upplýsingar fram sjálfvirkt.

Við könnun mála sem lúta að barnavernd er hins vegar spurt sérstaklega um ofbeldi sem hluta af fjölskyldusögu. Upplýsingar eru skráðar í dagála og þá sem tilfinningalegt

ofbeldi samkvæmt SOF-kerfi Barnaverndarstofu, en eins og áður hefur komið fram hefur sá flokkur einnig að geyma ýmis önnur atriði, þannig að ekki er unnt að kalla fram upplýsingar um fjölda tilvika er varða heimilisofbeldi á auðveldan hátt eða í ársskýrslu. Málin eru unnin samkvæmt barnaverndarlögum og það tekur ekki langan tíma að finna úrræði. *„Ég myndi segja að við værum ótrúlega vel stödd. Mín reynsla að það sé mun betur haldið utan um hvert barn á smærri stað.“*

Hægt er að veita konum sem beittar hafa verið ofbeldi fjölbreyttan stuðning. Þær eiga kost á aðstoð við að leita til Kvennaathvarfsins, reynt er að fá geranda til að fara af heimilinu og hægt er að óska eftir nálgunarbanni. Möguleiki er á félagslegri ráðgjöf og sálfræðiviðtölum auk þess sem unnt er að bjóða stuðningsviðtöl hjá geðræktarstöðinni Setrinu. Þá er hægt að aðstoða með húsnæði og fjárhagsaðstoð. Kosturinn við litla staði er sá að hægt er að klæðskerasauma úrræði í hverju einstöku tilviki og hægt að bregðast fljótt við og veita nauðsynlega aðstoð þegar í stað. *„Það er tiltölulega auðvelt af því að þetta er ekki svona bákn eins og víða annars staðar.“*

Á vegum félagsþjónustunnar hefur konum, sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku, verið boðið upp á hópastarf. Uppi eru hugmyndir um að útbúa svipað tilboð fyrir konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi af hálfu maka og jafnvel líka fyrir börn. Einnig væri æskilegt að geta boðið börnum upp á leik- eða listmeðferð, en sérfræðiþekking er til staðar um þess konar meðferðarform.

Helstu samstarfsaðilar eru skólar, lögregla og heilsugæsla. Skólaþjónusta er hluti af félagsþjónustunni og því er auðvelt að vinna saman að málum.

Það er þörf á að auka þekkingu um ofbeldi, t.d. menningaráhrif ofbeldis, og einnig um einkenni þess svo og birtingamyndir andlegs ofbeldis. Ekki hefur á það reynt hvort samstarfsaðilar þurfi frekari fræðslu um ofbeldi og einkenni þess. Í stefnumótandi framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir árin 2007–2010 er lögð áhersla á fræðslu til samstarfsaðila um barnavernd, og ofbeldi og einkenni þess eru hluti af þeirri fræðslu.

Sérstaklega er hugað að stöðu barna þegar upplýsingar berast um ofbeldi gegn konum. Í fyrsta lagi er hugað að öryggi þeirra og reynt að meta hve alvarlegt ofbeldið er. Málið er þá kannað og síðan boðið upp á viðtöl ef þurfa þykir – bæði fyrir foreldra og börn. Ef mál af þessum toga þar sem börn eru inni í myndinni bærast til félagsþjónustunnar yrði það gert að barnaverndarmáli og unnið í samræmi við það.

#### 4.11 Fjarðabyggð

Hjá Félagshjónustusviði Fjarðabyggðar var rætt við Sigríði Stefánsdóttur, félagsmála-  
stjóra.

Mál er varða heimilisofbeldi eru ekki mörg og þau sem berast tengjast flest barnavernd. Konurnar koma til að spyrjast fyrir um húsnæði, þær eru að leita leiða úr sambúð og kanna hvernig þær geti bjargað sér einar, en þá kemur stundum í ljós að þær búa við ofbeldi. Lögreglan hefur líka tilkynnt mál af þessu tagi í tilvikum þar sem börn eru á heimilinu.

Ekki liggja fyrir tölur sem sýna breytingar á fjölda mála. Nú er þó oftast leitað til félagsþjónustunnar vegna heimilisofbeldis en fyrir nokkrum árum. Ástæðan tengist trúlega menningarárækkstrum. Í kjölfar markvissrar kynningar á tilkynningarskyldunni hefur málum þó fjölgað í barnavernd. Þá er ástæða til að hafa áhyggjur af aukningu í því efnahagsástandi sem nú ríkir.

Það er ekki vinnuregla að spyrja um ofbeldi þegar leitað er aðstoðar hjá félagsþjónustunni. Þó má ætla að spurt sé í fleiri tilvikum en færri, „*það er orðið manni eðlilegra og tamara. Viðbrögðin eru heldur ekki eins og þau voru, konur taka þessu ekki eins illa og hrökkva ekki eins í vörn.*“ Ástæðan fyrir þessu er útkoma bókarinnar *Myndin af þabba* eftir Thelmu Ásdísardóttur, „*það varð vitundarvakning, ekki bara um kynferðislegt ofbeldi*“. Við könnun barnaverndarmála er spurt sérstaklega um ofbeldi, en það er liður í að fá sem besta mynd af aðstæðum barnsins og meta síðan nauðsynlegan

stuðning fyrir það. Upplýsingar um ofbeldi, bæði í málum sem tengjast félagsþjónustunni og barnaverndinni eru skráðar í dagála en þær birtast ekki í ársskýrslu.

Fatlaðir eiga ágætt skjól í Fjarðabyggð og hvorki hafa komið upp ofbeldismál tengd fötluðum né öldruðum. Nokkurn menningarmunur virðist mega greina í viðhorfum til þess hvað teljist vera ofbeldi þegar um er að ræða sambúðarfólk þar sem annar aðili eða báðir eru af erlendum uppruna, og slík mála hafa komið upp.

Félagsþjónustan getur boðið fjölþættan stuðning. Má þar nefna viðtöl hjá sálfræðingi, en hálfstöðugildi sálfræðings er hjá stofnuninni. Einnig er boðið upp á viðtöl og aðstoð félagsráðgjafa og hjá sérfræðingum sem koma reglulega á svæðið. Konur hafa notið aðstoðar til að fara í Kvennaathvarfið og samstarf hefur verið við Stígamót. Unnt er að aðstoða konur við að fá félagslegt leiguhúsnæði og veita fjárhagsaðstoð. Hægt er að bjóða konunum viðtöl annars staðar en á skrifstofu félagsþjónustunnar því það getur verið viðkvæmt mál að láta sjá sig þar. Í barnaverndarmálum er jafnframt hægt að veita stuðning tilsjónarmanns og í bígerð er að opna neyðarvistun fyrir börn sem af einhverjum ástæðum þurfa að fara af heimili sínu, en slíkt gæti komið að gagni í þessum málum. Hvað varðar úrræði skortir helst meiri tíma til að sinna öllum málaflokkum.

Helstu samstarfsaðilar í málum er varða heimilisofbeldi eru lögregla, heilsugæsla, skólar/námsráðgjafar og sérfræðingar sem koma reglulega á staðinn. Þá er einnig samstarf við Kvennaathvarfið og Alþjóðahús í þeim tilvikum þegar þörf er á túlkajónustu.

Það er alltaf þörf á meiri fræðslu fyrir fagfólk, t.d. við að þekkja einkenni ofbeldis. Áhugi er á að mennta betur það fólk sem sinnir heimaþjónustu og liðveislu. Haldin hafa verið námskeið á vegum Rauða krossins og heilsugæslunnar, en hér þarf að bæta um betur.

Sérstaklega er hugað að börnum sem búa við heimilisofbeldi en það fer eftir aðstæðum hverju sinni hvernig starfsmenn nálgast þau. „*Það fer eftir aldri barnanna og hvaða merki þau bera hvernig maður leggur upp áætlun.*“

#### 4.12 Mýrdalshreppur

Hjá Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu var rætt við Mörtu Bergmann, félagsmálastjóra.<sup>2</sup>

Á svæðinu eru sameiginleg félags- og barnaverndarþjónusta. Félagsmálastjóri hefur verið starfandi sl. fimm ár. Í upphafi var boðið upp á fasta viðtalstíma í Vík, en nú eru viðtöl samkvæmt samkomulagi og þegar þörf krefur. Sveitarfélögin sem standa að þjónustunni eru ólík. Í Vík eru afar fáir útlendingar, ólíkt því sem er á öðrum þéttbýlisstöðum á svæðinu. Tekjur íbúa á svæðinu eru lágar.

Flest þeirra mála sem berast og varða heimilisofbeldi tengjast barnaverndinni. Þau koma flest frá lögreglu, en einnig koma þær konur sem í hlut eiga stundum og eru þá að leita eftir einhverri annarri þjónustu. Ofbeldið kemur síðan í ljós þegar farið er að skoða beiðni konunnar nánar. Oftast tengist ofbeldið áfengisneyslu.

Félagsþjónusta á svæðinu er að mörgu leyti nýjung þar um slóðir og hún hefur ekki verið kynnt sérstaklega með ofbeldismál í huga. Því erfitt að sjá hvort breyting sé á fjölda mála. Í þeim málum sem berast félagsþjónustunni fer það eftir eðli þeirra hvort spurt er um ofbeldi. Það sama á við um barnaverndarmál, en þó er ætíð spurt um ofbeldi í málum sem tengjast áfengis- og fíkniefnaneyslu. Upplýsingarnar eru skráðar í dagála og ekki er hægt að kalla þær fram sérstaklega, en skráning hefur hins vegar oft verið látin sitja á hakanum vegna annríkis.

Í Mýrdalshreppi eru nær engar konur af erlendum uppruna ólíkt því sem er í nágretta-sveitarfélögum. Fatlaðir fá takmarkaða þjónustu og verða að yfirgefa byggðarlagið ef þeir þurfa á sambýli að halda. Ekki hafa komið upp nein mál er tengjast ofbeldi gagnvart þessum hópum né heldur gegn öldruðum.

---

<sup>2</sup> Marta Bergmann lét af störfum félagsmálastjóra 31. desember 2008.

Konur sem beittar hafa verið ofbeldi geta fengið fjárhagsaðstoð, og húsnæði er hægt að útvega með stuttum fyrirvara. Það er langt að fara í Kvennaathvarfið og því getur verið erfitt að taka sig upp og leita þangað. Sálfræðingur kemur reglulega á Hvolsvöll og þar eiga konurnar kost á viðtölum. „Þjónustan utan höfuðborgarsvæðisins er oft sveigjanleg. Við getum frekar sveigt reglur og við getum verið fljót að útvega úrræðin.“ Í barnaverndarmálum hefur verið lögð sérstök áhersla á að veita foreldrum ráðgjöf varðandi uppeldi og hvaða áhrif það hefur á börn að alast upp við heimilisofbeldi. Úrræðin eru þó takmörkuð og ýmislegt vantar. Helstu samstarfsaðilar í þessum málum er lögregla og heilsugæsla.

Mikil þörf er á að auka þekkingu fagfólks á ofbeldi, birtingamyndum þess og afleiðingum. Þetta á sérstaklega við um þá sem veita aðstoð á heimilum fólks, eins og heimilishjálp og heimahjúkrun. Þá þarf einnig að auka sýmenntun allra fagmanna á þessu sviði.

#### **4.13 Vestmannaeyjar**

Rætt var við Guðrúnu Jónsdóttur, yfirfélagsráðgjafa hjá fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyjarbæjar.

Þolendur ofbeldis leita sjaldan beint eftir aðstoð heldur koma þær til að leita eftir aðstoð vegna ýmissa annarra félagslegra vandamála. Stundum er eins og konurnar treysti sér ekki til að leita aðstoðar fyrr en ofbeldissambandinu er lokið. Ástæðan fyrir þessu er að öllum líkindum sú hversu kúgaðar þær eru og að þær kenni jafnvel sjálfum sér um ofbeldið. Flest málanna berast barnaverndinni og er þá t.d. vísað þangað af lögreglu sem ýmist hefur samband strax eða sendir skýrslu síðar. Mál berast einnig til barnaverndar frá nágrönnum, kunningjum, almenningi, skóla, leikskóla og heilsugæslu.

Ekki er talið að málum sem tengjast heimilisofbeldi hafi fjölgað í samfélaginu, þau hafi alltaf verið fyrir hendi. Nú koma þau þó frekar upp á yfirborðið en áður og málum sem

berast félagsþjónustunni og barnaverndinni hefur fjölgað. Ástæðan er til dæmis aukin meðvitund lögreglu og annarra um að tilkynna mál til barnaverndar.

Engin markviss skráning er á ofbeldismálum gegn konum. Mikil bót var að því þegar Barnaverndarstofa gaf út skilgreiningar- og flokkunarkerfið SOF til notkunar við skráningu barnaverndarmála, en samkvæmt því er heimilisofbeldi skráð sem tilfinningalegt ofbeldi gegn börnum þegar þau berast. Hins vegar er ekki auðvelt að finna fjölda þeirra mála sem tengjast heimilisofbeldi og upplýsingar um þau eru ekki birtar í ársskýrslu.

Ekkert staðlað spurningarform er til fyrir konur sem leita aðstoðar og því ekki spurt sérstaklega um ofbeldi. Ef þær upplýsingar sem gefnar eru vekja grun um ofbeldi er spurt um það. Það sama á við í barnaverndarmálum þar sem ofbeldi getur til dæmis tengst málum sem snúa að hegðunarerfiðleikum stálpaðra barna. Ofbeldi gegn konum virðist magnast við áfengis- og fíkniefnaneyslu fólks og þessi vandi virðist því oft tengjast neyslu.

Af einhverjum ástæðum hafa ofbeldismál er varða aldraða ekki komið upp, en þau mál eru að öllum líkindum mjög falin. Grunur hefur vaknað um ofbeldi gegn fötluðum konum, en mjög erfitt getur verið að komast að þeim málum, „það er mjög erfitt að nálgast þessi mál þegar við höfum ekki þennan aðgöngumiða eins og ég segi ... börnin“. Mál er varðar konur af erlendum uppruna hafa komið upp og þá sem barnaverndarmál. „Kannski finnst erlendum konum það sjálfsgöðara eða að svona eigi hlutirnir að vera ... líka kannski bara þekkingarleysi á íslensku samfélagi, þær þora kannski síður að leita sér aðstoðar, vita jafnvel ekki hvert þær eigi að leita og eru oft og tíðum hræddar við kerfið.“ Sú breyting sem orðið hefur í seinni tíð felst kannski einkum í því að andlegt ofbeldi hafi aukist. „Manni finnst oft ferlið vera þannig að það er byrjað á andlegu ofbeldi og síðan kemur líkamlegt ofbeldi og jafnvel kynferðislegt ofbeldi.“

Það er mjög persónubundið hvaða úrræði er unnt að bjóða í hverju einstöku tilviki og það sem skiptir mestu máli er hversu tilbúnar konurnar eru að vinna í sínum málum. Ætíð er mælt með því að konan leiti sér aðstoðar í Kvænnaathvarfinu, hvort heldur hún leitar símaráðgjafar eða fer þangað til dvalar. Ef kona er tilbúin til að yfirgefa maka sinn þá er veittur stuðningur, t.d. hvað varðar húsnæði, fjárhagsaðstoð, viðtöl við sálfræðing og/eða félagsráðgjafa. Ef konur kjósa að fara upp á land og tala þar við einhvern fagaðila þá er einnig hægt að aðstoða þær fjárhagslega til þess. Félagsráðgjöf og sálfræðipjónusta er veitt af félagsþjónustunni, en sálfræðiviðtölin eru oft meira til að greina þörfina fyrir frekari viðtöl. Eftir nokkur viðtöl er viðkomandi oft vísað annað í sálfræðiviðtöl og þá er yfirleitt sótt um aðstoð til að fara í tíu viðtöl.

Biðlisti er eftir húsnæði og fjölskyldur hafa forgang fram yfir einstaklinga. Ef um er að ræða konu með börn er allt reynt til að leysa málið, t.d. með bráðabirgðahúsnæði sem Rauði krossinn hefur yfir að ráða í Vestmannaeyjum. Hægt er að leysa málin nokkuð fljótt og oftast unnt að fá viðtal innan viku. Alltaf má þó bæta þjónustuna og stundum setja landfræðilegir annmarkar strik í reikninginn. Að leita eftir þjónustu í Reykjavík er ekki aðeins kostnaðarsamt heldur einnig tímafrekt og það getur verið erfitt að fá frí í vinnu. Það sem helst vantar heim í hérað er geðlækna- og sálfræðipjónusta.

Barnaverndarmál sem tengjast heimilisofbeldi eru unnin á sama hátt og önnur mál sem berast barnaverndinni. Þau eru oftast unnin í teymi þar sem starfsmenn ræða saman tiltekið mál. Sömu úrræði eru í boði og hjá félagsþjónustunni, en barnaverndarnefnd er síðan upplýst um þau stuðningsúrræði sem beitt er. Barninu er veitt ráðgjöf ef það hefur aldur og þroska til að nýta sér hana, en einnig hefur listmeðferð gagnast þessum börnum vel. Ef aðstæður á heimilinu eru óviðunandi fyrir barnið er reynt að fjarlægja ofbeldis-manninn eða fá samþykki foreldra fyrir því að börnin fari í vistun til ættingja í skammtímafóstur. Þá er einnig hægt að bjóða fjölskyldunni stuðning tilsjónarmanns, barninu persónulegan ráðgjafa eða sjá til þess að börnin fái stuðningsfjölskyldu. Áhersla er lögð á að bjóða úrræði á heimaslóðum nema ef börnunum stafar ógn af því að vera í



nágrenni við ofbeldismanninn. Börn geta líka fengið viðtal við félagsráðgjafa eða sálfræðing.

Helstu samstarfsaðilar félagsþjónustunnar í málum sem varða heimilisofbeldi eru lögreglan, en vikulega sendir hún skýrslur um það sem fjölskyldu- og fræðsluvið þarf að fá vitneskju um. Gott samstarf er við skóla, leikskóla og einstaka lækna og heilbrigðisstarfsmenn. Nú er unnið að tilraunaverkefni milli félagsþjónustunnar, heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja og Landakirkju um aukna samvinnu. Í þessum málaflokki hefur einnig verið samstarf við Stígamót og Kvennaathvarfið.

Þörf er á að auka þekkingu fagfólks, t.d. barnaverndarstarfsmanna og lögreglu, á þáttum er tengjast heimilisofbeldi. Fræðslan þyrfti að vera í formi námskeiða og fyrirlestra. Einnig er þörf á að auka umfjöllum um þessi mál innan skólakerfisins og í heilbrigðiskerfinu. Áhersla þarf meðal annars að snúa að því á hvern hátt hægt sé að nálgast þær konur sem beittar eru ofbeldi og fá þær til samstarfs, og á hvern hátt hægt sé að bjóða þeim aðstoð við að komast út úr vandanum, sérstaklega þegar þær eiga ekki börn. Ætíð er hugað að aðstæðum barna þegar mál er tengjast heimilisofbeldi berast og litið á það sem tilfinningalegt ofbeldi gegn þeim. Einnig þarf að útiloka þann möguleika að börnin séu beitt ofbeldi.

## **5. Niðurstöður**

### **5.1 Börn oft forsenda fyrir beiðni um aðstoð eða tilkynningu**

Á öllum þeim stöðum sem þátt tóku í rannsókninni koma upp mál sem tengjast ofbeldi gegn konum. Flest málin virðast þó tengjast því að börn séu á heimili og málin voru því oft unnin á grundvelli barnaverndarlaga. Oft koma þó upplýsingar um ofbeldi ekki í ljós fyrr en farið er að vinna að máli, annaðhvort í könnunarferli barnaverndarmálsins eða ef verið er að ræða praktíska aðstoð við konur. Þannig virtust börnin stundum þjóna því hlutverki að vera ákveðinn aðgangur að aðstoð og því nærtækt að velta fyrir sér hvert barnlausar konur fara til að leita sér hjálpar.

Tryggja þarf að konur með börn og konur án barna sem beittar hafa verið ofbeldi geti jöfnum höndum leitað aðstoðar hjá félagsþjónustu og barnavernd.

### **5.2 Skortur á skráningu**

Á þeim stöðum sem skoðaðir voru skráir félagsþjónustan heimilisofbeldi ekki markvisst. Málin eru unnin út frá því erindi sem fólk kemur með, og eins og áður segir virðist það sjaldgæft að kona óski gagngert eftir aðstoð vegna ofbeldis. Þær upplýsingar sem unnt er að finna í dagálum er ekki unnt að kalla fram sjálfkrafa svo að yfirlit um málaflokkinn er ekki til staðar. Það sama á við um barnaverndina þó svo að skráning þar sé að nokkru leyti skipulegri. Þær breytingar sem Barnaverndarstofa hefur gert á skráningu tilkynninga hjá barnaverndarnefndum mun ekki geta gefið nákvæmar upplýsingar um fjölda barnaverndarmála sem tengjast heimilisofbeldi. Upplýsingar um breytingar á fjölda mála byggjast því eingöngu á tilfinningu.

Skiptar skoðanir voru á því hvort ætíð ætti að spyrja um ofbeldi þegar mál berast félagsþjónustu eða barnavernd. Bent var á að við könnum mála þurfi að gæta meðalhófsreglu en aðrir töldu að rétt væri að semja einhvers konar gátlista varðandi málaflokkinn. Bent hefur verið á að árangursríkasta leiðin til að komast að því hvort kona búi við ofbeldi og koma henni síðan til aðstoðar sé fólgin í kembileit (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Huga þarf að því hvort ekki sé rétt að taka upp kembileit, bæði innan félagsþjónustu og barnaverndar. Samtímis þarf að bæta skráningu í málaflokknum þannig að bæði verði hægt að fá upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga sem leita eftir aðstoð gagnlegt vegna ofbeldis og um þá sem segja frá ofbeldi á meðan verið er að vinna að máli þeirra hjá félagsþjónustu og barnavernd.

### 5.3 Viðkvæmir hópar

Bent hefur verið á að ákveðnir hópar kvenna eru í meiri áhættu en aðrir hvað varðar ofbeldi (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Hér er átt við gamlar konur, konur af erlendum uppruna og fatlaðar konur, auk kvenna sem eiga við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða. Í viðtölum kom fram að það var helst í tilvikum þegar um var að ræða neyslu áfengis og fíkniefna að spurt var um ofbeldi, en þau mál tengdust nær undantekningalaust börnum og barnaverndarmálum.

Konur af erlendum uppruna leita í nokkrum mæli eftir aðstoð, en margar virðast þó veigra sér við því af hræðslu við að möguleg aðstoð geti haft áhrif á möguleika þeirra á að dvelja áfram í landinu. Fatlaðar konur og aldraðar leita mjög sjaldan eftir aðstoð vegna ofbeldis, en fyrir kemur að ættingjar eða opinberir aðilar eins og heimilishjálp eða heimahjúkrun láti vita af grun um ofbeldi. Það er hins vegar erfitt fyrir félagsþjónustuna að hlutast til um mál á slíkum grundvelli þar sem lagaumhverfi félagsþjónustu gerir ekki ráð fyrir slíku.

Tryggja þarf að erlendar konur sem beittar hafa verið ofbeldi geti leitað aðstoðar án þess að eiga á hættu að geta ekki sótt um ríkisborgarétt. Jafnframt þarf að tryggja að fatlaðar konur og aldraðar geti leitað aðstoðar til félagsþjónustu og barnaverndar.

Starfsmenn sem rætt var við höfðu mjög litla reynslu af ofbeldismálum er tengdust öldruðum og vísuðu til þess að það væru frekar aðilar sem sinna þeim heima sem komast

að því hvort um ofbeldi sé að ræða eða ekki. Í þeim tilvikum sem mál af þessu tagi höfðu komið upp fannst starfsmönnum þau erfið og virtust óöruggir um það hvernig best væri að nálgast þau.

Það sama á við varðandi fatlaða. Greinilegt var að þau mál sem upp höfðu komið voru starfsmönnum erfið. Þeir höfðu efasemdir um hvort konurnar hefðu skilið það sem fram fór og veltu því fyrir sér hvort verið væri að brjóta á rétti þeirra. Þetta átti sérstaklega við þegar konurnar ákváðu að snúa aftur heim til eiginmanns/sambýlismanns, og á einum stað þótti ástæða til að skipa fötluðum konum sérstakan trúnaðarmann.

Ástæða virðist til að skoða nánar þá viðkvæmu hópa sem hér eru nefndir til að fá upplýsingar um umfang ofbeldis í þeirra garð og hvort þessar konur séu að fá þá aðstoð sem þeim ber.

#### **5.4 Miklar væntingar til Kvennaathvarfsins**

Kvennaathvarfið var af öllum talið einn mikilvægasta samstarfsaðilinn og á nær öllum stöðum var talað um að aðstoða konur við að komast í Kvennaathvarfið. Miklar væntingar virðast vera til starfsmanna þar og ósk kom fram um að starfsmenn Kvennaathvarfsins sinntu fræðslu til starfsmanna félagsþjónustu og barnaverndar. Fram kom á tveimur stöðum að samstarf væri einnig við Stígamót, en ekki kom fram að neitt samstarf væri við samtökin Aflið, systursamtök Stígamóta á Akureyri, sem býður upp á ýmiss konar stuðning við þolendur kynferðislegs ofbeldis og heimilisofbeldis (Aflið, e.d.). Á einum stað komu fram vangaveltur um það að ef til vill þyrfti að styrkja starf Kvennaathvarfsins og jafnvel koma á sterkara kerfi í líkingu við Neyðarmóttöku vegna nauðgana.

Meta þarf hvort styrkja eigi starfsemi Kvennaathvarfsins þannig að starfsmenn þar eigi möguleika á að sinna öflugra fræðslustarfi en verið hefur, m.a. með því að fara út á land. Einnig þarf að meta á hvern hátt slík fræðsla getur farið fram með fjarfundarbúnaði.

### **5.5 Ólíkar tegundir ofbeldis**

Starfsmenn sem rætt var við voru almennt á þeirri skoðun að andlegt ofbeldi í garð kvenna hefði aukist og var það ítrekað nefnt, bæði í sambandi við íslenskar og erlendar konur. Þetta var einnig tengt við ákveðið markaleysi sem sumir telja að sé fyrir hendi í kynhegðun ungra stúlkna og þá misnotkun sem því tengist. Greinilegt var að starfsmönnum finnst erfitt að fást við mál er tengjast andlegu ofbeldi og töldu að enn erfiðara væri að nálgast þau en mál sem tengjast líkamlegu ofbeldi, þar sem oft sé um sjáanlega áverka að ræða.

Auka þarf fræðslu um andlegt ofbeldi og ólíkar birtingarmyndir þess.

### **5.6 Staða barna**

Á öllum stöðunum er tekið sérstakt tillit til stöðu barna þegar mál sem tengjast heimilisofbeldi koma upp. Nokkuð mismunandi er hvort málin séu alltaf unnin sem barnaverndarmál eða ekki. Á einum stað var það nefnt að lítil hefð væri fyrir því innan félagsþjónustunnar að rætt væri við börn og því fengju þau ef til vill ekki alltaf þann stuðning sem þau þyrftu. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á þær alvarlegu afleiðingar sem það hefur fyrir börn að verða, bæði beint og óbeint, vitni að ofbeldi gegn móður. Jafnframt er vitað að börn hafa talsverða þekkingu á ofbeldi (Guðrún Kristinsdóttir, 2007; Ingólfur V. Gíslason, 2008). Einnig ber að hafa í huga að ákveðin hætta er á að börn sem búa við þessar aðstæður verði sjálf beitt ofbeldi.

Útbúa þarf verklagsreglur fyrir bæði félagsþjónustu og barnavernd um það hvernig unnið skuli markvisst með börn í þessum málaflokki.

### **5.7 Ofbeldi tengt áfengis- og fíkniefnaneyslu**

Hjá allmörgum viðmælendum kom fram að ofbeldið sem þeir yrðu varir við væri oftar enn ekki tengt áfengisneyslu. Starfsmenn virðast oft og tíðum vera vakandi fyrir aukinni

hættu á ofbeldi hjá þessum hópi. Þá komu jafnframt fram hugmyndir um að álag og áhrif kreppunnar gætu leitt til aukins heimilisofbeldis.

Tryggja þarf að þeir starfsmenn sem koma að málum fjölskyldna sem tengjast áfengisneyslu þekki einkenni heimilisofbeldis og geti brugðist við þeim.

### **5.8 Þekking á málaflokknum og fræðsla**

Starfsmenn töldu að aukin umræða á síðustu árum hefði skilað sér í aukinni þekkingu á málaflokknum, en þörf væri á aukinni fræðslu. Starfsmenn greindi hins vegar nokkuð á um það hvert beina skyldi fræðslunni. Sumir vildu leggja áherslu á starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar, en aðrir vildu fyrst og fremst beina henni til samstarfsaðila þannig að þeir gætu verið betur vakandi fyrir einkennum og afleiðingum ofbeldis. Eftir að þessi viðtöl voru tekin hefur félags- og tryggingamálaráðuneytið gefið út fræðslurit, *Ofbeldi í nánum samböndum, orsakir, afleiðingar, úrræði* eftir Ingólf V. Gíslason, sem m.a. beinist að ákveðnum faghópum.

Tryggja þarf að haldnir séu reglulegir fræðslufundir og endurmenntunarnámskeið fyrir starfsmenn félagsmálaþjónustu, barnaverndar og helstu samstarfsaðila þeirra þar sem fjallað er um ofbeldi, birtingamyndir þess og á hvern hátt fagmenn geta helst stutt þær konur og börn sem fyrir ofbeldinu verða. Annars vegar að nýta það efni sem þegar er til og hins vegar að gera úttekt á því hvers konar fræðsluefni vanti.

## Viðauki I

Hér má finna upplýsingar um þau sveitarfélög sem þátt tóku í rannsókninni.

Umdæmi sveitarfélaganna er misstórt eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

### Flatarmál sveitarfélaga

	Flatarmál (km <sup>2</sup> )
0000 Reykjavíkurborg	273
2000 Reykjanesbær	145
4200 Ísafjarðarbær	2379
5508 Húnaþing vestra	2506
6000 Akureyrarkaupstaður	133
6100 Norðurþing	3729
7300 Fjarðabyggð	1164
8000 Vestmannaeyjabær	17
8508 Mýrdalshreppur	755

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Sótt 20.02.2009 á [www.samband.is](http://www.samband.is)

Félagsþjónustan í Norðurþingi, Ísafjarðarbæ og Húnaþingi vestra<sup>3</sup> þjóna mjög stóru umdæmi sem þýðir m.a. að hluti íbúanna þarf að fara langan veg til að nálgast þjónustuna. Í Norðurþingi er félagsþjónustan með viðtalstíma á nokkrum stöðum og í Fjarðabyggð eru útibú frá félagsþjónustunni á nokkrum þéttbýlisstöðum.

<sup>3</sup> Félagsþjónustan í Húnaþingi vestra þjónar einnig Strandasýslu.

Atvinnuvegir sveitarfélaganna gefa nokkurn þverskurð af atvinnuháttum á landinu öllu. Valdir voru staðir þar sem atvinnulífið einkennist af sjávarútvegi svo sem Ísafjörður og Vestmannaeyjar. Húnaþing vestra, Mýrdalshreppur og Norðurþing hafa sína þéttbýlisstaði sem eru umkringdir landbúnaðarsvæðum, en mikill uppgangur hefur verið að undanfögnu í Fjarðabyggð.

Flest sveitarfélögin sem skoðuð voru eru þéttbýlisstaðir. Aðeins Mýrdalshreppur og Húnaþing vestra eru þéttbýlissvæði og sveit, og í báðum sveitarfélögunum fer íbúum fækkandi. Íbúum hefur einnig farið fækkandi í Vestmannaeyjum og Ísafjarðarbæ en atvinnulífið þar einkennist af sjávarútvegi. Fjarðabyggð hefur fram til þessa verið mikið uppgangssvæði og talsverður fjöldi útlendinga búsettur þar, en Reykjavík, Reykjanesbær og Akureyri eru þjónustusvæði.

Þróun svæðanna má að hluta til sjá þegar bornar eru saman upplýsingar um tekjur og gjöld sveitarfélaganna árin 2002 og 2007.

### Tekjur og gjöld sveitarfélaga 2002 og 2007

	2002		2007	
	Tekjur samtals	Gjöld samtals	Tekjur samtals	Gjöld samtals
Landið allt	112.497.251	116.453.909	203.496.572	174.231.353
Reykjavík	48.602.066	51.877.951	87.243.152	71.990.685
Reykjanesbær	3.354.814	4.079.431	6.170.705	6.300.952
Ísafjarðarbær	1.997.740	2.020.015	2.606.120	2.385.134
Húnaþing vestra	539.980	612.918	834.539	730.131
Akureyrarkaupstaður	7.762.008	8.006.326	13.165.204	12.405.077
Norðurþing	1.454.412	1.310.841	2.371.378	2.196.082
Fjarðarbyggð	1.869.898	1.958.159	4.042.824	3.269.415



Vestmannaeyjarbær	1.885.926	2.077.868	2.919.464	2.820.331
Mýrdalshreppur	200.619	196.059	298.253	252.470

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga. Sótt 20.02.2009 á [www.samband.is](http://www.samband.is)

Í þessum tölum eru hins vegar engar upplýsingar um það hve stór hluti útgjalda fer til félags- og barnaverndarmála. Þá verður einnig að hafa í huga að mikil breyting kann að verða á þessum tölum í næstu framtíð vegna efnahagsástandsins.

Í rannsókninni var lögð sérstök áhersla á að skoða aðstæður aldraðra kvenna, fatlaðra og erlendra.

### Mannfjöldi 1. desember 2008 eftir sveitarfélögum

	Mannfjöldi	Karlar	Konur	Konur 18- 66 ára	Konur 18- 80 ára	Konur 67 ára +
Alls	319.756	162.538	157.218	100.060	112.439	17.861
Reykjavík	119.848	59.998	59.850	38.959	43.656	7.350
Reykjanesbær	14.208	7.342	6.866	4.394	4.858	607
Ísafjarðarbær	3.968	2.007	1.961	1.185	1.377	255
Húnaþing vestra	1.142	557	585	351	404	82
Akureyri	17.522	8.674	8.848	5.453	6.195	1.080
Norðurþing	2.998	1.515	1.483	892	1.043	206
Fjarðabyggð	4.736	2.608	2.128	1.329	1.478	231
Vestmannaeyjar	4.090	2.147	1.943	1.240	1.407	222
Mýrdalshreppur	487	262	225	139	166	41

Heimild: Hagstofa Íslands. Sótt 22.12 2008 á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

Alls eru 157.218 konur á landinu, ríflega 100.000 eru á aldrinum 18–66 ára og tæplega 18.000 eru 67 ára og eldri. Um 11% kvenna á Íslandi eru 67 ára og eldri.

Pegar þau sveitarfélög sem hér um ræðir eru skoðuð í samanburði við landið í heild vekur athygli hve hlutfall aldraðra kvenna í einstökum sveitarfélögum er hátt. Um 18% kvenna í Mýrdalshreppi voru 67 ára eða eldri 1. desember 2008, um 14% í Húnaþingi vestra og Norðurþingi.

Um 5% kvenna á landinu eru með erlent ríkisfang. Þegar hlutfall kvenna með erlent ríkisfang er greint eftir sveitarfélögunum sést að hlutfallslega fleiri eru með erlent ríkisfang í Fjarðabyggð (11%), Reykjavík (6,5%), Ísafjarðarbær (7,5%) og Reykjanesbæ (5,9%) en landsmeðaltal sýnir.

#### Fjöldi kvenna eftir sveitarfélagi, aldri og ríkisfangi árið 2008

	Alls	18-66 ára	67 ára og eldri	Hlutfall aldraðra	Erlent ríkisfang*	Hlutfall m/erl r.
Allt landið	157.218	100.060	17.861	11,36	8477	5,4
Reykjavík	59.850	38.959	7.350	12,28	3886	6,5
Reykjanesbær	6.866	4.394	607	8,84	403	5,9
Ísafjarðarbær	1.961	1.185	255	13,00	148	7,5
Húnaþing vestra	585	351	82	14,02	26	4,4
Akureyri	8.848	5.453	1.080	12,21	204	2,3
Norðurþing	1.483	892	206	13,89	87	5,9
Fjarðabyggð	2.128	1.329	231	10,86	232	10,9
Vestmannaeyjar	1.943	1.240	222	11,43	38	2,0
Mýrdalshreppur	225	139	41	18,22	13	5,8

Heimild: Hagstofa Íslands. Sótt 22.12 2008 á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

## Viðauki II

### Viðtalsvísir

*Ég kem frá Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd sem vinnur fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið að rannsókn hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd á ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Rannsóknin beinist að því að afla þekkingar á þjónustu við konur sem beittar hafa verið ofbeldi með aðgangi að upplýsingum hjá níu sveitarfélögum.*

*Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og samþykki þinnar stofnunar liggur fyrir um þátttöku í rannsókninni (athuga að það getur verið viðmælandi sem samþykkti). Niðurstöður verða birtar í skýrslu þar sem nafn þitt og vinnustaðarins mun koma fram. Áður en endanlega verður gengið frá skýrslunni mun þér gefast tækifæri til að lesa yfir og koma með athugasemdir. Má ég halda áfram að spyrja þig? – Gefur þú mér einnig leyfi til að taka viðtalið upp?*

*Fyrst verður eingöngu spurt um félagsþjónustuna og síðan um barnavernd. (Þetta á eingöngu við þegar viðmælandi svarar fyrir báða þættina).*

## Félagsþjónusta

1. Hvernig berast mál er varða ofbeldi gegn konum til félagsþjónustunnar/þjónustumiðstöðvar?
  - Kona óskar eftir aðstoð vegna ofbeldis.
  - Óskað er eftir aðstoð vegna annars en ofbeldið kemur þá í ljós.
  - Annar aðili vísar máli til félagsþjónustunnar.
2. Er ástæða til að ætla að oftast sé leitað til félagsþjónustu en var fyrir fimm árum þar sem ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum er ein af ástæðum þess að leitað er eftir þjónustu? Hvaða skýringar eru á fjölgun – fækkun – óbreyttum fjölda?
3. Þegar mál berast félagsþjónustu, er þá spurt sérstaklega um ofbeldi gegn konum?

En gagnvart ákveðnum hópum svo sem öldruðum, erlendum konum og fötluðum konum?

Hvernig eru upplýsingar um ofbeldi skráðar? Eru upplýsingar um ofbeldi gegn konum birtar í ársskýrslu eða aðgengilegar á annan hátt? Hefur skráning mála breyst á síðastliðnum 5 árum?
4. Hafa orðið breytingar á tegundum ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum á síðasta áratug eða svo? (Kanna sérstaklega með erlendar, gamlar og fatlaðar konur).
5. Hvaða þjónusta eða úrræði er í boði hjá félagsþjónustunni fyrir þá sem þangað leita vegna ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum? Og vegna ofbeldis nákominna gagnvart öldruðum konum? Dæmi: Fjárhagsaðstoð, húsnæðisaðstoð, ráðgjöf, sálfræðiþjónusta, annað?

Hvernig er ferlið? Hversu er lengi verið að finna úrlausnir?
6. Er þjónustan nægjanleg að mati svaranda?

Ef ekki ...

- a. Er hægt að bæta hana á einhvern hátt?
- b. Hvað skortir varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði?

7. Hverjir eru helstu samstarfsaðilar félagsþjónustunnar vegna ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum?

Hvernig er samstarfinu háttað?

8. Er þörf á að auka þekkingu fagfólks og efla símenntun á sviði ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum?

Ef svo er ...

Hvaða þætti fræðslunnar ætti sérstaklega að leggja áherslu á?

9. Ef upplýsingar berast um ofbeldi gegn konum er þá hugað sérstaklega að stöðu barna á heimilinu og þá hvernig?
10. Eitthvað sérstakt sem fagaðili hefur tekið eftir eða vill benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði fyrir konur á nánnum samböndum sem verða fyrir ofbeldi.

#### *SÍÐASTA SPURNING Í FÉLAGSÞJÓNUSTUHLUTANUM*

***Spyrja í lok viðtals: Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig.***

## Barnavernd

- 1) Berast mál til barnaverndar þar sem ástæða er til að ætla að um ofbeldi gegn móður sé að ræða?

Hvernig berast þessi mál til barnaverndar?

- 2) Er ástæða til að ætla að oftast sé haft samband við barnavernd en var fyrir fimm árum þar sem ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum er ein af ástæðum afskipta barnaverndar?

Hvaða skýringar eru á fjölgun – fækkun – óbreyttum fjölda?

- 3) Er spurt sérstaklega um ofbeldi gegn móður við könnun barnaverndarmála?

Er spurt sérstaklega um ofbeldi gegn móður hjá sérstökum hópum svo sem fólki af erlendum uppruna, líkamlega eða andlega fötluðu eða fólki sem á við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða?

Hvernig eru upplýsingar um ofbeldi skráðar?

Eru upplýsingar um ofbeldi gegn konum birtar í ársskýrslu eða aðgengilegar á annan hátt?

Hefur skráning mála breyst á síðastliðnum 5 árum?

- 4) Hafa orðið breytingar á tegundum ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum á síðasta áratug eða svo?

5) Hvernig bregst barnaverndin við þegar ofbeldi gegn konum í nánum samböndum kemur í ljós í barnaverndarmálum? Dæmi: Gerir sjálf ráðstafanir? Vísar á aðra? Hverja?

- a. Hvernig er ferlið? Hvað er lengi verið að finna úrlausnir?
- b. Hvernig er börnum sem verða vitni að ofbeldinu sinnt?

6) Eru þetta nægjanleg viðbrögð að mati svaranda?

Ef ekki ...

- a. Er hægt að bæta þau á einhvern hátt og þá hvernig?
- b. Hvað skortir varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði?

7) Er hægt að efla barnavernd svo hún verði betur í stakk búin til að takast á við aðstæður og líðan barna sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum?

- 8) Hverjir eru helstu samstarfsaðilar barnaverndar vegna ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum?

Hvernig er samstarfinu háttað?

- 9) Er þörf á að auka þekkingu og efla sýmenntun fagfólks um þau áhrif sem ofbeldi gegn móður hefur á líðan og þroska barna?

Ef svo er ...

Hvaða þætti fræðslunnar ætti sérstaklega að leggja áherslu á?

- 10) Eitthvað sérstakt sem fagaðili hefur tekið eftir eða vill benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði við konur í nánnum samböndum sem verða fyrir ofbeldi.

**Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig.**



## Heimildir

- Aflið. (e.d.). *Hvað er Aflið*. Sótt 30. mars 2009 á <http://afliðak.is/>.
- Akureyri. (e.d.). *Félagsleg aðstoð*. Sótt 28. mars 2009 á <http://www.akureyri.is/thjonusta/Felagslegadstod/>.
- Fjarðabyggð. (e.d.). *Félagsleg þjónusta*. Sótt 4. apríl 2009 á <http://www.fjardabyggd.is/Thjonusta/Felagslegthjonusta/>.
- Guðrún Kristinsdóttir. (ritstjóri) (2007). *Það er ljótt að meiða Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum: Helstu niðurstöður könnunar*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Hagstofa Íslands. (e.d.a) *Sveitarfélög*. Sótt 20. febrúar 2009 á <http://www.hagstofa.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02000%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%0E9lagi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+1997%2D2008++%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.
- Hagstofa Íslands. (e.d.b). *Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa*. Sótt 22. desember 2008 á <http://www.hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN12104%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+f%0E6%F0ingarlandi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+2006%2D2008+%26path=../Database/mannfjoldi/Faedingarland/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Húnafing vestra. (e.d.). *Félagsmálastjóri*. Sótt 28. mars 2009 á <http://www.hunathing.is/Starfsemi/F%0C3%A9lags%0C3%BEj%0C3%B3nusta/F%0C3%A9lagsm%0C3%A1la stj%0C3%B3ri/tabid/1298/Default.aspx>.
- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Ísafjörður. (e.d.). *Félagsþjónusta í Ísafjarðarbæ*. Sótt 28. mars 2009 á <http://www.isafjordur.is/thjonusta/felagsleg%5Ffradgjof%5F%2D%5Ffjarhagsadstod/>.
- Jóhanna Rósa Arnardóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Heiða Björk Vigfúsdóttir. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum*. Sótt 15. apríl 2009 á [http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt\\_um\\_rannsokn\\_a\\_ofbeldi\\_gegn\\_konum.pdf](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt_um_rannsokn_a_ofbeldi_gegn_konum.pdf).

- Norðurþing. (e.d.). *Félagsþjónusta*. Sótt 4. apríl 2009 á <http://felagsthjonusta.nordurthing.is/?mod=sidur&mod2=view&id=2>.
- Rangárþing eystra e.d. *Félagsþjónusta*. Sótt 4. apríl 2009 á <http://www.hvolsvollur.is/thjonusta/felagsthjonusta>.
- Reykjanesbær. (e.d.). *Fjölskyldu- og félagsþjónusta: Ársskýrsla 2006*. Sótt 28. mars 2009 á <http://www.reykjanesbaer.is/upload/files/%C3%81rssk%C3%BDrsla%20FFR%202007.pdf>.
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Um Velferðarsvið Reykjavíkurborgar*. Sótt 28. mars 2009 á [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-307/18\\_read-2891/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-307/18_read-2891/).
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (e.d.). *Fjármál sveitarfélaga*. Sótt 20. febrúar 2009 á <http://www.samband.is/fjarmal-sveitarfelaga/>.
- Vestmannaeyjar e.d. *Fjölskyldu- og fræðslusvið*. Sótt 4. apríl 2009 á <http://www.vestmannaeyjar.is/?p=100&id=2168&u=2168>



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNASETUR Í  
BARNNA- OG FJÖLSKYLDUVERND



FÉLAGS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# **Rannsókn á ofbeldi gegn konum**

**Viðbrögð skólastjóra 10 grunnskóla**

**Rannsóknasetur í barna-og fjölskylduvernd  
Unnið fyrir félags-og tryggingamálaráðuneytið**

**Guðrún Helga Sederholm**

**September 2009**

## **Formáli félags-og tryggingamálaráðuneytis í rannsókninni um grunnskólann.**

Rannsókn þessi er þáttur í aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Aðgerðaráætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006.

Einn liður í aðgerðaráætluninni er rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið er ábyrgðaraðili þeirrar rannsóknar.

Rannsóknin skiptist í sex hluta, símakönnu annars vegar og rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og félagasamtökum hins vegar.

Þessi hluti rannsóknarinnar tekur til grunnskóla. Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í félags- og tryggingamálaráðuneyti með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotufræðings. Rannsóknin var framkvæmd af Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd í Háskóla Íslands undir stjórn Guðrúnar Helgu Sederholm, MSW fræðslu-og skólafélagsráðgjafa. Margir komu að rannsókninni en helst ber að nefna viðmælendur sem gáfu sér tíma til að svara spurningum um heimilisofbeldi.

Niðurstöður sem hér birtast veita mikilvægar upplýsingar um að hvaða leyti mál er varða ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum koma til kasta skólastjóra grunnskólanna og hvaða starfsaðferðum er þar beitt. Upplýsingarnar geta síðar orðið að frekari aðgerðum yfirvalda í grunnskólum á þessum vettvangi.

## Útdráttur

Í rannsókninni var rætt við skólastjóra í tíu grunnskólum víðsvegar á landinu. Markmiðið var að fá mynd af því hvernig skólinn bregst við þegar barn þarfnast hjálpar vegna ofbeldis gegn móður á heimili þess og fá fram hugmyndir um úrbætur á þjónustunni.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

- Vitneskja skólastjóra um ofbeldi gegn mæðrum nemenda er lítil.
- Skólastjórar tilkynna til Barnaverndar/félagsþjónustu ef um ofbeldi er að ræða á heimili.
- Hlutverk skólans er óljóst. Fræðslu – og uppeldishlutverk togast á. Sitt sýnist hverjum.
- Hlutverk einstakra starfsmanna er óljóst. Mjög misjafnt hvort og hvert nemendur leita með persónuleg vandamál.
- Auka þarf umræðu um ofbeldi gegn konum innan skólasamfélagsins. Nánast engin umræða um þennan málaflokk í skólunum.
- Auka þarf fræðslu um ofbeldi gegn konum í skólum. Fyrst og fremst að fræðslan miðist að því að kennarar átti sig á einkennum þess að nemandi búi við ofbeldi og að fræðslan breyti verklagi í skólanum.
- Vantar sérþekkingu á sviði persónulegrar ráðgjafar inn í skólana. Tryggja þarf þjónustu við nemendur þegar kemur að persónulegri ráðgjöf.

## Efni

1 Inngangur.....	5
2 Rannsóknin.....	5
2.1 Þátttakendur.....	5
2.2 Aðferð.....	6
3 Núverandi þjónusta og tillögur viðmælanda til úrbóta.....	7
3.1 Vitneskja skólastjórna.....	7
3.2 Vinnulag í skólunum.....	7
3.3 Hlutverk einstakra starfsmanna.....	9
3.4 Fræðsla og símenntun.....	11
3.5 Úrræði.....	11
3.6 Tillögur til úrbóta.....	12
4 Starfsaðferðir og hugmyndir viðmælanda einstakra grunnskóla.....	14
4.1 Grundaskóli á Akranesi.....	14
4.2 Grunnskóli Siglufjarðar.....	15
4.3 Hallormsstaðaskóli.....	16
4.4 Háteigsskóli.....	18
4.5 Hjallaskóli í Kópavogi.....	20
4.6 Hrafnagilsskóli í Eyjafirði.....	21
4.7 Hvolsskóli á Hvolsvelli.....	22
4.8 Ingunnarskóli.....	24
4.9 Nesskóli í Neskaupsstað.....	25
4.10 Snælandsskóli í Kópavogi.....	27
5. Niðurstöður	
5.1 Vitneskja skólastjóra um ofbeldi gegn mæðrum er lítil.....	29
5.2 Skólastjórar tilkynna til Banaverndar/félagsþjónustu.....	29
5.3 Hlutverk skólans er óljóst.....	29
5.4 Hlutverk einstakra starfsmanna er óljóst.....	30
5.5 Auka þarf umræðu um ofbeldi gegn konum innan skólasamfélagsins.....	30

5.6 Auka þarf fræðslu um ofbeldi gegn konum í skólum.....	30
5.7 Vantar sérþekkingu á sviði persónulegrar ráðgjafar inn í skólana....	31
Viðtalsvísir.....	32
Heimildir.....	34

## **1 Inngangur**

Í september 2006 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaráætlun um ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Meginmarkmið áætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum svo og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi.

Í grunnskólum landsins eyða börn miklum tíma við nám og störf. Rannsókn þessi beinir sjónum að þeirri þjónustu og þeim úrræðum sem grunnskólarnir hafa til að bregðast við þegar uppvíst verður um að barn búi við ofbeldi gegn móður. Rannsóknin veitir einnig innsýn inn í þá vitneskju sem skólstjórar grunnskólans hafa um þennan málaflokk og hvernig brugðist er við ef og þegar slík mál koma upp í skólunum.

Fram að þessu hafa engar upplýsingar legið fyrir um viðbrögð grunnskólans þegar ofbeldi gegn konum ber á góma. Til að afla upplýsinga um þetta óskaði ráðuneytið eftir að RBF tæki að sér að framkvæma rannsókn til að safna þessum upplýsingum. Þorgerður Benediktsdóttir hefur umsjón með rannsókninni fyrir hönd ráðuneytisins en Guðrún Helga Sederholm MSW fræðslu- og skólafélagsráðgjafi og stundakennari við félagsráðgjafardeild HÍ fyrir hönd RBF.

Skýrslunni er skipt í fimm kafla. Á eftir inngangi og lýsingu á rannsókninni er í þriðja kafla skýrslunnar fjallað um núverandi þjónustu og tillögur til úrbóta. Í fjórða kafla er fjallað um starfsaðferðir einstakra skóla og dregin fram sérstaða þeirra. Í fimmta kafla er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar.

## **2 Rannsóknin**

### **2.1 Þátttakendur**

Leitað var til skólastjóra tíu grunnskóla úr hinum ólíku landshlutum og óskað eftir þátttöku þeirra í rannsókninni. Aðstæður í þessum sveitarfélögum eru ólíkar og gefa því innsýn í mismunandi aðstæður og vinnulag. Eftirtaldir grunnskólar tóku þátt í rannsókninni en allir hafa þeir 1 – 10 bekk innan sinna vébanda og samtals voru 3.107 nemendur að baki þessum tíu skólastjórum.



**Grundaskóli á Akranesi, skólastjóri Hrönn Ríkharðsdóttir. Nemendur 594.**  
**Grunnskóli Siglufjarðar, skólastjóri Jónína Magnúsdóttir. Nemendur 170.**  
**Hallormsstaðaskóli, skólastjóri Pétur Þorsteinsson. Nemendur 51.**  
**Háteigsskóli í Reykjavík, skólastjóri Ásgeir Beinteinsson. Nemendur 380.**  
**Hjallaskóli í Kópavogi, skólastjóri Friðþjófur Karlsson. Nemendur 380.**  
**Hrafnagilsskóli í Eyjafirði, skólastjóri Karl Frímannsson. Nemendur 200.**  
**Hvolsskóli á Hvolsvelli, skólastjóri Unnar Þór Böövarsson. Nemendur 233.**  
**Ingunnarskóli í Reykjavík, skólastjóri Guðlaug Erla Gunnarsdóttir. Nemendur 450.**  
**Nesskóli í Neskaupsstað, skólastjóri Marías Ben. Kristjánsson. Nemendur 213.**  
**Snælandsskóli í Kópavogi, skólastjóri Hanna S. Hjartardóttir. Nemendur 436.**

## **2.2 Aðferð**

Leitað var til skólastjóra grunnskólanna og þeir bednir um að veita viðtal. Viðtölin fóru fram í maí 2009. Spyrjar voru félagsráðgjafarnir Guðrún Helga Sederholm og Sigrún Karlsdóttir. Notast var við ákveðinn viðtalsramma en jafnframt reynt að tryggja að sérstaða hvers skóla fyrir sig kæmi fram í viðtalinu. Viðtölin voru hljóðrituð. Afritun og greiningu viðtalanna unnu þær Guðrún Helga Sederholm og Heiða Björk Vigfúsdóttir verkefnisstjóri RBF. Viðtalsrammann er að finna í viðauka við rannsóknina.

Þau sjónarmið og upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu byggjast á svörum sem fengust úr viðtölunum og gefa þau heildarmynd af þeirri vitneskju sem skólastjórnir hafa um ofbeldi gegn konum, þeim farvegi sem slíkum málum er beint í ef og þegar þau verða uppvís í skólanum, þætti einstakra starfsmann og skólastjórnenda í vinnslu mála. Samstarf við aðrar stofnanir og tillögur til úrbóta koma einnig fram í skýrslunni. Á sama hátt gefur skýrslan mynd af starfsháttum einstakra skóla og sérstöðu þeirra.

### **3 Núverandi þjónusta og tillögur viðmælenda til úrbóta**

#### **3.1 Vitneskja skólastjórnenda**

Fram kom að aðeins þrjár skólastjórar sögðust beinlínis hafa orðið varir við ofbeldi gegn konum í sínum skóla en sjö sögðust ekki hafa fengið mál til sín sem flokka mætti sem ofbeldi gegn konum. Þeir sögðu að ef grunur vaknaði um slíkt yrði málinu vísað til nemendaverndarráðs og flestir sögðu að ef slík mál kæmu upp þá yrði ekki beðið eftir nemendaverndarráðsfundi heldur gripið inni strax og málið tilkynnt til Barnaverndar eða félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvar.

Flestir töldu að umsjónarkennari yrði fyrstur var við slík mál þar sem hann væri í mestu návígi við börnin. Engin regla virtist vera á því hvert barnið gæti leitað ef slíkt kæmi upp á heimili þess. Aðeins einn taldi að foreldrar annarra barna myndu hafa samband við skólann ef slíkt kæmi upp, aðrir sögðust ekki hafa fengið vísbendingar frá foreldrum um ofbeldi gegn konum. Margir töldu að þetta væri vel varðveitt fjölskylduleyndarmál sem ólíklegt væri að nemendur segðu frá í skólanum vegna þess að skömm fylgdi slíkum málum. Einnig tóku margir sérstaklega fram að fyrst og fremst væri það skólans að fylgjast með nemandanum en ekki móðurinni, en viðurkenndu þó að ofbeldi gegn móður hefði að sjálfisögðu áhrif á nemandann.

Einn skóli framkvæmir svokallaða „líðankönnun“ meðal nemenda sem hefur það markmið að fylgjast með því hvernig börnunum líður í skólanum og þetta hefur verið gert síðustu tíu árin. Við þennan skóla starfar félagsráðgjafi.

#### **3.2 Vinnulag í skólunum**

Í mörgum tilfellum ráðfæra kennarar sig við skólastjórnendur ef þeir verða varir við eða grunur vaknar um ofbeldi á heimili eða vanlíðan barns er augljós. Oftast er það umsjónarkennari sem kemur til stjórnenda með slík mál. Málinu er nær undantekningarlaust vísað til nemendaverndarráðs skólans til umfjöllunar en þó eru misjafnar leiðir í því. Einn skólastjóri sagði að kennarar í sínum skóla þyrftu að vísa máli skriflega til nemendaverndarráðs og jafnframt að láta foreldra vita að þeir hafi vísað

málinu þangað meðan hinir láta vísun nægja og nefna ekki að þeir tilkynni foreldrum ef málum er vísað til nemendaverndarráðs.

Í þeim skóla þar sem félagsráðgjafi starfar þá kynnir hann sig og starf sitt fyrir nemendum þannig að öllum er ljóst hvert hægt er að leita með persónuleg vandamál. Í öðrum skóla kynnir námsráðgjafi verksvið sitt fyrir nemendum en oftast er skólahjúkrunarfræðingur nefndur sem sá aðili sem tekur þennan málaflokk að sér. Mismundandi aðgengi er að skólahjúkrunarfræðingum og námsráðgjöfum í dreifbýli en mun meiri festa í þéttbýlinu og þessir fagaðilar starfa þar við skólana, hvern og einn.

Nemendaverndarráð er sá staður sem málum sem þessum er vísað til en í ráðinu sitja yfirleitt í þéttbýlinu: skólastjóri, aðstoðaskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og sálfræðingur. Einstakir kennarar eru kallaðir inn ef þeir tengjast málinu sem fjallað er um og oft er fulltrúi félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvar á þessum fundum þó ekki sé beinlínis regla á því. Fundir eru haldnir reglulega á tveggja, þriggja eða fjögurra vikna fresti. Í dreifbýlinum er nemendaverndarráð skipað sömu aðilum en oft eru aðstæður þannig að margir skólar sameinast um námsráðgjafa, hjúkrunarfræðing og sálfræðing. Tengsl við félagsþjónustu eru svipuð og í þéttbýlinu. Fundir eru reglulega en veður getur hamlað mætingu á fundina.

Tilkynningarskyldan virtist vera mjög ljós í hugum skólastjórnenda og ábyrgðin sem henni fylgir. Allir skólastjórar voru sammála um að tilkynningarskyldu bæri að sinna skilyrðislaust ef svona mál kæmi upp í skólanum og þá er það oftast skólastjóri sem tilkynnir málið til Barnaverndar eða félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvar. Margir tóku fram, sérstaklega í dreifbýlinu, að þeir tilkynntu málin til þess að einstakir kennarar væru hlémegin gagnvart samfélaginu. Þeir upplifa mjög sterkt þá ábyrgð sem hvílir á þeim varðandi tilkynningarskylduna. Þetta á fyrst og fremst við þegar um ofbeldi er að ræða gegn börnunum sjálfum af hálfu foreldra. Nokkur óvissa kom fram um viðbrögðin við ofbeldi gegn mæðrum barnanna enda sögðu flestir að slíkt hefði ekki komið upp í þeirra skóla. Einn skólastjóri í dreifbýli sagði að ef svona mál kæmi upp yrði það „stofnað”

strax sem mál og sett inná sameiginlegt svæði hans og aðstoðarskólastjóra, sem er öðrum lokað, en upplýsingum dreift til hjúkrunarfræðings og námsráðgjafa.

Fram kom að farvegurinn sem mál af þessum toga fer í er oftast sá að kennari ráðfærir sig við skólastjóra sem tekur ákvörðun um hvort tilkynna eigi málið strax til Barnaverndar eða félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvar sem þá tekur formlega við málinu. Nokkuð misjafnt er hvort skólarnir fá upplýsingar frá félagsþjónustu/þjónustumiðstöð um í hvaða farveg málið hefur farið, hvort því er lokið eða hvar það stendur. Tveir skólastjórar í þéttbýli sögðu að þeir fylgdust með málum og sendu inn lista yfir þau mál sem þeir vildu fá nánari upplýsingar um en þá eru einnig haldnir fundir með fulltrúum félagsmiðstöðvar/þjónustumiðstöðvar og fulltrúum skólans. Aðrir skólastjórar kvörtuðu nokkuð undan því að þeir fengju ekki að vita hvar málin stæðu og þeim þætti það miður en að þeir gerðu sér grein fyrir að þetta væri þungt í vöfum og velktist oft lengi í kerfinu. Allir töluðu um að samvinna við þessar stofnanir væri yfirleitt góð. Fram kom hjá einum skólastjóra í Reykjavík að þeir funda með fulltrúum Barnaverndar tvisvar á ári.

### **3.3 Hlutverk einstakra starfsmanna**

Greinilegt var að aðgengi nemenda að einstökum starfsmönnum er ólíkt milli skóla en sérlega áberandi þegar samanburður er gerður á þéttbýli og dreifbýli. Hér er átt við skólahjúkrunarfræðing, námsráðgjafa og sálfræðing. Í dreifbýlinu deila stundum margir skólar með sér sérfræðiaðstoð. Færð og veður hamla líka aðgengi að þessum aðilum. Aðeins í einum skóla starfar félagsráðgjafi en það er í Reykjavík.

Umsjónarkennari virðist gegna lykilhlutverki þegar tengsl nemenda við starfsmenn ber á góma. Skólastjórnarnir eru yfirleitt sammála um að kennarar séu mjög meðvitaðir um að fylgjast með líðan barnanna sem þeir hafa umsjón með og telji það vera í sínum verkahring að gæta barnanna og sjá til þess að þeim líði vel í skólanum. Þeir taka fram að ef barn á undir högg að sækja þá reyni kennarinn að tryggja tengslin við barnið. Einn skólastjóri tók fram að meira gætu kennarar ekki gert án þess að vera komnir út fyrir verksvið sitt eða á hálán ís. Skólastjórnarnir eru meðvitaðir um að allir starfsmenn skóla séu bundnir þagnarheiti og sumir áminna starfsmenn reglulega um það á starfsárinu og minna á tilkynningarskylduna. Skólahjúkrunarfræðingur er oftast nefndur og þá

námsráðgjafi þegar rætt er um trúnað og tengsl nemenda við einstaka starfsmenn. Sálfræðingur er oftast nefndur í tengslum við meðferð eða ráðgjöf til kennara. Félagráðgjafi starfar einungis við einn af þessum skólum en þar leita nemendur til hans eða skólahjúkrunarfræðings með persónuleg vandamál.

Einn skólastjóri nefndi að hann hefði ekki hugmynd um hvort aukning hefði orðið á því að nemendur leituðu til hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa eða sálfræðings. Annar benti á að hann héldi að almenna regla væri sú að kennarar leituðu til hjúkrunarfræðings, námsráðgjafa eða sálfræðings en ekki öfugt. Nokkrir skólastjórar tóku fram að samvinna milli þessara aðila innan skólans væri að styrkjast og að áhersla væri lögð á hana. Aðrir höfðu ekki mikla reynslu af þessum aðilum sem starfsmönnum skólans en reyndu að leysa úr málum með tiltækum ráðum.

Einn af þéttbýlisskólastjórunum nefndi dæmi um skömmina sem fylgdi því að svona mál yrðu uppvís. Hann minntist þess að stúlka hafði sagt frá því, aðspurð, að pabbi hennar hefði slegið hana í andlitið. Pabbinn reiddist þessu og lengi vel hefði fjölskyldan verið ofsalega sár yfir því að hún hefði sagt frá þessu í skólanum og var skömmuð fyrir það heima.

Margir sögðu að hlutverk kennara væri að halda tengslum við barnið ef slíkt mál kæmi upp og veita því öryggistilfinningu með því að fylgjast sérstaklega með líðan þess í skólanum. Öðrum fannst mikilvægt að halda daglegum venjum áfram og sumir sögðust ekki vita hvað kennarinn ætti að gera í slíkum tilfellum.

Greinilegar vísendingar eru um ákveðinn vandræðagang í þessum málaflokki í grunnskólunum og enginn skilgreindur aðili innan skólans tekur að sér persónulega ráðgjöf við nemendur heldur er þetta meira tilfallandi og ekki er leitað sérstaklega eftir upplýsingum meðal nemenda um líðan þeirra nema í einum skóla á Reykjavíkursvæðinu. Skólastjórnir hafa mjög ólíka vitneskju um hverjir leiti ráða hjá hverjum þegar þessi mál ber á góma. Ef eineltisáætlun er í gangi í skólanum þá virðist farvegurinn vera ljósari.

### 3.4 Fræðsla og símenntun

Langflestir skólastjórnanna eru því fylgjandi að auka fræðsluna um ofbeldi gegn konum og sumir nefna námskeið sem *Blátt áfram* og *Stígamót* hafa haldið í skólanum, bæði fyrir börn og starfsfólk og láta mjög vel af þeim. Þeir telja flestir að eftir þau námskeið séu kennarar betur undirbúnir að greina hvort barn hefur orðið fyrir kynferðislegri ofbeldi. Barnið læri líka sjálfst hvar mörkin liggja í samskiptum við fullorðna.

Þeir nefna fræðslu í formi fyrirlestra, námskeiða, vinnufunda og einn nefnir símenntunaráætlun skólans sem farveg fyrir fræðslu af þessu tagi. Nær allir vilja efla færniþáttinn sem lýtur að því að greina vandann og þekkja einkenni sem fylgja ofbeldi af þessu tagi. Þeim finnst það grundvallarfræðsla sem þeir vilja fá inn í skólana.

Nokkrir nefna að lítil umræða sé um ofbeldi gegn konum í skólasamfélaginu og að hana þurfi tvímælaust að efla svo starfsfólkið sé betur í stakk búið að greina vandann þar sem félagslegur grunnur barnanna sé ólíkur og gríðarlegar varnir fjölskyldna og foreldra séu áberandi ef leitað er eftir samstarfi í kringum viðkvæm mál. Fáeinir nefna að efla eigi umræðuna og fræðsluna í kennaranáminu meðan aðrir telja hana næga.

Varðandi fræðsluformið, erindi, fyrirlestra námskeið, vinnufundi og slíkt eru margar skoðanir á lofti en einn skólastjóri í dreifbýli sagði að erindi og fyrirlestrar skilduðu litlu og tilgreindi eina íslenska rannsókn máli sínu til stuðnings. Í þeirri rannsókn kom fram að einungis 5% af því sem menn heyra í fyrirlestrum eða hlusta á í erindum skili sér aftur inn í skólastarfið og verði þess vegna aldrei að verklagi. Hann vildi skipuleggja fræðsluna, innleiða hana og nýta eftirfylgdina til að styðja við breytt verklag. Annar minntist á að skólastjórnir þyrftu að vera vel að sér um ferlana og kynna þá fyrir starfsfólki þannig að allir væru vakandi. Bæklingar og blöðungar taldi einn að hefðu ekki mikið að segja sem fræðslumiðlun.

### 3.5 Úrræði

Sex skólastjórnar töldu að úrræði væru fyrir hendi í skólunum. Vandinn væri hins vegar að þekkja einkenni þess að barn búi við ofbeldi gegn móður. Sumir töldu úrræðin fremur fátækleg en flestir minntust á samvinnu við sálfræðing, félagsþjónustu og foreldra í þessu

sambandi. Nokkrir töluðu um að þeir gætu kallað eftir stuðningi sveitarfélagsins/félagsþjónustunnar og að hann væri veittur hindrunarlaust. Aðrir höfðu ekki lent í málum af þessu tagi en töluðu um tilkynningarskylduna ef á þyrfti að halda og að kennarar vísuðu málum inn á nemendaverndarráðsfundi þar sem ákvarðanir væru teknar um framhaldið. Í sumum skólum eru fagaðilar til staðar eins og hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur eða námsráðgjafi en þetta á fyrst og fremst við um þéttbýlisskólana.

Einn talaði um að haldnir væru árgangafundir og þá væri farið yfir alla nafnalista í þeim árgangi og mál rædd ef þurfa þætti á þeim fundum. Í þessum skóla þar sem könnun á líðan nemenda er árviss viðburður er markmið að nemendum líði vel í skólanum og bekkjarandinn sé hliðhollur nemendum. Upplýsingar um vanlíðan nemanda á einhverju stigi, yngsta stigi, miðstigi og unglíngastigi fara til allra kennara sem kenna viðkomandi barni. Skólastjórinn fer einnig yfir það með kennurum ef það eru einhver sérstök börn sem hann vill að fylgst sé sérstaklega með.

Það virðist vera mismunandi verklag í skólunum varðandi þau úrræði sem þar eru til staðar og munur er á þéttbýli og dreifbýli hvað varðar aðgengi að stöðteymum þegar mál af þessu tagi kemur upp í skólanum.

### **3.6 Tillögur til úrbóta**

#### **Efla beri umræðuna um ofbeldi gegn konum í skólasamfélaginu**

Flestir skólastjórnanna telja að efla beri umræðu um ofbeldi gegn konum til muna innan skólasamfélagsins þar sem umræðan sé alltof lítil eins og er.

#### **Stórefla fræðslu um einkenni ofbeldis gegn móður, nýtt verklag**

Einnig þurfi að stórefla fræðsluna með sérstakri áherslu á að kennarar læri að þekkja einkennin sem koma fram hjá barni sem býr við ofbeldi gegn móður. Þeir vísa margir í námskeið og fræðslu sem *Blátt áfram* hefur komið með í skólana varðandi kynferðislegt

ofbeldi gegn börnum. Margir telja mikilvægt að fræðslan skili sér þannig til skólanna að verklag þróist um málaflokkinn.

### **Vakin sé athygli á tilkynningarskyldu og löggjöf um barnavernd**

Mikilvægt að athygli sé vakin á tilkynningarskyldunni sem allir hafa sem starfa við skólann og löggjöf um barnavernd sérstaklega með tilliti til þess að opinberir starfsmenn geta ekki notið nafnleyndar sem er erfitt í litlum samfélögum. Skólastjórar tilkynna yfirleitt til félagsmálayfirvalda og barnaverndar til að hlífa kennurum við að vera í fylkingarbrjósti í slíkum málum. Styrkja þarf vitund samfélagsins alls á skyldum skólans við börnin.

### **Efla beri upplýsingaflæði frá félagsmálayfirvöldum til skólanna**

Nokkrir skólastjórar telja að upplýsingaflæði frá félagsmálayfirvöldum til skólanna mætti vera betra þannig að skólarnir fái upplýsingar um hvar mál sem þeir hafa vísað sé statt og hver urðu lok málsins. Einum finnst málin velkjast um of í kerfinu og að inngrip séu of sjaldan notuð þegar fjölskyldur eiga sér langa sögu um vandamál.

### **Efla beri stoðþjónustuna þar sem hún að margra mati er ekki nægjanleg**

Margir tekja að stoðþjónustan sé of fátækleg og geti verið markvissari, betri og öflugri.

### **Ráða eigi fleiri fagaðila að skólunum til að efla þjónustu við nemendur**

Nokkrir skólastjórar kalla eftir fleiri fagaðilum inn í skólana til að efla þjónustu við nemendur og gera hana markvissari. Einn minnst á hin sérstöku tengsl sem félagsráðgjafinn hafi við barnaverndaryfirvöld og annar vill sjá félagsráðgjafa og þroskaþjálfara í öllum skólum. Rétt greining vandans í upphafi skipti miklu máli.



## 4 Starfsaðferðir og hugmyndir viðmælenda einstakra grunnskóla

### 4.1 Grundaskóli á Akranesi. Nemendur 594

Skólastjórinn minnst þess ekki að hafa fengið ábendingu um að barn búi við ofbeldi gegn móður. Hann tekur fram að í kjölfar heimsóknar *Blátt áfram* hafi krakkar komið og sagt frá því að eldri systkini hefðu slegið til þeirra. „*Og þá í raun og veru kemur það í minn s.s. í mitt hlutverk að tilkynna það til Barnaverndaryfirvalda*“. Fyrst og fremst sé tilkynningarskyldunni sinnt í svona málum ef og þegar það er metið svo að henni eigi að sinna.

Skólastjórinn tók fram að skólasálfræðingur væri í 80% starfi við skólann sem væri meira en aðrir skóla byggju yfirleitt við, skólahjúkrunarfræðingur í 60% starfi og námsráðgjafi í 50% starfi. Umsjónarkennararkerfið væri þannig í skólanum að umsjónarkennari kenndi nær allar námsgreinarnar þannig að nemendur ættu greiðan aðgang að honum. Ef nemandi tryði umsjónarkennara eða skólahjúkrunarfræðingi fyrir því að ofbeldi væri á heimilinu þá færi það frá umsjónarkennara til nemendaverndarráðs. Umsjónarkennarinn skrifaði bréf til ráðsins og léti jafnframt foreldra vita að málinu hefði verið vísað þangað. Samvinna er við félagsþjónustuna með því að fulltrúi hennar kemur á nemendaverndarráðsfundi einu sinni í mánuði.

Ef nemendur eru óeðlilega mikið fjarverandi vegna veikinda þá eru umsjónarkennarar beðnir að hafa samband við skólahjúkrunarfræðinginn eða skólasálfræðinginn sem þá hefur samband heim til að grennslast fyrir um ástæður fjarvistanna. Barninu eru boðin viðtöl við sálfræðinginn á skólatíma og eftir skóla.

Ef í ljós kemur að foreldrar yngri barna eru ekki nógu vel í stakk búnir til að aðstoða börnin t.d. með heimanámið þá finnur skólinn einhvern sem gerir verkefnið með barninu.

Varðandi samvinnu ýmissa aðila þá nefndi skólastjórinn fyrirbæri á Akranesi sem kallast *Brúin*. Félagspjónustan, lögreglan, grunnskólarnir og Fjölbrautarskólinn og fulltrúi frá forvarnarsviði funda reglulega um mál eins og busaball, átök milli unglinga svo eitthvað sé nefnt. Vettvangurinn fyrir slíka umræðu er samvinna þessara aðila.

Aðspurður um hugmyndir um fræðslu til kennara gat skólastjórinn þess að umræða eins og *Blátt áfram* viðhafði í skólanum, þar sem börnunum var gerð grein fyrir rétti sínum og kennararnir ræddu við börnin í sínum bekkjum samkvæmt leiðarljósum frá *Blátt áfram*, hefði skilað árangri í þá átt að börnin viðurkenndu t.d. ofbeldi af hálfu eldri systkina sem væru að passa þau. Enn um fræðsluna sagði skólastjórinn: „*Sko ég er ekki viss um að t.d. meiri fræðsla í grunnmenntun kennara myndi skila okkur meiri árangri. Ég held að við eigum að nota nánast hvert einasta tækifæri sem gefst, hvort sem það gerist í okkar skóla eða öðrum skóla annars staðar, til að taka umræðuna upp*“.

Rætt var við Hrönn Ríkarðsdóttur, skólastjóra.

#### **4.2 Grunnskóli Siglufjarðar. Nemendur 170**

Skólastjórinn minnst þess ekki að hafa fengið vitneskju um ofbeldi gegn móður frá öðrum eins og t.d. foreldrum. Ef slíkt kæmi upp þá er það kennarinn sem sem verður fyrstur var við það að hans mati og þá tekur vinnuferli við þ.e.a.s. skólahjúkrunarfræðingur kemur inn í myndina og eða félagsþjónusta ef um barnaverndarmál er að ræða. Skólahjúkrunarfræðingur er við skólann í hálfu starfi og veitir börnunum oft meiri stuðning en umsjónarkennari getur veitt þegar erfiðleikar stéðja að.

Nemendaverndaráðið er virkt og þangað er málum vísað til umfjöllunar og þar á sæti fulltrúi félagsþjónustunnar auk hins hefðbundna kjarna ráðsins. Fundað er einu sinni í mánuði. Sálfræðingurinn er sá eini sem býr utan Siglufjarðar en hann býr á Ólafsfirði. Síðastliðinn vetur hamlaði veður reglubundnum mætingum hans en með Héðinsfjarðargöngum breytist það. Samvinna milli skólahjúkrunarfræðings og sálfræðings er góð og til þeirra leita kennarar eftir stuðningi auk skólastjórnenda.

Skólastjóri tilkynnir mál sem þarf að tilkynna þar sem samfélagið er lítið og nándin mikil þá hentar það best, en öllum er ljóst að þeir hafa tilkynningarskyldu ef barnaverndarmál koma upp. Hann segir vitneskju um gang máls hjá félagsmálayfirvöldum ekki koma til þeirra og vildi gjarnan í vissum tilfellum fá frekari upplýsingar.

Að læra að þekkja einkennin sem börn bera sem búa við ofbeldi gegn móður er mikilvægt og þar þarf að auka fræðsluna til muna. Greiningarþáttinn þarf að stórefla og þá vitnar skólastjórinn til heimsóknar *Blátt áfram* varðandi umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi og taldi þann þátt hafa verið af hinu góða. Símenntunaráætlun er í gangi í skólanum og þá er kallað eftir fræðslu um ýmislegt eins og kynferðislegt ofbeldi, skyndihjálp og hegðunarvanda til að nefna eitthvað.

*„Félagslegi grunnurinn hjá börnunum er náttúrlega mjög mismunandi og við finnum fyrir gríðarlegaum vörnum hjá foreldrum og fjölskyldum og leitum oft samstarfs við foreldra og fjölskyldur þegar við áttum okkur ekki á því hvað er að og mætum þá vörnum“.*

Skólastjóranum finnast úrræðin sem skólinn hefur til að bregðast við í málum sem þessum frekar fátækleg og spurð hvernig efla megi þau er svarið: *„Ekki annað en það að efla þennan félagsþjónustuþátt mér finnst það alveg númer eitt. Auðvitað þurfum við kennarar og starfsfólk skólans að fræðast og þekkja einkenni og geta vísað fólki svo eigum við bara að vera nokkuð örugg um það að þegar mál barna og fjölskyldu þeirra eru komin í farveg að þeim sé sinnt en málin eru stundum bara mjög flókin og ég veit að fólki hefur verið boðin aðstoð þ.e.s. fjölskyldum en hún hefur ekki verið þegin. Það er ekkert að hjá mér“.*

Rætt var við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra.

#### **4.3 Hallormsstaðaskóli. Nemendur 51**

Skólastjórinn vildi taka það sérstaklega fram að þann tíma sem hann hefði verið við skólann eða í 4 ár hefði ofbeldi gegn móður barns aldrei komið upp í skólanum. Líklegast þætti honum að sá kennari sem væri í mestum tengslum við barnið fengi vitneskjuna fyrstur. Hann minntist á að við skólann væri tveggja kennara kerfi þannig að einn kennari bæri aldrei ábyrgð á námshópi heldur alltaf tveir. Hann taldi það af hinu góða því nemendum líkaði misvel við kennara og kennarar nytu stuðnings hver af öðrum. Stefna skólans er að allir beri ábyrgð á öllum og fylgist þar af leiðandi vel með náunganum. Gæslan fylgist með nemendum, konurnar í matsalnum og skólaliðarnir ekki síður en aðrir við skólann. *„Allir á vaktinni alltaf“.*

Varðandi stoðkerfi þá er námsráðgjafi í innan við 10% starfi við skólann og vinnur fyrst og fremst með eldri nemendum. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur frekar stopult við skólann en samstarf við félagsþjónustu og fræðslufirvöld er gott og aðgengi að skólafélagsráðgjafa á Egilsstöðum er fyrir hendi þannig að ef mál af þessu tagi kæmi upp í skólanum þá yrði brugðist fljótt og vel við því á þeim vígstöðvum. Sálfræðingur frá Skólafélagsþjónustu Austurlands myndi koma að svona máli og fjallað væri um það í nemendaverndarráði á fyrri stigum og einnig getur skólinn kallað til prest.

Ferlið væri á þann hátt að upplýsingar kæmu frá kennara til skólastjóra eða öfugt og þá færi málið fyrir nemendaverndarráð og þaðan til félagsþjónustu eða barnaverndar. Tilkynningarskyldan er mjög ljós í skólanum.

Vel er fylgst með líðan barns ef mál þess eru til umfjöllunar og áhersla lögð á tengslin við barnið og haft er samráð við sálfræðinginn um einkenni og viðmót.

Skólastjórinn taldi að aðrar fagstéttir þyrftu að taka mál af þessu tagi þar sem hvorki skólastjórar né kennarar væru sérmenntaðir til þess. Foreldrasamskipti hefði hann oft hugsað um þegar og ef svona kæmi upp. „*Ja, það verður náttúrliga, það er hlutur sem ég hef oft á tíðum velt fyrir mér. Hvernig ætti að fara með það, hvort að...mig brestur hreinlega þekkingu til að..ég myndi telja sko að sérmenntaðir, sérmenntað fólk í félagsráðgjöf..., ...þetta er ekki sérslag okkar kennara*“.

Hann segir að reynslumikill kennari sinni nemendaviðtölum við skólann með reglubundnum hætti frá 5 – 10 bekk, tvær til þrjár kennslustundir á viku. Samvinna sé milli hennar og skólastjóra. Hún er tengd félagsmálayfirvöldum, er þar einn dag í viku að hluta til. Góð sálfræðiþjónusta er nauðsynleg og yfirleitt góð stoðþjónusta við skólana að hans mati.

Aukin þekking er nauðsynleg í formi fræðslu á starfsmannafundum, námskeiðshald en ekki blöðungar né bæklingar séu fræðsla sem henti um svona málefni. „*Og síðan held ég, síðan náttúrliga líka er geysilegt atriði að, að skólarnir sko temji sér það að, eða setji sér það viðhorf að...verkefni skólans sé ekki bara að fræða. Það ríkti yfir mjög þegar*

*formaður skólastjórafélagsins, fyrir fáeinum árum, lýsti yfir því alveg blákalt að sko uppeldi kæmi skólunum bara ekkert við. Að skólinn væri eingöngu fræðslustofnun. Ég held því fram eftir hér um bil 40 ár í starfi við skóla, byrjaði '71, þá var það mín óbifanleg skoðun að...hvað eigum við að segja, að uppeldis-og ummönnurhlutverkið sé...sé ekki síst vinna inn í skólunum heldur en sjálf hérna, sjálf námskráin, sjálf fræðslan“.*

Rætt var við Pétur Þorsteinsson skólastjóra

#### **4.4 Háteigsskóli í Reykjavík. Nemendur 380**

Skólastjórinn tók fram að félagsráðgjafi starfaði við skólann í hálfu starfi og að upp hafi einmitt komið mál um ofbeldi gegn móður á þann hátt að barnið snéri sér beint til félagsráðgjafans með málið og það var svo tilkynnt í beinu framhaldi til Barnaverndar.

Félagsráðgjafinn kynnir verksvið sitt fyrir öllum nemendum eins og skólahjúkrunarfræðingurinn svo nemendur vita vel hvert þeir eiga að leita með sín mál. Annar tekur á sálinni en hinn á líkamanum, yfirleitt. Reglubundin viðtöl eru veitt hjá félagsráðgjafa ef þurfa þykir. Sálfræðingur er í 25% starfshlutfalli við skólann. Aðgengi er að sálfræðingi hjá heilsugæslu þegar um meðferðarviðtöl er að ræða. Spurður hvort námsráðgjafi starfi við skólann er svarið: „*Nei, félagsráðgjafinn sinnir þeirri námsráðgjöf sem við teljum þurfa. En í rauninni teljum við, eða tel ég að það sé meiri þörf í grunnskólum fyrir félagsráðgjafa heldur en námsráðgjafa“.* Að mati skólastjórans virðist sem námsráðgjafar væru að sinna störfum félagsráðgjafa oft á tíðum. Kennarar leita ráða hjá þeim fagaðilum sem starfa við skólann.

Málum er einnig vísað til nemendaverndarráðs þar sem þessir aðilar sitja ásamt skólastjóra og sérkennara skólans og síðan er þar fulltrúi frá Þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða. Ráðið fundar hálfsmánaðarlega. Mál eru ekki látin bíða fundar hjá ráðinu ef um tilkynningarskyldu er að ræða, þá er haft beint samband við Barnavernd.

Tengsl við Barnavernd eru eiginlega á annan veginn. Skólinn er hvattur til að tilkynna um mál og Barnavernd leitar eftir upplýsingum frá skólanum en sendir ekki upplýsingar tilbaka vegna þess trúnaðar sem starfsmenn þar eru bundnir. Þetta segir skólastjórinn að

geti verið bagalegt sérlega ef skólinn veit t.d. ekki að máli lauk fyrir mörgum mánuðum. Stundum hefur félagsráðgjafinn samband við Barnaverndina til að fylgjast með, þar er trúnaðarsamband á milli. Skólastjóranum finnst að þarna þurfi að laga ferlið.

„Líðankönnun“ er framkvæmd í skólanum alltaf á miðvikudegi í október á sama tíma og svo hefur verið í 10 ár. Könnunin er sex spurningar sem lagðar eru fyrir á ákveðinn hátt og ýmsar niðurstöður eru bornar saman milli ára, kynja og bekkja. Brugðist yrði við ef breyting yrði veruleg á milli ára. Markmiðið er að fylgjast með líðan nemenda í skólanum og tryggja að þeir hafi farveg til að tjá sig enda eru þeir vel kunnugir könnuninni frá fyrri árum. Þetta er nokkurs konar öryggisventill. Ef vart verður vanlíðunar hjá nemanda þá er umsjónarkennari beðinn að ræða við barnið til að skoða málið betur. Einnig er tiltæk svokölluð tengslakönnun ef vísbendingar eru um vanlíðan í tilteknum árgangi. Skólastjóri sýnir kennurum myndbönd af því hvernig best sé að tala við nemendur. Skólastjóri heldur reglulega fundi með kennurum um einstök tilfelli og farið er yfir nafnalista nemenda á haustin með kennurum svo allir séu á varðbergi og hafi upplýsingar.

Ef ber á afbrigðilegri hegðun nemanda þá fær skólastjóri tilkynningu um það, hefur svo samband við umsjónarkennara til upplýsingaöflunar og þá er þetta skráð í trúnaðarbók skólastjóra ef ástæða þykir til. Öryggi nemenda er í fyrirrúmi. Skólastjórinn segist ekki geta rekið skólann nema hafa svona tæki eins og „líðankönnunina“ sér til fulltingis.

Varðandi fræðslu telur skólastjórinn að stuttir hnitmiðaðir fyrirlestrar séu af hinu góða sem falla að dagskrá skólans eru t.d. 40 mínútur. Í því sambandi minntist hann á fyrirlestur *Blátt áfram* sem haldinn var í skólanum og heppnaðist vel. Hann tekur fram að hann hafi í raun ekki orðið var við ofbeldi gegn mæðrum nema í þessu eina tilfelli þar sem barnið snéri sér beint til félagsráðgjafans.

Rætt var við Ásgeir Beinteinsson skólastjóra.

#### 4.5 Hjallaskóli í Kópavogi. Nemendur 380

Skólastjórinn sagðist ekki minnst máls af því tagi að ofbeldi gegn móður hefði komið upp í skólanum meðan hann hefði verið þar. „Ég verð að viðurkenna að maður er ekki nógu meðvitaður um hversu mikið algengið er, hversu algengt þetta er“. Hann taldi víst að brugðist yrði við því á þann hátt að samband yrði haft við félagsþjónustuna en ekki beðið eftir nemendaverndarráðsfundi sem væri þó hin hefðbunda leið sem farin væri til að ræða mál einstakra nemenda. Nemendaverndarráð fundar hálfsmánaðarlega. Í ráðinu sitja skólastjóri, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, deildarstjóri sérkennslu og sálfræðingur. Barnið væri alltaf látið njóta vafans varðandi tilkynningar til yfirvalda og skólastjóri sinnir tilkynningarskyldunni.

Fram kom að nemendur hafa greiðan aðgang að námsráðgjafa skólans og hjúkrunarfræðingi eins og millistjórnendum þegar þeir vilja ræða mál sem hvíla á þeim. Kennarar leita eftir handleiðslu og ráðgjöf frá stjórnendum, styðja hverjir aðra. Sálfræðingur er í 20% starfi við skólann og hjúkrunarfræðingur starfar þar eins og námsráðgjafi. Hann taldi skólan vel mannaðan til að fást við mál af þessu tagi og úrræðin væru fyrir hendi. Verklagsreglur væru skýrar og öllum kunnugar og samvinna við félagsmálayfirvöld góð. Fundað er einu sinni á ári með þeim.

Hann undirstrikar mikilvægi umsjónarkennara í málum af þessu tagi eins og í öðrum málum sem tengjast nemendum og bendir á að yfirleitt sé þar trúnaðarsamband á milli kennarar og nemanda. Kennarar sinni nemendum vel og verndi þá eins og kostur er. Þeir leiti ráðgjafar hjá hjúkrunarfræðingi og námsráðgjafa, sérstaklega námsráðgjafa þegar mál sem líkjast ofbeldi gegn móður koma upp í skólanum. Mál fari hins vegar ekki beint til sálfræðings því vísun verður að koma til og samþykkir foreldra þarf til þess að málinu sé vísað þangað.

Vaðandi fræðslu og aukna þekkingu á ofbeldi gegn konum þá taldi skólastjórinn aukna umræðu mikilvæga eins og fræðslu. Hann minntist á að grasrótarsamtök eins og *Blátt áfram* og *Stígamót* væru hugsanlega vel til þess fallin að koma með fræðslu um ofbeldi gegn konum inn í skólana, því þar væri gríðarleg þekking á málaflökknum. Hann taldi

mikilvægt að starfsmenn skólans lærðu að þekkja einkenni sem birtust hjá barni sem byggði við ofbeldi gegn móður á heimili. „Við mættum sjálfsagt vera duglegri að leita eftir slíkri fræðslu sko en við reynum að styðja við okkar starfsmenn“ „..., en eins og ég sagði áðan eru kennarar mjög vakandi yfir sko velferð barnanna og öllu því sem að þeim, börnunum....en eins og réttilega er komið inná þá er þetta nátengt og staðan á heimilinu ef barnið er beitt ofbeldi af hálfu föður að þá er eflaust í mörgum tilfellum sem það er andlegt eða líkamlegt ofbeldi gagnvart fleirum á heimilinu og þá móðurinni líka án þess að það sé sá hluti sem kemur fyrst inn á borð til okkar. Ég man ekki eftir neinu slíku tilfelli“.

Rætt var við Friðþjóf H. Karlsson skólastjóra

#### **4.6 Hrafnagilsskóli í Eyjafirði. Nemendur 200**

Skólastjórinn tók strax dæmi af máli sem upp hafði komið s.l. vetur í skólanum, móðir hafði verið beitt ofbeldi af hálfu sonar á unglingsaldri. Málið var strax tilkynnt til Barnaverndar án tafar. „Ef það er eiginmaður, sambýlismaður eða annar sem á í hlut þá er það frekar tilviljun að við fréttum af því“. Þegar og ef grunur um ofbeldi gegn móður berst starfsfólki til eyrna þá er ákveðið verklag í gangi og þá er hjúkrunarfræðingur eða námsráðgjafi fenginn til að ræða við barnið sem í hlut á því reynslan sýni að barninu létti mjög þegar það veit að aðrir vita. Allir starfsmenn grunnskólans eru þagnarskyldir gagnvart börnunum og eru reglulega áminntir um það, með skylduumfjöllun. Hann vakti athygli á öryggisneti skólans sem byggir á því að fleiri en áður nefndir starfsmenn séu settir inn í mál sem eru alvarleg eins og ritari, yfirmaður skólaliða og bókavörður upp að vissu marki.

Nemendaverndarráð er skipað á hefðbundinn hátt en auk þess situr þar fastur fulltrúi félagsþjónustunnar, sérfræðiþjónustunnar. Fljótt er gripið inn í mál ef þurfa þykir. „Þetta er kannski nokkuð einfalt hérna vegna þess að það hefur skapast það vinnulag að við skólastjórnir tökum eiginlega öll þessi mál inn á okkar borð. Við látum t.d. ekki alfarið frá okkur mál í hendur námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings eða kennara“. Skólastjórinn tilkynnir mál sem þarf að tilkynna til Barnaverndar svo kennarar þurfi ekki að vera í



fylkingarbrjósti hvað það varðar. Starfsmenn hafa vakandi auga með viðkomandi barni meðan mál barnsins er í vinnslu og gæta að líðan þess. Kennarar leita ráða hjá stjórnendum, hjúkrunarfræðingi og námsráðgjafa meira en að þetta sé á hinn veginn. Skólinn er með fastan samning við Akureyrarbæ, fjölskyldudeildina. Hann er einnig í tengslum við fjölskylduráðgjafa sem starfar sjálfstætt og reynist notadrjúgur fyrir skólann og nemendur hans. Tvisvar á ári er farið yfir skráningu hjá hjúkrunarfræðingi en hún vegur og metur málin sjálf þar sem hún er bundin meiri trúnaði sem heilbrigðisstarfsmaður en aðrir í skólanum.

Varðandi fræðsluna kemur eftirfarandi fram: „*Það er í sjálfu sér einfalt, það er fræðsla sem byggir á því að við aukum færni okkar í að greina þ.e.s. ekki bara fræðsla og ekkert meira heldur þurfum við færniþáttinn, endurtekinguna, endurgjöfina frá þeim sem eru að fræða þannig að við fáum að reyna þetta sjálf í framkvæmd*“. Hann minntist á námskeið sem *Blátt áfram* hefði verið með og taldi að slíkt væri af hinu góða. Hann saknar þess að hafa ekki tölulegar staðreyndir um útbreiðslu ofbeldis af þessu tagi og telur slæmt að vita ekki hve algengt þetta er. Hann telur að erindi og fyrirlestrar skili takmörkuðu til skólans þannig að af því mótist verklag og vísar í íslenska rannsókn og erlendar sem sýni að einungis 5% af efni sem sett er fram á þennan hátt skilar sér inn í skólana.

Rætt var við Karl Frímansson skólastjóra.

#### **4.7 Hvolsskóli, Hvolsvelli. Nemendur 233**

Skólastjórinn sagðist sjálfur hafa orðið var við einmitt svona ofbeldi, frammi á gangi skólans að morgni enda segist hann vera mikið á göngum skólans. „*Ég varð var við það og þetta tiltekna atvik gerðist s.l. haust að ég er frammi á gangi og krakkarnir eru að koma og það gengur allt vel síðan kemur...þegar allt er tæmt og byrjað er að kenna þá kemur einn drengur og ég segi við hann, þú hefur ekki vaknað nógu snemma, einhvern veginn svona segi ég við hann. Jú. En pabbi er alltaf að lemja mömmu og ég læsti mig inni í herbergi*“. Í svona sterku tilviki sem þessu snéri skólastjórinn sér beint til

sálfræðingsins og félagsráðgjafa hjá félagsþjónustunni til þess að ráðfæra sig um framhaldið

Hann segir að allt sem snúi að nemendum sé rætt í nemendaverndarráði en í því sitja skólastjóri, fulltrúi félagsþjónustunnar, heilsugæslunnar og sérkennslufulltrúi sem sé jafnframt sá sem sér um stuðningsbrautina við skólann. Fram kemur að þeir sem eru skráðir á stuðningsbrautina eru sérkennslunemendur en aðrir eru einnig tengdir henni þó þeir njóti ekki sérkennslu ef mál þeirra eru þess eðlis að þeir þurfi sérþjónustu. Tilkynningarskyldan er mjög virk og skólastjóri sinnir henni þar sem samfélagið er lítið og allir nánir. „*Já við erum alveg með það á hreinu hérna og það er mjög hart gegnið eftir því af okkur sem eru hérna í stjórnun og við áminnum fólk um það margsinnis á vetri þessa lagalegu skyldu sem á þeim hvílir eða öllu heldur samfélaginu hvað þá heldur uppeldisstéttum*“.

Mál sem fer til Barnaverndar og er sett í rannsóknarfarveg skilar sér aftur inn til skólastjóra frá ríkissaksóknara sem álit eða úrskurður þess síðarnefnda og það eru lok þess máls. Minniháttarmál fara til sálfræðings félagsþjónustunnar eða heilsugæslunnar og þaðan fær skólastjórinn niðurstöður frá þessum aðilum. Sumt er afgreitt í nemendaverndarráði þannig að því lýkur þar.

Hjúkrunarfræðingur starfar ekki við skólann og enginn námsráðgjafi. „*Nei, við höfum nú ekki gert mikið af því að reyna að fá námsráðgjafa heldur leggjum við mikla áherslu á að þetta fari í gegnum umsjónarkennara, kennara og umsjónarkennara stuðningsbrautar sem er undantekningarlítið sérkennari nema núna síðastliðið haust þá tókst mér að ráða í það sálfræðimenntaðann mann*“.

Ráðgjafar leita kennarar hjá umsjónarkennara stuðningsbrautar, skólastjóra eða deildarstjórum þegar alvarleg mál koma upp.

Varðandi fræðslu þá taldi skólastjórinn mjög mikilvægt að allir væru vel upplýstir um þann farveg sem löggjafinn setur í barnaverndarmálum og hvernig tilkynningarskyldan er skilgreind og hverjir eigi að sinna henni. Hann segir erfitt í litlu samfélagi að komast hjá því að menn fái á sig stimpil ef grunur kemur upp t.d. varðandi kynferðislegt ofbeldi.

Hann telur mikilvægt að fólk átti sig á að eðlilegur málarekstur sé tilkynning til Barnaverndar og að starfsfólk sé aðeins að sinna skyldum sínum en ekki að dæma fólk. Hann telur að með því að fólk í samfélaginu sé vel upplýst um þetta væri það óneitanlega stuðningur ekki bara við grunnskólann heldur allt samfélagið.

Hann telur nægileg úrræði til staðar í sínum skóla til að fást við mál sem tengjast barni sem býr við ofbeldi gegn móður. Hann getur sérstaklega um tilsjónarmenn sem séu í hans skóla og hlutverk þeirra þegar barn þarf stuðning umfram það sem venja er að veita. Tilsjónarmenn hitta barnið reglulega og geta komið úr ýmsum hópum starfsmanna.

Rætt var við Unnar Þór Bøðvarsson skólastjóra.

#### **4.8 Ingunnarskóli í Reykjavík. Nemendur 450**

Skólstjórinn segist ekki hafa orðið mikið var við þetta meðan hún hefur starfað innan grunnskólans. *„Ég er nú búin að vera dálítið lengi í sambærilegu starfi þó ég hafi ekki verið lengi hér þá man ég ekki til þess að það hafi komið inn á mitt borð akkúrat þetta“*. Ef hins vegar einhver í skólanum verður var við að barn búi við ofbeldi gegn móður þá sé farvegurinn oft þannig að menn ráðgisti við skólastjóran, deildarstjóra sérkennslu eða námsráðgjafa og ef tilkynna þarf mál til Barnaverndar þá er það gert hiklaust. Önnur mál eru rædd í nemendaverndarráði sem fundar þrisvar í mánuði og þar sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, sálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og unglingaráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Árbæjar –og Grafarholts. Skólinn tilkynnir mál til Barnaverndar með því að senda bréf og einnig með því að hringja. Tvisvar á ári er fundur með fulltrúum Barnaverndar sem þá koma í skólann. Fyrir slíkan fund hefur skólinn sent nafnalista til að fá vitnesku um hvar málin eru stödd. Upplýsingar fær skólinn ekki ef um er að ræða kynferðilegt ofbeldi heldur einungis upplýsingar um að málið sé í farvegi.

Ráðleggingar gefur skólasálfræðingurinn hjá Þjónustumiðstöðinni í erfiðum málum og samskipti við miðstöðina eru góð þó nokkuð beri á að málin séu þung í vöfum ef sama fjölskyldan hefur verið í erfiðleikum ár eftir ár án inngrips. Ekki sé alltaf augljóst að hlutirnir séu að lagast hjá henni.

Kennarar sýna barni sem á erfitt alúð og umhyggju og huga að velferð barnsins. Skólinn hefur boðið börnum í vissum tilvikum uppá sjálfsstyrkingarnámskeið sem Þjónustumiðstöðin greiðir fyrir barnið.

Varðandi hlutverk einstakra fagaðila skólans og hvort börn leituðu til þeirra með mál af þessu tagi var svarið: „Ég held að börn sem búa við þetta og þau eru ekki sýnileg og auðvitað eru þessi börn hérna hjá okkur, ég held að þau haldi þessu sem leyndarmáli að þau ræði ekki þessi mál við þessa trúnaðaraðila“.

Um fræðsluna sagði skólastjórinn að sér fyndist mikil þörf fyrir umræðu í skólakerfinu því hún væri ekki mikil og einnig væri mikilvægt að kennarar lærðu að þekkja einkennin sem börnin bera sem búa við heimilisofbeldi. *Blátt áfram* hafði verið með námskeið í skólanum sem heppnaðist mjög vel að mati skólastjórans um kynferðislegt ofbeldi og ofbeldi gagnvart konum m.a. í formi leikrits sem náði vel tilgangi sínum og var unnið faglega að mati hans. „Ég held að þetta sé bara fyrst og fremst að læra að þekkja einkennin...ég held að við höfum kannski alveg úrræðin en það er kannski þessi fræðsla að fólk þekki einkennin þannig að það þekki leiðirnar þannig held ég að stöðúrræðin séu alveg fyrir hendi, alla vega hérna hjá Reykjavíkurborg en eflaust er þetta mjög mismunandi eftir aðstæðum grunnskólanna“.

Rætt var við Guðlaugu Erlu Gunnarsdóttur skólastjóra.

#### **4.9 Nesskóli í Neskaupsstað. Nemendur 213**

Umsjónarkennari verður að mati skólastjóra fyrstur var við ef barni líður illa eða eitthvað er óeðlilegt í fari þess. Hann gat um að skólinn hefði verið að taka þátt í Olweusaráætlun og þar af leiddi að athygli kennara og starfsfólks á vanlíðan barnanna væri skörp. Ef mál sem varða ofbeldi gagnvart móður kemur upp þá er það strax tilkynnt til félagsmálayfirvalda en ekki látið bíða afgreiðslu nemendaverndarráðs. Áhersla er lögð á að bregðast hratt og vel við. Kennarar leita ráðgjafar skólastjóra í vafamálum og nemendaverndarráð er vettvangur þar sem yfirleitt er fjallað um málefni einstakra nemenda og kennarar vísa málum þangað. Í ráðinu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og deildarstjóri sérkennslu. Ráðið fundar

hálfsmánaðarlega. Fundina heimsækir fulltrúi félagsmálayfirvalda til að kynna sig og starfsemina sem hann er fulltrúi fyrir.

Börnin geta snúið sér til námsráðgjafa sem er í skólanum alla daga og til hjúkrunarfræðings sem sinnir meira líkamlegum þörfum barnanna en starfar bara einn dag í viku við skólann. Samvinna við félagsmálayfirvöld er góð og skólinn sækist eftir því að fá upplýsingar um í hvaða farveg mál hafa farið en yfirvöld eru bundin trúnaði við sína skjólstæðinga og þá eru upplýsingar takmarkaðar en skólastjórinn leggur áherslu á að á honum hvíli skylda að vita hvort barn verði áfram í skólanum eða ekki og hvenær það komi þá tilbaka eða hvað varð um barnið.

Ef barn byggir við ofbeldi gegn móður þá væri fylgst vel með því og þeir sem væru í gæslu á leikvelli yrðu látnir vita auk umsjónarkennara. Allir starfsmenn vinna samkvæmt trúnaði við barnið. Barnið á að hafa öryggisfinningu í skólanum. Sálfræðipjónusta kemur frá Skólaskrifstofu Austurlands.

Varðandi fræðsluna þá telur skólastjórinn kennara vel í stakk búna til að greina einkenni ofbeldis sem birtist hjá barni sem býr við það. „*Það þekkir enginn börnin eins vel eins og umsjónarkennarinn*“. Hann vill þó taka fram að fræðsla um hvernig ræða eigi við foreldra sé nauðsynleg. Fyrirlestrar kæmu vel til greina en fyrst og fremst er mikils virði að menn tali hreint út um málin, ekki sé farið í kringum hlutina. Úrræðin telur hann vera til staðar. Málum sé skilað til félagsmálayfirvalda og börnin hafi aðila í skólanum sem þau geti talað við og í skólanum sé batterí sem geti tekið við svona málum, ef þau fara ekki beint til félagsmálayfirvalda. Fjölskylduráðgjöf telur hann að félagsþjónustan gæti útvegað ef svo bæri undir.

Rætt var við Marías Ben. Kristjánsson skólastjóra

#### 4.10 Snælandsskóli í Kópavogi. Nemendur 436

Aðspurður um hvernig einstakir starfsmenn skólans verði varir við ef barn bý við ofbeldi geng mæðrum sagðist skólastjórinn sem betur fer ekki verða mikið var við það og hann taldi þetta hreint ekki algengt í sínu skólhverfi. Aðeins hefðu vaknað grunsemdir um vandamál á heimili en ekki komið til staðfestingar á ofbeldi. Kæmi hins vegar til þess þá myndi skólastjóri tilkynna Félagsþjónustunni um málið eins og í örðum svipuðum málum og þeir tilkynna til Barnaverndar.

Nemendaverndarráð er vettvangur umræðu um málefni einstakra nemenda og þar sitja skólastjóri, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, sálfræðingur og fagstjóri sérkennslu og þar er fundað vikulega. Umsjónarkennari spjallar fyrstur við barn ef grunur um vanlíðan vaknar þá námsráðgjafi eða hjúkrunarfræðingur og þaðan er málinu vísað til skólastjóra sem tilkynnir til félagsþjónustu ef málið fellur undir tilkynningarskylduna. Fylgst er með barninu í reglulegum viðtölum við námsráðgjafa. Ef barni er vísað til sálfræðings þá þarf samþykkir foreldra fyrir því, skólastjóri kynnir það bæði munnlega og skriflega fyrir foreldrum. Í viðtölum við foreldra eru yfirleitt tveir fulltrúar skólans viðstaddir, umsjónarkennari og námsráðgjafi.

Samstarf er við félagsmálayfirvöld og reynt er að fylgjast með gangi mála þar en er oft erfitt þar sem yfirvöld eru bundin af lögum um trúnað við skjólstæðinga sína og hafa útskýrt það fyrir fulltrúum skólans á starfsmannafundi. „*Þarna finnst mér algjörlega vanta að við fáum svo aldrei að vita*“.

Kennarar leita ráða hjá hjúkrunarfræðingi, námsráðgjafa og sálfræðingi ef með þarf og öfugt. Mest leita umsjónarkennarar eftir ráðgjöf.

Varðandi fræðslu þá telur skólastjórinn alltaf þörf á að efla þekkingu fólks t.d. með fyrirlestrum eins og þeim sem Guðrún Jónsdóttir frá *Stígamótum* kom með til starfsmanna. „*Við erum akkúrat núna að panta fyrirlestur sem verður í ágúst um þunglyndi og þunglyndiseinkenni...mér finnst alltaf vera svona meiri og meiri áhugi fyrir því að fá svona aukna þekkingu á þessum einkennum vanlíðunar eftir því sem börnin eru*

*meira hjá okkur“.* Sjálfstyrking í starfi er námskeið sem skólinn hyggst leitast eftir að fá. Skólstjórinn tekur fram að námsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingum standi oft til boða námskeið af ýmsu tagi en hann vill að allir starfsmenn eigi kost á slíku.

Um úrræðin sagði skólstjórinn: *„Grunnskólinn hefur náttúrlega ekki sérfræðinga á þessu sviði. Ég er að tala sérstaklega um félagsráðgjafa og fleiri sálfræðinga eða meiri ráðgjöf á þeim vettvangi. Ég held að venjulegir kennarar hafi ekki endilega þekkingu til að takast á við þetta þeir eru fyrst og fremst með þessa fagþekkingu í kennslunni en ekki að takast á við svona andlega vanlíðan og persónuleg vandamál nema að litlu leyti og er mjög einstaklingsbundið hvernig það gengur þannig að ég vildi sjá félagsráðgjafa í öllum skólum, þroskaþjálfara í öllum skólum vegna þá atferlismeðferðar sem er þá ekki beint kennaranna fag“.*

Rætt var við Hönnu S. Hjartardóttur skólustjóra.

## **5. Niðurstöður**

### **5.1 Vitneskja skólastjóra um ofbeldi gegn mæðrum nemenda er lítil**

Aðeins þrír af tíu skólastjórum höfðu upplýsingar um ofbeldi gegn mæðrum í gegnum nemendur eða fengið vitneskju um það og þá aðeins eitt tilvik hver. Návígi skólastjóra við nemendur er mismikið. Nokkrir segjast ekki vita neitt um algengi ofbeldis gegn konum og kalla eftir tölulegum upplýsingum um það.

*Mikilvægt er að upplýsa skólastjóra og uppeldisstéttir um tíðni ofbeldis gegn konum í samfélaginu.*

### **5.2 Skólastjórar tilkynna til Barnaverndar/félagsþjónustu**

Skólastjórar tilkynna ofbeldi gegn börnum til Barnaverndar eða félagsþjónustu. Í dreifbýlinu finnst þeim mikilvægt að kennari sé ekki í fylkingarbrjósti vegna smæðar samfélagsins og nándarinnar. Þeim finnst mikilvægt að öllum sé ljós sú tilkynningarskylda sem starfsmenn skólans hafa gagnvart Barnaverndinni og áminna starfsfólk sitt yfirleitt reglulega um það og þagnarheitin sem þeir eru bundir gagnvart því sem þeir verða áskynja í tengslum við nemendur.

*Aðstæður eru ólíkar í þéttbýli og dreifbýli varðandi viðkvæm mál fjölskyldna.*

### **5.3 Hlutverk skólans er óljóst**

Sumir skólastjórar telja fræðsluhlutverk skólans vera meginhlutverk hans meðan aðrir telja uppeldishlutverkið mjög mikilvægt og fráleitt að skólinn víkji sér undan því þar sem börnin eyði meiri tíma í skólanum en nokkru sinni fyrr. Sumir telja að skólinn eigi að sinna hvoru tveggja.

*Nauðsynlegt er að halda uppi markvissri umræðu um hlutverk skólans í nútímanum.*



#### **5.4 Hlutverk einstakra starfsmanna er óljóst**

Margir af skólastjórunum töldu að barn myndi segja umsjónarkennarar frá því ef það byggir við ofbeldi gegn móður meðan aðrir töldu að barnið myndi halda því leyndu fyrir starfsmönnum skólans. Allir minntust á nemendaverndarráð þegar vandamál barna bæri á góma og að þar væri fjallað um málefni einstakra nemenda. Hlutverk einstakra starfsmanna innan skólanna var illa skilgreint þegar kom að persónulegum vanda barna eins og ofbeldi gegn móður. Margir voru nefndir, eins og kennarar, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, prestur, tilsjónarmaður, skólastjórniendur, sálfræðingur og deildarstjóri stuðningsbrautar. Þar sem félagsráðgjafi starfaði var hlutverk hans mjög ljóst.

*Hlutverk einstakra starfsmanna skólanna er illa skilgreint þegar kemur að viðkvæmum, persónulegum málum nemenda.*

#### **5.5 Auka þarf umræðu um ofbeldi gegn konum innan skólasamfélagsins**

Umræðan virðist lítil ef nokkur um ofbeldi gegn konum í skólasamfélaginu og nokkrir skólastjórar töldu mikilvægt að efla þessa umræðu einstaklingum og samfélagi til heilla. Margoft vísuðu skólastjórar á námskeið, fyrirlestra og leikrit sem *Blátt áfram* hefði komið með inn í skólana til að upplýsa starfsmenn og nemendur um kynferðislegt ofbeldi og töldu að þar hefði verið staðið faglega að málum.

*Umræðu um ofbeldi gegn konum vantar inn í skólana. Einstaklingar og samfélagið myndu hagnast á henni.*

#### **5.6 Auka þarf fræðslu um ofbeldi gegn konum í skólum**

Flestir skólastjórar töldu mikilvægast að fræðslan næði þannig til starfsmanna skólanna að nýtt verklag myndaðist innan skólanna og að starfsmenn yrðu færari í að greina einkenni þess að barn byggir við ofbeldi gegn móður á heimili. Allir vildu auka fræðsluna.

*Mikilvægt er að auka færni starfsmanna í að greina ef barn býr við ofbeldi gegn móður og að móta nýtt verklag í málum af því tagi innan skólanna.*

### **5.7 Vantar sérþekkingu á sviði persónulegrar ráðgjafar inn í skólana**

Nokkrir skólastjórar töldu kennarar ekki búa yfir þekkingu til að greina né taka á persónulegum vandamálum nemenda og kölluðu eftir sérþekkingu félagsráðgjafa á því sviði sem störfuðu innan skólanna í nærumhverfi nemenda.

*Tryggja þarf þjónustu við nemendur þegar kemur að viðkvæmum persónulegum málum þeirra.*

## Viðauki

### VIÐTALSVÍSIR

#### Ofbeldi gegn konum - grunnskólar

*Ég kem frá Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd sem vinnur fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið að rannsókn á grunnskólum á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Rannsóknin beinist að því að afla þekkingar á því hvort stjórnendur grunnskóla verði varir við að börn búi við ofbeldi gegn móður á heimilum sínum og ef svo er í hvaða ferli mál barns fari þá.*

*Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og samþykki þinnar stofnunar liggur fyrir um þátttöku í rannsókninni (athuga að það er viðmælandi sem samþykkti). Niðurstöður verða birtar í skýrslu þar sem nafn þitt og vinnustaðarins mun koma fram. Áður en endanlega verður gengið frá skýrslunni mun þér gefast tækifæri til að lesa yfir og koma með athugasemdir. Má ég halda áfram að spyrja þig? – Gefur þú mér einnig leyfi til að taka viðtalið upp?*

- A. Hvernig verður kennari, sérkennari, námsráðgjafi, félagsráðgjafi eða skólahjúkrunarfræðingur var við, að barn búi við ofbeldi gegn móður?
- Tekur eftir einkennum/vanlíðan hjá nemanda
  - Fær vitneskju frá öðrum, hverjum t.d. foreldrum annarra barna?
- B. Hver eru í flestum tilfellum viðbrögðin?
- Vísað til nemendaverndarráðs.
  - Vísað til skólastjóra.
  - Vísað til ráðgjafarþjónustu/félagsþjónustu sveitarfélags.
  - Vísað til barnaverndar.
  - Annað, hvað?
- C. Í hvaða ferli fer slíkt mál venjulega?
- D. Geturðu lýst upphafi, ferli og lok máls þar sem vitað var að barn í þínum grunnskóla bjó við ofbeldi gegn móður? (Upphaf, ferli og lok máls).

- E. Hvað getur kennari gert sérstaklega fyrir barn, sem býr við ofbeldi gegn móður?  
- Fylgst með líðan barnsins.  
- Sinnt því sérstaklega.  
- Annað, hvað?
- F. Hvert er hlutverk skólahjúkrunarfræðinga, námsráðgjafa og félagsráðgjafa?  
- Er algengt að börn, sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum, leiti til þeirra?  
- Ráðgast þær við kennara?  
- Leita kennarar ráða hjá þeim?
- G. Er þörf á að auka þekkingu og efla símenntun kennara um ofbeldi gegn konum og áhrif þess á börn sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum?  
- Hvaða þætti fræðslunnar ætti að leggja sérstaka áherslu á?
- H. Hvernig er hægt að efla grunnskólann svo að kennari og annað starfsfólk þekki betur einkenni vanlíðunar barna sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum?
- I. Hefur grunnskólinn nægileg úrræði til að kennarar og annað starfsfólk hans geti sinnt börnum, sem búa við ofbeldi gegn mæðrum sínum? Ef ekki, hvernig má efla úrræðin?

***Spyrja í lok viðtals: Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig.***

## Heimildir

*Grundaskóli.* Sótt 14.09.09 á <http://www.grundaskoli.is/>

*Grunnskóli Siglufjarðar.* Sótt 14.09.09 á <http://www.sigloskoli.is/>

*Hallormsstaðaskóli.* Sótt 14.09.09 á <http://www.fljotsdalsherad.is/hallormsstadaskoli>

*Háteigsskóli.* Sótt 14.09.09 á <http://www.hateigsskoli.is/>

*Hjallaskóli.* Sótt 14.09.09 á <http://www.hjallaskoli.is/>

*Hrafnagilsskóli.* Sótt 14.09.09 á <http://www.hrafnagilsskoli.is>

*Hvolsskóli.* Sótt 14.09.09 á <http://www.hvolsskoli.is>

*Ingunnarskóli.* Sótt 14.09.09 á <http://www.ingunnarskoli.is>

*Nesskóli.* Sótt 14.09.09 á <http://www.nesskoli.is/>

*Snaelandsskóli.* Sótt 14.09.09 á <http://www.snaelandsskoli.is/>





HÁSKÓLI ÍSLANDS



## Rannsókn á ofbeldi gegn konum

Viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd  
Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið

Ingólfur V. Gíslason

September 2010

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

Útgáfuár: 2010

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

Útgáfustaður: Reykjavík

ISBN 978-9979-9859-8-3



## EFNISYFIRLIT

1. Aðdragandi.....	4
2. Rannsóknin .....	4
3. Núverandi staða og helstu breytingatillögur .....	5
Meginniðurstöður:.....	6
Tillögur: .....	6
4. Nánari umfjöllun um hvern þátt.....	7
a) Skráning mála .....	7
b) Leit og skimun .....	9
c) Viðbrögð .....	12
d) Úrræði .....	12
e) Þekking .....	14
f) Fjöldi mála.....	15
5. Yfirlit svarenda .....	15
a. Heilsugæsla Seltjarnarness.....	15
b) Mæðravernd Landspítala, áhættumeðganga .....	17
c) Sjúkrahúsið Vogur .....	18
d) Heilsugæslustöðin Vík.....	19
e) Heilsugæslan Breiðholti.....	20
f) Heilsugæslan í Ólafsvík .....	21
g) Heilsugæslan Eskifirði.....	22
h) Félagsráðgjafar Landspítalans .....	22
i) Bráðamóttaka Sjúkrahússins á Akureyri .....	24
j) Félagsráðgjafi á Sjúkrahúsi Akureyrar .....	24
k) Heilsugæslustöðin á Akureyri .....	25
l) Áfallamiðstöð LSH og Neyðarmóttaka vegna nauðgunar.....	26
Viðtalsrammi.....	28

## 1. Aðdragandi

Rannsókn sú sem hér er gerð grein fyrir er unnin sem hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn ofbeldi karla gegn konum. Aðgerðaáætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006 og fól meðal annars í sér að skoðað skyldi hver væru viðbrögð heilbrigðisþjónustunnar gagnvart konum sem þangað leituðu og hefðu verið beittar ofbeldi af maka eða fyrrverandi maka. Það er sá hluti aðgerðaáætlunarinnar sem hér er til umfjöllunar.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd tók að sér framkvæmd verksins og fékk dr. Ingólf V. Gíslason dósent við Háskóla Íslands til að framkvæma rannsóknina.

## 2. Rannsóknin

Rannsóknin fór fram með þeim hætti að rætt var við starfsfólk heilbrigðisstofnana sem líklegast þótti til að hafa yfirlit yfir stöðu þessara mála á sinni stofnun. Alls voru viðmælendur 19 og unnu á 9 stofnunum. Rætt var við 8 manneskjur í fimm viðtölum á Landspítala Íslands, eina á Sjúkrahúsinu Vogu og tvær sem starfa á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Önnur viðtöl voru við starfsfólk á Heilsugæslu Seltjarnarness, Breiðholts, Ólafsvíkur, Eskifjarðar, Suðurlands og Akureyrar. Viðtölin voru frá 40 mínútum að einum og hálfum tíma að lengd.

Viðtalsvísirinn sem stuðst var við er birtur aftast í þessari skýrslu en í grundvallaratriðum var verið að leita svara við sex meginþáttum. Í fyrsta lagi hvernig skráningu mála væri háttað þegar í ljós kemur að kona hefur verið beitt ofbeldi af nákomnum aðila. Tilgangurinn var að reyna að átta sig á því hvort unnt væri að nota skráningakerfi heilbrigðisþjónustunnar til að meta umfang vandans. Í öðru lagi hvort sérstaklega væri leitað eftir upplýsingum um það hvort ofbeldi væri hluti af vanda kvenna sem leituðu til heilbrigðisþjónustunnar, þ.e. hvort beitt væri skimun (kembileit) annaðhvort almennt eða þá gagnvart ákveðnum hópum svo sem þunguðum konum eða þekktum áhættuhópum eins og fíklum. Í þriðja lagi hver væru

viðbrögð viðkomandi stofnunar ef það kæmi með einhverjum hætti í ljós að kona byggji við, eða hefði búið við, ofbeldi. Hér var þá leitað eftir því hvort fyrir hendi væru ljósir og almennir verkferlar eða hvort það færi eftir hverjum starfsmanni hver viðbrögðin væru. Í fjórða lagi hvort talið væri að þau úrræði sem væru til staðar væru fullnægjandi eða hvort einhver viðbót væri æskileg. Í fimmta lagi hvort þekking starfsfólks á ofbeldi í nánnum samböndum væri talin fullnægjandi og loks í sjötta lagi hvort einhver tilfinning væri fyrir fjölda mála og hvort þeim hefði farið fjölgandi eða fækkandi á síðustu árum. Í fjórða hluta skýrslunnar verður nánar fjallað um niðurstöður hvers þáttar fyrir sig.

### **3. Núverandi staða og helstu breytingatillögur**

Það er ljóst að hvergi í hinu almenna heilbrigðiskerfi eru spurningar um reynslu af ofbeldi hluti af almennum upplýsingum um skjólstaðinga. Þegar kemur að ákveðnum áhættuhópum, fyrst og fremst fíklum, þá er hins vegar spurt með (mis-) reglubundnum hætti. Víða var þó nefnt að aukin árvekni væri gagnvart öðrum þekktum áhættuhópum svo sem konum af erlendum uppruna. En heilbrigðisstarfsfólk er mjög sjálfstætt í vinnu sinni með skjólstaðingum og því er það í raun bundið áhuga og þekkingu hvers og eins hvort spurt er eða hvaða þættir geta valdið grunsemdum.

Oft var nefnt í viðtölum að ofbeldi hefði afar sjaldan komið upp í samskiptum við skjólstaðinga jafnvel þannig að ekki var munað eftir nema einu til tveimur tilfellum á áratug eða jafnvel enn lengra aftur í tímann. Það er e.t.v. þess vegna sem ekki hafi verið litið svo á að eðlilegt væri að taka upp skimun. En því var þá oft einnig bætt við að lítið hafi verið hugað að reykingum skjólstaðinga heilbrigðiskerfisins eða notkun á öðrum ávana- og fíkniefnum fyrr en farið var að spyrja með reglubundnum hætti. Í ljósi sárafárna tilfella þar sem ofbeldi hefur komið fram er ekki um að ræða neina sérstaka tilfinningu fyrir því hvort málum fari fjölgandi eða fækkandi. Að auki væri alls ekki sjálfgefið að upplýsingar um ofbeldisreynslu skjólstaðings væru í sjúkrasögu hans, þær gætu verið skráðar hjá viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni með öðrum hætti.

Flestir viðmælendur töldu að nokkuð skorti á þekkingu hjá starfsfólki á málaflokknum. Því væri endurmenntun eða námskeið vel þegið þar sem m.a. væri farið yfir hugsanlegar vísbendingar um að kona búi við ofbeldi, áhættuhópa og

hvernig bæri að nálgast skjólstaðinga þ.e. hvenær ætti að spyrja og hvernig. Margir viðmælendur nefndu að fyrirstaðan gagnvart skimum væri e.t.v. mest hjá þeim sjálfum, ef spurt væri eðlilega og af sjálfsöryggi þá væri svarað á sama hátt.

### **Meginniðurstöður:**

- 1) Ljóst er að skráningar í heilbrigðiskerfinu geta ekki verið grundvöllur að mati á tíðni heimilisofbeldis eða hvort tilfellum fer fækkandi eða fjölgandi.
- 2) Ekki eru neinar fastmótaðar leiðir varðandi það hvernig tekið er á þeim tilfellum þar sem kona skýrir frá ofbeldi.
- 3) Almennt var ósk um meiri fræðslu á sviðinu, hver séu helstu einkenni, hvernig eigi að spyrja og hvað eigi að gera ef upp kemur ofbeldisbeiting. Sú fræðsla þyrfti bæði að vera þáttur í grunnnámi heilbrigðisstarfsfólks og einnig yrði boðin endurmenntun.
- 4) Oft var nefnt að mikilvægt væri að til staðar væri miðstöð sem gæti komið málum tengdum ofbeldi í réttan farveg.

### **Tillögur:**

- 1) Fræðsla um eðli og einkenni ofbeldis í nánum samböndum verði hluti af grunnnámi allra starfshópa í heilbrigðiskerfinu.
- 2) Starfsfólki í öllu heilbrigðiskerfinu verði séð fyrir endurmenntunarnámskeiði á þessu sviði.
- 3) Skimunartilraun verði gerð á nokkrum heilsugæslustöðvum og í kjölfarið verði metið hvort skynsamlegt sé að taka upp allsherjar skimun.
- 4) Skilgreindir verði verkferlar ef í ljós kemur að kona búi við eða hafi búið við ofbeldi í sambúð. Vera má að skynsamlegast sé að ein miðstöð sinni öllum slíkum málum.
- 5) Skoðað verði hvort ekki sé skynsamlegt að spurningar um reynslu af ofbeldi verði í mæðraskrá og allar þungaðar konur þannig spurðar um reynslu af ofbeldi.
- 6) Hugað verði að leiðum til að tryggja að sjúkraskrár einstaklinga innihaldi upplýsingar um reynslu viðkomandi af ofbeldi.
- 7) Tryggt verði að ákvörðun um skimun, á hvorn veginn sem hún fellur, sé tekin eftir umræður meðal starfsfólks þannig að ljóst sé hvaða rök séu á bak við niðurstöðuna og þá liggi jafnframt fyrir hvaða breytingar gætu leitt til þess að ákvörðunin verði endurskoðuð.

## 4. Nánari umfjöllun um hvern þátt

### a) Skráning mála.

Einn vandinn við samfélagslegt mat á fjölda tilfella þar sem kona býr við ofbeldi er ósýnileiki. Til að fá einhverja hugmynd um fjöldann er ýmist unnt að reyna að styðjast við aðgengilegar tölur eða nota kannanir. Nokkrar kannanir hafa verið gerðar á Íslandi til að meta fjöldann og benda þær til þess að árlega verði milli 0,5% til 2% kvenna fyrir ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka. Ef við miðum við fjölda íslenskra kvenna 18 ára og eldri árið 2009 þá þýðir þetta að milli 590 og 2360 konur eru beittar slíku ofbeldi árlega. Um fimmtungur íslenskra kvenna verði fyrir slíku einhvern tíma á lífsleiðinni. Alvarleiki þessa ofbeldis er auðvitað mismunandi. Hins vegar er málefnið þannig að reikna má með að ekki skýri allir satt og rétt frá í könnunum auk þess sem líklegt er að illa náist í þekkta áhættuhópa svo sem fíkla og konur af erlendu bergi brotnar.

Hin leiðin, að nota aðgengileg gögn og opinberar tölur, er líka með mörgum vandkvæðum. Tölur lögreglu byggja á tilkynningum fyrst og fremst auk þess sem eitthvað misræmi mun vera í skráningu. Ljóst virðist að komur til Kvennaathvarfs fara að einhverju leyti eftir umræðu í samfélaginu, auk þess sem könnun dómsmálaráðuneytis frá 1996 bendir til þess að þangað leiti ekki nema hluti kvenna sem beittar eru ofbeldi. Í sjálfu sér á það sama við í heilbrigðisþjónustunni og annars staðar, að ekki koma nema sumar þeirra kvenna sem búa við ofbeldi þangað beinlínis vegna þess. Það er þó líklegt að þær noti heilbrigðiskerfið í meira mæli en aðrar konur. Ef skráning er samræmd og markviss er hugsanlega hægt að nota tölur þaðan til að meta tíðnibreytingar og e.t.v. einnig hvort breytingar verða á alvarleika ofbeldisins.

Ljóst er af þeim viðtölum sem fram fóru að núverandi skráningakerfi heilbrigðisstofnana verður ekki nýtt til að meta umfang ofbeldis eða hvort breytingar verða á alvarleika. Ekkert samræmi er í því hvort eða hvernig það er skráð að kona búi við, eða hafi búið við ofbeldi. Ef ofbeldi nákomins aðila er uppgæfin ástæða komunnar, svo sem á bráðamóttöku, er það auðvitað skráð. Ef hins vegar önnur

ástæða er gefin í upphafi þá er skráningu ekki breytt síðar jafnvel þó í ljós komi að ekki var rétt sagt frá í upphafi. Sama á við um heilsugæsluna. Einnig getur komið til að kona óski sérstaklega eftir því að það sem hún segi verði ekki skráð heldur verði aðeins milli hennar og starfsmanns. Einn hjúkrunarfræðingur lýsti þessu þannig: „En mjög oft ef þetta kemur upp, eða þegar að þetta kemur upp, að þá erum við beðin um að halda þessu leyndu, eða að halda þessu hálfleyndu og einhvern veginn að dulkóða það svólítið... Svo það er alls ekkert víst að þó að það komi upp í samtali og jafnvel skráð í nótu að í sögu viðkomandi sé greiningin sett upp.“ Það er þannig t.d. alls ekki sjálfgefið að þó kona hafi sagt lækni sínum frá ofbeldisreynslu þá sjái ljósmóðir það í sögu hennar þegar hún kemur í mæðraskoðun. Þetta virðist geta verið bagalegt því oft á tíðum getur slík reynsla skýrt ýmislegt sem óljóst hefur verið varðandi líðan konu.

Hluti vandans virðist líka vera að ekki er samræmi í því hvernig eigi að skrá slíkt. Læknar sem rætt var við sögðu sumir að þá rámaði í að til væri sérstakt greininga númer fyrir þessi tilfelli en mundu ekki eftir að hafa notað það. Aðrir greininga möguleikar væru til: „Það er problem in relation to spouse/partner er greining sem ég nota venjulega í svona og ég held að þetta mundi falla undir það. Ég efast um að læknar séu að bæta því almennt sem aukagreiningu heldur hafa, þú veist, einhverja áfallagreiningu eða depurðar-, kvíðagreiningu eða transient situational disturbance.“

Svipaður vandi kemur upp í mæðraverndinni í og með að enginn reitur er til fyrir slíkt tilfelli í því skráningablaði, mæðraskránni, sem starfsmaður fylgir líkt og er t.d. fyrir reykingar eða áfengisneyslu. „... ég skrifa ekkert, ég skrifa ekki í söguna, ég skrifa bara..., maður punktar bara inní“ var lýsingin á slíkum tilfellum hjá einum viðmælanda.

Landlæknisembættið hefur birt klínískar leiðbeiningar um meðgönguvernd heilbrigðra kvenna á eðlilegri meðgöngu. Þar er lögð áhersla á að alla meðgönguna sé heilbrigðisstarfsfólk vakandi fyrir einkennum eða ástandi sem geti haft áhrif á heilsu móður og fósturs, svo sem heimilisofbeldi. Ekki er þó mælt með skimun eða kembileit en ekkert virðist þó mæla gegn því að settur sé inn sérstakur reitur fyrir slíkar upplýsingar í mæðraskrána.

## **b) Leit og skimun**

Þeir sem leita til heilbrigðiskerfisins eru beðnir um að veita bakgrunnsupplýsingar sem talið er að geti skipt máli fyrir greiningu og rétta meðhöndlun vandans. Það kallast skimun eða kembileit (e. screening) þegar allir eru spurðir um einhverja þætti og er þá unnt að fá heildarmynd af tíðninni. Víða hefur verið talað fyrir því að slík kembileit yrði tekin upp varðandi reynslu kvenna af ofbeldi í nánu sambandi. Réttlættingin væri þá sú að slík reynsla hefði mikil áhrif á almenna líðan kvenna og skipti máli til að þær fengju rétta aðstoð. Að auki hefur verið bent á að slík kembileit auðveldi konum að segja frá þessari reynslu og gæti stuðlað að því að réttari mynd fengist af umfangi vandans. Það er þó alls ekki óumdeilt að taka upp kembileit en það hefur verið gert á nokkrum stöðum erlendis.

Staðan er þannig hérlendis að hjá almennum heilbrigðisstofnunum er engin sérstök leit gerð að konum sem búa við ofbeldi. Það er þannig ekki nema ef konan segir frá að eigin frumkvæði eða ef eitthvað vekur grunsemdir, sem ofbeldi getur komið til umræðu. Þó nefndu sumir viðmælenda að viss árvekni væri til staðar ef konan væri í mikilli neyslu vímuefna enda er það vel þekkt að slíkar konur eru í verulegum áhættuhóp. En áhættuhóparnir eru fleiri án þess þó að sérstök árvekni virðist viðhöfð gagnvart þeim. Einna helst kemur á óvart að spurningar um reynslu af ofbeldi skuli ekki vera sjálfsagður þáttur í mæðravernd. Innlendar og erlendar athuganir hafa sýnt að meðganga er ákveðinn áhættuþáttur. Könnun dómsmálaráðuneytisins frá 1996 sýndi þannig að 4,5% þeirra kvenna sem höfðu verið beittar grófu ofbeldi af maka eða fyrrverandi maka töldu að meðganga þeirra hefði verið ástæða ofbeldisins.

Það er hins vegar aðeins á tveimur stöðum, sem þátt tóku í þessari rannsókn, sem verðandi mæður eru markvisst spurðar um reynslu af ofbeldi. Annar þeirra er heilsugæslan á Akureyri þar sem þetta er hluti af verkefni þeirra, „Nýja barnið.“ Á hinum staðnum (Ólafsvík) er spurt í fyrstu skoðun: „... bæði spyr ég alltaf um áfengis- og vímuefnavanda og hvort að hérna, einhvern tíma hafi hérna, lent í einhverju slíku.“

Tvær stofnanir sem taka á móti konum í þekktum áhættuhópum spyrja konur sem þangað leita með skipulegum hætti. Annars vegar er það sú deild mæðraverndar Landspítalans sem tekur við konum í áhættumeðgöngu. Þangað koma meðal annars konur sem stríða við vímuefnafíkn. Hins vegar er það sjúkrastofnun SÁÁ, Vogur. Þar

hefur núna á annað ár verið lagður fyrir sjúklinga staðlaður spurningalisti, alþjóðlegt greiningartæki, og meðal annars spurt hvort viðkomandi hafi einhvern tíma verið misnotaður eða beittur ofbeldi. Það mætti því hugsanlega nota skráninguna á Vogu til að skoða fjölgun eða fækkun. Á því eru þó þrjár annmarkar. Í fyrsta lagi er ofbeldi nokkuð sameiginlega reynsla kvenna sem leita á Vog, þær hafa langflestar verið beittar einhverju ofbeldi. Raunar var það samdóma álit viðmælenda, bæði á Vogu og í áhættumeðgöngunni hjá Landspítalanum, að konur sem væru í mikilli neyslu væru með ofbeldi sem „sjálfsagðan“ þátt í sínu lífi og raunar eitthvað sem þær upplifi yfirleitt ekki sem sitt megin vandamál. Þannig var talið að a.m.k. 70 – 80% þeirra kvenna sem stríddu við fíkn hefðu verið beittar einhverju ofbeldi.

Í öðru lagi er ekki sjálfgefið að ljóst sé hver hafi beitt ofbeldinu, hvert samband þeirra hafi verið. Spurningalistinn hefur engan reit fyrir slíkt en auðvitað er unnt að skrá það í athugasemdadálkinn. Í þriðja lagi er spurningalistinn aðeins lagður fyrir einu sinni, við innlögn og því sem þar er skráð ekki breytt síðar. Þannig að ef kona neitar því í upphafi að hafa verið beitt ofbeldi þá stendur sú skráning jafnvel þó það komi fram síðar í meðferðinni að hún sé vissulega þolandi ofbeldis.

Þrátt fyrir að heilbrigðisstofnanir leiti ekki með skipulegum hætti að konum sem búa við ofbeldi er þó víða fyrir hendi ákveðin þekking á einkennum og árvækni. Þannig var nefnt að vissir þættir gætu gert að verkum að grunur vaknaði um að eitthvað væri að í sambandinu. Það á t.d. við ef kona kemur alltaf með maka, hann svarar spurningum fyrir hana og hún fær varla að fara ein á salernið. Undir slíkum kringumstæðum er reynt að búa til einhverja stund þar sem starfsmaður er einn með konunni þannig að unnt sé að spyrja nánar um fjölskylduhagi. Þetta birtist sérstaklega þegar fjallað var um mæðra- og ungbarnaverndina. Sé um erlenda konu að ræða eru gerðar ráðstafanir til að fá túlk sem ekki er hluti af fjölskyldunni.

Í samtölum kom oft fram að það hefði komið til umræðu á viðkomandi stofnun að spyrja oftari, leita meira, því ljóst væri af könnunum að ofbeldi væri meira vandamál en birtist þeim starfsmönnum sem rætt var við. Þannig sagði einn lækjöringurinn: „... þetta er í rauninni rosalega falið. Konur virðast vera komnar algjörlega út í horn þegar þær leita sér hjálpar og þá virðist það vera bara í kjölfar trúlegast ofbeldisins þá niður á slysó því það... Ég get ekki sagt að þetta sé erindi sem konur bera upp og þá er maður



kannski bara svo utan við sig að maður er ekki að leita að þessu eða bara þegar konur eru daprar eða líður illa þá eru kannski einhverjar ákveðnar spurningar sem maður spyr, bíddu eru fjárhagsvandamál, reyndar samskiptavandamál í hjónabandi en ekki beint líkamlegt ofbeldi.“

Þegar spurst var fyrir um orsakir þess að ekki væri meira leitað og spurt komu fram mjög svipaðir þættir og birst hafa í erlendum athugunum. Í fyrsta lagi að starfsfólk upplifi þetta þannig að það sé að hnýsast um of ef spurt er um ofbeldi, andstaðan við að spyrja sé frekast innra með starfsfólki. Einn viðmælenda sagði: „Það er kannski bara maður sjálfur sem að er kannski þannig að maður telur sig vera að hnýsast of mikið.“ Nokkrir viðmælendur bentu þó á að ekki þurfi að fara nema nokkur ár aftur í tímann til að það þótti óþægilegt, eða hnýsni, að spyrja um notkun á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum en nú sé það sjálfsagður þáttur. Aðalvandinn virðist þó einfaldlega felast í því að brjóta ísinn og hefja spurningar. Einn viðmælenda benti á að hann ætti ekkert erfitt með að spyrja „dísent“ konur um neyslu fíkniefna án þess að óttast að móðga viðkomandi. Í sínum huga gildi það sama um ofbeldisspurningar og það væri í sjálfu sér ekkert mál að bæta slíkum spurningum við. Einnig kom það fram að í mæðravernd Akureyrar þar sem allar ófrískar konur eru inntar eftir reynslu sinni af ofbeldi og misnotkun hafi það ekki komið upp að konur hafi móðgast eða firrst við slíkar spurningar.

Í öðru lagi var nefnt að vandinn væri e.t.v. meiri á fámennum stöðum á landsbyggðinni þar sem allir þekkja alla og dagleg nánd er mikil: „Þú veist, á þessum stóru stöðum þá er miklu auðveldara þar sem maður hittir ekki fólk úti í búð eða eitthvað eftir tvo klukkutíma.“ Það geti verið erfitt „ef maður er kannski að spyrja hvort að gamli bekkjarbróðir minn sé kannski að lemja konuna sína eða eitthvað svoleiðis“.

Loks er rétt að vekja athygli á því að innan Landspítalans er að fara af stað tilraun með skimun á þremur deildum spítalans. Þá er einnig í nýsamþykkttri „Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum“ eitt af markmiðunum að „Kanna hvort æskilegt sé að verklag verði með þeim hætti í félagsþjónustu, barnavernd og heilsugæslu að skimað verði markvisst eftir kynbundnu

ofbeldi og þannig bættir möguleikar þolenda til að opna á þessi erfiðu mál.“ Það er því ljóst að skimun er víða til umræðu sem raunhæfur möguleiki.

### **c) Viðbrögð**

Hjá þeim sem rætt var við í þessari rannsókn virðist það aðeins vera í mæðra- og ungbarnavernd heilsugæslu Akureyrar sem fyrir hendi eru skýrar verklagsreglur um hvernig bregðast skuli við ef upp kemur að kona búi við ofbeldi. Annars staðar er það fyrst og fremst mat viðkomandi starfsmanns sem ræður því hvernig tekið er á málinu og hvert er leitað. „Það eru engar verklagsreglur um slíkt,“ var svarið á einum stað og það er megin niðurstaðan.

### **d) Úrræði**

Í flestum tilfellum er það einfaldlega viðkomandi starfsmanns að ákveða hvert framhald máls er ef upp kemur að kona búi við ofbeldi. Undantekning er ef börn eru á heimilinu, þá er það sjálfgefið að barnaverndarnefnd fái vitneskju um málið. Þeir aðilar sem helst er leitað til ef kona býr við ofbeldi eru félagsþjónustan, Kvennaathvarfið, Stígamót og Aflið. Stofnanir hafa líka aðgang að sálfræðingum og geðlæknum og vísa þangað.

Hins vegar var á nokkrum stöðum bent á að staða konunnar getur verið með þeim hætti að tilvísun vegna ofbeldisins er einfaldlega ekki tímabær þegar það mál kemur upp. Þetta á sérstaklega við um konur sem verið hafa í mikilli vímuefnaneyslu og þurfa fyrst og fremst aðstoð til að losna úr henni og öðlast nokkurn veginn eðlilegt líf áður en takast þarf á við þennan þátt í lífi þeirra. Félagráðgjafar Landspítalans bentu einmitt á að ofbeldi væri svo „eðlilegur“ þáttur í lífi kvenna sem hefðu verið í mikilli neyslu að það væri ekki fyrr en aðrir þættir tilverunnar væru komnir í lag sem ofbeldið færðist ofar í forgangsröðinni hjá þeim. Sérstaklega á þetta við um verðandi mæður sem „eru miklu uppteknari af því að hafa bara venjulega umgjörð í kringum sig, hafa húsnæði, hafa fjármálin í lagi, þú veist, hafa bara þessar grundvallarþarfir öruggar.“ „...konur sem eru með þessa neyslusögu og eru að koma inn í mæðraverndina og hætta neyslu vegna þess að þær eru þungaðar, að þær eru einhvern veginn að hugsa um allt aðra hluti og staddar kannski svolítið á öðrum stað heldur en akkúrat tilbúnar til þess að vera að ræða eitthvað fyrrum ofbeldi. Það er bara ekki efst á döfinni.“

Oft var bent á að það hefði lítið upp á sig að spyrja um ofbeldi ef ekki væru skýr úrræði fyrir hendi, „það þýðir lítið að skima eftir einhverju sem að er ekki hægt að bjóða hjálp við.“ Á öðrum stað hafði verið rætt um að taka upp kembileit „en þá vorum við að hugsa „bíddu ef við opnum þetta box þá erum við... hvað eigum við þá að gera í næsta skrefi... Þú veist, kannski ef þú opnar eitthvað þá hefurðu engin úrræði. Þannig að það var ákveðið að við myndum bara ekki gera það. Ekki svona að allir yrðu spurðir, nema það væri eitthvað svona tilefni til.“

Viðmælendur viku oft að því að þeim þætti sviðið nokkuð óljóst hvað úrræði varðar og erfitt að fá heildarsýn yfir hvað stæði til boða. Einhvers konar miðstöð eða ráðgjafastöð var oft nefnd, stöð sem gæti veitt heildstæða ráðgjöf og vísad á úrræði og möguleika á sviðinu því konur væru svo misjafnlega staddir. Ef til vill má draga saman almenna viðhorfið í orðum viðmælanda á Voggi: „Ég held að það megi segja það að það vantar oft upp á að þeir sem eiga erfiðast... að það vantar sko heildstæða þjónustu fyrir þá og þess vegna verður nú oft um svona endurinnlagnir og fólk er að þvælast milli stofnana.“

Einn viðmælandi lýsti því sem þyrfti að gera þannig: „Ég held að frá okkar hendi sé það fyrst og fremst að læra að þekkja einkennin og geta búið til aðstæður þar sem við getum gefið viðkomandi tíma og komið þeim í einhvern farveg. Og að við höfum einhverjar svona fastar vinnureglur þá held ég að þá gangi bara öllum betur að vinna því það er rosalega vont að „ og bíddu og hvað geri ég nú svo“ þannig að ef maður hefur einhvern tengilið í næsta þannig að maður skilji ekki viðkomandi eftir í lausu lofti og þá held ég að öllum gangi betur að vinna með þessi mál.“

Ekki er sjálfgefið að miðla upplýsingum á milli staða eða stofnana að því undanteknu að barnaverndarnefnd er alltaf látin vita ef börn koma við sögu þegar ofbeldi er á heimili eða í sambúð. Í mæðra- og ungbarnavernd Akureyrar er upplýsingamiðlunin leyst þannig að konur eru einfaldlega spurðar hvort þær séu samþykkar því að farið sé með mál þess inn á önnur borð í þeim tilgangi að veita sem besta þjónustu. Að sögn viðmælanda hefur aldrei verið neitt mál að fá heimild til þess.

## e) Þekking

Fræðsla um ofbeldi í nánnum samböndum er hluti af námi verðandi hjúkrunarfræðinga og hefur verið svo í nokkur ár. Einnig hafi sumir starfsmenn heilbrigðisstofnana sótt endurmenntunarnámskeið þar sem farið hefur verið yfir þau mál. Engu að síður var það samdóma álit viðmælenda að þörf væri á aukinni menntun og þekkingu. Þeir þættir sem helst voru nefndir sem mikilvægir voru þekking á einkennum og spurningatækni, það er að segja hvernig best sé að nálgast málið án þess að móðga eða fæla frá og hvernig best sé að haga framhaldi viðtalsins ef í ljós komi að ofbeldi er hluti af lífsreynslu skjólstæðings. Þannig benti einn viðmælenda á að það færi að verulegu leyti eftir öryggi þess sem spyrði hvernig því væri tekið: „... ef að sá sem spyr spyr af því að honum finnst auðvelt að spyrja, sko ef það er eðlilegt fyrir hann, þá er það eðlilegt fyrir þann sem verður fyrir spurningunni, það er nú oft það sem maður rekur sig á að hindranirnar eru líka hjá manni sjálfum.“

Annar viðmælendi sagði: „Við höfum einmitt rætt þetta, ljósmæður, og það var einhver sko umræða í fyrra á einhverju þingi að... sko til þess að fólk yrði öruggara að spyrja um þetta að þá vantaði svona meiri fræðslu, bara í hvernig spyr maður, hvernig... já tekur maður þessi viðtöl, eða sem sagt, já það vantaði að gera fólk öruggara.“

Einnig var nefnt að það væri mikilvægt að ákveðið traust hefði skapast áður en líklegt væri að konur opnuðu á þennan þátt. „Við byrjum milt og svo segja þær oft“, „nei, nei, nei nei, hann hefur aldrei...“ og svo kannski tveimur tímum seinna þá segja þær „þú varst að spyrja um þetta fyrir mánuði síðan og hann var nú aðeins að ýta við mér í gær.“ Það kemur svona hægt og rólega... Þær byrja aldrei á að segja spontant og byrja yfirleitt ekki á að segja um leið og þú spyrð þá segja þær ekki „já, já hann er alltaf að berja mig“ eða „nei, nei ja hann ber mig stundum.“ Þær segja það ekki. Þær segja kannski tveimur, þremur vikum eftir að þú spurðir, þú veist, þannig að þetta er alveg... þetta er heilmikið ferli að fá þetta upp.“

Það voru einna helst lækarnir sem rætt var við sem töldu lítið hafa verið vikið að þessum þætti tilverunnar í þeirra námi: „Ég held að í okkar tilfelli megi nú bara skerpa á öllum þáttum sko. Það megi vekja athygli á og kynna betur hvað eru hugsanlegir áhættuhópar, hvenær við eigum að vera sérstaklega vakandi, hvort við eigum að

leita... allavega umræðu um hvort að við eigum að setja þetta inn sem standard spurningu í einhverjum tilfellum sko, á einhverjum vettvangi og svo aðeins að aðferðafræðinni... og svo náttúrlega þetta með úrræðin.“

## **f) Fjöldi mála**

Almennt séð mundu starfsmenn ekki eftir nema örfáum málum tengdum ofbeldi í nánnum samböndum, jafnvel þó þeir hefðu verið að störfum áratugum saman. Einn viðmælenda mundi eftir tilfelli fyrir 3 – 4 árum og svo öðru fyrir 10 – 12 árum. Það er því marklaust að reyna að meta hvort málum hafi fjölgað eða fækkað, til þess eru þau einfaldlega of fá. „Það eru fleiri, fleiri ár síðan“. „Við munum ekki eftir neinu tilviki“. Fleiri virtust kannast við að hafa fengið dæmi um andlegt eða kynferðislegt ofbeldi en það sem oftast er átt við þegar talað er um líkamlegt ofbeldi.

Víða var líka nefnt að aukin samfélagsleg umræða gæti skekkt myndina, bæði þannig að málið kæmi oftast upp, væri ekki jafn mikið feimnismál, og eins á þann hátt að starfsfólki myndist það oftast koma upp einfaldlega af því að það væri oftast í fjölmiðlum. Í einu viðtali kom fram sú tilfinning að um aukningu væri að ræða en síðan var bætt við: „Kannski, já ég held að það sé bara meira að konur séu farnar að segja frá, það sé ekki aukning á heimilisofbeldi heldur bara, við erum bara, já kannski erum við líka bara farnar að hafa augun meira opin.“

## **5. Yfirlit svarenda**

### **a. Heilsugæsla Seltjarnarness**

Spurningar um reynslu af ofbeldi eru ekki hluti af almennum spurningum til skjólstæðinga. Sú hugmynd að taka slíkt upp hefur þó verið rædd, bæði innan mæðraverndarinnar og í almennu heilsugæslunni. Þrennt virðist helst hafa hindrað að skrefið væri stigið til fulls og spurningar teknar upp. Í fyrsta lagi óvissa um hvernig ætti að haga framhaldinu ef skjólstæðingur segði frá ofbeldisreynslu. Í öðru lagi óöryggi um hvernig eigi að nálgast málið, hvernig eigi að spyrja. Og í þriðja lagi skortur á úrræðum. Þó var nefnt að ef fyrirmæli kæmu um að taka slíkt upp þá yrði það auðvitað gert. En þær klínísku leiðbeiningar sem landlæknir hafi gefið út til ljósmæðra hafi ekki breytt venjum í mæðraverndinni.

En þó ekki sé spurt almennt er þekking fyrir hendi um að það séu ákveðnir hópar kvenna sem séu líklegri en aðrir til að vera beittar ofbeldi af nákomnum aðila. Þetta getur átt við um fatlaðar konur og aðfluttar konur. Með sama hætti er fyrir hendi ákveðin meðvitund um þætti sem gætu verið vísbendingar um ofbeldisbeitingu svo sem almenn vanlíðan, þunglyndi eða slíkt.

Viðmælendur töldu að aukin menntun á þessu sviði gæti haft mjög jákvæð áhrif. Bæði þyrfti fræðsla að vera hluti af almennu grunnnámi heilbrigðisstarfsfólks og eins væri jákvætt að gefa starfandi heilbrigðisstarfsmönnum færi á endurmenntun þar sem m.a. væri farið yfir hver hugsanleg einkenni ofbeldis séu, hvornig eigi að spyrja um ofbeldi og hver þróun ofbeldissambands geti verið.

Samstarf við aðra aðila er fyrst og síðast á ábyrgð og að frumkvæði viðkomandi starfsmanns. Undantekning er ef málum er þannig háttað að líklegt sé að vernda þurfi barn en þá er barnaverndarnefnd látin vita eins og lagaskylda er til. Ekki er því unnt að segja að um formlegt samstarf sé að ræða við aðra aðila.

Að auki töldu viðmælendur mikilvægt að komið væri upp einhverri miðstöð þar sem unnt væri að leita aðstoðar ef skjólstæðingur segi frá ofbeldisreynslu eða staður sem hægt væri að vísa konum til.

Ekki er unnt að nota skráningakerfi stöðvarinnar til að meta umfang ofbeldis, þar eru þessir þættir yfirleitt ekki skráðir. Komi slíkt mál upp þá sé það frekar skráð í svokallaðar „trúnaðarnótur læknis“ í sögukerfinu en í þær á enginn annar en viðkomandi læknir að komast. Starfsfólk sé oft beðið um að halda málinu leyndu. Skráning sé því oft með hálfgerðum „dulkóðuðum“ hætti. Hins vegar var nefnt dæmi um að slík skráning hafi verið aðgengileg og skipt máli þegar viðkomandi kona kom í mæðraskoðun.

Viðmælendur töldu sig ekki hafa orðið vara við neina aukningu á ofbeldistilfellum

## **b) Mæðravernd Landspítala, áhættumeðganga**

Hér er um að ræða hluta af almennri mæðravernd Landspítalans en til þessarar einingar koma konur sem af einhverjum ástæðum flokkast í áhættuhóp svo sem konur með sykursýki, háþrýsting, byrjandi meðgöngueitrun, fíklar og konur sem eiga við geðraskanir að stríða.

Alltaf er farið yfir forsögu hvað snertir reykingar og neyslu annarra ávana- og fíkniefna. Aldrei er spurt um ofbeldi í fyrstu komu en ákveðnir áhættuhópar eru spurðir við þriðju eða fjórðu komu eftir að traust hefur verið byggt upp. Þannig eru allir fíklar spurðir, konur sem eiga við geðraskanir að stríða og konur sem aldrei eru einar þ.e. karlinn kemur alltaf með, talar fyrir þær og gefur ekki færi á að þær séu einar. Þar hefur meira að segja verið gripið til þess ráðs að setja miða á íslensku og pólsku á kvennasalernið þar sem konum er bent á að ef það sé eitthvað sem þær vilji tala um þá geti þær hringt. Nefnt var að ef til vill væri skynsamlegt að setja upp einn tíma í mæðraverndinni þar sem skýrt væri að sá tími væri bara fyrir konurnar.

Árlega koma um 40 konur sem eru í neyslu og 8 – 10 konur með geðraskanir. Í skráum ætti því að vera unnt að sjá útbreiðslu ofbeldis í þessum hópum. Viðmælandi taldi að um 80% fíklanna hefðu verið beittar ofbeldi.

Mikil þekking er til staðar um einkenni sem benda til þess að kona búi við ofbeldi og stjórnun og á ýmsan hátt er reynt að bregðast við því. Þannig er alltaf reynt að fá túlk ef konan skilur lítið í íslensku en ekki látið nægja að karlinn túlki. Allar ljósmæður sem starfa í tengslum við áhættumeðgöngu hafa mikla reynslu og umræðan hefur verið þannig að meðvitund um ofbeldi hefur aukist verulega. Að auki hafi þeim verið kennt hvernig beri að spyrja um neyslu og svipaðri tækni sé beitt þegar spurt er um ofbeldi, það sé byrjað milt en spurt markvisst. Oftast sé því neitað í upphafi að ofbeldi sé beitt en síðan geti það gerst í seinni komu að konan bryddi upp á því að í síðustu viku hafi nú eitthvað gerst sem spurt hafi verið um áður. Þannig komi þetta fram smátt og smátt og meðal annars þess vegna sé afar mikilvægt að konan hitti alltaf sama einstakling þegar hún kemur til skoðunar. Ekki sé þó einvörðungu spurt um ofbeldi í núverandi sambandi heldur sé reynt að grafast fyrir um alla ofbeldisreynslu kvennanna, allt frá æsku. Engin sérstök tilfinning var fyrir því hvort ofbeldi hefði aukist eða minnkað enda hefði ekkert verið spurt um þetta fyrir 10 árum og spurningar

hefðu bara verið að koma inn smátt og smátt. Í raun og veru þá vandi ljósmæðurnar sig mikið við að reyna að hafa upp á þeim konum sem búa við eða hafa búið við ofbeldi.

Ef í ljós kemur að kona er beitt ofbeldi þá er málinu vísað áfram til félagsráðgjafa spítalans sem þá einnig virkja félagsráðgjafann í þeim bæ eða því hverfi sem þær koma frá. Félagssráðgjafinn ákveður svo framhaldið í samvinnu við ljósmæðurnar en þær taka ekki viðtöl sem beinlínis snúa að ofbeldinu. Tilkynt er til barnaverndarnefndar ef kona er í neyslu en ekki þó makaofbeldi sé til staðar ef ekki er einnig um neyslu að ræða.

Að mati viðmælanda á það við um bæði fíklana og konur sem búa við ofbeldi að eftirfylgni er of lítil og úrræði of fá. Raunar er vinna í gangi til að auka eftirfylgni varðandi fíkla en nú er hún aðeins í 3 mánuði. Til samanburðar var nefnt að í Danmörku væri börnum fíkla fylgt eftir þar til þau ná sex ára aldri. Lengri eftirfylgni gæti líka skipt máli ef konurnar yfirgefa karlana því þær viti að ef þær yfirgefa sambandið þá muni þeir leita þær uppi.

### **c) Sjúkrahúsið Vogur**

Fyrir nokkrum árum var gerð könnun á því á Vogu hversu margar þeirra kvenna sem þangað leituðu hefðu orðið fyrir ofbeldi og niðurstaðan varð að um 70% hefðu slíka lífsreynslu á bakinu. Viðmælandi lagði áherslu á að líkamlega ofbeldið eitt og sér segði ekki alla söguna. Oft væri um að ræða hegðun maka sem e.t.v. virkaði eðlileg fyrir utanaðkomandi en sem konan gerði sér grein fyrir að væru ógnanir. Með slíkum hætti væri mörgum þeirra stjórnað og það væri auðvitað ekki annað en andlegt ofbeldi.

Fyrir alla sjúklinga á Vogu er lagt staðlað greiningartæki sem meta á stöðu þeirra í tilverunni. Meðal þeirra atriða sem þar er forvitnast um er reynsla af ofbeldi, spurt er hvort einhver hafi misnotað viðkomandi eða beitt ofbeldi. Byggja má mat á umfangi og þróun ofbeldis að einhverju leyti á þessum lista. Þó ber að hafa í huga að listinn er ekki leiðréttur eftir á. Það er að segja ef manneskja neitar því í greiningarviðtalinu að hafa verið beitt ofbeldi þá er þeirri færslu ekki breytt síðar þó svo að það komi fram



að hún hafi ekki sagt satt. Hins vegar geta þær upplýsingar verið í vinnuþöggum. Jafnframt er ekki nema ríflega ár síðan listinn var tekinn í notkun og því enn ekkert unnt að byggja á þeim niðurstöðum varðandi þróunina.

Læknar eru ábyrgir fyrir meðferðinni á Vogu og ákveða í hvaða farveg málum er vísað. Eitthvað hefur verið um að sálfræðingar eða geðlæknar aðstoði konur sem hafa búið við eða verið beittar ofbeldi en ekki er um formlegt samstarf við aðra aðila að ræða. Þó sé það þannig að ef um kynferðislegt ofbeldi sé að ræða þá sé strax spurt hvort viðkomandi hafi farið á Neyðarmóttöku vegna nauðgana eða þurfi á því að halda. Hins vegar sé litið svo á að stofnunin beri ábyrgð á því að hugað sé að þessum þætti og reynt að koma skjólstæðingi til einhverrar meðferðar og þá hjá fagaðila. Sálfræðingar vinna með stofnuninni og hafa oft komið að málum af þessu tagi. Það geti hins vegar farið eftir því hver staðan er varðandi meðferð vímuefnavandans hvenær skynsamlegast sé að taka á þessum þætti. Stundum séu skjólstæðingar raunar sjálfir búnir að setja málið í einhvern farveg og þá sé því ekkert breytt.

Að mati viðmælanda fer því fjarri að þau úrræði sem eru til staðar fyrir þessar konur séu fullnægjandi. Í raun og veru vanti heildstæða þjónustu á sviðinu. Ekki nauðsynlega með því að búa til nýtt apparat heldur með því að gera þeim sem til staðar eru betur fært að sinna málunum.

Viðmælandi taldi líklegt að ofbeldismálum í nánnum samböndum hafi farið fjölgandi einfaldlega sökum þess að þeir skjólstæðingar sem á Vogu koma sýni nú mun árásgjarnari hegðun og virðingarleysi gagnvart starfsfólki og umhverfi hafi þar aukist verulega. Að einhverju leyti megi rekja það til neyslu á efnum á borð við amfetamín og stera en samfélagsleg þróun sé líka í átt að þessu virðingarleysi.

#### **d) Heilsugæslustöðin Vík**

Upplýsinga var aflað með tölvupóstsamskiptum við lækni og símtali við hjúkrunarforstjórnann. Læknirinn sagði að hann hefði verið þar í 25 ár en ofbeldi karls gegn konu sinni hefði ekki verið komuástæða nema í einu tilfelli hjá aðkomufólki sem hefði stoppað stutt. Hjúkrunarforstjóri staðfesti það að ekki hefði nema einu sinni vaknað grunur og í annað sinn hefði ofbeldi komið í ljós en þó ekki þannig að konan

hafi leitað á heilsugæsluna. Hún benti jafnframt á að um væri að ræða fámennt svæði og þekking heilsugæslunnar á félagslegum og heilsufarslegum ástæðum fólks væri mikil. Ekki væri skimað varðandi ofbeldisreynslu en hins vegar væri til staðar þekking á áhættuhópum og einkennum og sérstaklega í mæðraverndinni og ungbarnaeftirlitinu væri skoðað hvort einhverjar vísbendingar um ofbeldi væru til staðar.

### **e) Heilsugæslan Breiðholti**

Ekki eru neinir skráðir verkferlar varðandi viðbrögð vegna ofbeldis gegn konum líkt og er á mörgum öðrum sviðum hjá stöðinni. Læknar vinna mjög sjálfstætt og það er í raun og veru undir hverjum og einum komið hvernig hann hagar sínum viðtölum, um hvað er spurt, hverju er fylgst með og hvernig viðbrögð verða ef í ljós kemur að kona búi við eða hafi búið við ofbeldi. Þar af leiðandi er það líka undir hverjum og einum komið hvert leitað er ef mál af þessari tegund koma upp. Kvennaathvarfið, Stígamót og bráðamóttaka voru nefnd. Sama á við í mæðravernd og ungbarnaeftirliti. Þar er á heildina litið fylgt ákveðnum skimblöðum og spurt meðal annars um andlega líðan en ekki ofbeldi.

Viðmælendur lögðu áherslu á að starfsfólk heilbrigðisstofnana starfaði daglega við það að fá fólk til að opna sig og segja frá. Það sem fyrst og fremst þyrfti væri ákveðin vitundarvakning til þess að farið sé að skima. Ef spurningar á þessu sviði séu á skimunarblaði þá sé lítið mál að spyrja, ekki meira en að spyrja um fíkniefnaneyslu. Jafnframt verði þó alveg skýr úrræði að vera til staðar, annars hafi það ekki mikinn tilgang að leita. Stöðin hafi hins vegar mikla reynslu af samvinnu við aðrar stofnanir og sérfræðinga á ýmsum sviðum og ætti ekki að þurfa að vera erfitt að finna verkferla á þessu sviði.

Viðmælendur mundu eftir afar fáum dæmum og þurftu jafnvel að fara aftur á 10. áratug síðustu aldar til að finna dæmi um konu sem búið hefði við líkamlegt ofbeldi. Þetta sé ekkert sem konur beri upp og lítið sé leitað þó svo spurt sé um fjárhagsleg vandamál eða samskiptavandamál í hjónabandi ef konur eru daprar eða líður augljóslega illa. Það er því ljóslega ekki unnt að nota skrár stöðvarinnar til að átta sig á umfangi málsins né er um nokkra tilfinningu að ræða gagnvart því hvort þessum málum fari fækkandi eða fjölgandi. Til þess eru tilfelli einfaldlega of fá.

Þau sem þó hafi komið upp hafi birst með þrennum hætti. Í fyrsta lagi að kona leiti á slysadeild vegna áverka og læknir hennar fái læknabréf frá slysadeildinni og það staðfesti grunsemdir sem e.t.v. hafi verið farnar að vakna. Í öðru lagi ef konur komi í áfalli eða sökum andlegrar vanlíðunar. Þá komi þetta á stundum upp í samtali um samskipti í og við fjölskylduna. Í þriðja lagi sé það svo ef kona kemur beinlínis með áverka og segir frá.

Ekki töldu viðmælendur að það ætti að þurfa að vera erfitt að spyrja um ofbeldi. Það þyrfti bara öryggi og oft væri það einfaldlega þannig að hindranirnar væru hjá heilbrigðisstarfsmanninum frekar en konunum.

#### **f) Heilsugæslan í Ólafsvík**

Viðmælandi taldi að það væru mörg ár liðin síðan kona hefði leitað til heilsugæslunnar og sagt frá því að hún hefði verið beitt líkamlegu ofbeldi af maka. Grunur hefði hins vegar vaknað í einstökum tilfellum og þá hefði verið spurt. Annars væri ekki sérstaklega spurt um þetta atriði, nema í mæðraverndinni þar sem það hefði verið tekið upp. Einnig hefði stundum verið spurt ef kona væri í þekktum áhættuhóp svo sem vímuefnaneytandi. Hins vegar sé enginn sérstakur reitur fyrir slíka reynslu í mæðraskránni og því sé þetta ekki skráð með sama hætti og t.d. vímuefnavandi. Spurningarnar hafa leitt til þess að upp hefur komist um kynferðislegt ofbeldi en ekki líkamlegt ofbeldi í sambúð. Þegar mál koma upp þá sé fyrst og fremst samvinna við félagþjónustuna nema þegar um nauðganir eða annað kynferðislegt ofbeldi sé að ræða, þá sé oft vísað til aðila í Reykjavík svo sem Neyðarmóttökunnar. Þá hefur verið gætt að því ef grunur vaknar um ofbeldi meðal fólks af erlendum uppruna að fá konuna eina í viðtal og með túlk utan fjölskyldunnar. Viðmælandi nefndi að grunur hefði verið til staðar um ofbeldi innan ákveðinna fjölskyldna í bæjarfélaginu og í kjölfarið hefði verið reynt að nálgast þær en án árangurs.

Ekki er unnt að nota skráningar til að fá yfirlit yfir ofbeldispróun og taldi viðmælandi það gilda almennt um skráningar í heilbrigðiskerfinu. Þegar kæmi að þessu atriði þá væru skráningar ekki áreiðanlegar. Því gæti verið til bóta að sérstakur reitur væri fyrir skráningar á þessum málaflokki t.d. í mæðraverndinni.

Viðmælandi taldi tvímælalausa þörf fyrir aukna þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á þessu sviði svo sem með endurmenntun. Það væri líka þörf á ákveðinni þjálfun í náminu, þjálfun í því hvernig eigi að spyrja um málefni sem geti verið viðkvæm eða mjög persónuleg.

### **g) Heilsugæslan Eskifirði**

Í þessu tilfalli var upplýsinga aflað með símtali. Þar kom fram að engar verklagsreglur væru varðandi spurningar um reynslu af ofbeldi. Málið væri reyndar sérstaklega erfitt núna því ekkert gangi að manna lausar stöður lækna og hjúkrunarfræðinga. Þar af leiðandi væri lítill tími hjá þeim sem störfunum sinntu auk þess sem erfitt væri að búa til nauðsynlegt trúnaðarsamband.

Hvorki viðmælandi né aðrir sem hún hafði rætt við á öðrum stöðum fyrir austan kannaðist við að hafa „fengið einhverja konu inn sem hefur verið unnið með eftir líkamlegt ofbeldi.“ Þó hefur hún starfað fyrir austan í 13 ár. Hins vegar muni hún eftir einu eða tveimur tilfellum andlegs ofbeldis. Ekki hefur verið spurt um ofbeldi í mæðra- eða ungbarnavernd en auðvitað sé andleg líðan kvenna eftir barnsburð könnuð.

Viðmælandi taldi að endurmenntun á sviðinu meðal hjúkrunarfræðinga væri mjög þarft verk en jafnframt að það gæti verið erfiðara að taka upp kembileit á litlum stöðum en stórum. Það gæti verið að konur tækju það illa upp en „það er kannski bara maður sjálfur sem er kannski þannig að maður telur sig vera að hnýsast of mikið.“ Sem hugsanlega lausn nefndi hún að tekinn væri upp gátlisti sem konur gætu svarað þannig að þær þyrftu ekki að „segja þetta beint framan í mann.“ Það gæti verið auðveldara að opna málið með þeim hætti.

### **h) Félagsráðgjafar Landspítalans**

Í viðræðum um áhættumeðgöngu á Landspítalanum kom fram að ofbeldismálum væri vísað til félagsráðgjafa Landspítalans. Því var ákveðið að ræða við þá líka. Í samræðunum kom fram að tilvísanirnar væru fyrst og fremst vegna vímuefnaneyslu kvennanna frekar en ofbeldis. Raunar mundu ráðgjafarnir ekki eftir nema einu eða

tveimur dæmum um að ofbeldi væri meginvandi þeirra þunguðu kvenna sem þangað kæmu að mati þeirra sjálfra. Hins vegar væri ofbeldið lang oftast hluti af þeirra veruleika ýmist í nútíð eða fortíð en það væri ekki í forgrunni hjá þeim undir þessum kringumstæðum. Það sem mestu skipti í þeirra huga væri að reyna að vera án vímuefna og geta tekið sómasamlega á móti því barni sem væri á leiðinni, ofbeldið „væri bara ekki efst á döfinni.“ Konur sem verið hafi í fíkniefnaheiminum hafi mjög erfiða lífsreynslu á bakinu. Í fíkla samfélaginu sé ofbeldi bara sjálfsagður hluti tilverunnar og engan veginn það erfiðasta sem þær hafi reynt. Þetta komi þó oft fram en ekki vegna þess að félagsráðgjafarnir séu sérstaklega að fiska eftir því eða spyrja í þá áttina. Mál sem þær mundu eftir og sneru fyrst og fremst að ofbeldi voru flest tilfelli erlendra kvenna. Þó mundu þær eftir einu tilfelli þar sem kona hafði verið í aðgerð og þá tóku sig upp afar erfiðar minningar um ofbeldi. Það var hins vegar kona sem ekki var í neyslu. Hún fór fyrst í stuðning í Kvennaathvarfinu en síðan í viðtöl hjá sálfræðingi á kvennadeild Landspítalans.

Þannig sé það í raun og veru ekki fyrr en konurnar telja sig hafa náð tökum á fíkninni og búnað að fá líf sitt í sæmilega öruggar skorður sem unnt sé að fara að vinna meira með önnur mál svo sem ofbeldisreynslu. Raunar geti verið að sumar þessara kvenna séu með önnur mál hjá öðrum aðilum. Sumar hafi t.d. verið hjá Stígamótum. En þegar þær komi til félagsráðgjafa Landspítalans þá sé það fyrst og fremst vegna vímuefna. Þess vegna sé óvíst að það henti í upphafi að spyrja um reynslu af ofbeldi, betra sé að vinna fyrst með það sem helst brenni á konunum og þá sé síðar unnt að opna á þennan þátt. Þar að auki sé nauðsynlegt að einhver farvegur sé þá fyrir þau tilfelli sem upp kunna að koma.

Ekki er unnt að nota þeirra skráningu til mats á umfangi ofbeldis því þær skrá ekki sögu kvennanna með þeim hætti.

Félagsráðgjafarnir hafa fyrst og fremst samstarf við félagsþjónustu bæjarfélaga eða hverfa, hvort heldur um er að ræða vanda vegna vímuefnaneyslu eða ofbeldis. Auk þess eru sálfræðingar spítalans og bráðamóttaka. Þeir töldu jafnframt að almennt væri ástæða til endurmenntunar á þessu sviði þó svo þær hafi fengið allnokkra fræðslu í sínu námi.

### **i) Bráðamóttaka Sjúkrahússins á Akureyri**

Hér kom fram að til stæði að hefja vinnu við það í haust að setja saman „protokol“ eða lýsingu á því hvernig verkferlar ættu að vera ef upp kæmi að kona byggi við ofbeldi. Það yrði þannig ekki lengur undir hverjum og einum starfsmanni komið hvernig brugðist væri við heldur væri um skipulögð og samræmd viðbrögð að ræða. Ekki hafi þó verið ákveðið að taka upp skimun en það hafi verið nefnt og sé eitt af því sem verði tekið til athugunar. Jafnframt kom þó fram að smæð samfélagsins gæti verið ákveðin hindrun. Hins vegar ætti að vera möguleiki á að gefa slíku tilfelli þann tíma sem þurfi ekki síður en unnt er að bæta við tíma (fólki) ef stórslys verður. Fram kom að þau mál sem komið hafa upp hjá bráðamóttökunni eru oft tengd óreglu og vímuefnaneysla og ofbeldið geti vel verið gagnkvæmt undir þeim kringumstæðum. Helst hefur verið samstarf við Aflið, félagsráðgjafa og sálfræðinga. Talin var þörf á endurmenntun og fyrirlestrum til aukinnar þekkingar, til þess að eiga auðveldar með að koma auga á einkennin og læra samtalstækni. Einnig væri mikilvægt að fara yfir fordóma fólks almennt, starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar eins og annarra, þ.e. losna undan hugsuninni „af hverju læturðu hann fara svona með þig.“

### **j) Félagsráðgjafi á Sjúkrahúsi Akureyrar**

Ekki er um neitt fast kerfi að ræða þannig að tryggt sé að félagsráðgjafi fái vitneskju um það ef upp kemur að manneskja sem leitar til spítalans hafi verið beitt ofbeldi. Hins vegar hafi verið umræður um að setja upp ákveðna verkferla á sviðinu þannig að ekki sé tilviljun háð hvert verði framhald mála. Samstarf sé helst við sálfræðinga, lögregluna og starfsfólks spítalans en að auki sé unnt að leita til fjölskyldudeildar bæjarins og auðvitað til barnaverndarnefndar ef staðan er þannig hvort svo sem um ofbeldi sé að ræða eða aðra þætti. Viðmælandi taldi að fjöldi mála sem hún fengi vegna ofbeldis í nánnum samböndum væri um tvö á ári. Ekki var talið að smæð bæjarfélagsins ætti að þurfa að koma í veg fyrir kembileit. Hvað endurmenntun varðar taldi viðmælandi að þekking á málaflokknum væri almennt góð þó hún væri misjöfn en hins vegar væri málaflokkurinn þannig að ástæða væri til að rifja hann upp með reglulegu millibili.

## **k) Heilsugæslustöðin á Akureyri**

Við heilsugæsluna hefur í um tuttugu ár verið unnið eftir vinnulagi og humyndafræði sem kallast "Nýja barnið". Eitt af því sem þar er gert er að skima eftir áhættuþáttum hjá ófrískum konum og eru þær meðal annars spurðar um ofbeldi og misnotkun. Ástæðan er sú að þegar konur hafa búið við slíkt ástand er aukin hætta á erfiðleikum við að mynda góð tengsl við barnið og ef tengslamyndun er ekki í lagi þá eru auknar líkur á að barnið nái ekki að þróa með sér nauðsynlega hæfni til varnar áföllum og sjúkdómum sem upp kunna að koma síðar á æfinni. Þegar mál tengd ofbeldi og misnotkun koma upp, ekki síður gömul en núverandi, þá eru úrræði heilsugæslunnar nýtt s.s. aukin aðkoma ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og heimilislækna en aðallega með aðgangi að fjölskylduráðgjöfum sem vinna sérstaklega með slík mál. Skimun á sér stað í upphafi meðgöngu með viðtali hjá heimilislækni og mati ljósmóður sem flokkar konurnar í þrjá hópa. Mál kvenna og fjölskyldna sem þurfa á auknum stuðningi að halda og eru í áhættuhópunum tveimur eru rædd á vikulegum samráðsfundi mæðraverndar, ungbarnaverndar, heimilislækna og fjölskylduráðgjafar, til þess að finna þau úrræði sem best henta hverju sinni. Heilsugæslan tengist félagsþjónustu Akureyrarbæjar m.a. gegnum skipulagðan samráðsvettvang þar sem fulltrúar heilsugæslunnar og félagsþjónustunnar vinna sameiginlega að úrræðum fyrir skjólstæðinga beggja aðila. Þessi samvinna gengur undir nafninu „Fagrád um fjölskylduvernd“. Allir aðilar á þessum sviðum geta sent þangað mál til umfjöllunar. Að auki er samstarf við Aflið og unnið er að því að skýra verkferla fyrir ofbeldismál. Á heilsugæslunni virðist ekki hafa verið um aukningu mála að ræða en viðtölum hefur hins vegar fjölgað. Líklega er ekki unnt að nota skráningar þar sem grundvöll mats á fjölda mála, enda tekur sjúkraskrárkerfi heilsugæslunnar ekki nægilega mið af vanda af þessu tagi. Einnig leitar fólk oft aðstoðar vegna kvíða, óróleika, svefnleysis eða slíks og þó upp komi að ofbeldi sé í myndinni þá verður það ekki aðalatriði eða nauðsynlega skráð sérstaklega.

Viðmælandi taldi ekkert því til fyrirstöðu að útfæra kembileit mæðraverndar á aðra þætti heilsugæslunnar. Hindranir væru oft meira í hugum starfsfólks en hjá skjólstæðingum. Almennt séð hafi verið unnið mikið að því hjá Akureyrarbæ að samþætta þjónustu þannig að þegar þörf sé á aðstoð þá sé horft á málin í heild og með samvinnu í huga þannig að dragi úr tvíverknaði og þjónusta öll verði markvissari.

## **D) Áfallamiðstöð LSH og Neyðarmóttaka vegna nauðgunar.**

Viðmælendur töldu að alltaf yrði tilhneiging til þess á bráðadeildinni að aðeins úrtak skjólstæðinga yrði spurt ef farið væri í skimun, einfaldlega vegna eðlis starfseminnar og stöðugs þrýstings að afgangi mála gangi fljótt fyrir sig. Einnig kom fram að skráningakerfi sjúkrahúsa sé í skoðun með það í huga að auðveldara verði fyrir hjúkrunarfræðinga að setja þar inn upplýsingar og greiningu t.d. um ofbeldisreynslu skjólstæðings. Myndatökur eru að verða fastur liður í móttöku ofbeldismála á bráðadeildinni og fastir verkferlar ef manneskja greinir frá ofbeldi. Sé það ofbeldi í nánú sambandi þá er konum sagt frá Kvænnaathvarfinu og oft haft samband við lögregluna ef vilji konunnar er til þess. Með leyfi brotaþola er málinu vísað til áfallamiðstöðvar sem hefur samband við konuna næsta virka dag. Þetta gerist hins vegar aðeins ef kona segir frá ofbeldinu að eigin frumkvæði. Ástæða komu er þá oftast tilgreind sem umsókn um áverkavottorð. Hins vegar hafi verið reynt að haga málum þannig að reyndari hjúkrunarfræðingar setjist niður með viðkomandi konu og ræði við hana. Sögukerfið á að geta gefið ákveðna mynd af fjölda mála en það kallar þó á yfirlegu og einnig ber að hafa í huga að skráningu er yfirleitt ekki breytt eftir á. Um það bil 120 konur komi árlega á bráða- og göngudeild vegna ofbeldis í nánú sambandi og um helmingur þeirra þiggi aðstoð áfallamiðstöðvarinnar. Þjónustan þar er að veita andlegan stuðning, lagt er mat á áhættuþætti og tilvísun í viðeigandi úrræði. Einnig er þar ráðgefandi þjónusta fyrir aðila utan LSH.

Varðandi menntun töldu viðmælendur að fræðsla hefði aukist hin síðari ár en hins vegar væri starfsmannavelta svo mikil að þörf væri á sífelldri símenntun. Reyndar er farið af stað fræðsluverkefni sem allir hjúkrunarfræðingar sem hefja störf á spítalanum þurfa að fara í gegnum og þar er vikið að ofbeldi í nánú samböndum. Viðmælendur töldu áhuga lækna og hjúkrunarfræðinga á málaflokknum hafa aukist og töldu meðal annars að breytingar á kynjaskiptingu læknaþópsins ætti þar hlut að máli því nú sé meirihluti ungra lækna konur og þær geri þetta meira að sínum málaflokki. Viðmælendur töldu að lokum að það yrði málaflokknum til mikils framdráttar ef þær mörgu einingar innan og utan sjúkrahússins, samtök og stofnanir sem sinna afmörkuðum þáttum málaflokksins, mynduðu eina heild með einum eða öðrum hætti. Það kæmi í veg fyrir tvíverknað og gerði allt starf, eftirfylgd og þjónustu, þjálfun og rannsóknir skilvirkari.





## Viðtalsrammi

Rannsókn á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum.

Spurningar fyrir heilbrigðisþjónustuna

1. Geturðu lýst fyrir mér hvernig þið skráið mál þar sem kona hefur verið beitt ofbeldi í nánnum sambandi?
2. Eru spurningar um ofbeldisreynslu hluti af venjulegum spurningum ef kona leitar til ykkar?
3. Ef ekki, eru þá leiðbeiningar um hvað skuli gera ef grunur vaknar um að kona búi við ofbeldi þó það sé ekki ástæða komu?
4. Hvað gerið þið ef kona segir frá því að hún búi við ofbeldi eða hafi gert það?
5. Eru einhver sérstök úrræði eða þjónusta í boði fyrir þær konur?
6. Er einhver sérstök árvekni ef um er að ræða konur í þekktum áhættuhópum svo sem erlendar konur, fatlaðar eða konur í mikilli áfengis- og/eða vímuefnaneyslu?
7. Við hverja hafið þið sérstaklega samstarf vegna ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum og hvernig er því samstarfi háttað? (Með samstarfsaðilum er hér m.a. átt við aðrar deildir á sjúkrahúsi, önnur sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, sérfræðilækna, sálfræðinga, félagsþjónustu, barnavernd og lögreglu).
8. Eru þau úrræði sem eru til staðar fullnægjandi að þínu mati?
9. Ef ekki hverju þarf þá að breyta?
10. Er þörf á aukinni þekkingu starfsfólks á þessu sviði (t.d. endur- og símenntun)?
11. Sé svo hvaða þættir eru það þá aðallega sem leggja ber áherslu á?
12. Hvert er umfang mála sem varða ofbeldi gegn konum í nánnum sambandi síðastliðin tvö ár?
13. Er einhver vitneskja eða tilfinning fyrir því hvort slíkum málum hafi farið fjölgandi eða fækkandi?
14. Er eitthvað sérstakt sem þú hefur tekið eftir eða vilt benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði fyrir konur sem verða fyrir ofbeldi í nánnum samböndum?



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD



# Rannsókn á ofbeldi gegn konum

## Lögreglan

Ingólfur V. Gíslason

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd  
Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið

Desember 2010



# **Rannsókn á ofbeldi gegn konum**

## **Lögreglan**

Ingólfur V. Gíslason

---

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) og höfundar  
ISBN 978-9935-9026-0-3  
Útgáfuár: Desember, 2010  
Útgáfustaður: Reykjavík  
Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og félags- og  
tryggingamálaráðuneytið  
[www.rbf.is](http://www.rbf.is)

Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja



---

## EFNISYFIRLIT

<i>Aðdragandi</i> .....	4
<i>Meginniðurstöður og hugmyndir</i> .....	5
<i>1. Rannsóknin</i> .....	6
<i>2. Skráning mála</i> .....	7
<i>3. Verklag lögreglunnar</i> .....	10
<i>4. Sérhæfing</i> .....	14
<i>5. Samvinna</i> .....	18
<i>6. Úrræði</i> .....	19
<i>7. Kennsla í Lögregluskólanum</i> .....	21
<i>Lokaorð</i> .....	22
<i>Heimildir</i> .....	23

---

## Aðdragandi

Rannsókn sú sem hér er gerð grein fyrir er unnin sem hluti af aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um ofbeldi karla gegn konum. Aðgerðaáætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Hún var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006. Í þessari rannsókn er unnið að því að afla þekkingar á því hver séu afskipti og ákvarðanir lögreglu þegar tilkynningar um ofbeldi karla gegn konum berast lögreglunni.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd tók að sér framkvæmd verksins og fékk dr. Ingólf V. Gíslason, dósent við Háskóla Íslands, til að framkvæma rannsóknina. Fljótlega eftir að hafist var handa kom í ljós að Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir félagsfræðingar voru að vinna að úttekt á gögnum lögreglu sem sneru að ofbeldi í nánum samböndum. Ljóst var að þar yrði svarað mörgum þeim spurningum sem lagt hafði verið upp með í þessari rannsókn. Rannsóknin var því skorin niður, en hér er rétt að nefna nokkur atriði úr bók þeirra Guðbjargar og Rannveigar *Heimilisofbeldi*.

Í ritinu eru athuguð 993 mál sem tilkynnt voru til lögreglunnar á árunum 2006 og 2007 og flokkuðust undir ofbeldi eða ágreining milli skyldra og tengdra. Meðal þeirra atriða sem fram koma í þeirri rannsókn og tengjast beint efni þessarar skýrslu er að nokkur munur virðist vera á skráningu mála eftir lögregluembættum landsins þannig að færri mál eru skráð á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þá virðast ítrekanir ekki vera margar þessi tvö ár þannig að 87% þolenda koma aðeins einu sinni við sögu. Þegar hins vegar skýrslur eru lesnar kemur í ljós að í þriðjungi mála hafði gerandi áður beitt þolanda ofbeldi. Yfirgnæfandi meirihluti gerenda höfðu áður verið kærðir fyrir önnur brot en heimilisofbeldi, svo sem of hraðan akstur, þjófnað, ölvun og meðferð ávana- og fíkniefna. Í tæpum 40% tilvika var a.m.k. eitt barn á vettvangi þegar atvikið átti sér stað. Sú staðreynd er afar alvarleg í ljósi þekkingar á því hvaða afleiðingar það getur haft fyrir börn að alast upp á heimilum þar sem ofbeldi er beitt og undirstrikar mikilvægi þess að barnavernd og félagsmálafyrirvöld hafi aðkomu að þessum málum í ríkari mæli en verið hefur. Loks ber að nefna að lögregla handtók 20% gerenda en í 40% tilvika varð gerandi eftir á vettvangi þannig að í reynd var ekkert aðhafst gagnvart honum (Guðbjörg Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010).



---

## Meginniðurstöður og hugmyndir

- Skráning lögreglu er með þeim hætti að ofbeldisbrot karla og kvenna í nánnum samböndum er, ásamt ofbeldi sem á sér stað milli tengdra og skyldra aðila, sett í einn flokk sem kallast heimilisofbeldi<sup>1</sup>. Ofbeldi í nánnum samböndum verður því ekki tekið út úr skráningarkerfi lögreglu nema með nokkurri vinnu. Skráning hefur breyst frá því sérstakar verklagsreglur lögreglu voru settar árið 2005. Samræmi hefur aukist en eins og kerfið er nú verður ekki, án töluverðrar vinnu, lesið úr málaskrár hver sé fjöldi mála sem flokkast undir heimilisofbeldi og þar af leiðandi ekki hvort þeim fer fjölgandi eða fækkandi eða hvort hlutfall makaofbeldis hefur breyst. Í afbrotatölfræði sem Ríkislögreglustjóri gefur út árlega er hægt að sjá fjölda líkamsmeiðinga og manndrápa eins og þau brot eru færð undir hegningarlagagreinar, en þar eru engar upplýsingar um tengsl brotamanns og brotþola.
- Meginvandi lögreglunnar þegar kemur að alvarlegu ofbeldi í nánnum samböndum er að meintir þolendur þora ekki eða vilja ekki fara með málin fyrir dómstóla. Þeir sem ekki þora að kæra gætu þurft aðra aðstoð en þeir sem ekki vilja.
- Lögreglan virðist ekki telja þörf á frekari úrræðum innan málaflokksins hvað hana sjálfa varðar. Hins vegar sé þörf á að huga að aðgerðum fyrir þolendur, svo sem sálfræðiaðstoð, sem geti byggt konurnar upp og gert þeim fært að losna úr ofbeldissambandi og jafnvel treyst sér til að standa að kæru.
- Öll lögregluembættin hafa góðan aðgang að tülkum þegar þarf að taka skýrslu af fólki sem ekki talar íslensku.
- Mörg þeirra heimilisofbeldismála sem flokkast undir 217. gr. almennra hegningarlaga eiga takmarkað erindi til lögreglunnar. Þar er mikilvægt að kostur sé á öðrum úrræðum, svo sem nánara samstarfi lögreglu og félagsþjónustu. Ef til vill er ástæða til að lögregla hefði félagsráðgjafa eða sálfræðing starfandi hjá sér til að taka á sumum málum sem snúa að ofbeldi í nánnum samböndum.
- Íhugandi er hvort alltaf ætti að kæra ef brot fellur undir 218. gr. almennra hegningarlaga án tillits til viðhors meints þolanda og láta þannig dómstólum eftir að meta sekt eða sakleysi. Hvort svo sem sakfellingum fjölgar við það eður ei virðist líklegt að slík málsmeðferð gæti haft forvarnargildi og jafnvel aukið líkur á því að þolandi segði frá því sem raunverulega átti sér stað.

---

<sup>1</sup> Í þessari skýrslu er hugtakið heimilisofbeldi notað um ofbeldi sem á sér stað milli tengdra og skyldra aðila. Það hugtak er raunar nokkuð umdeilt en meginástæða þess að það er notað í þessari skýrslu er að það er það hugtak sem lögreglan notar í starfi sínu á þessu sviði. Hugtakið heimilisofbeldi eins og lögreglan notar það er víðara en hugtakið ofbeldi í nánnum samböndum.

- 
- Ljóst virðist að sérstaklega þurfi að huga að þjónustu fyrir konur af erlendu bergi brotnar. Með einum eða öðrum hætti þarf að tryggja að þær hafi þekkingu á grundvallarréttindum sínum, íslenskum viðhorfum til ofbeldis og þeim úrræðum sem í boði eru ef á þeim er brotið. Ef til vill er skynsamlegast að útbúið sé stutt myndband á nokkrum tungumálum sem konur, sem koma til landsins með leyfi sem tengjast makanum, horfa á áður en þær fá sín skilríki.
  - Finna þarf leiðir til að lögreglan geti átt samstarf við þá aðila sem veitt geta gerendum meðferð. Til að mynda væri hugsanlegt að lögreglan gæti vísað gerendum beint í fyrsta viðtal án þess að þeir þurfi að bíða eftir því. Einnig væri æskilegt að fulltrúar meðferðaúrræðis kynntu þá starfsemi hjá Lögregluskólanum.

## 1. Rannsóknin

Rannsóknin fór fram með þeim hætti að rætt var við lögreglustjóra eða aðra starfandi lögreglumenn við fimm lögregluembætti landsins, á Akureyri, höfuðborgarsvæðinu, Ísafirði, Suðurlandi og Suðurnesjum. Að auki var rætt við Guðbjörgu S. Bergsdóttur og Rannveigu Þórisdóttur félagsfræðinga hjá ríkislögreglustjóra og lögreglu höfuðborgarsvæðisins og loks við skólastjóra og kennara við Lögregluskólann. Alls voru viðmælendur tólf. Viðtölin voru frá 35 mínútum að 75 mínútum að lengd. Allir voru viðmælendur fúsir til þátttöku og er þeim hér með þakkað fyrir viðræðurnar og þær upplýsingar sem veittar voru.

Í viðtölunum var leitað svara við sex meginatriðum: Í fyrsta lagi hvernig skráningu mála væri háttað þegar í ljós kemur að kona hafi verið beitt ofbeldi af nákomnum aðila. Í öðru lagi hvernig háttað væri verklagi lögreglunnar varðandi ofbeldi í nánnum samböndum. Í þriðja lagi hvort einhver sérhæfing væri innan lögreglunnar, þ.e. hvort ákveðnir lögreglumenn tækju þessi brot sérstaklega að sér. Í fjórða lagi við hvaða stofnanir samvinna væri helst og hvort sú samvinna teldist fullnægjandi. Í fimmta lagi hvort lögreglan teldi sig hafa næg úrræði til að fást við ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum og ef ekki, hvað skorti þá helst. Í sjötta lagi hvernig kennslu í Lögregluskólanum væri háttað hvað þessi brot varðar.

---

## 2. Skráning mála

*Með verklagsreglum ríkislögreglustjóra frá 2005 breyttist skráning ofbeldisbrota þannig að auðveldara á að vera að nota skráningarkerfið til að gera sér grein fyrir fjölda brota. Líklega hafa verklagsreglurnar einnig aukið samræmi í skráningu milli lögregluembættanna. Hér er bæði um að ræða ofbeldisbrot og það sem kallað er ágreiningur. Sjaldnast er kært vegna svokallaðs heimilisofbeldis, heldur vegna annarra brota sem skráð eru í málið svo sem líkamsárása, kynferðisbrota eða húsbrot.*

Ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum er ekki skilgreint sérstaklega í íslenskum lögum heldur er lítið svo á að nokkrar greinar almennra hegningarlaga nái yfir þetta ofbeldi.

Það eru sérstaklega ofbeldisbrot eins og þau eru skilgreind í 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga sem við eiga þótt fleiri ákvæði laganna geti komið við sögu. Munur á þessum tveimur lagagreinum er sá að 217. gr. tekur til minniháttar líkamsárásar<sup>2</sup> en 218. gr. til meiriháttar líkamsárásar<sup>3</sup>. Fram kom í þeim viðtölum sem liggja þessari skýrslu til grundvallar að flest þeirra mála sem komið hefðu til kasta lögregluembættanna flokkuðust undir 217. gr. og jafnframt að viðbrögð væru önnur ef ofbeldið væri slíkt að það flokkaðist undir 218. gr. Kemur það raunar fram í lagatextanum þar sem sagt er að ekki eigi að höfða mál vegna brota á 217. gr. „nema almenningshagsmunir krefjist þess.“ Ljóst virðist einnig af bókinni *Heimilisofbeldi*, þar sem unnið er úr gögnum lögreglu á þessu sviði, að stærstur hluti þeirra brota sem lögreglan fær vitneskju um fellur undir 217. gr. Í meirihluta tilfella (65%) eru engir líkamlegir áverkar á þolendum og í fimmtungi tilfella minniháttar áverkar (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir 2010:10. Sjá einnig: 53-58 í sama riti).

Árið 2005 sendi ríkislögreglustjóri frá sér verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Á heimasíðu ríkislögreglustjóra segir að með verklagsreglunum sé ætlunin að „taka af tvímæli um vafaatriði við rannsókn þessara brota og að skýra betur hlutverk lögreglunnar við meðferð þeirra. Með breytingum sem verklagsreglurnar kveða á um ætti að nást betri yfirsýn yfir þessa tegund ofbeldisbrota en með nýju málaskrárkerfi lögreglu hefur skapast

---

<sup>2</sup> **217. gr.** Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum en fangelsi allt að 1 ári, ef háttsemin er sérstaklega vítaværð. Málssókn er opinber út af broti samkvæmt 1. mgr., og skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

<sup>3</sup> **218. gr.** Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árársarinnar verða taldar honum til sakar vegna ásetnings eða gáleysis, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru. Nú hlýst stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þ. á m. tækja, sem notuð eru, svo og þegar sá, er sætir líkamsárás, hlýtur bana af atlögu, og varðar brot þá fangelsi allt að 16 árum.

---

aukinn möguleiki á nákvæmari skráningu“ (Ríkislögreglustjóri 2010). Tilgangur með verklagsreglunum var þannig meðal annars að gögn lögreglu yrðu nákvæmari hvað þennan brotaflokk varðar. Eðlilega er það forsenda þess að það markmið náist að skráning sé sem samræmdust milli embætta og milli einstakra lögreglumanna.

Samkvæmt þessum verklagsreglum er það forsenda þess að mál sé skráð sem heimilisofbeldi að gerandi og þolandi séu skyldir eða tengdir. Hins vegar þarf brotið ekki að eiga sér stað innan veggja heimilis viðkomandi, það getur eins átt sér stað á öðrum vettvangi þar sem þolandi og gerandi hittast eða dvelja. Í fjórðu grein þessara verklagsreglna segir:

„Mál samkvæmt reglum þessum skal skrá í málaskrá undir verkefnaflokkinn heimilisofbeldi og vísa til brots eða brota, sbr. 2. gr. Sömu aðferð skal beita við skráningu máls í málaskrá þótt ekki sé talin þörf á frekari afskiptum lögreglu á vettvangi. Nú er lögreglan kölluð á heimili eða á annan stað þar sem ágreiningur er á milli skyldra og tengdra, en ekki er grunur um brot, sbr. 2. gr., og skal þá færa málið í málaskrá undir verkefnaflokkinn ágreiningur. Ávallt skal skrá tengsl aðila í máli...“ (Ríkislögreglustjóri 2005).

Með þessu opnast mun betri möguleikar en áður að nýta málaskrá lögreglunnar til þess að fylgjast með þróun þessara afbrota og þá jafnframt til ýmissa athugana á einkennum gerenda og þolenda, hvar og hvenær brotin eiga sér stað, hversu oft þau séu endurtekin og annað slíkt. Hins vegar er til þess að taka að heimilisofbeldi eins og það er skilgreint í verklagsreglunum nær yfir fleiri tilvik en ofbeldi milli maka eða fyrrverandi maka. Ofbeldi barna gegn foreldrum og ofbeldi milli systkina eru dæmi um tilvik sem einnig falla undir skilgreininguna. Í áður nefndu riti Guðbjargar S. Bergsdóttur og Rannveigar Þórisdóttur kemur fram að í 28% tilvika, þar sem mál hafði verið skráð sem heimilisofbeldi hjá lögreglunni 2006 og 2007, var um önnur fjölskyldutengsl að ræða en milli maka og fyrrverandi maka (bls. 40). Það er því ekki unnt að nota tölur lögreglu um heimilisofbeldi beint sem tölur um þau tilfelli þar sem karl beitir konu ofbeldi í nánu sambandi. Við bætist raunar að í 24% tilvika (allra heimilisofbeldismála) eru konur gerendur (bls. 8).

Brotavettvangur, aldur, búseta, tengsl aðila, hvort einhver sé undir áhrifum vímuegja er hins vegar yfirleitt skráð og því má með nokkurri fyrirhöfn fá þokkalega mynd af nokkrum félagslegum þáttum heimilisofbeldismála með því að nýta gögn lögreglu.

Verklagsreglur ríkislögreglustjóra hafa ekki haft áhrif á þær tölur sem birtar eru í opinberum skýrslum lögreglunnar. Þar eru ekki upplýsingar um þennan málaflokk og því ekki unnt að fylgjast með þróun brotaflokksins með þeim hætti. Aftur á móti eru þær tölur í gagnasafni lögreglu aðgengilegar rannsakendum sem eftir þeim óska.

Í viðtölum var vikið að því hvort unnt væri að nota afbrotatölfræðina til að meta hvort brotum af þessu tagi færi fjölgandi eða fækkandi og hvaða skýringar væru hugsanlegar á breytingum ef einhverjar væru. Að líkindum er unnt að meta þróunina á grundvelli þessara talna en þó með þeim fyrirvara að samfélagsleg umræða virðist skipta hér máli eins og t.d. á við um kynferðisbrot. Mikil umræða virðist fjölga tilkynningum. Hvað viðmælendur varðar þá treystu þeir sér yfirleitt ekki til að meta þá þróun en voru þó helst á því að litlar breytingar hefðu orðið. Tveir nefndu raunar að

---

þeir teldu að umburðarlyndi fólks gagnvart ofbeldi hefði minnkað hvað almennt ofbeldi varðar, þ.e. að mál sem áður hefðu ekki þótt þess virði að blanda lögreglu í væru nú kærð. Hvort það sama á við um heimilisofbeldi er ekki sjálfgefið. Mála fjöldi þar er svipaður frá ári til árs þannig að ef tekið er tillit til fólksfjölgunar hefur þeim heldur fækkað.

Heimilisofbeldismál koma aðallega til lögreglu með útköllun. Það hefur komið á óvart hversu sjaldan einhver utanaðkomandi kemur máli á framfæri við lögreglu. Verulega mikið er um að annar hvor aðilinn hringi í lögreglu og þá mun oftast þolandi. Um leið og lögregla hefur verið látin vita af afbroti þá tilheyrir það réttarkerfinu í raun og veru. Þá hefur lögreglan heimild til að fara áfram með málið, rannsaka það og gefa út ákæru. Í raun ræður þolandi engu um það lengur. Lögreglu ber hins vegar ekki skylda til að gera þetta og verður sjálf að meta hvort mál sé þannig vaxið að líklegt sé að það leiði til sakfellingar. Ef meintur þolandi vill ekki halda áfram, vill ekki fá áverkavottorð, vill ekki kæra og vill ekki bera vitni þá eru litlar líkur á sakfellingu og lögreglan fellir málið yfirleitt niður. Ef einstaklingur tilkynnir að hún vilji draga kæru til baka þá verður lögregla yfirleitt við því þar sem hún metur stöðuna svo að sakfelling sé ólíkleg.

Eðlilega ber öllum embættum að fara eftir verklagsreglum ríkislögreglustjóra. En þótt farið sé eftir reglunum sem slíkum þá getur framkvæmdin verið misjöfn og farið eftir mismunandi aðstæðum lögregluembættanna. Í riti Guðbjargar S. Bergsdóttur og Rannveigar Þórisdóttur, *Heimilisofbeldi*, er ítarleg úttekt á þessum málaflokki eins og hann birtist í gögnum lögreglu. Eitt af því sem þar kemur fram er að nokkur munur virðist vera á fjölda skráninga slíkra mála eftir lögregluembættum. Niðurstöður þeirra Guðbjargar og Rannveigar gætu verið vísbending um mismunandi framkvæmd og því var ákveðið að forvitnast um það atriði í viðtölunum hjá embættunum.

Það skiptist nokkuð í tvö horn hjá viðmælendum, hvort þeir teldu að framkvæmdin væri með sama hætti hjá öllum embættum. Einn viðmælenda lýsti þessu ágætlega: „... þegar margar reglur eru og mörg fyrirmæli og um vilt svið eins og heyrir undir lögregluna ... að þá, og eins og með öll manna verk að þá ... þau eru ekki nákvæmlega eins alls staðar og á öllum tímum. Þannig að vissulega ... og það kemur ekki óvart þær samantektir Rannveigar og þeirra að þá hafi skráningin ekki alltaf verið með nákvæmlega sama hætti og verklagsreglurnar voru en menn eru náttúrulega alltaf að leitast við að reyna að bæta og fylla í það sem á að gera. En ég held nú samt að sko að sem sagt framkvæmdin, sem sagt skráningin er annað og svo framkvæmdin, hún sko, hún sé yfirleitt með mjög svipuðum hætti og fyrirmæli og reglur segja til um.“

Á hinn bóginn fór ekki á milli mála að verklagsreglurnar sem slíkar voru teknar alvarlega og að þær höfðu verið kynntar lögreglumönnum:

„... þessar verklagsreglur eru kynntar fyrir öllum lögreglumönnum, það er passað vel upp á það að þær séu í heiðri hafðar, ég man eftir einu máli þar sem það, þar sem það virtist sem það hefði ekki verið farið eftir verklagsreglunum og það var uppi fótur og fit ..., viðkomandi kallaðir fyrir og spurt hvers vegna, hvað hefði orðið til þess að þeir hefðu ekki farið eftir reglunum og svo framvegis, þannig að í rauninni, þær eru

---

ekki aðlagðar, heldur eru þetta bara finar reglur sem að smella inn í okkar starfsemi, og þetta eru mjög góðar reglur, ég hef ekki fengið neina gagnrýni á þær.“

Grundvallarspurningin virtist vera hvort stærð svæðisins og embættisins skipti hér máli. Sumir viðmælenda töldu að framkvæmdin væri með nákvæmlega sama hætti alls staðar en aðrir töldu líklegt að minni embættin tækju öðruvísi á málunum en hin stærri. Þeir sem voru þessarar skoðunar töldu sumir að minni embættin hefðu einfaldlega ekki úrræði sem dygðu til að fullnægja kröfum verklagsreglnanna og það væri megin skýringin á því að hlutfallslega færri heimilisofbeldismál væru skráð hjá minni embættunum en hinum stærri.

Tveir viðmælenda nefndu sérstaklega að vitað væri að það hefði verið verulegur metnaður í þá átt að gera vel eftir að umburðarbréf með verklagsreglunum barst til lögregluembættanna og sömu viðmælendur töldu að verklagsreglurnar hefðu að minnsta kosti skilað þeim árangri að landsbyggð og höfuðborgarsvæði hafi færst nær hvort öðru hvað skráningu varðar. Áður hafi verið minni líkur á því á landsbyggðinni að mál væru skráð.

### 3. Verklag lögreglunnar

*Formlega séð er sama verklag við skráningu mála hjá öllum embættum en líklegt er að svo sé ekki að fullu. Öll embættin hafa greiddan aðgang að tulkapjónustu. Málin eru rannsökuð á sama hátt og önnur brot. Mestu skiptir fyrir ákæru að meintur þolandi vilji bera vitni en á því er verulegur misbrestur. Vitni eru sjaldnast til staðar en ef áverkar eru á konunni getur það dugað til að ákæra sé gefin út þó svo að meintur brotþoli neiti samvinnu.*

Í 6. gr. verklagsreglna ríkislögreglustjóra er fjallað um söfnun upplýsinga á vettvangi. Þar segir: „Leggja ber áherslu á eftirtalin atriði:

- a) Að kanna vettvang eins fljótt og mögulegt er og lýsa aðstæðum skilmerkilega, og taka myndir og nærmyndir þegar við á.
- b) Skrá frásögn þolanda strax og fá hana undirritaða ef þess er nokkur kostur, upplýsa hann um réttindi sín samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og þar á meðal ákvæða 50. gr. um undanþágu frá vitnaskyldu.
- c) Nauðsynlegt er að lýsa andlegu ástandi þolanda og sýnilegum áverkum eins nákvæmlega og unnt er.
- d) Að leita vitna og skrá upplýsingar um þau og aðra sem hlut eiga að máli.
- e) Athuga fyrri útköll eða afskipti lögreglu af heimilinu og heimilisfólki, hafi upplýsinga ekki verið aflað áður en á komið var á vettvang“ (Ríkislögreglustjóri 2005).

Í grundvallaratriðum er ekki munur á verklagi lögreglunnar varðandi heimilisofbeldi og önnur ofbeldismál. Eðli málsins samkvæmt getur þó verið erfiðara að taka á slíkum málum en götuofbeldi. Þó svo fylgt sé títtnefndum verklagsreglum frá ríkislögreglustjóra getur það verið

---

snúið þar sem alls ekki er alltaf ljóst hver sé gerandi eða þolandi, þ.e. um getur verið að ræða ágreining eða slagsmál. Þess vegna eru aðilar málsins ekki alltaf skráðir sem gerandi og þolandi. En brotavettvangur, aldur, búseta og tengsl milli aðila eru skráð. Athuga ber líka að um er að ræða ofbeldi milli tengdra og skyldra samkvæmt verklagsreglunum og því ekki sjálfgefið að um maka sé að ræða. Ofbeldið getur verið milli systkina eða milli foreldris (eða foreldra) og barns (barna). Mikilvægt er einnig að þeir lögreglumenn sem fara á vettvang fá að vita (að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu) hvort lögreglan hafi áður verið kölluð á þetta heimili þannig að þeir geti frekar en ella gert sér grein fyrir því hvort hér geti verið um að ræða kúgunarferli.

Að öðru leyti fer fram vettvangsrannsókn, lögreglan ræðir við aðila málsins, vitni, ef einhver eru, eru yfirheyrð, teknar eru myndir og skráð atriði sem líkleg eru til að skipta máli ef kært verður. Algengast er að lögregla komi á vettvang vegna útkalls. Það er sjaldan sem einhver utanaðkomandi kemur málinu á framfæri við lögregluna. Algengast er að annarhvor aðillinn hringi í lögregluna.

### **Hvað þarf til sakfellingar?**

Viðmælendur voru sammála um það að ef ætlaður þolandi vildi ekki samvinna við lögregluna væri afskaplega erfitt að fá sakfellingu. Framburður þolanda skipti mestu máli, vitni væru mikilvæg en þau væru afar sjaldan til staðar og loks gætu áverkar verið mikilvægir sem sönnunargögn.

Allir höfðu viðmælendur svipaða reynslu og lesa má um í erlendum athugunum, þ.e. að þolendur hafa takmarkaðan áhuga á samvinna við lögreglu. Ástæður geta verið margar og misjafnar, allt frá því að viðkomandi telji málið ekki vera með þeim hætti að það eigi erindi til lögreglu, hvað þá til dómstóla, og til þess að það sé einfaldlega ótti sem hindri viðkomandi frá því að fylgja málinu eftir.

„... þó svo að þar hafi klárlega verið framin líkamsárás eins og hún er innrömmuð í lögunum ... en hún nær ekki 218. gr., sem sagt meiriháttar líkamsárás ... að sem sagt hún heyrir undir 217. gr. að þá er yfirleitt ekki lögð fram ákæra og það er ekki farið með mál fyrir dóm nema að sá krefjist þess sem misgert er við. Og það er þá í þessu tilviki konan og það verður bara að segjast eins og er að það er í mjög fáum tilvikum þar sem konan treystir sér til þess að halda slíkri kæru til streitu og þar með stoppar málið hjá lögreglu og fer ekki lengra í ákæruferveginn. Og það er ansi erfitt að horfa upp á svoleiðis mál stoppa þar ... og svo er sko maður út í bæ sem slær annan mann á kjaftinn og hann ... þetta eru menn sem þekkjast ekki kannski og annar ... eða brotapolinn, hann fylgir kærinni eftir og vill að viðkomandi sé refsað og hann fær refsingu fyrir sko, en svo er nákvæmlega sami verknaður sem gerist inn á heimili og jafnvel enn meira brútal ... að hann ... sá verknaður ... hann stoppar.“

---

Annar sagði:

„Ég tel hins vegar, og hef reyndar oft sagt, að ofbeldisbrot, sem að öðru jöfnu falla undir 218. gr. almennra hegningarlaga ber lögreglu að rannsaka án kærú. Vandamálið er hins vegar það að þegar brotapolí, sem oft er einn, eða lykílvitni, vill ekki taka þátt í ferlinu, þá erum við verkfæralaus ef svo má að orði komast. Við höfum ekki tæki, við höfum ekki möguleikann á að fylgja málinu eftir og því miður gerist þetta. Og ég ... skil í dag betur af hverju fólk, sem að oftast eru nú konur, bakka út ... en ég skil það samt ekki!“

Þriðja dæmið:

„... langstærstur hluti mála þar sem konur eru þolandur, þá fer málið ekki í ákæru, ég hef tekið nokkrar af þessum konum til mín hérna, komið hérna bláar og ég hef verið reyna að hvetja þær áfram í að fara með þetta í feril, og þær eru harðar í tvo daga og síðan afturkalla þær allt saman, og þau eru bara mjög erfið þessi mál í sönnun ef þolandinn er bara ekkert að vinna með okkur, og ég hef svona viljað gjarnan fara lengra með sum þessara mála en ef við skoðum dómaframkvæmdina þá bara, þá er hún ekki sérstaklega „beysin“ hvað þetta varðar.“

Þekkt eru þó dæmi þess að haldið hafi verið áfram með mál þó svo að þolandi hafi ekki verið samvinnuþýður. Reynslan af því var mismunandi:

„... ég fylgdi þessu máli alla leið. Til þess eins að sitja frammi fyrir því í réttinum að meira að segja ... sem hafði haft stór orð um það að þetta yrði ekki liðið, bar við minnisleysi, kannaðist ekki við neitt. Og konan dró allt til baka og ég held að það hafi nú allir séð það í réttinum að þetta var ekki mjög sannfærandi, en niðurstaðan var sú að viðkomandi var sýknaður!“

Í öðrum tilfellum hefur betur gengið:

„... fórnarlömb heimilisofbeldis [eru oft] ekkert sérstaklega ginkeypt fyrir því að upplýsa lögreglu um það sem gerðist inni á heimilinu eða kalla eftir aðstoð, hvort heldur sem er hjá lögreglu eða annarra aðila og þess vegna svona vildum við stíga framsæknara skref og ... við eigum orðið nokkur dæmi um mál þar sem að við höfum farið inn í aðstæður þar sem að þolandi og að sjálfsögðu ekki gerandi vildu gera nokkurn skapaðan hlut sem að hefur leitt til þess að við höfum náð að brjóta upp mjög alvarleg ofbeldissambönd og eitt skýrasta dæmið er ... maður sem er dæmdur í átta ára fangelsi í Hæstarétti núna fyrir langvarandi heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi



---

gagnvart sambýliskonu sinni ... það kemur upp með þeim hætti að lögreglan er kölluð til þar sem að maður á í átökum við föður sinn og er þá búinn að leggja hendur á þessa sambýliskonu sína og hún er þá flutt á sjúkrahús með mjög alvarlega áverka en hún neitar allri samvinnu við lögreglu. Hún segir bara að þetta gerist með öðrum hætti, þetta eru ekki afleiðingar af þessu ofbeldi og svo framvegis og svo framvegis. Við erum ekki alveg tilbúnir að kaupa það og fáum álit lækna sem hafa meðhöndlað hana sem að segja „þessi áverki hér og þar og annarsstaðar er augljóslega út af heimilisofbeldi“ eða ofbeldi sem sagt og að hún fær ekki þennan áverka nema að vera lamin með áhaldi ... málinu er haldið áfram þrátt fyrir að hún sé ekki tilbúin að vinna með okkur í þessu og það er gefin út ákæra í málinu fyrir þetta brot og byggt á mati lækna og skýrslum lögreglumanna það sem að þeir sjá og þegar að þeir komu á vettvang. Konan mætir þarna með sambýlismanni sínum þegar að ákæran er þingfest og hann neitar og lögmaður mannsins segir „ég vil fá að vera lögmaður, réttargæslumaður, konunnar líka þar sem að þetta er bara vitleysa og sjónarspil“ og eitthvað slíkt. Og konan er, þegar að þingfesting er búin og þegar hún sér það að lögreglan ætlar að halda málinu áfram, ætlar að gefa út ákæru og ætlar að keyra málið áfram, þá hefur hún samband við lögfræðinginn og óskar eftir því að fá aðstoð okkar og Kvennaathvarfsins til þess að losna úr þessu sambandi og þá fer hún beint inn í Kvennaathvarfið og þá opnast þetta stóra mál þar sem að í ljós kemur að hann hefur ekki bara beitt hana ofbeldi heldur líka kynferðisofbeldi í langan tíma og tekið myndir af henni með öðrum mönnum og svo framvegis.“

Staðan virðist vera þannig að falli mál undir 217. gr. almennra hegningarlaga þá sé vonlítið að sakfelld verði ef brotapolí tekur ekki þátt í ferlinu. Líkurnar eru meiri ef málið heyrir undir 218. gr. en eftir sem áður er það torsótt ef þolandi neitar samvinnu.

Einn lögreglustjóranna hafði raunar velt fyrir sér hvort æskilegt væri að færa ákvarðanir úr höndum lögreglunnar:

„... ein leiðin til að komast út úr þessu er að búa til þá reglu að við ákærum alltaf í þessum málum, setja þetta í hendurnar á dómstólum. Láta brotapolá, fint bara, hann vinnur ekki með okkur en við förum samt með málið, það er það sem ég vil gera í þessum kynferðisbrotamálum, ég vil ekki að málið sé fellt niður hjá rannsóknarlögreglu af því það er ekki líklegt til sakfellingar, þetta á allt saman í heild sinni að fara til dómstóla.“

Loks ber að nefna að allir viðmælendur vissu um það kúgunarferli sem heimilisofbeldi getur verið og hvernig það getur verið ástæða þess að þolendur dragi framburð sinn til baka á seinni stigum. Þannig rakti einn lögreglustjóranna málin:

---

„[Ég] held að þetta sé einfaldlega það að þeir eru með tak á þeim, og ég þekki þessi mál svo vel frá [staðarheiti], af því þar hjálpaði ég svo oft konum, notaði öll mín sambönd og fékk félagsmálabatterið og kom þeim undan með krakkana, og þær voru komnar aftur eftir viku, fluttar inn til kallana, og horfðust ekki í augu við mig ef þær hittu mig, þetta er held ég vandamálið, tókin eru svo sterk að það virðist þurfa að ganga svo mikið á. Þessar konur eru að koma aftur og aftur í athvarf en þær fara alltaf heim aftur, einhvern veginn þarf að, ég held að það sé búið að brjóta þær svo mikið, í mörgum tilfellum, ... ég er oft að eiga við þessar konur, og þær koma sko, mjög illa farnar, svo er eins og iðrunin hjá þeim, þeir koma og ná að tala sig inn á þær aftur, þetta var bara í þetta eina skipti og þetta hefur bara gerst tvisvar og eiginlega eina skiptið sem þær virkilega brjóta sig lausar er þegar ofbeldið er farið að koma mikið niður á krökkunum.“

Margir nefndu líka að nokkur breyting hefði orðið á málaflokknum með fjölgun fólks af erlendu bergi brotnu á Íslandi. Hér væru nú búsettir hópar frá löndum þar sem ofbeldi væri ríkari þáttur í almennri hegðun en raunin væri hérlandis. Það birtist bæði með þeim hætti að eðlilegra teldist að leggja hendur á eiginkonuna (og börnin) og eins sem slagsmál. Einnig var nefnt að erlendar konur sem gifst hefðu íslenskum mönnum væru í sérlega slæmri aðstöðu. Þar kæmi m.a. til félagsleg einangrun, málleysi og ótti við það að vera send aftur til heimalandsins ef slitnaði upp úr hjónabandinu. Hvað málleysið varðar er þó rétt að taka fram að allir viðmælendur töldu sig hafa fullnægjandi aðgang að túlkum og sjálfgefið væri að túlkur væri kallaður til ef manneskja ætti erfitt með að tjá sig með öðrum hætti.

Loks ber að nefna að nokkrir viðmælenda töldu það hafa forvarnargildi að kalla meintan geranda til lögreglunnar til yfirheyrslu og skýrslugerðar. Alvarleiki málsins yrði þá meintum geranda ljósari og líklegri að hann gerði eitthvað í sínum málum.

## 4. Sérhæfing

*Sérhæfing á þessu sviði er til staðar hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins og í vissum mæli einnig hjá öðrum embættum. Á höfuðborgarsvæðinu er sérstök deild sem sér um málaflokkinn, annars staðar er fremur reynt að sjá til þess að sömu menn sinni sem oftast slíkum málum. Lögreglumenn hafa verið sendir í sérstaka þjálfun m.a. til útlanda til að vera betur í stakk búnir til að takast á við þennan brotaflokk.*

Umræður um sérhæfingu lögreglunnar þróuðust í það að tekið var til athugunar hvernig unnið væri almennt að málum af þessu tagi. Ljóst er að embættið á höfuðborgarsvæðinu hefur lagt metnað í þennan þátt starfsemi sinnar og starfar að sumu leyti á fyrirbyggjandi hátt. Með þessu er ekki sagt að önnur embætti hafi lítinn metnað á þessu sviði, en augljóst er að möguleikar til

---

sérhæfingar eru mestir á höfuðborgarsvæðinu og þeir möguleikar hafa meðal annars verið nýttir til sérhæfingar á þessu sviði.

Embættið á höfuðborgarsvæðinu skiptist í þrjú svið, löggæslusvið, ákæru- og rannsóknarsvið og stjórnýslu- og þjónustusvið. Rannsóknardeildin sem annast rannsóknir heimilisofbeldismála (þ.e. þeirra mála sem teljast viðameiri og flóknari) tilheyrir rannsóknar- og ákærusviði og er ein af þremur miðlægum rannsóknardeildum embættisins. Hinar deildirnar sjá um rannsóknir á fjármunabrotum og fíkinefnabrotum.

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins lýsti málflokknum þannig:

„... Þegar að kemur að ofbeldi og stórum uppákomum á ... því sviði að þá er mjög auðvelt að sjá samhengið á milli mjög alvarlegra líkamsárása og manndrápa og síðan sögu um heimilisofbeldi í einhverri mynd og þá erum við að tala um hvort heldur sem er ef að fórnarlömbin séu þeir sem að hafa orðið fyrir ofbeldi í langan tíma eða þeir sem að hafa beitt ofbeldinu í langan tíma þegar að þolandinn loks snýr gegn þeim og ákveður að losa sig undan þessu ofbeldi með svona mjög afdrifaríkum hætti. Og það má kannski segja að ansi stór hluti af okkar, okkar ofbeldisbrotaflöru og manndrápum, er af þessum toga, sem sagt gerist í nánum samböndum og á sér mjög langan aðdraganda og þess vegna töldum við það mjög mikilvægt að taka þetta miklu lengra heldur en verklagsreglurnar og þau fyrirmæli kveða á um og setja þetta í þann farveg að hafa við hliðina á kynferðisbrotaeildinni deild sem að rannsakar sérstaklega heimilisofbeldi og í því skyni að reyna að brjóta upp ferlið sem við fáum innsýn í stöku sinnum og við eigum þá að geta með leiðbeiningum til lögreglumanna og annarra sérfræðinga sem að hjá okkur starfa, lögfræðinga eða annarra áttað okkur á því að það er einhver þróun í gangi á þessu tiltekna heimili þar sem að lögreglan þarf að fara inn í og brjóta upp það ástand. Það auðvitað kallar á það að við þurfum að taka frumkvæðið, við þurfum að taka málið úr höndum fórnarlambins og reka það áfram burtséð frá því hvort að fórnarlambið vilji halda málinu áfram eða ekki.“

Við þessa deild, sem annast rannsóknir kynferðisbrota og heimilisofbeldi, vinna m.a. fjórir starfsmenn sem hafa sérhæft sig í yfirheyrslum þolenda ofbeldisbrota, bæði barna og fullorðinna. Þeir hafa meðal annars fengið sérstaka þjálfun hjá lögregluskólanum í Manchester í Englandi sem að sögn er mjög framarlega í heiminum á þessu sviði. Fleiri starfa í deildinni sem hafa mikla reynslu og hafa jafnframt notið leiðsagnar reyndra og þjálfara lögreglumanna. Þegar nýtt fólk kemur í deildina byrjar það á því að starfa við hlið hinna reynslumeiri, og eftir því sem þeir nýju starfa lengur og reynsla þeirra eykst, eru þeir sendir á námskeið til að sérhæfa sig. Þetta er gert með skipulegum hætti, m.a. þannig að í rannsóknardeildinni er starfandi sérstakt fagráð sem er m.a. ætlað að tryggja og bæta fagmennsku við rannsóknir sakamála.

---

Hér er sem sagt lýst starfsemi þar sem sérstök deild við embættið fæst við málaflokkinn og þar sem unnið er á þann hátt að þegar ljóst er að stefnir í meiriháttar hörmungar þá grípi lögreglan inn í ferlið með virkum hætti. Þessi nálgun hefur m.a. skilað því að lögreglan hefur farið áfram með mál, þó þolandi hafi lengst af neitað samvinnu, og unnið slík mál fyrir dómi. „... við höfum gengið dálítið langt í þessu og svona kannski erum mjög nálægt þessari grensu sem að er eðlilegt að lögreglan sé.“

Lögreglulið annars staðar á landinu geta leitað til deildarinnar og gerir það í verulegum mæli, bæði formlega og óformlega. Einhver dæmi eru um að deildin hafi tekið yfir stærra og flóknari mál og afar oft haft einhverja aðkomu, svo sem með leiðbeiningum í síma, tölvupósti, með yfirheyrslum og öðru álíka.

Í ljós kom að fleiri embætti starfa með fyrirbyggjandi hætti á þessu sviði. Lögreglustjóri Suðurnesja vék að starfsháttum hjá sínu embætti:

„Ég er núna að vinna með Grindavíkurbæ í svona pilot verkefni, þar sem við erum búin að taka ungt fólk fyrir..., sem er að byrja í áfengisneyslu og neyslu, af því við ætlum að reyna að fækka ofbeldisbrotum og við sjáum að nánast öll ofbeldisbrot eru framin undir áhrifum einhverja vímuefna, þannig að við ákváðum að byrja þar og ég er með konu sem ... er sálfræðingur og lögreglukona, sem vinnur með skólayfirvöldum og bæjaryfirvöldum, þessi lögreglukona fer á staðinn, hún er með verkefni þar sem við erum að banka upp á hjá foreldrum þó við séum með óstaðfestar sögur, bara að sagan gangi, kenna foreldrum að nota fíkniefnapróf á krakkana og vera bara miklu sýnilegri og virkari í þessu samfélagi. Við ætlum að taka forvarnarpakkann föstum tókum ... ég er bara sannfærð um það að þetta muni skila sér ... við höfum kallað til fundar með öllum skólastjórum á svæðinu og beðið að við séum innvinkluð í öll mál, við komumst að því að það voru ýmis mál sem voru í gangi í skólanum sem skólarnir leystu bara á sínum vettvangi, og við teljum að þetta séu ekki þeirra einkamál. Meðal annars vegna kynferðisbrota.“

Sérhæfing af þeirri gerð sem á sér stað hjá lögregluembætti höfuðborgarsvæðisins krefst auðvitað mannafla og fjármagns sem ekki er fyrir hendi hjá minni embættunum. Á öðrum stöðum var þó nefnt að reynt væri að senda sama fólk í útkall af þessari gerð og þá oft fólk sem hefur sótt námskeið um kynferðisbrot. Ákveðin sérhæfing er því víðast hvar til staðar.

Í lýsingum frá lögreglunni á landsbyggðinni kom einnig fram sú skoðun að alls ekki sé sjálfgefið að fámennið og fáir lögreglumenn hafi í för með sér að minna upplýsist eða færri mál séu leyst. Fámennið geti haft það í för með sér að samband íbúanna við lögregluna verði jafnvel nánara en á höfuðborgarsvæðinu, ef traust sé fyrir hendi, og íbúar segi lögreglu frá ýmsu með óformlegum hætti.

Einn viðmælenda sagði: „... ég held einmitt ... að fámenni sé einmitt frekar til bóta hvað þetta varðar. Það er styttra í lögregluna í fámenni. Það er auðveldara aðgengi, það er jafnvel svona ...

---

fólk þekkir jafnvel ákveðna lögreglumenn, jafnvel persónulega. Og oftast er ekki þá er fólk jafnvel tilbúnara til þess að hvísla einhverju að viðkomandi lögreglumanni. Að það hafi grun um að það sé eitthvað að gerast þarna og þarna. Án þess að það vilji láta hafa sig fyrir því og svo framvegis.“ Annar nefndi að í fámenni væri oft unnt að leysa mál með einu símtali sem á höfuðborgarsvæðinu kallaði á fund og skýrsluskrif.

Önnur skýring á mismunandi fjölda skráðra heimilisofbeldismála var einnig nefnd. Hún var sú að einstaklingum (eða fjölskyldum) sem tengdust ofbeldismálum væri einfaldlega ekki vært á smærri stöðum þar sem allir vissu allt um alla og leituðu því í nafnleysi höfuðborgarsvæðisins. Einn viðmælenda vék að þessu í tengslum við mishár tölur milli lögregluembætta:

„... síðan er í rauninni, tölfræðilega, þá komum við mjög oft á eftir höfuðborginni, þetta er þannig svæði, nálægt borginni, við erum að fá dálítið mikið af fólki, hvað á að ég að segja, vandræðafólki, annars staðar frá sem hefur hvergi í lengst, við sjáum til dæmis þó nokkuð mörg kynferðisbrotamál gegn börnum þar sem fólk hefur verið á flakki og er síðan hér. Þú veist alveg hvernig þetta virkar, ef það er mikið ofbeldi á heimilum þar sem er kynferðisofbeldi, þá sko um leið og barnavernd er komin í málið að þá fer fólk á ferðina, og ég held að það sé kannski skýringin. Ég var nú líka sýslumaður á [staðarheiti] og þú felur ekkert svona í pínulitlum samfélögum, þannig að þetta var dálítið þannig að ef þú varst í fíkniefnum, fólk sem var í fíkniefnum, sérstaklega þessir ungu krakkar, aðalbrotatíðni upp að 26 ára, þá settlast flestir niður, eignast góða konu og hætta þessu veseni, það eru Íslendingarnir, útlendingarnir eru með allt öðruvísi aldurssetningu, en hérna varðandi þetta þá var það þannig, mín reynsla að það var alveg liðið að unga fólkið væri í einhverjum efnum, eitthvað að prófa sig áfram, svo fremi það væri annað hvort í skóla eða vinnu. Um leið og það var ljóst að það var hvorki í skóla eða vinnu og varð að framfleyta sér með afbrotum, var þeim samfélagslega ýtt út, það var ekkert lögreglan sem gerði það, það bara gerist í smærri samfélögum, og ég held að það sé nákvæmlega sama ... geti verið ástæðan fyrir því í þessum ofbeldismálum, þau séu færri út á landsbyggðinni, það sé meðal annars útaf því að þú býrð í litlu samfélagi, og ef börn eru að koma marín og blá að þá er það ekki eitthvað sem dylst í samfélaginu ... fólk er þá dálítið knúið til að flytja, hérna áður fyrr var kannski breitt yfir þetta, en það er ekki gert lengur.“

Annar viðmælandi vék að hinu sama: „Og ég hugsa að í fámenni að þá sé það erfiðara að vera ofbeldisfullur heimilisfaðir heldur en í fjölmenni. Þú felur það síður.“ Hann hallaðist að því að líklega væri þetta a.m.k. hluti skýringarinnar á muninum sem sést á tölunum milli lögreglu-umdæma.

Það voru þó ekki allir sannfærðir um að fámennið gæti ekki haft neikvæð áhrif: „... þá eru þetta menn sem eru að leika lykahlutverkið í litlu samfélagi, eru vel liðnir og hérna ... og fjölskyldan vill ekki trúna neinu upp á þá og ef að það eru einhver tengsl inn í lögregluna þá gæti það viðhorf

---

smitast þangað inn, þó svo að ég sé ekki að ... hafi engin sérstök dæmi um það, en hérna ... þetta er bara áhættan sem fylgir litlu samfélagi.“

## 5. Samvinna

*Ekki er um að ræða formlegt samstarf lögreglu við aðrar stofnanir sem fást við ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Í samræmi við lög er barnaverndarnefnd látin vita ef barn eða börn eru á heimili sem lögregla er kölluð til. Að auki ekur lögreglan þolendum í Kvænnaathvarf ef þess er óskað. Þörf væri á samvinnu við félagsmálayfirvöld en ekki er ljóst hvort lögreglan getur haft slíkt samstarf innan ramma núgildandi laga.*

Samvinna lögreglu á þessu sviði er helst við þær stofnanir sem sinna þolendum ofbeldis. Lögreglan aðstoðar konur við að fara í Kvænnaathvarfið ef þær vilja það eða í Neyðarmóttökuna ef um kynferðislegt ofbeldi hefur verið að ræða. Barnaverndarnefnd er auðvitað alltaf látin vita ef börn koma við sögu. Engar samræmdar reglur eru um málið fyrir allt landið og fram kom hjá einum viðmælanda að höfuðborg og landsbyggð hafi verið mjög ólík hvað þetta varðar. Mun meira sé tilkynnt á höfuðborgarsvæðinu. Þar sé meðal annars starfsmaður hjá lögreglunni sem leitar að því hvort börn eru skráð á heimili þar sem lögregla hefur verið kölluð til vegna ofbeldis þó svo þau hafi e.t.v. ekki verið á vettvangi. Félagsmálayfirvöld fá því yfirleitt vitneskju um málin. Í sumum tilfellum bendir lögreglan einnig konum á að félagsmálayfirvöld geti ef til vill eitthvað aðstoðað. Hins vegar er þetta samstarf ekki með neinum formlegum hætti og lögreglan hefur hvorki félagsráðgjafa né sálfræðing á sínum snærum. Það virðist þó vera atriði sem rétt væri að huga að í ljósi þess að svo mörg þeirra mála sem lögregla hefur afskipti af virðast þurfa annan farveg en lögregluna eða réttarkerfið ef koma á í veg fyrir áframhaldandi ofbeldi.

Á heildina litið var talið að samvinna væri nægjanleg þó að nefnt væri að gott gæti verið að hafa greiðari aðgang að úrræði fyrir gerendur. En það málefnasvið sem taldist þó mest þörf á að lagfæra var það sem sneri að konum af erlendu bergi brotnu. Oft og tíðum væru þær einangraðar, hefðu litla þekkingu á íslensku samfélagi og hefðu stundum slæma reynslu af lögreglu í heimalöndum sínum. Því var það að sú hugmynd hefur komið upp að reyna að koma til þeirra nauðsynlegum upplýsingum:

„... við vorum með þá hugmynd að þegar konur, að fólk kæmi hingað ..., ekki á skilríkjum heldur kæmi hingað á makaleyfi, að þá ætti alltaf ..., þá kemurðu til að sækja skilríkin til að fá dvalarleyfið eða þau skilríki sem þú þarft að fá, þú þarft að sækja það til sýslumanns, og við vildum búa til fræðsluefni á öllum tungumálum sem væri stutt, hálf tíma spóla. Við vildum hafa þetta sem video svo þetta væri aðgengilegt, ekki sem texta sem við sendum heim til viðkomandi, heldur eitthvað sem fólk mundi þurfa að hlusta á, um leið og það tæki við skírteininu sínu. Þá væri bara búin til einhver lítil aðstaða á flestum lögreglustöðum, sjónvarp og sófi, og það væri

---

bara skilyrði, og að þarna yrðu þessi grundvallarréttindi, það má ekki ganga í skrokk á þér og þú verður ekki rekin úr landi þó þú kvartir, börnin verða ekki tekin af þér, við erum hérna grundvallar ..., við erum þetta samfélag sem að stendur vörð um grundvallarmannréttindi og þér er óhætt að trúá því og ef eitthvað kemur upp á, þá er það þetta símanúmer eða næsta lögreglustöð .... Lögreglan er ekki spillt og eitthvað svona, bara þessi grundvallaratriði, til þess að reyna að fyrirbyggja það að það sé hægt að segja þessum konum að þær þurfi að þola hvað sem er ...“

Því miður hefur þessari hugmynd enn ekki verið hrint í framkvæmd en það var ljóst af viðtölunum að margir töldu brýna þörf á að aðhafast eitthvað til að aðstoða sérstaklega konur af erlendum uppruna.

## 6. Úrræði

*Á heildina lítið virðist lögreglan meta það svo að þau úrræði sem hún hefur nú séu nægjanleg. Meiri þörf sé á að auðvelda aðgengi að félagslegum úrræðum eða sálfræðilegum.*

Þó það hljómi ef til vill einkennilega þá beindust flestar óskir lögreglustjóranna og annarra viðmælenda frekar að aðstoð sem veitt er utan hins hefðbundna lögreglustarfs, en að þeir teldu eitthvað verulega skorta á í því sem fellur undir hlutverk lögreglunnar. Þrennt stóð upp úr varðandi óskir um breytingar:

Í fyrsta lagi að aðilar sem hefðu möguleika á að taka á rót vandans gætu gripið inn í. Hér var þá bæði um að ræða að félagsþjónustan aðstoði fólk sem ætti í erfiðleikum í tilverunni og einnig að aðgangur væri að sálfræðingum sem ef til vill gætu veitt þolendum styrk til að koma sér úr ofbeldissambandi. Einn viðmælenda sagði:

„... það verður bara að passa það að lögreglan hafi takmarkaða aðkomu að málum, það þarf að vera einhver annar sem grípur fórnarlömbin ... Það vantar stundum að afhenda fórnarlambið eitthvert annað, mér finnst þær stundum standa svolítið einar, þær koma til lögreglunnar til að kæra, svo er stöðugt verið að hamast í þeim heima fyrir að draga kærana til baka, ég sakna þess svolítið að þær hafi ekki einhverja fagmanneskju sem þær geta talað við ... Ef við gætum bara haft þetta alveg eins og við erum með í barnaverndar ... bara í kynferðisbrotamálum gegn börnum. Ef þú ferð inn á Neyðarmóttökuna þá sjálfkrafa færðu sálfræðing, réttargæslumann og þetta er þér að kostnaðarlausu.“

---

Hvað sálfræðinga varðar sagði einn lögreglustjóranna:

„Ég held að stundum það sem kannski dygði best væri að það væri hægt að vísa fólki á sálfræðiaðstoð strax vegna þess að ég hef trú á því að þegar sko ... hlutlaus og hlutlægur utanaðkomandi aðili, annar en lögregla, myndi ræða við brotapolann, að þá hugsanlega gerði brotapolinn sér grein fyrir því að þetta er ferli, þetta er einskonar spírall ... Og ef það spyrnir ekki við fæti að þá ... endar það venjulega með ósköpum. Þannig að það er kannski ... kannski þyrftum við að meðhöndla þessi mál ... að sumu leyti líkt og kynferðisbrotamál.“

Þetta var atriði sem fleiri viku að, þ.e. þörfinni á að byggja konuna upp þannig að hún treysti sér til að taka þá ákvörðun að slíta sambandinu og jafnvel að kæra.

Í öðru lagi var nefnt að úrræði fyrir gerendur þyrftu að vera betri:

„... það væri svona kannski helst að fá virkari úrræði fyrir gerendurna ... Það væri áhugavert að fá, hvað á ég að segja, sterkari möguleika fyrir lögregluna til að skikka manninn á slík námskeið ... Ég held að ef við hefðum meiri möguleika á því að koma gerendunum frá okkur úr fangaklefanum og beint inn á námskeið að þá myndi það vera hjálplegt því að flestir þessara manna vilja losna úr þessu ástandi. Þó að ég sé ekkert að draga úr þeirra ábyrgð eða kalla þetta sjúkdóm með einhverjum hætti, þá eru þetta bara menn sem þurfa einhverja hjálp og ef að við getum veitt hana og hún virkar eins og rannsóknir sýna þá á bara ekkert að hika við það.“

Í þriðja lagi voru miklar vangaveltur um kosti og galla nálgunarbanns eða hins gamla möguleika lögreglunnar að áminna einstaklinga. Hvað nálgunarbannið varðar voru sumir á því að betra væri að lögreglan hefði rétt til að beita þeim viðurlögum og síðan færi málið fyrir rétt til staðfestingar eða synjunar. Aðrir voru efins um að skynsamlegt væri að lögreglan fengi þau auknu völd og bættu þá við að dómstólar væru yfirleitt ekki svo lengi að afgreiða mál af þessu tagi. Hins vegar var því stundum bætt við að það þyrfti að herða refsingar við því að brjóta nálgunarbannið. En einn viðmælenda var með aðra hugmynd:

„... þetta nálgunarbann er allt of flókið fyrirbrigði. Og hérna ... einu sinni gat lögreglan áminnt menn fyrir ofsóknir. Áminnt og ef þeir brutu þá áminningu þá var það refsivert. Ég ... sakna þess úrræðis. Því var breytt í einhvern óskapnað sem heitir nálgunarbann ... dómara eru náttúrulega mjög ... já strangir. Það þurfa að vera orðnar verulega miklar ofsóknir ... eða já ... jafnvel miklar líkamlegar snertingar. Dómara eru svo skeptískir á að takmarka athafnafrelsi einstaklinga. En þessi áminning var eiginlega þannig að lögreglan bara lagði fyrir viðkomandi að hætta þessu atferli sem



---

hann var í ... og ef hann gerði það ekki þá gat hann séð fram á refsingu. Það væri hugsanlegt að taka þetta upp aftur.“

## 7. Kennsla í Lögregluskólanum

*Nýnemar í Lögregluskólanum fá umtalsverða kennslu um málaflokkinn, bæði í formi fyrirlestra og æfinga. Þá koma fulltrúar nokkurra samtaka sem starfa á þessum vettvangi í skólann og flytja fyrirlestra. Framhaldsmenntun er einnig í boði.*

Meginreglan á Íslandi er sú að enginn sé ráðinn sem lögregluþjónn nema að hafa lokið námi við Lögregluskólann. Hins vegar er enn í lögum heimild til þess að ráða ófaglært fólk. Það er þó líklegt að sú heimild hverfi fljóttlega úr lögum. Skólinn er almennt þrjár annir, tvær annir í skólanum og þar á milli starfsþjálfun í eina önn. Aðsókn í skólann hefur verið mjög góð og umsækjendur fleiri en unnt er að taka við. Lögregluskólinn er því um margt í lykilstöðu hvað varðar fræðslu til verðandi lögregluþjóna um ofbeldi í nánnum samböndum.

Almenn ofbeldisbrot eru hluti af kennslu í grunnnámi og einnig er fjallað nánar um heimilisofbeldi sem er sérstaklega tilgreint efni í fjórum námsgreinum, þ.e. lögreglukerfi, lögreglufræði, lögreglurannsóknir og verkleg þjálfun. Bæði er um að ræða fyrirlestra og verklegar æfingar og þar er tekið fyrir heimilisofbeldi og kynferðislegt ofbeldi. Kennslan beinist að öllum þáttum málsins, þ.e. vettvangsathugun, yfirheyrslum, ljósmyndun, skýrsluskrifum, úrræðum fyrir þolendur, lagagreinum sem snúa að málinu, framburði sjónarvotta o.s.frv. Auk sérfræðinga frá ýmsum deildum lögreglunnar koma einnig fulltrúar frá Neyðarmóttöku vegna nauðgunar, samtökunum Blátt áfram, Kvennaathvarfinu og Stígamótum.

Sérstakt „æfingasvæði“ er í Lögregluskólanum, þ.e. íbúð þar sem unnt er að sviðsetja ýms brot, t.d. heimilisofbeldi og nemendur eru látnir æfa útkall á vettvangi, þ.e. þeir hafa verið kallaðir að íbúð þar sem eitthvað hefur átt sér stað og læra hvernig eigi að fara inn, eftir hverju beri að taka á vettvangi, hvernig beri að spyrja, ljósmyndun og annað sem á þarf að halda. Þeirra er að framkvæma alla þessa þætti og ákvarða framhald málsins. Að auki er áhersla á þekkingu á því hvaða upplýsingar þurfi að liggja fyrir ef málið verður kært og hvað sé líklegt til að leiða til sakfellingar.

Verklegu æfingunum í íbúðinni var lýst þannig: „...fara á þennan stað þar sem er eitthvað sem að er ekki í lagi, hvort sem það er ... hversu miklar upplýsingar sem þau fá ... síðan bara lenda þau inn í atburðarás sem er bara leikin fyrir þau og þau verða síðan sem lögreglumenn að fara réttar leiðir og svo grípum við inn í og kennum þeim og leiðbeinum eftir því sem þörf er á.“

Auk þessa hefur verið reynt að koma kynferðisbrotum og heimilisofbeldi að undir öðrum kringumstæðum í þeim tilgangi að skapa umræður. Það á t.d. við um yfirheyrsluþjálfun. Loks ber að nefna að eftir að lögreglumenn hafa farið í gegnum öll atriði málsins, þannig að unnt sé að leggja fram ákæru, þá eru réttarhöld sett á svið með þátttöku raunverulegra dómara og verjenda þannig að reynslan af því að hafa farið með mál í gegnum réttarhöld er einnig hluti af náminu. Hér

---

er þó ekki átt við að alltaf sé um heimilisofbeldi að ræða í þessum réttarhöldum heldur að sá möguleiki sé fyrir hendi.

Ekki var að skilja á þeim sem við var rætt í Lögregluskólanum að það væri mikið fleira en að framan segir sem talið væri að gæti hjálpað lögreglunni við að takast á við mál sem snúa að heimilisofbeldi. Aftur á móti var þar, líkt og hjá lögreglustjórunum, bent á að mörg þessara mála væru með þeim hætti að það þyrftu aðrir en lögreglan að koma til: „... lögreglan sko hún, hún reynir að vinna þetta með tilliti til vettvangs og sönnunargagna og allt saman eins og öll önnur sakamál, en kannski minnihlutinn af þessum málum verður raunverulegt sakamál, þetta er á öðrum vettvangi leyst, þetta er ... þetta er viðfangsefni sem fer inn ... barnaverndarnefnd og ýmsir aðilar sem þurfa að koma að þessu. Það kemur kannski aldrei til þess að maður verði ákærður.“ Og síðar í samtalinu: „... það eru þessi vandamál sem við sitjum uppi með að ... málin, þessi mál eru sko oft þannig að kannski sem minnstar líkur á að það verði alveg stórt dómsmál úr þessu, en við sitjum uppi bara með vandann. Því að, því að klukkutíma síðar að kannski lögreglan lýkur sér af, að þá eru menn komnir af stað aftur. Auðvitað væri ... mjög gott ef að í svona málum væri hægt að koma í veg fyrir það, að þetta héldi áfram.“

Framhaldsdeild er einnig starfandi við skólann þar sem endurmenntun fer fram og námskeið eru haldin um einstaka þætti lögreglustarfsins. Heimilisofbeldi er eitt af þeim þeimum sem boðið er upp á framhaldsmenntun í. Meðal fyrirlesara á námskeiði sem átti að fara að halda vikuna eftir samtalið, var lögreglumaður sem hafði verið sendur á sérstakt námskeið um heimilisofbeldi hjá Evrópska lögregluskólanum (CEPOL), Domestic violence, international aspects and experiences. Kostnaðurinn var greiddur til hálfis af Lögregluskólanum á móti lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Sé þetta dregið saman þá verður ekki betur séð en fræðslu verðandi og starfandi lögregluþjóna um ofbeldi í nánnum samböndum sé ágætlega sinnt í Lögregluskóla ríkisins. Þar, líkt og í öðrum viðtölum fyrir þessa skýrslu, kom þó skýrt fram að lausn vandans er á heildina lítið ekki fyrst og fremst lögreglumál. Þar þurfa aðrir aðilar að koma til og taka á hinum félagslega þætti málsins.

## Lokaorð

Samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað var við gerð þessarar skýrslu er starf lögreglunnar verulegt á þessu sviði, hún býr yfir mikilli þekkingu og sýn hennar er lausnamiðuð. Á þessu sviði líkt og öðrum er ljóst að lögreglan vill ná árangri sem birtist í því að brotum fækki og að þeir sem fyrir ofbeldi verða fá aðstoð sem best getur gagnast þeim. Lögreglan vinnur að einhverju leyti að forvörnum og að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu með þeim hætti að hún hefur möguleika á að grípa inn í þegar ljóst virðist vera að um meira en einangrað tilvik sé að ræða. Vera má að þetta sé gert á fleiri stöðum og raunar var það einn af áhugaverðum þáttum viðtalanna að hugsanlega hefur fámennið og nándin í dreifbýli landsins það í för með sér að lögreglan veit meira um fjölskyldur en á fjölmennari stöðum og hefur því möguleika til að grípa inn í. Hvort það

---

er gert er annað mál og var bent á þá ókosti fámennisins að e.t.v. sé frekar litið undan þar sem allir þekkja alla.

Skráning mála hefur augljóslega batnað eftir að ríkislögreglustjóri sendi frá sér sérstakar verklagsreglur en eftir sem áður er ekki unnt að nota opinbera afbrotatölfræði lögreglunnar til að meta umfang vandans eða hvort brotum fjölgi eða fækki. Til þess þarf sérstaka vinnu í málaskrá lögreglunnar.

Það virðist jafnframt ljóst að þau úrræði sem best myndu duga til að ná varanlegum árangri eru að miklu leyti utan verksviðs lögreglunnar. Megnið af þeim ofbeldisbrotum sem lögreglan flokkar sem heimilisofbeldi eru minniháttar í lagalegum skilningi og kærur fátíðar. Í flestum tilfellum kalla þau mál á félagslegar og sálfræðilegar lausnir. Betra aðgengi og meiri samvinna lögreglu, félagsþjónustu, og úrræða fyrir gerendur og þolendur er það sem líklegast er til árangurs í þeirri vinnu að draga úr ofbeldi.

## Heimildir

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir (2010): *Heimilisofbeldi. Ágreiningur og ofbeldi milli skyldra og tengdra eins og það birtist í gögnum lögreglu*. Reykjavík. Ríkislögreglustjórinn og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ríkislögreglustjóri (2005): Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Sótt 12. 11. 2006 af [http://www.logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi\\_verklagsreglur.pdf](http://www.logreglan.is/upload/files/Heimilisofbeldi_verklagsreglur.pdf)

Ríkislögreglustjóri (2010): Sótt 27.12. 2010 af:

[http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat\\_id=81&module\\_id=220&element\\_id=6572](http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=6572)





HÁSKÓLI ÍSLANDS



FÉLAGS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# Rannsókn á ofbeldi gegn konum

Þjónusta 11 félagasamtaka

---

**Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd**  
**Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið**

**Guðrún Helga Sederholm**

**Júlí 2010**

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

Útgáfuár: 2010, júlí

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)

Útgáfustaður: Reykjavík

ISBN 978-9979-9859-7-6

## **Formáli félags- og tryggingamálaráðuneytis í rannsókninni um félagasamtök.**

Rannsókn þessi er þáttur í aðgerðaráætlun stjórnvalda gegn ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum. Aðgerðaráætlunin var unnin af samráðsnefnd dóms- og kirkjumálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í september 2006.

Einn liður í aðgerðaráætluninni er rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið er ábyrgðaraðili þeirrar rannsóknar.

Rannsóknin skiptist í sex hluta, símakönnun annars vegar og rannsókn hjá félagsþjónustu og barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og félagasamtökum hins vegar.

Þessi hluti rannsóknarinnar tekur til félagasamtaka. Undirbúningur rannsóknarinnar fór fram í félags- og tryggingamálaráðuneyti með ráðgjöf Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings. Rannsóknin er framkvæmd af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) í Háskóla Íslands undir stjórn Guðrúnar Helgu Sederholm, MSW fræðslu- og skólafélagsráðgjafa. Fjölmargir komu að rannsókninni en helst ber að nefna viðmælendur sem gáfu sér tíma til að svara spurningum um ofbeldi í nánum samböndum.

Niðurstöður sem hér birtast veita mikilvægar upplýsingar um að hvaða leyti mál er varða ofbeldi karla gegn konum í nánum samböndum koma til kasta félagasamtaka sem annars vegar hafa að meginmarkmiði að aðstoða konur í ofbeldissamböndum og hins vegar félagasamtaka sem stundum aðstoða konur í sömu stöðu. Könnunin veitir viðkomandi stjórnvöldum gagnlegar upplýsingar.





## Útdráttur

Í rannsókninni var rætt við þrettán fulltrúa frá ellefu félagasamtökum sem annars vegar hafa að *meginmarkmiði* að veita aðstoð konum sem beittar hafa verið ofbeldi í nánnum samböndum og hins vegar fulltrúa félagasamtaka sem *stundum* veita aðstoð konum sem beittar hafa verið ofbeldi í nánnum samböndum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

- **Þjónusta er mest á höfuðborgarsvæðinu.** Kvennaathvarfið og Kvennaráðgjöfin eru í Reykjavík.
- **Þjónustuþörfin er fyrst og fremst í kringum aðstæður kvennanna.** Um helmingur kvenna sem dvaldi í Kvennaathvarfinu fór aftur heim í óbreyttar aðstæður þegar dvöl þar lauk.
- **Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur eru afskiptar hvað þjónustu varðar og sérstaða erlendra kvenna er mikil.** Aðgengismál fyrir fatlaðar konur er vandamál og lítið er vitað um aðstæður aldraðra kvenna. Sérstaða erlendra kvenna er mikil og mest hjá konum utan EES sem þurfa að sýna fram á trygga framfærslu til að fá dvalarleyfi á Íslandi auk þess að hafa takmarkað aðgengi að fræðslu um samfélagið.
- **Konur leita ýmist sjálfar eftir aðstoð eða koma í fylgd annarra.** Allur gangur virðist vera á því hvernig konur leita eftir aðstoð. Margar koma sjálfar en aðrar í fylgd vinkvenna eða fagaðila.
- **Takmörkuð þjónusta er í boði.** Aðeins eitt kvennaathvarf er á landinu og það er í Reykjavík. Kvennaráðgjöfin er í Reykjavík. Þjónusta annarra er í uppnámi vegna takmarkaðs fjármagns.
- **Túlkapjónusta er verulega ábótavant.** Allir viðmælendur tóku fram að túlkapjónustu væri verulega ábótavant og oft væri hún ekki í boði.

- **Viðhorf fagfólks skiptir verulegu máli.** Þegar fagfólk er upplýst og vakandi fyrir einkennum ofbeldis þá verður ofbeldið sýnilegra. Vandaðri læknisvottorð skila gleggri sýn á ofbeldið.
- **Fræðslu um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum er ábótavant.** Fjármagnsskortur félagasamtaka er meginhindrun þess að ekki er hægt að bjóða uppá meiri fræðslu um ofbeldi í nánnum samböndum.
- **Hugað er sérstaklega að stöðu barna.** Yfirleitt er spurt sérstaklega um stöðu barna á heimilum þar sem ofbeldi kemur við sögu í nánnum samböndum og tilkynningarskylda til barnaverndaryfirvalda er alltaf virt.

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	9
2	Rannsóknin.....	10
2.1	Um félagasamtökin og þátttakendur .....	10
	Aflið .....	10
	Kvennaathvarfið .....	11
	Kvennaráðgjöfin.....	12
	Sólstafir .....	13
	Stígamót .....	13
	Efling .....	14
	Félag einstæðra foreldra .....	15
	Fjölmeningarsetur.....	15
	Mannréttindaskrifstofa Íslands .....	16
	Rauði krossinn.....	17
	Samtök kvenna af erlendum uppruna.....	17
2.2	Aðferð.....	18
3	Þjónusta og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem hafa að <i>meginmarkmiði</i> að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum.....	19
3.1	Meginmarkmið .....	19
3.2	Fjármögnun .....	20
3.3	Tilvísanir .....	20
3.4	Breytingar síðustu fimm ár.....	21
3.5	Skráningar .....	21
3.6	Þjónusta .....	22
3.7	Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur .....	23
3.8	Fræðsla .....	23
3.9	Samstarf og samstarfsaðilar .....	24
3.10	Staða barna .....	25
3.11	Ábendingar um úrbætur .....	26
	Efling þjónustu .....	26
	Aukin þekking .....	27
4.	Þjónusta og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem <i>stundum</i> veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum.....	28
4.1	Meginmarkmið .....	28
4.2	Tilvísanir .....	29
4.3	Breytingar síðustu fimm ár.....	29
4.4	Skráningar .....	30
4.5	Þjónusta .....	30
4.6	Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur .....	32
4.7	Fræðsla .....	33
4.8	Samstarf og samstarfsaðilar .....	33
4.9	Staða barna .....	34
4.10	Ábendingar um úrbætur .....	34
5	Sérstakar hugmyndir viðmælenda sem fram komu í viðtölum .....	36
5.1	Þjónusta er meginmarkmið.....	36
5.2	Þjónusta er stundum veitt .....	39

6 Niðurstöður.....	41
6.1 Þjónusta er mest á höfuðborgarsvæðinu.....	41
6.2 Þjónustuþörfin er fyrst og fremst í kringum aðstæður kvennanna. ....	41
6.3 Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur eru afskiptar hvað þjónustu varðar og sérstafa erlendra kvenna er mikil.....	41
6.4 Konur leita ýmist sjálfar eftir aðstoð eða koma í fylgd annarra. ....	42
6.5 Takmörkuð þjónusta er í boði. ....	42
6.6 Túlkþjónusta er verulega ábótavant. ....	42
6.7 Viðhorf fagfólks skiptir verulegu máli.....	42
6.8 Fræðslu um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum er ábótavant.....	42
6.9 Hugað er að stöðu barna.....	43
Fylgiskjal 1. Formáli fyrir viðtalsvísa.....	44
Fylgiskjal 2. Viðtalsvísir fyrir félög/samtök sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum. ....	45
Fylgiskjal 3. Viðtalsvísir fyrir starfsemi/félag/samtök sem stundum veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi. ....	47
Heimildir .....	49

# 1 Inngangur

Í september 2006 samþykkti ríkisstjórnin aðgerðaráætlun um ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Meginmarkmið áætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum svo og að bæta aðbúnað þeirra sem orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi.

Rannsóknin beinist að því að afla þekkingar á því hvort og með hvaða hætti konur leiti til ákveðinna félagasamtaka vegna slíks ofbeldis og hvaða þjónusta sé þá veitt. Rannsóknin er gerð með því að ræða við starfsmenn hjá þeim félagasamtökum sem taka þátt í verkefninu.

Til að framkvæma rannsóknina leitaði ráðuneytið til Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands. Þorgerður Benediktsdóttir hefur umsjón með rannsókninni fyrir hönd ráðuneytisins en Guðrún H. Sederholm MSW fræðslu- og skólafélagsráðgjafi og stundakennari við félagsráðgjafardeild HÍ fyrir hönd RBF.

Skýrslunni er skipt í sex kafla. Á eftir inngangi og lýsingu á rannsókninni er í þriðja kafla fjallað um þjónustu og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem beittar hafa verið ofbeldi í nánnum samböndum. Í fjórða kafla er fjallað um þjónustu og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem stundum veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum. Í fimmta kafla koma fram sérstakar hugmyndir viðmælenda og í sjötta kafla er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar.

## 2 Rannsóknin

### 2.1 Um félagasamtökin og þátttakendur

Leitað var til 11 félagasamtaka vegna þátttöku í rannsókninni og tvö viðtöl voru tekin hjá Kvennaathvarfinu og Rauða krossinum eða alls 13 viðtöl. Flest þessara samtaka eru staðsett í Reykjavík en þrjú utan höfuðborgarsvæðisins: Aflið á Akureyri, Sólstafir á Ísafirði og Fjölmeningarsetur á Ísafirði.

Hér á eftir verður gerð stuttleg grein fyrir félagasamtökunum, stofnun, markmiðum, stefnu og þjónustu þeirra. Getið verður hverjir veittu viðtölin og greint frá starfsheiti þeirra.

Félagasamtökin eru greind í tvo flokka, annars vegar þau sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum og hins vegar þau sem stundum veita konum aðstoð í fyrrgreindri stöðu. Þjónustan sem veitt er af þessum félagasamtökum er endurgjaldslaus en verulegur tími fer í að afla fjár til að halda starfsemi úti.

Stærðarmunur er á þessum félagasamtökum en þeirra verður getið í stafrófsröð. Fyrst er getið þeirra félagasamtaka sem hafa að meginmarkmiði að veita konum aðstoð: **Aflið, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin, Sólstafir og Stígamót** og þá þeirra sem stundum veita konum aðstoð: **Efling, Félag einstæðra foreldra, Fjölmeningarsetrið, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn og Samtök kvenna af erlendum uppruna**. Heimildir voru sóttar á heimasíður félagasamtakanna og í viðtölin.

**Aflið** er samtök sem stofnuð voru á Akureyri árið 2002 í framhaldi af tilraunastarfsemi Stígamóta þar sem í ljós kom mikil þörf fyrir samtök af þessu tagi. Starfsemin byggir á forsendum þolenda kynferðislegs ofbeldis og/eða heimilisofbeldis. Ein starfsstúlka í 50% starfshlutfalli sér um daglegan rekstur. Þrjár starfskonur sjá um viðtölin sem verktakar en annað er unnið í sjálfböðavinnu. Sjálfböðaliðum hefur fækkað nú í kreppunni og álag því aukist á þá sem nú starfa.

Ríkið lagði 1,6 milljónir fram til rekstrar í ár, Akureyrarbær lagði til húsnæði og smá styrk en að öðru leyti koma styrkir frá öðrum bæjarfélögum, stofnunum og einstaklingum. Verið er að gera þjónustusamning við Akureyrarbæ.

Markmið og stefna samtakanna er að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta.

Þjónusta sem er í boði er fjölpætt, símvakt er allan sólarhringinn, boðið er upp á einstaklingsviðtöl, sjálfshjálparhópar eru starfandi, farið er með fræðslu í skóla, fyrirtæki og stofnanir. Þeir sem leita til Afslins eru alls staðar að af landinu en þó sérstaklega af Norðurlandi. Aflið er staðsett á Akureyri.

Viðtal veitti Sæunn Guðmundsdóttir, stofnandi og formaður Afslins.

## **Kvennaathvarfið**

Samtök um kvennaathvarf voru grasrótarsamtök frá 1982 og allt til ársins 1995. Kvennaathvarfið var opnað 6. desember 1982. Kvennaathvarfið er nú rekið sem sjálfseignarstofnun undir stjórn Samtaka um kvennaathvarf. Núgildandi lög um starfsemina voru samþykkt á aðalfundi 23. maí 1995 en hafa tekið smávægilegum breytingum síðan.

7,75 stöðugildi eru í Kvennaathvarfinu þar af er hlutfall háskólamenntaðs fagfólks 2,75%. Framkvæmdastýra, rekstrarstýra og vaktstýra hafa háskólamenntun. Starfskonur eru átta. Fimm starfskonur eru á vaktinni og þar af eru nokkrar með háskólamenntun. Sjálfboðaliðar starfa ekki reglulega en kallað er eftir þjónustu þeirra miðað við aðstæður. Mest er þjónusta þeirra í kringum börn sem dvelja í Kvennaathvarfinu. Þörfin fyrir þá hefur ekki aukist nú í kveppinni.

Kvennaathvarfið er á fjárlögum og árið 2008 kom 41,5 milljón af 51 milljón frá ríkissjóði. Þjónustusamningur er við Reykjavíkurborg og sama ár komu þaðan níu milljónir. Styrkbeiðnir eru sendar á önnur sveitarfélög en stopult hver framlög þeirra eru ef nokkur. Gjafir og frjáls framlög er hluti af fjármagninu en mismunandi milli ára.

Markmið Kvennaathvarfsins eru að reka kvennaathvarf, annars vegar fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra og hins vegar fyrir konur sem verða fyrir nauðgun. Einnig er markmiðið að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi, m.a. til að auka skilning í þjóðfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði þau er slíku ofbeldi eru beitt.

Stefna stjórnar Kvennaathvarfsins frá árinu 2006 er m.a. að tryggja að þörfum barna og mæðra sé vel sinnt, að beina sérstaklega sjónum að þörfum unglingsstúlkna og eldri kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi t.d. með fræðslu í framhaldsskólum um jafnrétti og virðingu, að tryggja áframhaldandi starf sjálfshjálparhópa og að efla tengsl við Samtök kvenna af erlendum uppruna. Stjórnin telur mikilvægt að kynna starfsemi samtakanna úti í þjóðfélaginu og meðal fagfólks.

Árið 2008 var meðaldvöl í Kvennaathvarfinu 18–19 nætur en miðað er við að konur dvelji þar ekki lengur en fjórar vikur en sumar dvelja miklu lengur vegna húsnæðisleysis.

Þjónustan er margvísleg. Símaráðgjöf er allan sólarhringinn, boðið er upp á ókeypis viðtöl, sjálfshjálparhópa undir handleiðslu starfskonu Kvennaathvarfsins, húsaskjól og stuðningur er í boði og samskipti við konur með svipaða reynslu. Kvennaathvarfið er staðsett í Reykjavík.

Viðtöl veittu Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra, og Hildur Guðmundsdóttir, vaktstýra.

### **Kvennaráðgjöfin**

Tók til starfa í febrúar 1984 og hefur starfað óslitið síðan. Hún var stofnuð af konum til að bæta aðgang kvenna að sérfræðiaðstoð. Kvennaráðgjöfin spratt upp úr hræringum sem urðu meðal kvenna seint á sjöunda áratugnum og í byrjun hins áttunda. Markmið og megintilgangur starfseminnar er að veita konum stuðning og ráðgjöf. Ráðgjöfin er opin öllum konum og körlum. Hjá Kvennaráðgjöfinni starfa bæði lögfræðingar og félagsráðgjafar en auk þeirra eru laganemar og félagsráðgjafanemar í sjálfböðavinnu. Lögfræðingur er í 5% starfshlutfalli vegna reksturs Kvennaráðgjafarinnar. Á fimmtudögum er lítillaga greitt fyrir vinnu vegna ráðgjafar. Starfsemin byggist á sjálfböðavinnu.

Fjármögnun byggist á styrk frá ríkinu, sbr. 07999 – 1.90. Á fjárlögum ársins 2010 er það 1 milljón. Sveitarfélög hafa greitt lágar fjárhæðir og mismikið til starfseminnar. Styrkur frá Zonta kom á síðasta ári sem gerði Kvennaráðgjöfinni kleift að opna heimasíðu. Á vef ráðgjafarinnar er fræðsluefni, greinar og annað efni sem tengist markmiðum ráðgjafarinnar. Kvennaráðgjöfin er staðsett í Reykjavík.

Viðtal veitti Margrét Steinarsdóttir, starfskona Kvennaráðgjafarinnar.



## **Sólstafir**

Forsaga þessara samtaka á Vestfjörðum er sú að Sunneva Sigurðardóttir ákvað að koma á fót starfsemi á Ísafirði í anda Stígamóta. Fyrsti sjálfshjálparhópurinn var stofnaður 2006 á Ísafirði. Sólstafir eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og starfshættir markast af því. Ábyrgð á daglegu starfi deila starfskonur jafnt. Starfskonur Sólstafa eru ekki sérfræðingar en deila reynslu af kynferðislegu ofbeldi. Starfsemin byggist á sjálfboðavinnu, eingöngu.

Fjármögnun byggist á styrkjum velunnara. Félagsmálaráðuneytið hefur veitt styrk til að tryggja Sólstöfum húsnæði. Kvenfélög í nágrenninu hafa styrkt starfsemina. Árið 2010 hefur starfsemin ekki fengið neina styrki og sér fram á að hætta.

Í Sólstöfum er ekki litið á einstaklinga sem hafa verið beittir kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúka einstaklinga. Vinnan í Sólstöfum felst einna helst í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að breyta sjálfsímynd sinni og eigin lífi. „Þeir eru sérfræðingarnir í eigin lífi“. Starfskonur Sólstafa starfa í nánu samstarfi við Stígamót. Þjónustan felst í einstaklingsviðtölum og sjálfshjálparhópum og stendur báðum kynjum til boða. Stefnt er að því að fjölga sjálfshjálparhópum. Sólstafir eru staðsettir á Ísafirði.

Viðtal veitti Harpa Stefánsdóttir, starfskona Sólstafa.

## **Stígamót**

Stígamót eru óformleg grasrótarsamtök kvenna og allir starfshættir markast af því. Stígamót eru fræðslu- og ráðgjafarmiðstöð um kynferðisofbeldi og hefur sérstöðu í þessum hópi félagasamtaka þar sem starfsemin snýst ekki um aðstoð við konur sem beittar eru ofbeldi í nánnum samböndum. Stígamót er sjálfseignarstofnun og grasrótahreyfing en ekki samtök.

Á miðju ári 2010 fækkaði starfskonum úr sjö í fimm. Allar eru starfskonurnar með háskólapróf og fagmenntun á sviði félagsvísinda. 1. maí 2010 var ráðinn klínískur sálfræðingur til starfa sem mun koma í stað annars starfsmanns sem þá yfirgefur Stígamót. Leiðbeinendur sjálfshjálparhópa fá verktakagreiðslur fyrir sín störf og ekki eru gerðar kröfur um að þeir hafi háskólapróf. Sjálfboðaliðum hefur ekki fjölgað í kreppuni.

Fjármagn til starfseminnar kemur frá ríkinu.

Stígamót eru á fjárlögum (07999). Ríkisframlag ársins 2009 var 36,5 milljónir en er nú 33,2 milljónir. Reykjavíkurborg veitti 11,2 milljónum til starfseminnar á síðasta ári en óvíst er hvað gerist í ár. Þjónustusamingur við Reykjavíkurborg hefur hljóðað uppá sömu upphæð sl. sex ár þannig að raunlækkun er veruleg.

Þjónusta Stígamóta er fyrir fólk frá 18 ára aldri, bæði konur og karla. 10% heimsóknna eru karlar sem koma aðallega vegna sífjaspella. 20% sífjaspellamála tengjast körlum. Áhersla er lögð á að starfsemi Stígamóta byggist ávallt á reynslu þeirra sem þangað leita. Upphafið má rekja til baráttudags kvenna 8. mars 1989 þegar konur úr ýmsum hópum ákváðu að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Stofndagur Samtaka kvenna gegn kynferðisofbeldi var 8. mars 1989. Frá upphafi hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Vinnan á Stígamótum felst í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulegan vanda.

Þjónustan sem Stígamót stendur að er margþætt en þar má helst nefna: Sjálfshjálparhópa, símaþjónustu, þjónustu við konur í vandi, Stígamót á staðinn, fræðslu- og samfélagsstarf og 12 spora fundi. Samstarf innanlands og við erlenda aðila er mikið auk samskipta við fjölmiðla. Á sviði stjórn mála náðu Stígamót ásamt öðrum gríðarlegum árangri þegar bannað var að kaupa vandi samkvæmt lögum á Íslandi frá 17. apríl 2009. Stígamót eru staðsett í Reykjavík.

Viðtal veitti Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

## **Efling**

Efling er stéttarfélag, stofnað í desember 1998 og tók til starfa um áramótin 1999. Félagið varð til við sameiningu margra minni stéttarféлага verkafólks. Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag félagsmanna og menningu og stuðla að því að verkafólk taki virkan þátt í stjórn málum lands- og sveitarféлага í þágu hagsmuna þess. Kjarabarátta er meginmarkmið félagsins. Félagið er opið öllu verkafólki. Sjóðir Eflingar eru: Fræðslusjóður, Sjúkrasjóður, Fjölskyldu og Styrktarsjóður, Orlofssjóður og Vinnudeilusjóður.

Þjónusta við félagsmenn felst m.a. í fræðslu. Fræðslusjóðir sem Efling á aðild að eru fimm talsins. Náms- og starfsráðgjöf er í boði á fimmtudögum. Landnemaskólinn, sem hugsaður er fyrir útlendinga, er 120 stunda nám í íslensku, samfélagsfræði, tölvunotkun og sjálfsstyrkingu.

Einstaklingsmiðuð þjónusta faghóps félagsliða kallast: „Heim til aldraðra“. Efling er staðsett í Reykjavík.

Viðtal veitti Guðrún Óladóttir, forstöðumaður Sjúkrasjóðs.

### **Félag einstæðra foreldra**

Félagið var stofnað í nóvember 1969. Félagið hefur barist fyrir réttindum einstæðra foreldra og staðið vörð um hagsmuni þeirra og barna þeirra. Félagið er hagsmunasamtök og óháð opinberum stofnunum. Markmiðið er að standa vörð um velferð félagsmanna og barna þeirra, berjast fyrir málefnum einstæðra foreldra og vekja athygli á því sem betur má fara. Einnig er markmiðið að skapa tengsl milli einstæðra foreldra. Bæta ímynd einstæðra foreldra og koma í veg fyrir fordóma og kerfisbundna mismunun gagnvart þeim og börnum þeirra. Félagið er fyrir alla einstæða foreldra. Félagið styður einnig við bakið á þeim sem eru með sameiginlega forsjá og veitir forsjárlausum foreldrum ráðgjöf og upplýsingar.

Þjónusta sem félagið veitir er m.a. félagsráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, þverfagleg ráðgjöf, símaráðgjöf, tímabundið húsnæði, stuðningshópar, fræðslufundir og styrkir. Félagið er staðsett í Reykjavík

Viðtal veitti Oktavía Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá Félagi einstæðra foreldra.

### **Fjölmenningarsetur**

Fjölmenningarsetrið var stofnað í kjölfar þingsályktunar Alþingis árið 2000 en þá var félagsmálaráðherra falið að koma á fót þjónustu við innflytjendur sem staðsett yrði á Ísafirði. Fram að því höfðu einstaklingar, frjáls félagsamtök eins og Rætur og Rauði krossinn verið virk í að koma til móts við innflytjendur en kölluðu eftir þátttöku stjórnvalda þar að lútandi. Starfsemi Fjölmenningarseturs hefur aukist jafnt og þétt og eru starfsmenn nú sex talsins. Fjölmenningarsetur er verkefni á vegum félagsmálaráðuneytis, frá árinu 2001. Félagsmálaráðuneyti ræður framkvæmdastjóra.

Markmið fjölmenningarseturs er að stuðla að jafnrétti þannig að staða fólks í íslensku samfélagi sé óháð litarhætti, kynþætti, tungu og trúarbrögðum einstaklinganna. Að auðvelda

aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Að vinna að því að íslenskunám og fræðsla um íslenskt samfélag standi öllum til boða og að efla fræðslu um mannréttindi fyrir alla íbúa landsins.

Þjónusta er veitt og eflað m.a. með þátttöku í samstarfsverkefnum: Nám í samfélagstúlkun, dagatal með helstu trúarbrögðum, verklagsreglur í túlkabjónustu, lesfærni í fjarkennslu, könnun á viðhorfum innflytjenda og samskiptabók um mæðravernd. Fjölmeningarsetur stendur fyrir upplýsingamiðlun til einstaklinga og er upplýsingasími á íslensku, ensku, pólsku serbnesku/króatísku og taílensku. Þá hafa starfsmenn setursins umsjón með samræmingu og ráðgjöf við miðlun upplýsinga um hlutverk og þjónustu stofnana ríkis og sveitarfélaga og veita ráðgjöf við stefnumótun og framsetningu upplýsinga innan stjórnsýslunnar og leiðbeininga við gerð verkferla og verklagsreglna. Einnig er haldin skrá yfir sjálfstætt starfandi túlka og þýðingarþjónustu sem í boði er. Fjölmeningarsetrið vinnur með sveitarfélögum að gerð móttökuáætlana fyrir nýja íbúa. Fjölmeningarsetur er staðsett á Ísafirði.

Viðtal veitti Hrefna Ragnheiður Magnúsdóttir, verkefnastjóri hjá Fjölmeningarsetri.

## **Mannréttindaskrifstofa Íslands**

Skrifstofan var stofnuð í Almannagjá á Þingvöllum 17. júní 1994 á fimmtíu ára afmæli íslenska lýðveldisins. Mannréttindaskrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Mannréttindaskrifstofan starfar eftir Parísarreglum Sameinuðu þjóðanna. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Skrifstofan er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu samstarfi.

Þjónusta Mannréttindaskrifstofunnar er margvísleg: Meðal annars er einn af fræðsluþáttum hennar svokallaðar málstofur en þar er fjallað í framsöguerindum um tiltekin efni og umræður eru að þeim loknum. Einnig stendur skrifstofan fyrir málþingum sem eru umfangsmeiri, standa lengur og erindin eru fleiri um tiltekin afmörkuð viðfangsefni. Ráðstefnur eru svo enn stærri í sniðum, oft tveir dagar eða fleiri og þá er gjarnan unnið í starfshópum í viðbót við framsöguerindi og umræður. Í lokin er samþykkt áskorun eða ályktun og send út. Dæmi um viðfangsefni málstofa og málþinga er m.a. borgaraleg- og stjórnmalaleg réttindi, Evrópuráðið, samningar og mannréttindastarf, farandverkakonur, kynbundið ofbeldi, kynþáttamisrétti,

mannréttindi í einstökum ríkjum, mannréttindi á alnetinu, pyntingar og vanvirðandi refsing, tjáningarfrelsi svo eitthvað sé nefnt af fjölmörgum viðfangsefnum. Mannréttindaskrifstofan er staðsett í Reykjavík.

Viðtal í gegnum síma veitti Guðrún Dögg Guðmundsdóttir fyrrum framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.

### **Rauði krossinn**

Rauði krossinn er ein elsta, virtasta og útbreiddasta mannúðarhreyfing í heimi, með starfsemi í 186 löndum. Rauði kross Íslands var stofnaður 10. desember 1924. Landsskrifstofa Rauða krossins er í Reykjavík og hefur það hlutverk að samræma verk 50 deilda hér á landi og taka þátt í starfi Alþjóða Rauða krossins fyrir Íslands hönd. Aðalmarkmið, leiðarljós og stefna Rauða krossins til ársins 2010 ber heitið: *Byggjum betra samfélag*, felur í sér að kynna og breiða út grundvallarmarkmið hreyfingarinnar og mannúðarhugsjónir hennar, efla neyðarvarnir og neyðaraðstoð vegna áfalla og hamfara, draga úr félagslegri einangrun og styrkja þróunarsamvinnu og tryggja að Rauði kross Íslands sé ávallt vel starfandi landsfélag.

Þjónusta Rauða krossins er mjög víðtæk en deildir hans starfa í öllum landshlutum og eru alls 50 talsins. Dæmi um þjónustu er: Neyðaraðstoð innan lands sem utan, fræðsla um skyndihjálp og sálrænan stuðning, Rauðakrosshúsið sem er athvarf fyrir þá sem hafa orðið fyrir áföllum vegna efnahagsþrenginga, hjálparsími, heimsóknarvínir, fatasöfnun, vinna með börnum og ungmennum, athvörf/geðræktarmiðstöðvar, aðstoð við flóttafólk og hælisleitendur, vinna við málefni innflytjenda, rekstur Konukots, stuðningur við Fjölsmiðjuna í Kópavogi og rekstur sjúkrabifreiða um land allt. Höfuðstöðvar Rauða krossins eru í Reykjavík.

Viðtöl veittu Paola Cardenas, verkefnisstjóri innflytjendamála, og Sólborg Pétursdóttir, verkefnisstjóri félagslegra verkefna.

### **Samtök kvenna af erlendum uppruna**

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi voru stofnuð 24. október 2003. Hlutverk Samtakanna er að sameina, takast á við og ljá hagsmuna- og áhugamálum kvenna sem sest hafa

að á Íslandi rödd. Markmið Samtakanna er að vinna að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna af erlendum uppruna á öllum sviðum þjóðlífsins. Samtökin eru opin öllum konum af erlendum uppruna sem búsettar eru á Íslandi, óháð þjóðerni, ríkisfangi og trúarbrögðum. Með starfinu vilja Samtökin taka virkan þátt í umræðunni um innflytjendamála á Íslandi og sýna á jákvæðan hátt fram á þá fjölbreytni sem býr í fjölmenningslegu samfélagi og veita öllum konum af erlendum uppruna tækifæri til að verða virkir samfélagsþegnar. Einnig er markmiðið að gera konum kleift að taka þátt í opinberu og samfélagslegu starfi t.d. í viðskiptum og hvetja og styðja konur af erlendum uppruna til að þær geti stutt fjölskyldur sínar á árangursríkan hátt meðan þær eru að aðlagast samfélaginu.

Helstu málefni eru: Atvinnu- og félagsmál, menntun og barátta gegn kynbundnu ofbeldi. Helstu verkefni eru: Íslensku- og sjálfsstyrkingarnámskeið, hvatningar- og tengslanetsnámskeið fyrir ungar erlendar konur, tölvunámskeið, söguhringur kvenna í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur, samstarf við Kvennaathvarf, fjölmenningshátíðir og alþjóðasamstarf. Samtökin eru staðsett í Reykjavík.

Viðtal veitti Sabine Leskopf, formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

## **2.2 Aðferð**

Leitað var til félagasamtakanna og þau beðin um að veita viðtöl. Viðtölin fóru fram í mars, apríl og maí 2010. Spyrrill var Guðrún Helga Sederholm, félagsráðgjafi. Notast var við tvo viðtalsramma, annars vegar fyrir þau félagasamtök sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum og hins vegar félagasamtök sem stundum veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum. Viðtölin voru hljóðrituð. Afritun var á hendi RBF undir stjórn Heiðu Bjarkar Vigfúsdóttur, verkefnisstjóra RBF. Greiningu viðtala og ritun skýrslu annaðist Guðrún Helga Sederholm. Viðtalsvísa er að finna í viðauka skýrslunnar.

Sjónarmiðin sem koma fram í skýrslunni byggjast á svörum viðmælenda í rannsókninni. Þau gefa heildarmynd af þeirri vitneskju sem viðmælendur hafa um málaflokkinn og þá sýn sem þeir hafa á rannsóknarefnið allt eftir því hvaða félagasamtökum þeir tengjast og hvaða markmið þau samtök hafa gagnvart viðfangsefninu. Einnig koma fram helstu samstarfsaðilar, breytingar

síðustu fimm ára, skráningar, þjónusta og ábendingar um það sem betur mætti fara að mati viðmælenda. Starfshættir félagasamtakann koma fram, sérstaða þeirra og ábendingar um úrbætur. Sérstakar hugmyndir viðmælenda koma einnig fram.

### **3 Þjónusta og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum.**

Samtökin eru: Aflið, Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfin, Sólstafir og Stígamót. Í þessum kafla eru megináherslur sem fram komu í viðtölum við fulltrúa samtakanna.

#### **3.1 Meginmarkmið**

Að veita ráðgjöf af ýmsu tagi í einstaklingsviðtölum, bjóða upp á þátttöku í sjálfshjálparhópum, vinna að forvörnum, auka umræðu um kynbundið ofbeldi og hjá Kvennaathvarfinu að bjóða upp á neyðarathvarf fyrir konur sem þurfa að flýja heimili sín vegna ofbeldis. Á árinu 2009 komu 118 konur og 60 börn í Kvennaathvarfið og gistinætur urðu hjá konum 1346 á árinu og börnum 563. Hjá Kvennaráðgjöfinni er meginmarkmið að veita lögfræði- og félagsráðgjöf. Aflið og Sólstafir bjóða ráðgjöf vegna kynferðisofbeldis og einnig vegna ofbeldis í nánnum samböndum en Stígamót hafa sérstöðu þar sem þau veita ekki ráðgjöf vegna ofbeldis í nánnum samböndum.

Öll þessi félagasamtök taka á einhvern hátt þátt í að upplýsa samfélagið um ofbeldi gegn konum, ýmist með heimsóknum í skóla, fyrirtæki og stofnanir en einnig með því að taka á mótí einstaklingum og hópum sem vilja kynna sér starfsemina með heimsókn til viðkomandi félagasamtaka. Þau beita sér fyrir umræðu um kynbundið ofbeldi með það fyrir augum að upplýsa samfélagið og opna umræðuna. Samvinna og samstaða er með íslensku félagasamtökunum, þeim stærstu, og kvennaathvarfahreyfingum á Norðurlöndum og í Evrópu.

### 3.2 Fjármögnun

Kvennaathvarfið er einu félagasamtökin sem eru á fjárlögum, hin fá flest fjármagn frá félagsmálaráðuneyti <sup>1</sup>, sveitarfélögum og með frjálsum framlögum. Styrkbeiðnir á ýmsa aðila og fyrirtæki eru liður í fjáröflum flestra samtakanna. Gjafir berast sumum en stopult þannig að fjármögnunin er óútreiknanleg frá ári til árs. Í dag er staðan sú að dregið hefur verulega úr framlögum til flestra félagasamtakanna. Þau þurfa mismikið fé eins og Kvennaráðgjöfin sem þarf lítið fjármagn miðað við Kvennaathvarfið. Stígamót eru á fjárlögum ríkisins og er fjárframlagið ákveðið á hverju ári. Síðastliðin sex ár hefur Stígamót verið með þjónustusamning við Reykjavíkurborg og sú upphæð verið hin sama ár hvert þannig að raunlækkun hefur verið mikil. Stígamót hafa lagt niður starfsemi á sex stöðum úti á landi vegna fjárskorts. Aflið á Akureyri fær húsnæði frá Akureyrarbæ og er að gera þjónustusamning við sveitarfélagið. Sólstafir á Ísafirði hafa ekki getað verið með sjálfshjálparhópa vegna fjárskorts og hafa ekki fengið neina styrki þetta árið og sjá fram á að hætta starfsemi á árinu. Mikill og dýrmætur tími fer í að afla fjár hjá styrktaraðilum og gjafir til félagasamtakanna eru mismiklar milli ára.

**Tafla 1. Fjármögnun félagasamtakanna sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum**

	<i>Fjárlög</i>	<i>Sveitarfélög</i>	<i>Styrkir</i>	<i>Frjáls framlög</i>
<b>Kvennaathvarf</b>	X	X	X	X
<b>Kvennaráðgjöf</b>	X*	X	X	X
<b>Aflið</b>	X*	X	X	X
<b>Sólstafir</b>		X	X	X
<b>Stígamót</b>	X*	X	X	X

\*skv upplýsingum frá félags- og tryggingamálaráðuneyti.

### 3.3 Tilvísanir

Konur koma af sjálfsdáðum í mörgum tilfellum nema til Sólstafa þar sem þær koma oftast í fylgd með vinkonum eða öðrum. Opinberir aðilar eins og félagsmálayfirvöld, lögregla, prestar, ljósmæður, vinnuveitendur og aðrir hafa oft milligöngu um komu kvenna til félagasamtakanna en

<sup>1</sup> Samkvæmt upplýsingum frá félags- og tryggingamálaráðuneyti fer það fjármagn gegnum fjárlög.



oftast eru vinir og vinkonur nefndar í sambandi við milligöngu og stuðning við að leita eftir þjónustu.

Stígamót hafa nokkra sérstöðu þar sem þau vísa konum sem verða fyrir ofbeldi í parasamböndum á Kvennaathvarfið þar sem þeirra starf byggist á hjálp til sjálfshjálpar í tilfellum nauðgana, sífjaspella, mansals, vændis og kláms. Til Stígamóta leita karlar eins og konur.

Í Kvennaráðgjöfina koma konur oft vegna vísana frá Kvennaathvarfinu, Stígamótum og Félagsþjónustunni. Nokkuð er um að konur komi í Kvennaráðgjöfina vegna skilnaða, forsjármála og umgengnierfiðleika og þá kemur í ljós að þær hafa búið við ofbeldi eins og andlegt ofbeldi og frelsissviptingu án þess að skilgreina það sem ofbeldi af því það var ekki líkamlegt.

### **3.4 Breytingar síðustu fimm ár**

Aukning hefur orðið í viðtölum í Kvennaráðgjöfinni og erlendar konur koma þangað eins og íslenskar.

Í Kvennaathvarfinu er aðsókn sveiflukennð milli ára og virðist taka mið af tíðarandanum og þeirri umfjöllun sem ofbeldi fær í samfélaginu en þó hefur orðið aukning í viðtölum síðustu fimm árin.

Aflið á Akureyri segir gríðarlega aukningu hafa orðið 2008–2009 sem rekja megi til viðhorfsbreytinga fagfólks á Akureyri og almennings gagnvart ofbeldi. Heilsugæslulæknar hafa tekið inn spurningu um ofbeldi og mæðraeftirlitið kemur þarna einnig að málum.

Sólstafir á Ísafirði voru stofnaðir 2006 og fyrstu tvö árin fóru í kynningu á samtökunum en árið 2009 varð veruleg aukning og viðtölum fjölgaði gífurlega.

Stígamót hafa þann fyrirvara á að til þeirra leitar fyrst og fremst fólk sem lent hefur í nauðgunum og sífjaspellum en ofbeldi komið í ljós þegar mál hafa verið opnuð. Milli 500–600 einstaklingar leituðu til Stígamóta á síðasta ári. Um það bil helmingur með gömul mál og helmingur með ný mál. Starfsemin hefur verið nokkuð stöðug milli ára en vegna fjárskorts varð að leggja niður starfsemi á sex stöðum úti á landi sem hefur áhrif á tölur hjá þeim.

### **3.5 Skráningar**

Óbreytt skráning er hjá Kvennaráðgjöfinni og Sólstöfum. Lítil breyting hefur verið gerð hjá Aflinu en þó aðeins og til batnaðar að mati viðmælanda.

Kvennaathvarfið hefur breytt spurningum í komuskýrslum á síðastliðnum fimm árum en þó mest á síðastliðnum tíu árum. Sífelld endurskoðun er í gangi varðandi spurningar í komuskýrslum.

Stígamót hafa breytt skráningu hjá sér enda hafði hún verið óbreytt síðustu tíu til fimmtán árin. Spurningar eru nú um fordóma, kynhneigð, þjóðerni og tengsl við neyslu svo eitthvað sé nefnt og spurningar hafa verið felldar út sem skiluðu litlu að mati Stígamóta.

### **3.6 Þjónusta**

Kvennaráðgjöfin veitir lögfræði- og félagsráðgjöf. Búið er að gefa út upplýsingabæklinga varðandi skilnaði á íslensku og þýða á bæklinginn yfir á ensku. Ef styrkur fæst þá verður hann þýddur á pólsku. Konum sem það þurfa er vísað í Kvennaathvarfið.

Sólstafir höfðu fyrirhugað nánara samstarf við lögregluna á Ísafirði. Búið var að koma upp vísí að litlu kvennaathvarfi en ekki hefur það enn orðið að veruleika. Þjónusta sem þeir veita er fyrst og fremst einstaklingsviðtöl. Gott samstarf er við Félagsþjónustuna varðandi lögfræðiráðgjöf og fjárhagsaðstoð.

Aflið býður uppá einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa og er með lögfræðing á sínum snærum auk fjölskylduráðgjafa. Sveitarfélögin aðstoða konur fjárhagslega ef þær þurfa að greiða fyrir flug til að komast í Kvennaathvarfið í Reykjavík. Meðan konurnar bíða fá þær að gista á öruggum heimilum.

Kvennaathvarfið býður dvöl í athvarfinu, mat og húsaskjól, símaráðgjöf, viðtöl og sjálfshjálparhópa. Konum er vísað á rétta aðila eftir atvikum. Félagsráðgjafi og lögreglukona koma eftir þörfum. Lögfræðiaðstoð er ekki veitt í Kvennaathvarfinu en bent er á Kvennaráðgjöfina. Húsnaðisráðgjöf fer í gegnum þjónustumiðstöðvar. Ekki er algengt að konur leiti eftir sálfræðiþjónustu vegna eigin ástands miklu fremur hjálpar vegna aðstæðna.

Stígamót veita konum ekki þjónustu vegna ofbeldis í parasamböndum heldur vegna nauðgana og sífjaspella. Ofbeldi í nánnum samböndum kemur stundum fram þegar skilnaður er fyrirhugaður og rót kemur á aðstæður. Þjónustan er fyrst og fremst í formi viðtala og þátttöku í sjálfshjálparhópum. Vísað er á Kvennaráðgjöfina varðandi lögfræðiráðgjöf. Bent er á að undanfarin fimm ár hafa 8,6% - 14,4% nauðgana verið framdar af maka eða sambýlismanni. „Stígamót á staðinn“ er notað þegar einstaklingar eiga þess ekki kost að heimsækja Stígamót, þá fer starfskona til viðkomandi.

Öll veita félagasamtökin fræðslu til þeirra sem þess óska.

### **3.7 Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur**

Kvennaráðgjöfin veitir þessum hópum kvenna sömu ráðgjöf og öðrum en oft þarf túlk í vitöl við erlendar konur. Karlar koma einnig í Kvennaráðgjöfina.

Sólstafir geta veitt fötluðum konum þjónustu en hafa ekki haft ráð á túlkþjónustu fyrir erlendar konur. Kynning hefur farið fram í kvenfélögum á svæðinu og tengsl eru við Fjölmeningarsetrið á Ísafirði.

Aldraðar konur eru farnar að leita oftast til Afslins en áður var. Túlkþjónusta er ekki í boði ef til þess kemur. Starfskonur hafa farið til þroskaheftra einstaklinga sem ekki komast til þeirra.

Húsnæði Kvennaathvarfsins býður ekki upp á þjónustu við líkamlega fatlaða. Krafa er gerð um að konur sem dvelja í athvarfinu séu vel starfshæfar inni á heimilinu. Þessir einstaklingar geta fengið ráðgjöf og stuðning en ekki dvalið í Kvennaathvarfinu. Frekar hefur aukist að aldraðar konur leiti til athvarfsins á síðustu árum og einnig hefur orðið fjölgun í hópi ungra stúlkna. Aldurssamsetningin hefur verið að breytast. Erlendar konur voru um 50% dvalarkvenna fyrir hrun en eftir hrun fór sú tala í 37% en nú er aðsókn þeirra að færast aftur í fyrra horf. Stígamót hefur húsnæði sem er erfitt fyrir fatlaða en þeir eiga ramp sem hægt er að nota upp á fyrstu hæð.

Stígamót heimsækir þá einstaklinga sem þess óska og starfskonur hafa m.a. farið í fangelsi, á sjúkrahús, inn á heimili aldraðra kvenna og að dánarbeiði fullorðinnar konu. Heyrnarlaust fólk leitar mikið til Stígamóta og þá þarf oftast túlk. Þroskaheftir eru hins vegar hópur sem erfitt er að sinna. Erlendar konur nýta sér þjónustuna minna en sem nemur hlutfalli þeirra af samfélaginu. Bæklingur hefur verið gefinn út á íslensku, ensku, spænsku, rússnesku, pólsku og tælensku fyrir þennan hóp.

### **3.8 Fræðsla**

Kvennaráðgjöfin leitaði eftir fræðslu hjá ýmsum aðilum til að styrkja fagmennsku og afla upplýsinga, meðan fjármagn leyfði. Fræðsla er veitt þegar falast er eftir henni eins og hjá Zonta og Soroptimistum. Upplýsingafundur var haldinn á Slysadeild Borgarspítala fyrir nokkrum árum. Heimasíða og bæklingar eru í boði.

Sólstafir hafa verið í nánú samstarfi við Blátt áfram. Námskeiðið Verndari barna hefur verið á vegum Sólstafa. Námskeið eru meginþáttur fræðslunnar og þau hafa verið haldin fyrir ýmsa aðila eins og presta, lögreglu og heilbrigðisstarfsfólk. Sólstafir gerðu samning við sveitarfélögin á Vestfjörðum um að fræða alla fullorðna sem vinna með börnum.

Aflið sinnir fræðsluhlutverki sínu með því að halda fyrirlestra í skólum, efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum, hjá foreldrafélögum, félagsþjónustu, Zonta og fleiri aðilum.

Kvennaathvarfið bregst við beiðnum um fræðslu ýmissa aðila bæði heima og heiman. Stundum er gert átak og þá farið með fræðslu í skóla. Mun færri beiðnir koma frá grunnskólum en framhaldsskólum. Fræðslan er veitt í Reykjavík og nágrenni en ekki úti á landi. Nemar úr háskólum, leita eftir fræðslu og í sumum tilfellum vinnustaðir.

Stígamót veita umfangsmikla fræðslu út í samfélagið. Talskona Stígamóta fer reglulega með fræðslu í H.Í., námskeið í félagsráðgjöf. Framhaldsskólarnir fá flestir fræðslu á hverju ári og oft í tengslum við þá daga þar sem hefðbundin kennsla vikur fyrir áhugamálum nemenda, þá er undantekingarlaust kallað eftir fræðslu frá Stígamótum. Miðað er við sjálfræði eða átján ára aldur þannig að grunnskólarnir fá ekki fræðslu frá Stígamótum fremur frá Blátt áfram. Stígamót tengjast ýmsum starfshópum eins og Jafnréttisráði, Framkvæmdaáætlun um mansal svo eitthvað sé nefnt. Stjórn málamenn og ráðherrar eru kallaðir í „Eftirmiðdagskaffi hjá Stígamótum” þegar mál liggja óleyst á borðinu og óskalistar eru lagðir fram um þingmál. Stígamót hafa tengsl við alla fjölmiðla, standa fyrir stórum ráðstefnum og framundan er norræn ráðstefna og alþjóðleg ráðstefna um nauðganir. Stígamót fá heimsóknir erlendis frá. Umboðskona Sameinuðu þjóðanna er væntanleg og fremsta fræðakona Evrópu í þessum málaflokki er einnig væntanleg.

### ***3.9 Samstarf og samstarfsaðilar***

Kvennaráðgjöfin nefnir félagsráðgjafa á þjónustumiðstöðvum, Kvennaathvarf og Stígamót sem helstu samstarfsaðila. Þarna sé fyrst og fremst um upplýsingarmiðlun að ræða.

Sólstafir hafa mest samstarf við félagsþjónustu og barnavernd. Samstarf við heilbrigðisþjónustu er að aukast því lækna eru farnir að vísa á Sólstafi. Lögreglan er einnig í samstarfinu. Erfitt er að mynda samstarf við sálfræðinga þar sem þeir koma aðeins hálfsmánaðarlega til Ísafjarðar. Fundir eru samskiptaformið.

Aflið hefur samstarf við sjúkrahús, heilsugæslu, sálfræðinga, félagsþjónustu, barnavernd, lögreglu og presta. Samstarfið við þessa aðila er í formi gagnkvæmra tilvísana. Fulltrúi frá Aflinu

fer með konum í skýrslutöku á lögreglustöðina. Samband er við neyðarmóttöku og skólarnir hafa verið duglegir að hafa samband við Aflið. Aflið á aðild að *Samtökum um úrræði núna*, eða *Sún*. Þetta eru samtök margra fagaðila á Akureyri sem fjalla um málefni barna og ungmenna.

Kvennaathvarfið hefur mest samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Samstarfinu er þannig háttað að lögreglukona hjá lögreglustjóraembættinu er tengiliðurinn. Hún hefur fasta viðtalstíma í Kvennaathvarfinu einu sinni í viku. Kalla má eftir þjónustu þegar með þarf og lögreglan beinir konum í athvarfið og aðstoðar við að sækja dót inn á heimilið og fara með þeim á leikskóla ef með þarf. Þjónustan er víðtæk. Föstu viðtalstímarnir voru settir á laggirnar fyrir ári síðan. Kvennaathvarfið er einnig í sambandi við Alþjóðahús og aðra vegna túlkaþjónustu, Þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða vegna erlendra kvenna, heilsugæslur og vísa málum til Barnaverndar þegar það ber upp á. Þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða hefur séð um málefni erlendra kvenna og hægt er að kalla á félagsráðgjafa þaðan inn í Kvennaathvarf þegar þarf og einnig hitta þeir konur og veita upplýsingar þó konurnar séu ekki úr þeirra hverfi t.d. varðandi dvalarleyfi og fleira. Samstarf er við Kvennaráðgjöfina og Stígamót. Samstarf er við Rauða krossinn þegar konur þurfa föt og stundum koma sjálfboðaliðar frá honum til að gæta barna um helgar og léttu undir með konunum. Rauði krossinn er einnig með lögfræðiþjónustu einu sinni í viku fyrir erlendar konur. Konur sem dvelja í Kvennaathvarfi fá aðstoð þar við að hafa samband við þá aðila sem þær þurfa hverju sinni.

Stígamót hafa mikið samband við Neyðarmóttökuna, Kvennaathvarfið og Kvennaráðgjöfina. Stjórnvöld leita meira og meira eftir því að fulltrúar Stígamóta eigi sæti í vinnuhópum á þess vegum. Undirbúningur stendur yfir fyrir stóra ráðstefnu 24. október 2010 um kynferðisofbeldi og kallaði Stígamót eftir samvinnu við sextán samtök kvenna sem öll vildu koma að þessum undirbúningi. Frumkvæðið kom frá Stígamótum.

### **3.10 Staða barna**

Kvennaráðgjöfin leggur áherslu á ráðgjöf við konurnar ekki börnin. Óbeint reyna ráðgjafar að hafa áhrif á að konur búi ekki við óviðunandi aðstæður og hvetur þær til að fara í Kvennaathvarfið þegar við á.

Sólstafir hafa ekki þurft að huga sérstaklega að stöðu barna þar sem slíkt mál hefur ekki komið uppá borð hjá þeim ennþá. Hins vegar er reiknað með að slíkt mál yrðu unnin í samráði við Félagsþjónustuna og konurnar sjálfar.

Aflið sinnir tilkynningarskyldu eins og lög gera ráð fyrir ef staða barna er óörugg eða börn eru í hættu.

Ef konur leita sjálfar í Kvennaathvarfið og eru með börn á sínum vegum sem metið sé að séu í hættu þá er tilkynningarskyldu framfylgt og einnig ef kona fer aftur heim með börn í óbreytt ástand þá er það tilkynnt Barnaverndinni. Kvennaathvarfið hefur möguleika á að vísa börnum í sálfræðimeðferð ef þau hafa búið við ofbeldi en það er nýtt úrræði frá áramótum 2009-2010. Sjálfboðaliðar koma og sinna börnunum en annars er hverju barni tekið eins og það er.

Stígamót hafa fyrirvara á þessu enda koma konur ekki þangað vegna þess að þær séu í ofbeldissamböndum. Ef vitneskja berst um að barn búi við kynferðislegt ofbeldi og leitað er ráðgjafar hjá Stígamótum þá bjóðast þær til að tilkynna um ofbeldið til yfirvalda eða leiðbeina viðkomandi um hvernig það skuli gert. Í undantekningartilfellum ef kona er í neyslu eða er andlega mjög sjúk þá er tilkynnt til Barnaverndar en það heyrir til undantekninga. Oftast leita konur til Stígamóta tíu til fimmtán árum eftir að kynferðislega ofbeldið hefur átt sér stað.

### ***3.11 Ábendingar um úrbætur***

#### **Efling þjónustu**

Kvennaráðgjöfin vill aftur koma á fót hópastarfi fyrir konur sem eru að skilja eða hafa skilið en eru að fóta sig í nýjum aðstæðum eins og boðið var upp á tvisvar á ári í nokkur ár fyrir meira en fimm árum síðan. Einnig að þýða upplýsingabæklinga á mörg tungumál.

Sólstafir vilja koma á fót sjálfshjálparhópum, auka fræðslu í grunnskólum og geta tekið fleiri í einstaklingsviðtöl.

Aflið vill setja á stofn athvarf fyrir konur á Norðurlandi, auka fræðslu í skólum og geta komist víðar með fræðsluna en nú er. Túlkaþjónusta er ofarlega á listanum yfir betri þjónustu.

Kvennaathvarfið vill auka kynningarstarf meðal allra kvenna á landinu öllu en fram að þessu hefur það beinst mest að höfuðborginni og nágrennabyggðum. Bent er á í þessu sambandi að erlendar konur á landsbyggðinni sem ekki tala íslensku sé afskiptur hópur. Einnig er talið mikilvægt að hafa fjölbreyttari starfshóp í Kvennaathvarfinu eins og barnastarfsmann sem væri hugsanlega leikskólakennari og félagsráðgjafa. Gott væri að geta veitt konum fylgd þegar þær þurfa stuðning eins og til sýslumanns, lækni og lögfræðings svo einhverjir séu nefndir. Auka þarf túlkaþjónustu.

Stígamót þurftu að leggja niður tvö stöðugildi og leggja af starfsemina úti á landi sem þýðir að álag á starfskonur er meira og þá takmarkast þjónustan sem hægt er að veita.

Öll telja samtökin að aukið og tryggt fjármagn myndi efla þjónustuna til muna enda fari mikill og dýrmætur tími í að afla fjármagns um leið og mikilvægri starfsemi sé haldið úti, oft af sjálfbodaliðum. Flest félagasamtök telja að þau nái að framfylgja markmiðum býsna vel miðað við aðstæður.

## **Aukin þekking**

Kvennaráðgjöfin vill auka fræðslu um kynbundið ofbeldi og tryggja að fræðslan sé með réttum formerkjum þannig að sjálfbodaliðarnir sem þar starfa átti sig á rót vandans.

Sólstafir hafa átt þrjár starfskonur í námi á meistarastigi við Háskólann á Akureyri sem luku fjarnámi nú í vor á námskeiði sem heitir; *Kynbundið ofbeldi, ill meðferð og vanræksla*. Bent er á samstarf við Fjölmenningssetur en fulltrúar frá því voru einnig í sama námi.

Aflið leggur áherslu á að auka þekkingu á áhrifum ofbeldis á börn og auknum tengslum við barnaverndaryfirvöld í sambandi við það.

Kvennaathvarfið vill auka þekkingu almennings á ofbeldi og efla sérþekkingu t.d. meðal presta þannig að þeir greini á milli óhamingju í sambúð og ofbeldis. Frekara samstarf við skóla myndi skila ávinningi fyrir samfélagið og auka þekkingu kennara og leikskólakennara á ofbeldi og afleiðingum þess. Fræðsla starfsfólks þarf að vera stöðug að mati viðmælenda og áhersla sé lögð á að miðlun fræðslu meðal starfsfólks skipti máli til þess að styrkja þekkingargrunninn. Mikilvægt er einnig að fá utanaðkomandi fræðslu eins og frá Barnaverndinni.

Stígamót hafa hækkað menntunarstig starfskvenna sinna og eru með leiðbeinendanámskeið fyrir þá sem leiða sjálfshjálparhópa. Til að auka þekkingu eru haldnar ráðstefnur, sérfræðingum er boðið í heimsókn og fylgst er með því sem er að gerast erlendis.

Öll telja félagasamtökin að fræðsla sé af hinu góða bæði innan veggja samtakanna og úti í samfélaginu og benda á að enn skorti mikið á að almenningur og fagstéttir séu nægjanlega upplýst um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum. Margar leiðir eru farnar til þess að nálgast þekkingu og einnig til að miðla þekkingu um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum. Sjálfbodastarf hefur ekki aukist eftir kreppu.

## **4. Þjónusta og ábendingar um úrbætur félagasamtaka sem *stundum* veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum.**

Samtökin eru: Efling, Félag einstæðra foreldra, Fjölmenningssetur, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn og Samtök kvenna af erlendum uppruna. Í þessum kafla eru megináherslur sem fram komu í viðtölum við fulltrúa samtakanna.

### **4.1 Meginmarkmið**

Öll þessi félagasamtök hafa að meginmarkmiði að veita þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu þjónustu og stuðning en gera það á mismunandi hátt eftir eðli samtakanna. Stundum þurfa þau að aðstoða konur sem beittar hafa verið ofbeldi.

Sjúkrasjóður Eflingar greiðir konum dagpeninga vegna óvinnufærni eða launaleysis. Persónulegt samband við þær er lítið.

Félag einstæðra foreldra hefur að meginmarkmiði að styðja og efla einstæða foreldra. Það vísar konum í ofbeldissamböndum á Kvennaathvarf og viðeigandi aðila. Eftirfylgd er regla hjá samtökunum.

Fjölmenningssetur veitir innflytjendum þjónustu í formi upplýsinga og gegnir þjónustu við allt landið enda verkefni á vegum félagsmálaráðuneytis.

Mannréttindaskrifstofan vinnur að mannréttindavernd á Íslandi og auknum réttindum borgaranna með fræðslu og umræðu sem beinist að því að hafa áhrif á löggjöf til að bæta réttindi borgaranna. Skrifstofan starfar í samráði við Sameinuðu þjóðirnar og fleiri aðila sem standa vörð um mannréttindi. Vinna með einstaklingum er lítil þar sem stefnumörkun og þrýstingur á stjórnvöld er helsta vinnuáferð skrifstofunnar.

Rauði krossinn veitir fólki í neyð aðstoð og styður við bakið á þeim sem minna mega sín. Konum sem búa við ofbeldi er bent á viðeigandi aðila.

Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa að meginmarkmiði að gæta hagsmuna erlendra kvenna. Helsti vandi samtakanna er að ná til erlendra kvenna því einangrun þeirra er meginvandamálið. Þjónustan felst í að veita konunum upplýsingar um réttarstöðu og þá einmitt í tengslum við ofbeldi í nánnum samböndum.



## **4.2 Tilvísanir**

Hjá Eflingu koma konurnar oftast sjálfar með upplýsingar þar sem ekki er spurt um hagi þeirra beinlínis. Ef ofbeldi kemur fram þá er konunni vísað á lögmann félagsins og einnig til starfsendurhæfingaraðila sem nýlega tóku til starfa. Þeir vísa málum í farveg. Fram kemur að eftir að trúnaðarlæknir tók til starfa hjá Eflingu, um síðustu áramót, og kallað er eftir vandaðri læknisvottorðum en áður, hefur ofbeldið komið fram í meira mæli. Tilvísunaraðilar eru oft félagsráðgjafar t.d. af Landspítala sem hafa samband vegna óvinnufærni konunnar.

Félag einstæðra foreldra fær upplýsingar frá konunni óbeint í samtali við hana. Kvennaathvarfið sendir konur sem eru í ofbeldissamböndum og húsnæðisvanda til félagsins. Félagið er með átta íbúðir m.a. fyrir konur sem ekki geta búið heima vegna ofbeldis.

Til Fjölmenningarseturs leita konur sjálfar vegna annars en ofbeldis, en ofbeldi kemur stundum í ljós og oft vísar annar aðili málinu til þeirra.

Til Mannréttindaskrifstofu leita konur ekki beint vegna ofbeldis en ef skrifstofan heyrir af máli í gegnum annan aðila en konuna sjálfa er málinu vísað í réttan farveg.

Til Rauða krossins leita konur ýmist sjálfar eða annar aðili, t.d. vinkona, aðstoðar þær við að leita eftir aðstoð. Oftast koma þær undir öðru yfirskini eins og til að leita eftir mataraðstoð eða öðru slíku og ofbeldið kemur þá í ljós. Í langflestum tilfellum er um erlendar konur að ræða. Í sumum tilfellum konur sem hafa skilið við íslenska eiginmenn og standa uppi án fjölskyldu. Tilvísanir á Kvennaathvarfið er vinnulagið í mörgum málum og stundum hafa þær verið keyrðar þangað af starfsmönnum Rauða krossins.

Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa ekki neina starfsaðstöðu né síma og veita því ekki konum viðtöl eða þjónustu vegna ofbeldissambanda. Starfsfólk heyrir óbeint af ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum. Samtökin starfa á grundvelli tengslanets og eru fámenn.

## **4.3 Breytingar síðustu fimm ár**

Hjá Eflingu hefur orðið aukning, fleiri konur leita til sjúkrasjóðs en áður og þetta eru fyrst og fremst erlendar konur.

Hjá Félagi einstæðra foreldra hefur orðið aukning. Ástæðan er fyrst og fremst fátækt að mati viðmælanda.

Aukning hefur orðið hjá Fjölmenningarsetri. Það hefur aukið þjónustu sína og starfsemin hefur vaxið og er fjölbreyttari en áður.

Viðmælendur hjá Rauða krossinum hafa aðeins starfað þar í þrjú ár og hafa ekki upplýsingar um breytingar á síðustu fimm árum.

Samtök kvenna af erlendum uppruna telja að fjölgun hafi orðið en vekja jafnframt athygli á að erlendar konur treysta sér ekki til að koma fram vegna þess að dvalarleyfi þeirra er tengt hjónabandinu, þær óttast að verða vísað úr landi ef þær tilkynna um ofbeldi gegn sér.

Mannréttindaskrifstofan hefur engar tölur um breytingar síðastliðin fimm ár.

#### **4.4 Skráningar**

Efling skráir ekki ofbeldi gegn konum eða spyr sérstaklega um það, en oft kemur það fram þegar annar aðili, oftast kona, fylgir viðkomandi til Eflingar.

Hjá Félagi einstæðra foreldra er ekki spurt sérstaklega um þetta og aðeins er skráð kyn, aldur og barnafjöldi. Erlendar konur eru þar í meirihluta.

Fjölmenningarsetur skráir þetta ekki sérstaklega eða spyr um það. Skráning hefur breyst á þann hátt að meðan mál er í vinnslu er það nú geymt að hluta en eytt þegar máli er lokið. Engar skýrslur eru til.

Mannréttindaskrifstofan spyr ekki sérstaklega um ofbeldi eða skráir það.

Rauði krossinn spyr ekki beinlínis um ofbeldi eða skráir hjá sér en það kemur oft fram í viðtölum um annað.

Samtök kvenna af erlendum uppruna spyrja ekki sérstaklega um ofbeldi gegn konum né skrá það.

#### **4.5 Þjónusta**

Efling er stéttarfélag og hefur lögmann starfandi sem veitir ókeypis ráðgjöf og einnig eru starfsendurhæfingaraðilar sem starfa með Eflingu og vísa málum áfram til réttra aðila.

Félag einstæðra foreldra veitir alhliða ráðgjöf en býður einnig lögfræði- og félagsráðgjöf. Fjárhagsaðstoð fá konur hjá Félagsþjónustunni en á því ber meðal erlendu kvennanna að þær veigri sér við að leita þangað ef þær eru í ofbeldissamböndum vegna óttans við að missa dvalarleyfið. Öll bréf frá Félagsþjónustunni eru á íslensku og margar af þessum konum tala ekki íslensku og sumar eru ekki læsar. Fræðsla mætti vera meiri á mörgum tungumálum og þannig aðgengilegri. Sjálfsstyrkingarhópar eru úrræði sem myndi nýtast mörgum því margar af erlendu

konunum eru mjög einangraðar og eiga enga fjölskyldu hér á landi. Þjónusta félagsins felst í að koma á tengslum við þjónustuaðila úti í samfélaginu. Erlendar konur eiga oft erfitt með að koma í viðtöl á vinnutíma vegna fordóma á vinnustöðum og af ótta við að missa vinnuna.

Fjölmenningarsetur veitir erlendum konum þjónustu en segir hana mjög mismunandi eftir því hvaða möguleikar eru í nærsamfélagi kvennanna. Túlkaþjónusta sé dýr og ekki á boðstólum, hópastarf henti ekki í öllum tilfellum, sálfræðimeðferð sé dýr en aðstoð frá félagsráðgjöfum er í boði. Tilvísanir hafa verið á Kvennaathvarfið. Erlendu konurnar eru tregar til að leita eftir fjárhagsaðstoð vegna óttans við að missa dvalarleyfið. Viðmælandi benti á að skortur á úrræðum væri verulegur og að þjónustubörfin væri mismunandi eftir því hvaðan konurnar koma og hvaða trú þær hafa og einnig séu margar konur ólæsar á eigið tungumál. Bent er á að mikilvægt sé að hrinda úr vegi fordómum sem séu gagnvart íslenskum eiginmönnum þessara kvenna. Í sumum tilfellum sé um að ræða félagslega sterka eiginmenn sem vert væri að virkja í baráttunni gegn fordómum í garð erlendra kvenna sem eru giftar íslenskum karlmönnum og koma upplýsingum út á meðal karlanna sem gætu haft áhrif á aðra karla í sömu stöðu og þannig haft áhrif á hegðun karla gagnvart konum. Meginhindrunin í flestum tilfellum séu tungumálaerfiðleikar en þeir réttlæti ekki ofbeldi né fordóma.

Mannréttindaskrifstofa er upplýsingaveita og beinir konum í viðeigandi farveg eins og til Kvennaathvarfs eða Stígamóta en áréttað er að fjármagnsskortur sé meginhindrunin fyrir öflugra starfi þessara samtaka og meiri þjónustu. Einnig mætti styrkja innviði Félagsþjónustunnar og heilbrigðisstéttanna.

Rauði krossinn kemur ekki í stað Félagsþjónustunnar en sendir engan frá sér og hefur Bónuskort sem fólk getur fengið til að kaupa í matinn og þá er vísað á viðeigandi þjónustuaðila. Rauði krossinn býður lögfræðiráðgjöf á sínum vegum. Tilvísanir og fylgd er í boði ef konur fara í Kvennaathvarfið, Stígamót eða heilsugæslu. Upplýsinga- og lögfræðiþjónusta fyrir innflytjendur er í boði á vegum Rauða krossins og verkefnisstjóri innflytjendamála er sálfræðingur sem veitir sjálfboðna ráðgjöf í sumum tilvikum. Félagsvinir og stuðningshópar eru úrræði sem boðið er uppá.

Samtök kvenna af erlendum uppruna veita ekki beina þjónustu og sakna Alþjóðahúss mikið, eins og það var. Þar var vettvangur sem nú er horfinn að mestu. Samtökin stóðu að námskeiðum í samvinnu við Alþjóðahús með konum sem höfðu verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum. Fóru með þeim í bankann, á heilsugæslu og á bókasafnið meðan þær voru að jafna

sig og leita út í samfélagið aftur. Erlendar konur eru mjög uppteknar af dvalar- og búsetuleyfum og trúa ekki því sem þeim er sagt um rétt þeirra og eru því afar tregar til að leita réttar síns eins og komið hefur í ljós. Mikilvægt er að þær fái rétta og faglega ráðgjöf því skaði hefur stundum verið að rangri ráðgjöf. Samstarf er nú við Þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða sem er af hinu góða. Mikilvægt er talið að hugað sé að fræðsluefninu og hvernig því er dreift. Menningarmunur sé mikill og í sumum tilfellum má ekki nefna ákveðna líkamshluta en fræðslan byggist yfirleitt á íslenskum þekkingargrunni. Íhuga þurfi upplýsingadreifinguna gaumgæfilega. Efnið þurfi að vera á þeim stöðum þar sem konurnar geta tekið það án þess að þeim sé veitt athygli.

#### **4.6 Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur**

Efling hugar ekki sérstaklega að öldruðum, erlendum eða fötluðum konum en viðmælandi tekur fram að það séu yfirleitt yngri konur sem séu í ofbeldissamböndum og leiti til Eflingar. Málum er vísað til lögmanns eða til starfsendurhæfingaradila, sem vísa málum í viðeigandi farveg.

Félag einstæðra foreldra hefur engin afskipti af öldruðum konum en fatlaðar konur leita eftir aðstoð og einnig erlendar konur. Félagið býður hópastarf fyrir ungar verðandi mæður og fyrirhugað var að einn af hópunum væri fyrir erlenda konur en þátttaka var svo dræm að það var ekki gert.

Fjölmeningarsetur sinnir fyrst og fremst erlendum konum og skilgreinir aldraðar konur á aldrinum 67 og eldri en sá hópur hefur ekki komið til þeirra. Þjónusta við fatlaðar konur sem slíkar er engin en ólæsar konur koma til að fá þjónustu m.a. í formi upplýsinga.

Til Rauða krossins leita erlendar konur og settir hafa verið á laggirnar sérhópar fyrir erlendar aldraðar konur sem eru á Íslandi til að gæta barna en búa við mikla einangrun. Þeim hefur verið boðið, í vor, að vera í hópi sem hittist reglulega vegna ýmissa verkefna og styttri ferða. Mikli ánægja er með þetta meðal þeirra sem nýta sér þjónustuna og hún er vel sótt. Starfsemin fer fram hjá Reykjavíkurdæld Rauða krossins á Hlemmi því aðgengi með strætisvögnum er best þar.

Samtök kvenna af erlendum uppruna hafa ekki þjónustað þessa hópa en hafa aflað sér upplýsinga m.a. í Finnlandi um þjónustu við aldraðar konur og heimsótt Vistheimilið Grund með fræðslu. Innflytjendur eru ekki komnir í hóp aldraðra en farið er að huga að þjónustu við þá.

Mannréttindaskrifstofa gerir ekki mun á þessum hópum og veitir þeim enga sérþjónustu.

## **4.7 Fræðsla**

Efling gefur út fréttablað einu sinni í mánuði. Fræðsluerindi fyrir starfsfólk Eflingar væri hægt að halda m.a. í þeim tilgangi að auka fræðslu um einkenni ofbeldis og starfsfólkið geti þannig áttað sig betur á því enda eigi fólk erfitt með að trúa því að ofbeldi sé veruleiki margra. Félag einstæðra foreldra leggur áherslu á að fræðsla um ólíka menningu sé mikilvæg svo auðveldara sé að skilja bakgrunn og hegðun fólks.

Fjölmeningarsetrið leggur áherslu á að auka fræðslu um fjölmeningu meðal starfsfólks og einnig meðal almennings. Íhuga þurfi aðferðirnar sem notaðar eru við að koma fræðslunni áfram t.d. að hafa hana meira á myndrænu formi og að fjölga þeim leiðum sem konurnar hafa til að leita eftir þjónustu. Einnig sé mikilvægt að vinna bug á vantrausti kvenna gagnvart því að leita til Félagsþjónustunnar sem virðist grundvallast á óttanum við að missa dvalarleyfið.

Mannréttindaskrifstofa bendir á mikilvægi þess að fara í heildstætt fræðsluáttak um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum. Efla þurfi fræðslu um málefnið í dómskerfinu og meðal lögmanna svipað og gert var innan lögreglunnar.

Rauði krossinn veitir sjálfboðaliðum sem þar starfa upplýsingar um hvert þeir geti leitað eftir frekari fræðslu auk þess að þeir fá undirbúning á námskeiðum hjá Rauða krossinum. Mentor sé virk fræðsluleið sem tengir erlendar konur við íslenskar konur sem hafa fengið undirbúningsnámskeið áður en þær gerast mentorar. Mikilvægt sé að sjálfboðaliðar þekki einkenni ofbeldis.

Samtök kvenna af erlendum uppruna leggja áherslu á að þar starfi sjálfboðaliðar sem séu tengdir Kvennaathvarfi, Alþjóðahúsi og fleiri stöðum og hafi þannig fengið þekkingu á málefnum kvenna sem búa við ofbeldi en leggja jafnframt áherslu á að það sé ekki fagþekking.

## **4.8 Samstarf og samstarfsaðilar**

Efling hefur mest samstarf við félagsráðgjafa á Landsspítalanum og starfsendurhæfingaraðilana sem eru í samtarfi við Eflingu. Síminn er notaður mest til samskipta.

Félag einstæðra foreldra hefur mest samstarf við Kvennaathvarfið og félagsráðgjafa hjá Félagsþjónustunni og þá mest vegna húsnaðis sem félagið á í Skeljanesi. Konur sem dvalið hafa í Kvennaathvarfi fá að vera þar í einhverjum tilfellum. Upplýsingum er miðlað með heimsóknum t.d. í Kvennaathvarfið. Fjölmeningarsetur er í sambandi við Kvennaathvarfið, systursamtök Stígamóta á Akureyri einnig Rauða krossinn og sveitarfélögin.

Mannréttindaskrifstofan er í sambandi við Kvennaathvarfið, Kvennaráðgjöfina, Stígamót og voru í sambandi við lögfræðing Alþjóðahúss t.d. vegna átaksverkefna og í óformlegu sambandi þegar mál komu upp sem þörfuðust úrlausnar. Síminn er mest notaður til samskipta.

Rauði krossinn hefur mest samskipti við Kvennaathvarfið, Stígamót, lögfræðiráðgjöf Rauða krossins og áður við Alþjóðahús. Samband er við Þjónustumiðstöðvarnar varðandi upplýsingagjöf og flest öll samskipti fara fram símleiðis og með tölvupósti.

Samtök kvenna af erlendum uppruna eiga fulltrúa í Kvennaathvarfi, samskipti eru við Alþjóðahús en í minna mæli en áður og Jafnréttishús í Hafnarfirði auk Þjónustumiðstöðvar Miðborgar- og Hlíða. Námskeið sem eru haldin eru samstarfsverkefni Samtakanna og Þjónustumiðstöðvarinnar. Heimsóknir á þessa staði og dreifing á bæklingi auk upplýsingafunda með ofnagreindum aðilum er samskiptaformið.

#### **4.9 Staða barna**

Hjá Eflingu er ekki hugað sérstaklega að stöðu barna nema ef í ljós kemur að börn búa við ofbeldi þá er reynt að flýta viðtölum við starfsendurhæfingarráðgjafa.

Félag einstæðra foreldra hefur samband við Barnavernd ef uppvíst verður um ofbeldi gegn konum. Einnig er haft samband við félagsráðgjafa í hverfi viðkomandi.

Fjölmenningarsetrið tilkynnir til barnaverndaryfirvalda ef þurfa þykir og alltaf er spurt hvort börn séu á heimilinu þegar kona segist búa við ofbeldi í nánu sambandi.

Hjá Mannréttindaskrifstofunni er málum vísað áfram til réttara aðila en megináherslan er á konurnar.

Rauði krossinn hefur strax samband við félagsráðgjafa í hverfi viðkomandi konu sem býr við ofbeldi og fær leiðbeiningar um framhaldið þegar börn eru í myndinni. Auk þess er vinnureglan er sú að spyrja hvort börn séu í fjölskyldunni.

Samtök kvenna af erlendum uppruna vísa málum til viðeigandi aðila.

#### **4.10 Ábendingar um úrbætur**

Félagasamtökin nefna flest að *auka þurfi fjármagn* til þeirra samtaka sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem eru beittar ofbeldi í nánnum samböndum. Þau nefna einnig að *stórefla þurfi tülkaþjónustu* vegna erlendra kvenna, *auka fræðslu* til almennings um ofbeldi á heimilum

og styrkja starfsfólk í að þekkja einkenni ofbeldis. Huga þurfi að fjölbreytni í kynningu á fræðsluefni. Flest nefna að mikilvægt sé að endurvekja fyrri starfsemi Alþjóðahúss.

## 5 Sérstakar hugmyndir viðmælanda sem fram komu í viðtölum

### 5.1 Þjónusta er meginmarkmið

Ofbeldi er daglegur viðburður hjá mjög mörgum konum. Ofbeldi gegn konum er samfélagsmein en ekki fáeinar æsifréttir sem slegið er upp í fjölmiðlum. „Það vantar skilning á því að ofbeldi er daglegur viðburður.“ „Partur af daglegu lífi gríðarlega stórs hóps. En ekki svona einhver – einhver æsifrétt eða tiltekið sko einstakt atvik.“

Kvennaathvarf í hvern landsfjórðung. Þjónustan þarf að vera í návígi til að þjóna sem flestum. Aðeins eitt Kvennaathvarf er til á landinu og það er í höfuðborginni. „Já, það mættu vera fleiri kvennaathvörf...ég tel það vera...mjög brýnt.“

Fjárhagslegt ósjálfstæði kvenna. Stór hópur kvenna fer aftur heim í óbreyttar aðstæður vegna þess að þær eru háðar eiginmanni um framfærslu og hafa ekki fjárhagslegt sjálfstæði. „Og það er reynsla okkar að það sé að mestu, miklu leyti sá hópur sem líka fer aftur heim en vill kannski ekki ræða það...sé tilkomið vegna fjárhagsstöðu fjölskyldunnar.“ „Það verður allt svo erfitt þegar maður hefur ekki pening.“

Lagalega hliðin gagnvart konum þarf að vera sterkari. Skilnaður er erfiður og tekur oft mjög langan tíma. Sönnunarbyrðin er mikil og erfið að mati vaktstýru Kvennaathvarfsins. Fjárhagslegt ósjálfstæði takmarkar lögfræðiaðstoð í skilnaðarmálum. „Já, ég myndi vilja sjá...svona að stada kvenna í .já í þessum aðstæðum væri auðveldari lagalega séð.“

Flýtimeðferð er nauðsynleg. Það er erfitt fyrir konur að bíða eftir skilnaði og öðru sem fylgir því að fara í aðrar aðstæður. Löng bið getur verið eftir afgreiðslu sýslumannsembættu vegna skilnaða. „Já, ég held sko að flýtimeðferð...einhver sko sérmeðferð innan Félagsþjónustunnar.“ „Flýtimeðferð hjá sýslumann.“



Brotnar konur. Konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi í nánnum samböndum eru oft mjög hjálparvana og brotnar andlega. Hafa flestar búið við ofbeldið árum saman. Þær hafa búið við einangrun og þekkja ekki rétt sinn. „Og það þarf að benda þeim á hvert þær geti leitað, þær eru oft svo brotnar í samböndunum, svo einangraðar að þær geta ekkert.“ „Svo ófrjálsar og lokaðar og hvað þá náttúrulega erlendu konurnar. Þar vantar náttúrulega mikið upp á.“

Úrræði eftir dvöl í Kvennaathvarfi. Skortur er á húsnæðisúrræðum fyrir konur sem koma úr Kvennaathvarfinu. Kvennaathvarfið er neyðarathvarf og ekki er reiknað með að konur dvelji í slíku athvarfi lengur en fjórar vikur. Konan er í raun einstæð móðir, ef hún á börn, án réttinda sem slík þar sem hún er ennþá gift. „Og það er hægt að teygja í langan tíma þennan sem sagt skilnað..þetta skilnaðarferli.“ „Þannig að það er oft mjög erfiður tími bara fjárhagslega og félagslega. Ég held að það sé mjög mikilvægt að beina sjónum að þessu, já.“

Virkja þarf eftirlit með öldruðum konum. Mikilvægt er að ná til aldraðra kvenna með kynningarstarfi og einnig er hugsanlegt að virkja eftirlit í gegnum heimilishjálp og heilbrigðisþjónustu. „Þá mætti kannski nota þá aðila sem svona einhvers konar milligöngu fólk.“

Tryggja þarf erlendum konum þjónustu. Erlendar konur fá minni þjónustu og lakari en íslenskar konur af ýmsum ástæðum en þó fyrst og fremst vegna tungumálaerfiðleika, frelsissviptingar og einangrunar. Minnstu þjónustuna fá konur sem eru frá svæðum utan EES. Konur gíftar Íslendingum þurfa að hafa dvalið í landinu á svokölluðu dvalarleyfi í fjögur ár áður en þær fá búsetuleyfi eða geta sótt um íslenskan ríkisborgararétt. Réttindi þeirra eru takmörkuð. „Það eru að vísu ákvæði í útlendingalögum sem segja að ef sambúð sé slitið vegna ofbeldis þá sé í sérstökum aðstæðum hægt að veita konu dvalarleyfi þó hún sé ekki búin að vera nógu lengi í landinu til þess.“ „Það hefur engin af þeim konum sem hafa leitað til okkar mér vitanlega fengið.“

Tryggja þarf örugga túlkþjónustu. Túlkþjónusta kostar peninga og þau félagasamtök sem minni eru geta ekki veitt erlendum konum þjónustu vegna þess að þau geta ekki greitt fyrir túlkþjónustu. Einnig er vandasamt að velja túlka sérstaklega í litlum samfélögum. Það þarf að

vera hægt að treysta þagmælsku þeirra. „*þurfum náttúrulega túlka sem við getum treyst...getum ekki fengið bara frá einhverri túlkabjónustu.*“

Fordómar innan og utan kerfis. Fordómar eru í íslensku samfélagi og fordómar eru innan fagstétta sem þarf að uppræta. Þetta kemur fram í skráningu ofbeldis oft á þann hátt að það sem flokkast sem ofbeldi á höfuðborgarsvæðinu er flokkað sem heimiliserjur í öðrum sveitarfélögum. Vantar meiri fræðslu. Fordóma virðist gæta innan félagsþjónustunnar. „*Mér dettur í hug eitt dæmi, mál sem hefur fengið allt aðra meðferð heldur en að ég hef nokkurn tíman séð áður af því að konan sem á í hlut er erlend og hafði unnið fyrir sér sem nektardansmær...og málið fékk einhvern veginn aðra meðferð af því.*“

Þéttleiki í litlum samfélögum er hindrandi. Í litlum samfélögum þekkjast allir og tengjast einhverjum böndum sem gerir fólki erfitt fyrir að opna ofbeldismál enda á það á hættu að verða útskúfað ef það gerir það. „*Og við erum að horfa á alveg ótrúlegan fjölda koma til okkar frá litlu stöðunum sem eru fullorðnar því þær hafa ekkert geta leita.*“

Nálgunarbann er of lítið notað. Nálgunarbanni er of sjaldan beitt né er ofbeldismaður fjarlægður af heimilinu. Konurnar þurfa að flýja. Úti í samfélaginu eru karlar ekki eins harðsvíraðir og gagnvart konum sínum inni á heimilum. „*Nálgunarbann sjáum við mjög sjaldan verða...en það nýtist gjarnan þeim konum sem fá nálgunarbann á sína menn en það gerist ekki oft.*“ „*...Sé það þá þá er það allavega mjög sterk skilaboð til karlsins um að láta konuna í friði.*“

Fræðsla til kvenna þarf að vera meiri. Sumar konur vita ekki af þeim samtökum sem geta veitt þeim þjónustu þegar þær búa við ofbeldi. Erlendar konur eru verst settar vegna einangrunar. Oft á tíðum gera þær sér ekki grein fyrir að þær búi við ofbeldi eða að þær hafi einhvern rétt þar sem þær koma úr öðrum menningarsamfélögum þar sem karlar hafa öll völd. Erfitt er að koma fræðslu til þessara kvenna en þó hafa óhefðbundnar leiðir verið reyndar til þess. „*...sagði að úti í Noregi er til dæmis mjög sniðugt að þar er notað...til dæmis matreiðslunámskeið fyrir erlendar konur...og þá er þeim kennt í leiðinni en þetta þarf að heita eitthvað annað“...í staðinn fyrir að þær séu að fara og leita upplýsinga um Ísland.*“ „*Vegna þess að um leið og þú ert komin með íslenskukennslu..að þá ertu farin að bjarga þér..og þá geturðu leitað þér hjálpar.*“

Fræðsla til karla. Mikilvægt er að karlar fái fræðslu um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum svo þeir geti veitt öðrum körlum aðhald. „*Mér finnst að beina þurfi fræðslu til karla á öllum aldri á jákvæðan hátt, þannig að þeir geri sér grein fyrir að skemmdu eplín eru í þeirra hópi og að óþolandi sé að það skapi tortryggni í garð allra karla. Með þessu væri hægt að losa um þá skömm, sektarkennd og lélegu sjálfsmynd sem okkar konur glíma við.*“

Fræðsla til fagfólks. Nauðsynlegt er að fagfólk þekki einkenni sem vitna um ofbeldi en túlki þau ekki ranglega eða geri lítið úr vanlíðan kvenna sem leita til þess. Rólegt og yfirvegað tiltal getur ruglað konurnar í rýminu þannig að þeim finnist þær vera að gera of mikið úr sínum málum eða hafi hreinlega rangt fyrir sér. „...*þetta þýðir í rauninni það að sá sem er að tala við konurnar hann...hefur ekki nægjanlega mikla þekkingu til að gera sér grein fyrir því að sá sem hefur búið við ofbeldi lengi á kannski erfitt með að útskýra mál sitt...hefur búið við andlega kúgun mjög lengi.*“

## **5.2 Þjónusta er stundum veitt**

Kynjamisrétti er það mannréttindabrot sem hefur mest áhrif á stóran hluta þjóðar. Það leiðir af sér brotna sjálfsmynd, einangrun og hjálparleysi. „*Hjálpa þeim að hafa eðlilegri hérna sjálfsmynd af því að hún er orðin svo brotin.*“ „*Það er svo mikil hætta á því að þær einangrist. Þú mátt segja að kynbundið ofbeldi sé ein alvarlegasta birtingarmynd kynjamisréttis.*“

Ofbeldi gegn konum bitnar á börnum þeirra. Börn verða vitni að ofbeldi gegn móður og það hefur áhrif á þroska þeirra og líðan. „*Þá koðna þær bara niður og verða algjörlega hérna hjálparvana og það auðvitað bitnar á börnum þeirra.*“

Erlendar konur fá ekki sömu þjónustu og íslenskar konur. Af mörgum ástæðum fá erlendar konur ekki sömu þjónustu og íslenskar konur. Túlkþjónustu er verulega ábótavant og oftast er hún engin. Tungumálið hindra að þær geti nýtt sér úrræði sem bjóðast íslenskum konum eins og sjálfshjálparhópa og fræðslu. Einnig eru sumar erlendar konur ólæsar. „*Það vantar túlk. Og ég*

*Þekki eina sem er bara barin daglega og hefur hringt tvisvar og hún talaði ensku, hún hefur hringt tvisvar sinnum í Kvænnaathvarfið og fólkið sem svarar talar ekki ensku.“ „Hún býr heldur ekki í Reykjavík hún býr svona fyrir utan og það var, hana vantaði meira svona við komum og sækjum þig við hjálpum þér, skilurðu, bara hún kemst ekki hún er ekki með bíl, hún er ekki þar sem hún getur fengið sér strætó.“*

Erlendar konur eru ekki einsleitur hópur. Menningarlegur bakgrunnur erlendra kvenna er ólíkur. Það sem hefur mest áhrif í íslensku samfélagi er trúin og staða konunnar í menningarlegu tilliti. Það skiptir einnig máli hvort konur eru af svæðum utan EES eða ekki. *„Hann talar og hún er kannski búin að vera í þremur vinnum og er bara dauðuppgefin og hann kannski á atvinnuleysisbótum....þær eru algjörar undirlægjur svona upp til hópa og virðingarleysi gagnvart þeim, það er eiginmannsins.“ „Og það eru þættir sem þurfa að vera alveg á hreinu og það eru bara eins og réttindi kvennanna og staða þeirra á Íslandi og þá náttúrulega fyrst og fremst eftir því hvort að konurnar eru utan EES eða innan EES.“*

Óttinn við að missa dvalarleyfið er ráðandi meðal erlendra kvenna. Konur af erlendu bergi brotnar óttast mjög að missa dvalarleyfið á Íslandi ef þær gera vart við sig hjá yfirvöldum eða kvarta undan ofbeldi gegn sér og kjósa þess vegna að búa áfram við óbreyttar aðstæður. Atvinnuleysi gerir stöðu þeirra verri. *„...ert svona á vissum tíma ertu án dvalarleyfis...og þá hefurðu ekki rétt á neinu...og ef þig langar að vera einhvern tíman með íslenskan ríkisborgararétt þá getur þú ekki þegið neinar bætur eða aðstoð...vegna þess að þá færðu ekki ríkisborgararétt.“ „Ég held hjá þessum erlendu konum er þessi hræðsla við að missa leyfið enn þá sterkari því áður fyrr var að minnsta kosti hægt hérna að finna atvinnu og geta sýnt fram á framfærslu og þú þarft að sýna framfærslu þegar þú sækir um leyfi.“*

## 6 Niðurstöður

### ***6.1 Þjónusta er mest á höfuðborgarsvæðinu.***

Kvennaathvarf er aðeins í Reykjavík og þar eru helstu félagasamtök sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem búa við ofbeldi í nánnum samböndum. Þangað leita frekar konur af höfuðborgarsvæðinu en af landsbyggðinni. Félagasamtök sem stundum veita aðstoð konum sem beittar eru ofbeldi í nánnum samböndum vísa þeim í Kvennaathvarf, Kvennaráðgjöf og Stígamót.

### ***6.2 Þjónustuþörfin er fyrst og fremst í kringum aðstæður kvennanna.***

Konurnar eru fjárhagslega háðar maka, skilnaðarferlið er langt og sönnunarbyrðin er þung samkvæmt ábendingu eins viðmælanda. Flýtimeðferð í skilnaðarmálum er ekki fyrir hendi. Nálgunarbanni er sjaldan beitt en eru sterk skilaboð til karlsins um að láta konuna í friði. Um það bil helmingur kvenna sem dvöldu í Kvennaathvarfinu fór aftur heim í óbreyttar aðstæður á síðasta ári.

### ***6.3 Fatlaðar, aldraðar og erlendar konur eru afskiptar hvað þjónustu varðar og sérstaða erlendra kvenna er mikil.***

Þessir hópar eru afskiptir þegar kemur að þjónustu og hafa ekki sama aðgengi að henni og aðrir hópar. Húsnæði Kvennaathvarfsins býður ekki uppá þjónustu við líkamlega fatlaðar konur og konur sem þangað leita þurfa að geta tekið þátt í venjulegu heimilishaldi þannig að andlega fatlaðar konur komast ekki þar inn. Stígamót eru einnig í erfiðu húsnæði fyrir fatlaða. Aldraðar konur leita lítið eftir þjónustu vegna ofbeldis. Sérstaða erlendra kvenna er mikil, sérstaklega úti á landsbyggðinni og mikilvægt er að líta ekki á erlendar konur sem einsleitán hóp. Túlkaþjónusta er lítil sem engin. Fræðslan byggist á íslenskum þekkingargrunni og bréf frá Félagsþjónustu eru á íslensku. Margar erlendar konur tala aðeins sitt móðurmál og sumar eru ólæsar. Fræðslan nær því oft ekki til þeirra með þeim aðferðum sem nú er beitt. Fordóma verður vart á vinnustöðum þeirra og margar búa við frelsissviptingu og einangrun á eigin heimili. Allir viðmælendur tóku fram að staða kvenna af svæðum utan EES væri verst. Þær fá dvalarleyfi á grundvelli framfærslu sem gerir þær háðar maka sínum og hindrar þær í að leita eftir opinberri aðstoð af ótta við að missa dvalarleyfið eða að fá ekki íslenskan ríkisborgarétt.

#### **6.4 Konur leita ýmist sjálfar eftir aðstoð eða koma í fylgd annarra.**

Konur leita ýmist sjálfar eftir aðstoð eða koma í fylgd vinkvenna, lögreglu, vinnuveitenda eða annarra sem liðsinna þeim eins og starfsfólk Rauða krossins. Þær leita oft eftir aðstoð fyrir atbeina félagsráðgjafa á sjúkrahúsum.

#### **6.5 Takmörkuð þjónusta er í boði.**

Aðeins eitt kvennaathvarf er á landinu og það er í höfuðborginni. Ekkert athvarf er á landsbyggðinni. Stígamót hættu starfsemi á sex stöðum úti á landi vegna fjárskorts á síðasta ári. Aflið á Akureyri þjónustar nærbyggðirnar og Sólstaðir á Ísafirði standa frammi fyrir lokun þar sem engu fé hefur verið veitt til starfseminnar á árinu. Kvennaráðgjöfin hefur aðsetur í höfuðborginni. Þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða hefur þjónustað erlendar konur sérstaklega.

#### **6.6 Túlkaþjónustu er verulega ábótavant.**

Allir viðmælendur tóku fram að túlkaþjónustu væri verulega ábótavant og í sumum tilfellum fæst engin þjónusta vegna fjárskorts. Einnig tóku þeir fram að máli skipti að túlkaþjónustan væri fagleg og að trúnaður væri virtur þegar túlkur er kallaður til.

#### **6.7 Viðhorf fagfólks skiptir verulegu máli.**

Þegar fræðsla til fagfólks nær tilgangi sínum skiptir það miklu máli fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánnum samböndum. Þá verður ofbeldið sýnilegra. Árið 2008-2009 breyttist t.d. viðhorf fagfólks á Akureyri til ofbeldis innan heilsugæslu og mæðraeftirlits og þá varð veruleg aukning í málum sem komu til Afslins. Efling kallaði eftir vandaðri læknisvottorðum eftir að trúnaðarlæknir kom til starfa hjá félaginu um síðustu áramót og þá var mikil aukning í ofbeldismálum hjá Sjúkrasjóði Eflingar.

#### **6.8 Fræðsla um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum er ábótavant.**

Fræðsla til almennings, vinnustaða og fagfólks er ábótavant vegna fjárskorts þeirra félagasamtaka sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum

samböndum. Vilji til að fara víðar með fræðslu um efnið er fyrir hendi og það er gert eins og hægt er en kallað er eftir meira fjármagni til þess.

### ***6.9 Hugað er að stöðu barna.***

Yfirleitt er spurt sérstaklega um börn þegar kona leitar eftir þjónustu vegna ofbeldis í nánu sambandi. Tilkynningarskyldan er alltaf virt og barnaverndaryfirvöldum tilkynnt um mál barna þegar það á við og þeim tilkynnt ef konur sem dvalið hafa í Kvennaathvarfi fara aftur í óbreyttar aðstæður. Einnig er mikil samvinna við Félagsþjónustuna um málefni barnanna.

## Fylgiskjal 1. Formáli fyrir viðtalsvísa

Ég kem frá Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd sem vinnur fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið að rannsókn hjá félagasamtökum á ofbeldi karla gegn konum í nánnum samböndum. Rannsóknin beinist að því að afla þekkingar á því hvort og með hvaða hætti konur leiti til félagasamtaka vegna slíks ofbeldis, og hvaða þjónusta sé þá veitt.

Niðurstöður verða birtar í skýrslu þar sem stafsheiti þitt og nafn vinnustaðarins mun koma fram. Áður en gengið verður endanlega frá skýrslunni getur þú óskað eftir því að fá að lesa yfir þann hluta sem viðkemur þínum vinnustað og koma með athugasemdir.

Má ég halda áfram að spyrja þig? Gefur þú mér einnig leyfi til að taka viðtalið upp?



## **Fylgiskjal 2. Viðtalsvísir fyrir félög/samtök sem hafa að meginmarkmiði að veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum.**

1. Hvert er meginmarkmið starfseminnar/félagsamtakanna ?
2. Hvernig er starfsemin fjármögnuð? Tilgreinið fjárhæð styrks í krónum eða hlutfall hvers liðar.
  - Með styrk frá ríki.
    - o Ef svo er, hefur verið gerður þjónustusamningur eða er starfsemin á fjárlögum?
  - Með styrk frá sveitarfélögum.
  - Með öðrum hætti, öðrum styrkjum eða félagsgjöldum.
3. Hvernig berast ykkur mál er varða ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum?
  - Kona óskar eftir aðstoð vegna ofbeldis.
  - Kona óskar eftir aðstoð vegna annars en ofbeldið kemur þá í ljós.
  - Annar aðili vísar máli til okkar.
4. Er ástæða til að ætla að oftar sé leitað til ykkar en var fyrir fimm árum þar sem ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum er ein af ástæðum þess að leitað er eftir þjónustu? Hvaða skýringar eru á – fjölgun – fækkun – óbreyttum fjölda?
5. Hvernig eru upplýsingar um ofbeldi skráðar? Hefur skráning mála breyst á síðustu fimm árum eða svo?
6. Hvaða þjónusta eða úrræði er í boði fyrir þær konur sem leita til ykkar vegna ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum? Dæmi: Dvöl í athvarfi, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðisráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, sálfræðiþjónusta, annað?
7. Hversu fjölbreytta þjónustu getið þið veitt eftirtöldum:
  - Fötluðum (bæði líkamlega og andlega) konum.
  - Gömlum konum.
  - Erlendum konum.
8. Uppfyllið þið markmið starfseminnar/félagsamtakanna?
  - Ef ekki, hvað þarf til að svo sé?
  - Hvað skortir varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði?
9. Hvaða fræðsla er í boði hjá ykkur um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum? Hversu margir einstaklingar og leita til ykkar um slíka fræðslu?
10. Hverjir eru helstu samstarfsaðilar ykkar? (Með samstarfsaðilum er hér meðal annars átt við sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, sálfræðinga, félagsþjónustu, barnavernd, lögreglu, önnur félög eða samtök.)
11. Hvernig er samstarfinu háttað?

12. Er þörf á að auka þekkingu starfsfólks/sjálfbóðaliða/félaga ykkar á sviði ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum?

- Ef svo er, hvaða þætti fræðslunnar ætti sérstaklega að leggja áherslu á?

13. Ef upplýsingar berast um ofbeldi gegn konum er þá hugað sérstaklega að stöðu barna á heimilinu og hvernig?

14. Eitthvað sérstakt sem viðmælandi hefur tekið eftir eða vill benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði fyrir konur í nánnum samböndum sem beittar eru ofbeldi?

**Spyrja í lok viðtals: Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig?**

### **Fylgiskjal 3. Viðtalsvísir fyrir starfsemi/félag/samtök sem stundum veita aðstoð konum sem hafa verið beittar ofbeldi.**

1. Hvert er meginmarkmið starfseminnar/félagsins/samtakanna?
2. Hvernig tengist aðstoð við konur sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum meginmarkmiði starfseminnar/félagsins/samtakanna?
3. Hvernig berast ykkur mál er varða ofbeldi gegn konum?
  - Kona óskar eftir aðstoð vegna ofbeldis.
  - Kona óskar eftir aðstoð vegna annars en ofbeldið kemur þá í ljós.
  - Annar aðili vísar máli til okkar.
4. Er ástæða til að ætla að oftast sé leitað til ykkar en var fyrir fimm árum þar sem ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum er ein af ástæðum þess að leitað er eftir þjónustu? Hvaða skýringar eru á – fjölgun – fækkun – óbreyttum fjölda?
5. Þegar einstaklingur leitar til ykkar, er þá spurt sérstaklega um ofbeldi gegn konum.
6. Er hugað sérstaklega að öldruðum, erlendum eða fötluðum konum sem kunna að hafa verið beittar ofbeldi?
7. Hvernig eru upplýsingar um ofbeldi skráðar? eru upplýsingar um ofbeldi gegn konum birtar í ársskýrslu eða aðgengilegar á annan hátt? Hefur skráning mála breyst á síðasta áratug eða svo?
8. Er einhver þjónusta eða úrræði í boði fyrir þær konur sem leita til ykkar og hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum? Dæmi: Upplýsingagjöf, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðisráðgjöf, lögfræðiráðgjöf, sálfræðiþjónusta, annað?
  - Ef ekki, hvert er þeim vísað?
9. Hafið þið næg úrræði til að aðstoða þessar konur eða hjálpa þeim svo að þær fái nauðsynlega þjónustu?
  - Ef ekki, er hægt að bæta þau á einhvern hátt?
  - Hvað skortir varðandi upplýsingagjöf, aðstoð, þjónustu og úrræði?
10. Hverjir eru helstu samstarfsaðilar ykkar vegna ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum?
11. Hvernig er samstarfinu háttað?
12. Er þörf á að auka þekkingu starfsfólks/sjálfbóðaliða/félaga ykkar á sviði ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum?
  - Ef svo er, hvaða þætti fræðslunnar ætti sérstaklega að leggja áherslu á?
12. Ef þið verðið áskynja um ofbeldi gegn konum er þá hugað sérstaklega að stöðu barna á heimilinu og hvernig?

13. Eitthvað sérstakt sem viðmælandi hefur tekið eftir eða vill benda á varðandi aðstoð, þjónustu og úrræði fyrir konur í nánnum samböndum sem beittar eru ofbeldi?

**Spyrja í lok viðtals: Ef einhverjar spurningar vakna hjá mér við úrvinnslu viðtalsins má ég þá hafa samband við þig?**

## Heimildir

*Aflið.* Sótt 03.03.2010 á [http://afliðdak.is/?page\\_id=2](http://afliðdak.is/?page_id=2)

*Efning.* Sótt 09.03.2010 á [http://www.efning.is/um\\_felagid/](http://www.efning.is/um_felagid/)

*Félag einstæðra foreldra.* Sótt 11.03.2010 á <http://fef.is/umfelagid.htm>

*Fjölmenningarsetur.* Sótt 10.03.2010 á <http://mcc.is/fjolmenningarsetur/>

*Kvennaathvarf.* Sótt 03.03.2010 á <http://www.kvennaathvarf.is/>

*Kvennaráðgjöf.* Sótt 03.03.2010 á <http://www.kvennaradgjofin.is/>

*Mannréttindaskrifstofa.* Sótt 11.03.2010 á [http://www.humanrights.is/um\\_okkur/](http://www.humanrights.is/um_okkur/)

*Rauði krossinn.* Sótt 03.05.2010 á  
<http://www.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?id=1000004>

*Samtök kvenna af erlendum uppruna.* Sótt 11.03.2010 á <http://www.womeniniceland.is/?c=frettir>

*Sólstafir.* Sótt 29.04.2010 af <http://www.solstafir.is/starfsemin/>

*Stígamót.* Sótt 03.03.2010 af <http://www.stigamot.is/index.php/hugmyndafraei>